8

Vetnisframleiðslan gæti orðið mikilvægt framlag til orkuskipta samgangna á Íslandi

28–30

Tók 26 ár í vinnslu og í verkið fóru um 50 starfsár

32–33

Íslendingur í Belgíu framleiðir osta úr sauðfjármjólk

Bændablaðið

1. tölublað 2022 • Fimmtudagur 13. janúar • Blað nr. 602 • 28 árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is

Mikið tjón á Höfða við Raufarhöfn í upphafi árs:

Um 300 heyrúllur skoluðust á haf út eða urðu ónýtar

Nanna Höskuldsdóttir, sem býr ásamt Steinþóri Friðrikssyni á bænum Höfða austan við Raufarhöfn, tapaði allt að 300 heyrúllum í aftakaveðri sem gekk yfir landið í byrjun árs. Tjónið sem varð í óveðrinu nemur milljónum en auk þess að missa rúllurnar skemmdist eitt og annað heima við bæinn. Myndir / Nanna Höskuldsdóttir

– Sjá nánar á bls. 7

Áburðarverð aldrei hækkað meira

Tveir áburðarsalar tilbúins áburðar hafa birt verðskrár sínar. Sláturfélag Suðurlands (SS) reið á vaðið fyrir jól og nú fljótlega eftir áramót birti Lífland sína verðskrá. Þær vörutegundir sem hækka mest í verði hækka um 100 til 120 prósent frá því í fyrra.

Eitthvað fækkar vörutegundum hjá Líflandi, en engar breytingar eru í vöruúrvali SS.

Talsverð óvissa hefur verið varðandi framboð og verð á tilbúnum áburði í Evrópu á þessu ári. Með miklum kostnaðarhækkunum hefur dregið mjög úr framleiðslu og hafa íslenskir áburðarsalar því ekki haft tök á því að birta verðskrár sínar fyrr.

Verðhækkun á tilbúnum áburði er af þeim sökum í sögulegu hámarki.

Hjá SS er hækkunin mest á köfnunarefnisáburðinum Opti Kas, sem hækkar um 98 prósent.

Hjá Líflandi er uppsett listaverð um 105–120% hærra en í fyrra. Þar sem takmarkað framboð er á ákveðnum tegundum er hvatt til þess að bændur panti áburð sem allra fyrst.

/smh

Garðyrkjuskólinn:

Pattstaða garðyrkjumenntunar

Talsverður styr hefur staðið milli atvinnulífs garðyrkjunnar og yfirstjórnar Landbúnaðarháskóla Íslands um stöðu og umgjörð starfsmenntanáms í garðyrkju við skólann undanfarin ár.

Skömmu fyrir þarsíðustu áramót ákvað þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, að starfsmenntanám í garðyrkju skyldi flutt frá Landbúnaðarháskóla Íslands yfir til Fjölbrautaskóla Suðurlands. Núverandi menntamálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason, staðfesti skömmu fyrir síðustu áramót að ákvörðun Lilju stæði og að FSu tæki við starfsmenntanáminu 1. ágúst næstkomandi. Um 11 milljónir fengust til FSu í fjárveitingu til yfirfærslunnar.

Garðyrkjuskólinn á Reykjum starfaði sem sjálfstæð menntastofnun í 66 ár, eða frá stofnun hans árið 1939 til ársins 2005 þegar hann var sameinaður Landbúnaðarháskóla Íslands.

Garðyrkjuskólinn að Reykjum. Mynd / HKr

Vaxandi atvinnuvegur

Mikil aðsókn hefur verið í garðyrkjunám undanfarin ár enda ljóst að garðyrkja er vaxandi atvinnugrein og að möguleikar í ræktun af öllu tagi og ekki síst í matjurtarækt miklir. Í dag stunda um 140 nemendur nám við skólann, bæði í staðar- og fjarnámi.

Samkvæmt heimildum Bændablaðsins hefur lítið verið leitað til starfsfólks og kennara við Garðyrkjuskólann vegna yfirfærslunnar. Auk þess sem ekkert samráð hefur verið haft við fagfélög garðyrkjunnar vegna þessara breytinga á högum garðyrkjunámsins.

Viðræður halda áfram

Sigursveinn Már Sigurðsson, aðstoðarskólameistari FSu, segir að rekstur Garðyrkjuskólans sé þungur og skortur er á fé til verklegu kennslunnar. „Næstu skref eru að fá meiri upplýsingar á raunkostnaði starfsnámsins í garðyrkju.“

Húsnæði skólans illa farið

Fjármagn til verkefna og viðhalds húsnæðis Garðyrkjuskólans hefur verið í lágmarki vegna núverandi stöðu og að sögn starfsmanna hefur starfsemin á Reykjum í raun verið í fjársvelti frá því ákvörðun var tekin um að flytja námið annað.

Olga Lísa Garðarsdóttir, skólameistari FSu, sagði í Bændablaðinu á síðasta ári að FSu hafi sett það sem skilyrði vegna yfirtökunnar að Ríkiseignir ábyrgist húsnæði sem verður notað í tengslum við námið. „Við höfum líka sagt skýrt að við viljum ekki taka ábyrgð á lélegu eða ónýtu húsnæði á Reykjum. Garðyrkjunámið kemur til með að vera áfram að Reykjum en hins vegar er vel hugsanlegt að einhverjir áfangar í bóknámi verði samkeyrðir með öðrum brautum við FSu.“

Húsnæði og lendur eign LbhÍ

Í dag telst húsnæði og lendur sem eign Landbúnaðarháskóla Íslands enda fylgdi það með þegar Garðyrkjuskólinn rann inn í LbhÍ árið 2004. Ekki er búið að ganga frá því hver fer með forræði á Reykjum eftir að garðyrkjunámið fer út úr LbhÍ.

Ragnheiður Þórarinsdóttir, rektor Lbhí, segir að eftir yfirfærsluna muni LbhÍ vinna áfram að sínum rannsóknum á sviði garðyrkju og umhverfisvísinda á svæðinu.

Óvissa um framtíð starfsmanna

Guðríður Helgadóttir, starfsmaður á Reykjum, segir að enn sé flest óljóst um framtíð starfsmenntanámsins og kennarar og aðrir starfsmenn óvissir um framtíð sína við skólann. Auk þess sem þessi óvissa komi niður á nemendum skólans hvort sem þeir eru í staðar- eða fjarnámi.

Framtíð starfsmenntanáms óljós

Margt er enn óljóst um framtíð starfsmenntanáms garðyrkjunnar og samningar um staðsetningu námsins ekki í höfn. Staðan og framtíðarhorfur námsins eins og það er í dag er því varla hvetjandi fyrir áhugasamt fólk til að sækja um nám í greininni. */VH*

FRÉTTIR

Metár í útflutningi hrossa 2021:

Á síðasta ári voru í fyrsta sinn í sögunni flutt út fleiri en 3.000 hross frá Íslandi

– Heimsfaraldur hefur áhrif á hestamennsku erlendis

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is

Alls var 3.341 hross flutt frá Íslandi árið 2021. Það er metár frá því skráningar hófust. Næstflest hross fóru út árið 1996, þá 2.841 talsins.

Meðalfjöldi útfluttra hrossa á ári frá 2010 til 2020 var um 1.420 hross á ári og er aukningin því veruleg. Leita þarf aftur til tíunda áratugar síðustu aldar til að finna tölur vel yfir 2.500 en þetta er í fyrsta sinn sem útflutt hross fara yfir 3.000 talsins.

Kristbjörg Eyvindsdóttir rekur útflutningsfyrirtækið Horse Export ásamt eiginmanni sínum, Gunnari Arnarssyni. Hún segir marga samverkandi þætti spila inn í aukningu útfluttra hrossa.

„Eitt er uppsöfnuð þörf því okkur grunar að dregið hafi úr framleiðslu hrossa erlendis. En heimsfaraldurinn hefur örugglega töluverð áhrif. Fólk ferðast minna, er meira heima og hefur fjármagn til umráða, sem áður var kannski eyrnamerkt ferðalögum. Það vill hafa eitthvað fyrir stafni heima við og njóta frístunda og fjárfestir þá mögulega í hesti.“

Gróska í atvinnusköpun tengt hestamennsku

Hún segir aukning á seldum frístundahestum styðja þá kenningu. „Kaupendur íslenskra hrossa er mjög breiður. Við sjáum allt frá rándýrum niður í ódýra hesta fara utan. Víða erlendis er mikil reiðskólamenning og æskulýðsstarf sem leiðir af sér fleiri iðkendur. Þá hafa vefútsendingar frá keppnum og sýningum sinn áhrifamátt og mikið markaðsstarf er einnig að skila sér,“ segir Kristbjörg og bendir á afleidda atvinnusköpun. „Ég hef heyrt að þumalputtareglan sé sú að fjórir hestar skili einu ársstarfi í Evrópu. Í kringum hestamennskuna er svo ótrúlega mikil starfsemi, s.s. framleiðsla á fóðri, reiðtygjum og fötum, kaup og leiga á aðstöðu fyrir hross, námskeiðshald og reiðskólar svo eitthvað sé nefnt.“

Útfluttu hrossin skiptust niður í 361 stóðhest, 1.426 geldinga og 1.554 hryssur. Kristbjörg varð vör við nokkra aukningu á sölu og flutning frístundahesta.



Stærstu útflutningsár	
2021	3.431
1996	2.841
1994	2.758
1995	2.608
1997	2.565
1993	2.485

Nýir heimahagar austar í Evrópu

Hrossin fóru til tuttugu landa, langflest til Þýskalands eins og venja er og næstflest til Norðurlandanna. Austurríki og Sviss hafa fest sig í sessi sem stór innflutningslönd. Þá fóru nokkur austar í Evrópu, til Ungverjalands, Rúmeníu og Slóveníu. Rúmlega hundrað fóru vestur, 107 hross til Bandaríkjanna og eitt til Kanada.

Kristbjörg segist vita af nokkrum hrosseigendum sem hafa keypt sér jarðir austar í Evrópu og það telji hún ástæðu þess að lönd eins og Rúmenía og Slóvenía rati á listann. „Þegar einhver duglegur og virkur aðili fer að vinna með ákveðinn markað eflist allt í kringum það. Það skapar markaðshvetjandi aðstæður og fleiri fara að sækja í hestamennskuna á þeim stað. Við höfum séð þetta gerast t.d. í Sviss og Frakklandi. Það er ákveðin nánd og félagsskapur sem oft vill verða til kringum íslenska hestinn, eins konar stéttlaus veröld, skemmtileg samfélög sem fólk sækir í.“

Hátt dæmd útflutt hross

Af þessum 3.341 hrossi eru 361 stóðhestur, 1.426 geldingar og 1.554 hryssur. Samkvæmt upplýsingum úr WorldFeng, upprunaættbók íslenska hestsins, voru 845 útfluttra hrossa með A-vottun.

A-vottun fær hross þegar bæði hrossið og foreldrar þess eru erfðagreind með DNA greiningu og sönnun um ætterni liggur því fyrir.

Fjöldi þeirra hrossa sem fóru í útflutning á árinu og hafa fengið 1. verðlaun í kynbótadómi eru 191 talsins. Hátt dæmdir stóðhestar raða sér þar efstir á lista: Draupnir frá Stuðlum (ae. 8,88), Ölnir frá Akranesi (ae. 8,82), Vegur frá Kagaðarhóli (ae. 8,81), Eldjárn frá Skipaskaga (ae. 8,72), Nátthrafn frá Varmalæk (ae. 8,72), Arthúr frá Baldurshaga (ae. 8,69), Elrir frá Rauðalæk (ae. 8,66), Ómur frá Kvistum (ae. 8,61), Dropi frá Kirkjubæ (ae. 8,60), Fróði frá Staðartungu (ae. 8,59) og Fenrir frá Feti (ae. 8,57). Hæst dæmdu útfluttu hryssurnar eru Hylling frá Akureyri (ae. 8,55) og Bylgja frá Seljatungu (ae. 8,54). */ghp*

Hrossaútflutningur 2021

Land	Fjöldi Hrossa
Austurríki	192
Bandaríkin	107
Belgía	30
Bretland	29
Danmörk	530
Finnland	119
Frakkland	36
Færeyjar	17
Holland	197
Írland	9
Ítalía	2
Kanada	1
Lúxemborg	19
Noregur	48
Rúmenía	4
Slóvenía	3
Sviss	148
Svíþjóð	460
Ungverjaland	3
Þýskaland	1.477
Samtals:	**3.431**

Metár í útflutningi orsakast meðal annars af heimsfaraldri og uppsafnaðri þörf, að sögn Kristbjargar Eyvindsdóttur, sem hér heldur í stóðhestinn Kveik frá Stangarlæk I sem fór til Danmerkur á árinu. Myndir / Aðsendar

Ný heimkynni hrossanna eru í tuttugu löndum beggja vegna Atlantsála.

islenskt.is

Tumatór

Það er svo létt að breyta íslenskum tómat
í eitthvað alveg nýtt og ferskt.

Borðaðu hann í heilu lagi; skorinn í tvennt, í báta eða þunnar sneiðar
eða maukaðu hann í djúsí sósu með pastanu.

Vatnsmælirinn: **Tómatur**

94% íslenskt vatn

Sölufélag garðyrkjumanna

Íslenskt grænmeti

Þú veist hvaðan það kemur

FRÉTTIR

Garðyrkjuskólinn:

Verkmenntun í garðyrkju á tímamótum

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Framtíðarstaða garðyrkjunáms á Reykjum er enn óljós og hægt gengur með yfirfærslu námsins frá Landbúnaðarháskóla Íslands til Fjölbrautaskóla Suðurlands. Um 11 milljónir fengust til FSu í fjárveitingu til yfirfærslunnar og óvissa ríkir um stöðu núverandi starfsmanna Garðyrkjuskólans.

Fyrir rúmu ári ákvað þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, að starfsmenntanám í garðyrkju skyldi flutt frá Landbúnaðarháskóla Íslands yfir til Fjölbrautaskóla Suðurlands en miklar deilur höfðu staðið milli atvinnulífs garðyrkjunnar og yfirstjórnar LbhÍ um stöðu og umgjörð námsins við Landbúnaðarháskólann.

Stuttu fyrir áramót fékkst staðfest af nýjum menntamálaráðherra, Ásmundi Einari Daðasyni, að ákvörðun fyrri ráðherra stæði og að starfsmenntanámið ætti að flytjast yfir til Fjölbrautaskóla Suðurlands. Til yfirfærsluverkefnisins eru ætlaðar 11 milljónir króna á þessu ári en önnur fjármögnun virðist ekki í höfn.

Námið er enn á ábyrgð LbhÍ en gert er ráð fyrir að það flytjist til FSu þann 1. ágúst næstkomandi eða við upphaf skólaársins 2022-23.

Flókin yfirfærsla

Eins og gefur að skilja er yfirfærsla námsins flókið ferli og meðal þess sem þarf að gera er að fella námið að starfinu í FSu. Námskrár allra sex brauta garðyrkjunámsins, sem menntamálaráðuneytið samþykkti sumarið 2018 og eru inni í námskrárgrunni Menntamálastofnunar, voru unnar í nánu samstarfi milli atvinnulífs garðyrkjunnar og starfsmanna Garðyrkjuskóla LbhÍ.

FSu hefur nú verið falið af menntamálaráðuneytinu að semja enn á ný námskrá fyrir garðyrkjubrautir, fella námið að framhaldsskólalögum og koma því inn í námskrárgrunn Menntamálastofnunar. Það sætir furðu að upplýsingaflæði innan ráðuneytisins sé ekki markvissara en raun ber vitni, hér virðist eiga að vinna sömu vinnuna aftur en nú án formlegrar aðkomu hagsmunaaðila.

Samkvæmt upplýsingum Bændablaðsins hefur Arna Garðarsdóttir, fyrrverandi starfsmannastjóri LbhÍ og systir Olgu Lísu Garðarsdóttur, skólameistara FSu, verið ráðin til að leiða yfirfærsluna eða hluta hennar.

Fjölbrautaskóli Suðurlands.

Guðríður Helgadóttir, starfsmaður á Reykjum.

Ragnheiður Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands.

Olga Lísa Garðarsdóttir, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Framtíðarstaða garðyrkjunáms á Reykjum er enn óljós og yfirfærslu námsins frá Landbúnaðarháskóla Íslands til Fjölbrautaskóla Suðurlands miðar hægt.

Sigursveinn Sigurðsson, aðstoðarskólameistari FSu.

Óvissa um húsnæði og aðra aðstöðu

Á sama tíma og yfirfærsla námsins á sér stað ríkir enn óvissa um framtíðarhúsnæði og aðstöðu Garðyrkjuskólans. Í dag telst húsnæði og lendur sem eign LbhÍ, enda fylgdi það með þegar Garðyrkjuskólinn rann inn í LbhÍ árið 2004. Ekki er búið að ganga frá því hver fer með forræði á Reykjum eftir að garðyrkjunámið fer út úr LbhÍ. Á Reykjum hefur á síðustu 80 árum þróast og byggst upp mjög sérhæfð aðstaða til bóklegrar og verklegrar kennslu á öllum brautum garðyrkjunáms sem þarf að tryggja til framtíðar. Aðstaðan er einstök og verður ekki byggð upp í einu vetfangi annars staðar og kostar stórfé og tíma.

Fjárveitingar frá LbhÍ til verkefna og viðhalds húsnæðis Garðyrkjuskólans eru í lágmarki vegna núverandi stöðu og að sögn starfsmanna hefur starfsemin á Reykjum í raun verið í fjársvelti frá því ákvörðun var tekin um að flytja námið annað. Þrátt fyrir það er garðyrkjunámið enn í verkahring LbhÍ og væntanlega hefur skólinn fengið fjármagn frá ríkinu til að sinna því með eðlilegum hætti.

Viðræður enn í gangi

Sigursveinn Már Sigurðsson, aðstoðarskólameistari FSu, segir að viðræður um flutning garðyrkjunámsins séu enn í gangi og meðal annars hafi verið rætt við kennara skólans um stöðu þeirra eftir yfirfærsluna. „Við eigum einnig í viðræðum við Landbúnaðarháskólann í tengslum við húsnæði á Reykjum til kennslu.“

Að sögn Sigursveins miðast undirbúningur FSU við að geta innritað nemendur í námið næsta haust.

Olga Lísa, skólameistari FSu, sagði í Bændablaðinu á síðasta ári að FSU hafi sett það sem skilyrði vegna yfirtökunnar að Ríkiseignir ábyrgist húsnæði sem verður notað í tengslum við námið.

„Við höfum líka sagt skýrt að við viljum ekki taka ábyrgð á lélegu eða ónýtu húsnæði á Reykjum. Garðyrkjunámið kemur til með að vera áfram að Reykjum en hins vegar er vel hugsanlegt að einhverjir áfangar í bóknámi verði samkeyrðir með öðrum brautum við FSu.“

Sigursveinn segir að þessi afstaða Olgu sé enn í gildi

Að sögn Sigursveins er rekstur Garðyrkjuskólans þungur og skortur er á fé til verklegu kennslunnar.

„Næstu skref eru að fá meiri upplýsingar á raunkostnaði starfsnámsins í garðyrkju en það er ótvírætt okkar vilji að ljúka yfirfærslunni á sem farsælastan hátt fyrir alla aðila og garðyrkjunáminu til heilla í framtíðinni.“

LbhÍ stundar áfram rannsóknir að Reykjum

Í svari Ragnheiðar Þórarinsdóttur, rektors Landbúnaðarháskóla Íslands, vegna yfirfærslunnar segir að FSu sé að undirbúa yfirfærsluna á náminu til sín og að LbhÍ vinni áfram að sínum rannsóknum á sviði garðyrkju og umhverfisvísinda á svæðinu.

Ekkert samráð við fagfélög og starfsmenn

Samkvæmt heimildum Bændablaðsins hefur lítið verið leitað til starfsfólks og kennara við Garðyrkjuskólann vegna yfirfærslunnar. Auk þess sem ekkert samráð hefur verið haft við fagfélög garðyrkjunnar vegna þessara breytinga á högum garðyrkjunámsins. Starfsmenntanám í garðyrkju hefur verið í góðum tengslum við greinina og atvinnulífið og því er það nýlunda að þessir aðilar séu ekki fengnir formlega að borðinu.

Samkvæmt einum viðmælanda er eins og menntamálaráðuneytið haldi hagsmunaaðilum sem tengjast náminu markvisst frá viðræðum um framtíð þess og telji að þeir hafi ekkert með það að gera. Það er þeim mun undarlegra þegar það var samstillt átak atvinnulífs garðyrkjunnar að bjarga náminu undan LbhÍ að menn séu ekki hafðir með í ráðum um framtíðarfyrirkomulag námsins. Þetta myndi ekki gerast í neinum öðrum iðngreinum.

Flest óljóst

Guðríður Helgadóttir, starfsmaður á Reykjum, segir að enn sé flest óljóst um framtíð starfsmenntanámsins og kennarar og aðrir starfsmenn óvissir um framtíð sína við skólann.

„Einn sérfræðingur hefur nú þegar hætt störfum og aðrir íhuga sína stöðu. Ekki hefur verið ráðið í stöður sem hafa losnað sem eykur vinnuálag á þá sem eftir eru og var það nóg fyrir. Auk þess sem þessi óvissa komi niður á nemendum skólans, hvort sem þeir eru í staðareða fjarnámi.

Lilja Alfreðsdóttir fundaði með starfsfólki hér á Reykjum í fyrra og fullvissaði starfsfólkið um að staða þess myndi ekki breytast vegna yfirfærslunnar en í dag virðist allt óljóst með það. Kennarar við skólann eru allir reynslumiklir og hæfir fagmenn á sínu sviði og hafa haldið utan um þetta nám um árabil. Enginn þeirra er þó með löggild kennsluréttindi fyrir framhaldsskóla í dag, enda voru þeir ráðnir til kennslu á sínum tíma samkvæmt búnaðarfræðslulögum. Í þeim lögum var ekki krafa um kennsluréttindi heldur var skólunum heimilt að ráða sérfræðinga á sviði garðyrkju til kennslustarfa, hvort sem var í starfsmenntanámi eða háskólanámi.

Sá vandi blasir við að við yfirfærslu námsins er kennurum skólans gert að flytja sig milli stofnana á sama tíma sem FSu er samkvæmt lögum skylt að ráða til sín kennara með gild kennsluréttindi fyrir framhaldsskóla. Allir þeir sem sinna kennslu í garðyrkjunáminu eru sérfræðingar á sínu sviði en þetta er ekki stór hópur fólks. Það er ekki eins og hægt sé að grípa næsta mann og fá hann til að kenna sérhæfð garðyrkjufræði, frekar en í öðrum atvinnugreinum. Þar fyrir utan koma allir starfsmenn á Reykjum að kennslunni með einum eða öðrum hætti þannig að það þarf liðsheild til að sinna því verkefni sem garðyrkjukennslan er. Hér eru allir ómissandi.“

/VH

Tryggingar fyrir alla fjölskyldumeðlimi

Þú getur tryggt gæludýrin þín hjá Sjóvá.

Kynntu þér málið á **sjova.is**

Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 420 stöðum á landinu og á lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (24. tölublöð) kostar þá kr. 12.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 8.000 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Blaðamenn:** Guðrún Hulda Pálsdóttir gudrunhulda@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 563 0303
Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – **Sími smáauglýsinga: 563 0300** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Skrítnir tímar

Við upplifum skrítna tíma þessi misserin í skugga kórónuveiru sem stöðugt er að koma okkur á óvart með stökkbreytingum og leiðindum sem þær orsaka. Þetta er þó ekkert nýtt þótt jarðarbúar hafi verið orðnir ansi værukærir verandi blessunarlega lausir við svo víðtæka árás slíkra örkvikinda í nær heila öld.

Sífellt hafa ný stökkafbrigði veirunnar, sem eru sífellt meira smitandi, verið að ná sér á strik. Íslendingar finna vel fyrir því núna þar sem útbreiðsla smita er orðin ógnvænlega hröð. Góðu tíðindin í þessu öllu saman er að þrátt fyrir mörg andlát að undanförnu telja vísindamenn að nýjustu afbrigði veirunnar valdi minni skaða, allavega hjá þeim sem sem hafa verið bólusettir, og minnstum skaða hjá þeim sem hafa verið bólusettir í þrígang. Þótt undirritaður vilji trúa því að áhrifa veirunnar verði að mestu hætt að gæta fyrir maílok á þessu ári, og vera þannig jafnvel bjartsýnni en tölvugúrúinn Bill Gates, þá skulum við samt fara varlega.

Kórónuveiran sem nú plagar okkur með faraldri, sem gjarnan er nefndur Covid-19, hafði síðastliðinn mánudag sýkt tæplega 314 milljónir manna í 222 löndum eða landsvæðum og dregið ríflega 5,5 milljónir jarðarbúa til dauða. Þá lágu á sama tíma ríflega 95.000 manns víða um lönd í alvarlegu ástandi á sjúkrahúsum.

Af þessum fjölda smitaðra höfðu rétt tæplega 100 milljónir smitast í Evrópu og ríflega 63 milljónir í Bandaríkjunum. Í einstökum ríkjum eða ríkjasamsteypum höfðu þá flestir látið lífið í Bandaríkjunum eða nærri 862 þúsund manns, en næstflestir í Brasilíu, eða um 620 þúsund manns. Bara í þessum tveim ríkjum hafa nær 1,5 milljónir manna látið lífið af völdum Covid-19. Það er meira en fjórum sinnum íslenska þjóðin. Ef allt þetta fólk hefði ætlað að fara fljúgandi í ferðalag til Íslands næsta sumar, sem það gerir augljóslega ekki, þá hefði þurft í það minnsta 7.100 Boeing 737 MAX flugvélar til að flytja hópinn.

Flugvélaframleiðandinn Boeing varð fyrir því skelfilega áfalli að tvær þotur af gerðinni Boeing 737 MAX fórust vegna tæknigalla með nokkurra mánaða millibili á árunum 2018 og 2019. Önnur fórst með 157 manns um borð og hin með 189 einstaklingum. Mánuðum saman voru allar slíkar vélar kyrrsettar á meðan reynt var að finna gallann sem orsakaði slysin og gera lagfæringar á vélunum. Allt var lagt í sölurnar því orðspor framleiðanda og öryggissjónarmið alls flugheimsins var í húfi. Þarna fórust 346 einstaklingar. Nú erum við aftur á móti að horfa upp á að milljónir manna hafa látið lífið vegna kórónuveirufaraldurs sem upphófst ári eftir að fyrri flugvélin af tveim fyrrnefndu fórst og daglega bætist í þann hóp. Samt finnast fjölmargir sem enn telja óskynsamlegt að bregðast við þeirri vá með bólusetningu.

Fullyrða má að ekki einn einasti flugfarþegi hefði viljað taka áhættuna af því að halda áfram flugi með MAX vélunum án þess að gera ýtrustu ráðstafanir til að koma í veg fyrir slys. Sem betur fer var farið að ráðum sérfræðinga og vísindamanna og gerðar allar þær ráðstafanir sem flugmálayfirvöld töldu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að slíkt gæti gerst aftur. Það hefði aldrei verið hægt að réttlæta það að gera ekki neitt. Nú fljúga þessar vélar um háloftin áfallalaust, m.a. á vegum íslensks flugfélags.

Það er rökrétt og nauðsynlegt að vera gagnrýnin á alla mögulega hluti. Verðum við hins vegar ekki líka að forðast að taka óþarfa áhættu þegar mannslíf eru í húfi og velja frekar úrræði sem sannanlega geta dregið úr áhættunni? */HKr.*

Saman stöndum vér

Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is

Í upphafi vil ég óska öllum lesendum Bændablaðsins gleðilegs árs og þakka fyrir samferðina liðið ár.

Ég vil einnig þakka Kára Gautasyni fyrir hans starf hjá Bændasamtökunum þann stutta tíma sem hann starfaði með okkur en hann hefur tekið við starfi aðstoðarmanns landbúnaðarráðherra og óska ég honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Fyrsta heila starfsár sameinaðra samtaka

Nú er að hefjast nýtt starfsár sem verður fyrsta heila árið í sameinuðum samtökum bænda í Bændasamtökum Íslands. Þetta ár verður viðmiðunarár til framtíðar hvernig okkur tekst að halda ótrauð áfram fram á veginn með íslenska bændur sameinaða undir einum samtökum. Nú reynir á að bændur standi saman um hagsmuni íslenskrar framleiðslu á þeim frábæru og heilnæmu afurðum sem bændur framleiða á hverjum degi, neytendum til hagsbóta og öryggi Íslands í fæðuöryggi til framtíðar.

Getum horft stolt fram á veginn

Margar áskoranir eru á vettvangi frumframleiðslu landbúnaðarafurða. Við getum horft stolt fram á veginn og sem dæmi þá hefur veiran leikið okkar samfélag grátt en bændur hafa staðið vaktina og tekist að afhenda hnökralaust heilnæmar afurðir til íslenskra neytenda. Á komandi árum verður mikilvægt að horfa til framtíðar hvernig við sem framleiðendur getum gert enn betur á grundvelli frumframleiðslunnar með betri nýtingu afurða og dregið úr kolefnislosun greinarinnar. Ráðinn hefur verið til starfa hjá Bændasamtökunum umhverfisfræðingur sem mun aðstoða okkur bændur til að gera enn betur í þeim efnum og vil ég bjóða Val Klemensson velkominn til starfa. Við höfum þegar sett nokkur verkefni af stað sem koma til með að nýtast okkur til framtíðar í að nýta afurðir enn betur, en ábyrgð okkar er mikil í þeim efnum.

Einfalda þarf regluverk í kringum eftirlit

Það eru ekki síður áskoranir til framtíðar hvernig við náum að takast á við það verkefni að einfalda regluverk í kringum eftirlit og bæta starfsumhverfi greina í landbúnaði svo þær geti vaxið og dafnað. Þar horfi ég til þeirra gríðarlegu kvaða sem settar eru á uppbyggingu eldishúsa í svínarækt og alifuglarækt en starfsskilyrðum þeirra búgreina eru settar miklar skorður á meðan samsvarandi skorður eru ekki settar á t.a.m. slíkar byggingar í löndum eins og Danmörku og Hollandi þar sem byggð er mun þéttari.

Mikil umræða er um aðbúnað dýra í kjölfar umfjöllunar um blóðtöku úr fylfullum merum og tel ég mikilvægt að þeir sem stunda þessa framleiðslu afurða geri það á grundvelli útgefinna starfsleyfa og það sé skilgreint á afurðir sem hver og einn framleiðir.

Samstaða aldrei mikilvægari

Það er mikilvægara nú sem aldrei áður að bændur gangi inn í nýtt ár og standi saman í málefnum landbúnaðar, óháð því hvað þeir framleiða. Saman stöndum vér en sundraðir föllum vér.

ÍSLAND ER LAND ÞITT

Trékyllisvík í Árneshreppi á Ströndum er norðan við Reykjarfjörð og Gjögur. Þar var áður miðstöð sveitarinnar sem kölluð var Víkursveit eftir Trékyllisvík. Nokkrar jarðir eru í Trékyllisvík, Árnes, sem var prestssetur til 2003, Finnbogastaðir ásamt Finnbogastaðaskóla, Bær, Litla-Ávík og Stóra-Ávík.
Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF

Nanna og Steinþór á Höfða útbjuggu fyrir skemmstu nýtt malarplan fyrir heyrúllur austan við ána og fjárhúsin. Um 80 metrar eru frá neðsta hluta plansins og niður að sjávarmölinni. Í flóðinu gekk sjór, rekaviður, grjót og fleira yfir þjóðveginn. Myndir / Nanna Höskuldsdóttir

Mikið tjón á Höfða við Raufarhöfn í ársbyrjun:

Um 300 heyrúllur skoluðust á haf út eða eyðilögðust

– Tjón ekki að fullu metið né heldur hvort það fáist bætt

„Tjónið hefur ekki verið metið að fullu og það er heldur ekki komið í ljós hvort við fáum það bætt, þetta tekur allt sinn tíma. María Svanþrúður hjá RML er að vinna í þessu með okkur og hefur verið okkur ómetanlegur stuðningur," segir Nanna Höskuldsdóttir, sem býr ásamt Steinþóri Friðrikssyni á bænum Höfða austan við Raufarhöfn. Þau töpuðu allt að 300 heyrúllum í aftakaveðri sem gekk yfir landið í byrjun árs. Tjónið sem varð í óveðrinu nemur milljónum en auk þess að missa rúllurnar skemmdist eitt og annað heima við bæinn.

Nanna og Steinþór eru með tæplega 400 fjár á fóðrum og eru einnig með hross. Steinþór sér að mestu um búið en Nanna starfar sem verkefnastjóri atvinnu- og samfélagsþróunar hjá Sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og Norðurþingi.

Veðrið skall á 3. janúar síðastliðinn þegar djúp lægð gekk yfir landið og olli miklu hvassviðri og ölduhæð um norðan- og austanvert landið. Stórstreymt var og ölduhæðin var óvenju mikil við þessar aðstæður, að sögn Nönnu, sem varð til þess að brot gekk á land við bæina Hól og Höfða. Þessar jarðir eru austan við Raufarhöfn og þjóðvegurinn gengur í gegnum bær.

Endurpakkað í tæplega 170 rúllur

Nanna segir að allt hafi gerst mjög hratt og lítið sem ekki neitt hægt að bregðast við í gríðarmiklum sjógangi sem gekk yfir. Nú þegar allt er yfirstaðið sé ljóst að alls 199 heyrúllur fóru á haf út, 14 rúllur urðu rennblautar og algjörlega ónothæfar nema til uppgræðslu og þá var hægt að endurpakka alls 168 rúllum, en hún segir óvíst hvert ástand þeirra sé. „Við erum bjartsýn og vonumst til að geta notað í það minnsta 50% af þeim, en staðan er þá sú að í allt eru 297 rúllur ýmist horfnar eða ónothæfar."

Um 200 heyrúllur hurfu á haf út, nokkrar urðu rennblautar og eru ónothæfar.

Plast úti um allt

Nanna segir að tjón hafi einnig orðið á girðingum, gjafahringir skemmdust eða hurfu á haf út, þá hafi sauðburðargarðar sem notaðir eru úti að vorlagi brotnað í spón, tjón varð á hlöðu þegar flæddi þar inn. „Nú taka hreinsunarstörfin við, það er langtímaverkefni, en gríðarlegt magn af plasti er úti um allt og mikið verk fyrir höndum að safna því saman," segir hún.

Fimm rúllur frá hverjum bæ

„Við munum leysa þetta mál," segir Sigurður Þór Guðmundsson, formaður Búnaðarsambands Norður-Þingeyinga, en í sýslunni stendur yfir söfnun á heyrúllum fyrir bændur á Höfða sem misstu um þriðjung heyfengs síns á haf út og tæpur þriðjungur er líkast til skemmdur.

Sigurður Þór segir að upp hafi komið sú hugmynd að hver bær á svæðinu frá Langanesi að Jökulsá myndi gefa 5 rúllur hver, en með því móti næðist að safna saman því magni sem Höfðabændur töpuðu.

„Það myndu þá allir gefa eitthvað en enginn mikið," segir hann. Varnarlína liggur um Jökulsá og því geta bændur í Kelduhverfi ekki sent hey af sínu svæði yfir að Höfða. Sigurður segir að þegar sé búið að taka saman á fyrsta vagninn, en það var gert í byrjun vikunnar.

Staðan í norðursýslunni hvað heyfeng varðar er ekkert sérstök að sögn Sigurðar,

„Það er frekar lítið hey til hér um slóðir," segir hann og var ekki bjartsýnn á stöðuna í ljósi mikillar hækkunar á áburðarverði um nýliðin áramót. „Fyrningar verða örugglega mjög verðmætar hér í vor," segir hann. */MÞÞ*

Ásgeir Helgi Jóhannsson lögfræðingur.

Guðrún Björg Egilsdóttir, sérfræðingur á sviði búgreinadeildar.

Valur Klemensson, sérfræðingur í umhverfismálum.

Nýir starfsmenn hjá Bændasamtökunum

Þrír nýir starfsmenn hafa verið ráðnir til Bændasamtakanna, Guðrún Björg Egilsdóttir, sérfræðingur á sviði búgreinadeildar og Ásgeir Helgi Jóhannsson lögfræðingur en þau hafa hafið störf ásamt Val Klemenssyni, sérfræðingi í umhverfismálum, sem hefur störf í febrúar.

Guðrún Björg Egilsdóttir mun sinna nautgriparæktinni á sviði búgreinadeildar. Guðrún Björg lauk nýverið meistaranámi í búvísindum við Landbúnaðarháskóla Íslands en áður bakkalárgráðu í líffræði við Háskóla Íslands. Hún er fædd og uppalin á Daufá í Skagafirði en þar er stundaður kúabúskapur, þekkir hún því búgreinina vel.

Valur Klemensson kemur inn sem nýr sérfræðingur í umhverfismálum. Hann er með B.Sc. gráðu frá Landbúnaðarháskóla Íslands í Umhverfisskipulagi og mastersgráðu frá Tækniháskólanum í München í sjálfbærri auðlindanýtingu.

Ásgeir Helgi Jóhannsson er lögfræðingur með embættispróf frá lagadeild Háskóla Íslands og réttindi sem héraðsdómslögmaður. Undanfarin ár hefur hann starfað sem lögmaður og eigandi Afls lögmanna ehf. og Fosuc lögmanna - GJP partners ehf. */ehg*

MÆLT AF MUNNI FRAM 289

Þann 21. desember síðastliðinn lést einn ástsælasti hagyrðingur sinnar samtíðar, **Óskar Sigurfinnsson** í Meðalheimi á Ásum. Þó að margar af snjöllum vísum Óskars hafi fengið inni í þessum þáttum, þá verður þessi fyrsti vísnaskammtur ársins helgaður minningu þessa góðvinar. Á útfarardegi Óskars orti mágur hans, **Ólafur Þórarinsson**, búsettur í Grindavík, þessa fallegu minningu:

Lýsir kynnum löngum frá,
ljúft er flest að geyma.
Margs er þá að minnast á
mótum tveggja heima.

Óskar sat ótal hagyrðingasamkomur á sinni ævi. Jafnan kynnti hann sig til leiks með þessari hógværu vísu:

Lítinn hef ég ljóðaforðann,
líka á þessum stað.
Ég heiti Óskar og er að norðan,
-ekki meir um það.

Seinna, á annarri hagyrðingasamkomu, var kynningarvísan svona:

Ennþá læt ég á mér níðast
inni á þessum stað.
Ég heiti Óskar eins og síðast;
-ekki meira um það.

Og nokkrum árum síðar er kynningarvísa **Óskars** orðin svona:

Enn ég svara ef einhver spyr
ýmsu þótt ég gleymi,
ég er ennþá eins og fyr
Óskar í Meðalheimi.

Á jólakort til **Sigríðar Sigfúsdóttur** í Forsæludal reit **Óskar** þessa vísu:

Áhyggjur ég engar hef,
enn er tíminn nægur.
Enginn veit sitt endaskref
eða lokadægur.

Óskar var barn náttúrunnar og sótti margar unaðsstundir inn til Auðkúluheiðar:

Man ég hýra milda daga,
mynd er skýr af fjallasýn.
Andinn flýr þar inn á haga
í ævintýralöndin mín.

Við jarðarför **Jónasar Sigfússonar** í Forsæludal árið 1971, orti **Óskar** þessa saknaðarkveðju:

Drýpur hljóðlát dögg af hlyn,
dropar af greinum hrapa.
Garðurinn er að gráta vin
genginn fyrir stapa.

Um ónefndan mann orti **Óskar**:

Lífið enginn leikur er,
lán og styrk hann þáði,
því hann átti undir sér
ekki neitt að ráði.

Óskar fór ekki margar utanlandsferðir á sinni ævi, en fór þó með Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps eina slíka. Upplifunina setti **Óskar** í stöku, sem vel gæti átt við í dag:

Áhættu á smiti skal útiloka
í utanlandsferðum hér.
Í flughöfn setur þú fötin í poka
og ferð svo heim til þín ber.

Hjónaband **Óskars** og **Guðnýjar Þórarinsdóttur** var afar farsælt og náið. **Guðný** lést aðeins 22 dögum fyrir andlát Óskars. Til hennar orti **Óskar** eitthvert sinnið:

Þolinmæði þarf að sýna;
það er útaf fyrir sig
kosturinn við konu mína
hvað hún hefur þolað mig.

Á efri árum orti svo **Óskar** þessa vísu:

Þorið er bilað og þrótturinn fer,
við þessu er ekkert að segja.
Það skiptir víst litlu hver orsökin er,
úr einhverju verð ég að deyja.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

FRÉTTIR

Sterkt danskt fjárfestingafélag, Copenhagen Infrastrucutre Partners (CIP), stendur á bak við Orkugarð Austurlands:

Gæti orðið mikilvægt framlag í orkuskiptum samgangna á Íslandi

– og séð Íslandi að fullu fyrir tilbúnum áburði

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

Greint var frá því í Bændablaðinu fyrir jól að áform væru um að reisa áburðarverksmiðju í Reyðarfirði í tengslum við verkefnið Orkugarður Austurlands. Ef áætlanir ganga eftir gæti slík verksmiðja orðið að veruleika eftir fimm til sex ár.

Áburðarframleiðslan er hugsuð sem eins konar hliðarstarfsemi af grunnframleiðslu orkugarðsins, sem verður vetnisframleiðsla sem grunnur fyrir framleiðslu á umhverfisvænu eldsneyti. Gert er ráð fyrir að sú eldsneytisframleiðsla gæti staðið undir fyrirhuguðum orkuskiptum í samgöngum á Íslandi.

„Aðrar hliðarafurðir af þessu verkefni eru til dæmis súrefni og varmi – og hugmyndin er að nýta þær líka á svæðinu," segir Magnús Bjarnason hjá MAR Advisor, sem er tengiliður danska fjárfestingafélagsins Copenhagen Infrasturucture Partners (CIP), og hefur leitt hagkvæmnisathugun á verkefninu í samvinnu við Landsvirkjun og Fjarðabyggð.

Umhverfisvænni raforku umbreytt í vetni

„Grunnhugmyndin með orkugarðinum er að umbreyta umhverfisvænni raforku í vetni. Síðan verður umbreyting á vetninu í aðrar tegundir rafeldsneytis með rafgreiningu, eins og til dæmis ammoníak. Möguleiki er bæði að nýta vetnið beint sem orkugjafa en það er umbreytingarferlið yfir í ammoníak sem kannski helst er verið að horfa til. Það er enda mikil eftirspurn eftir vistvænu ammoníaki í heiminum og fyrirtæki líta í vaxandi mæli á tækifærin til að framleiða inn á þann markað.

Við framleiðsluna verður til varmi og súrefni sem hægt verður að nýta til annarrar framleiðslu. Ammoníakið verður þá nýtt bæði sem eldsneyti og við áburðarframleiðslu. Súrefnið mætti nota til ýmiss konar iðnaðarframleiðslu og fiskeldi, sem nyti líka góðs af varmanum. Hann mætti líka nota til ylræktar og garðyrkju. Tækifærin eru mörg og svo er það spurningin hvernig þau verða gripin," útskýrir Magnús.

„Þannig að hugsunin á bak við orkugarðinn er í raun að horfa á tækifærin á Austurlandi. En jafnvel þó að vetnisframleiðslan verði í Fjarðabyggð þá eru menn ekki að einskorða sig við tækifæri þar, heldur um allt Austurland og jafnvel víðar. En eðlilegt er að horfa til þeirra tækifæra sem eru næst framleiðslunni. Þannig gæti varminn og súrefnið nýst vel í fiskeldi á landi sem liggur nálægt orkugarðinum," bætir hann við.

Fiskeldi, áburðarframleiðsla og fiskiskip

Að sögn Magnúsar eru hliðarafurðirnar af grunnstarfseminni í raun hugsaðar sem tækifæri fyrir frumkvöðla og fyrirtæki að nýta sér – en sé ekki meginviðfangsefni CIP, Landsvirkjunar og Fjarðabyggðar. Hins vegar hafi fyrirtæki komið inn í verkefnið nýverið sem tengjast mögulegri nýtingu þeirra. „Laxar og Fiskeldi Austfjarða mun skoða tækifærin sem blasa við þeim. Við erum að skoða áburðarframleiðsluna með Atmonia og hugsanlega munu einhverjir aðrir aðilar bætast þar við. Síldarvinnslan er einnig hluti af samstarfsverkefninu En þetta eru allt hugmyndir sem þurfa tíma og súrefni til að þroskast."

Orkugarður í nágrenni Mjóeyrarhafnar

Verkefnið er að sögn Magnúsar ekki komið á það stig að búið sé að skilgreina umfang starfseminnar eða teikna hana nákvæmlega upp. Þannig að enn er um formlega hagkvæmnisathugun að ræða. Hann segir að orkuþörf hafi ekki verið nákvæmlega áætluð fyrir verkefnið – og ekki heldur framleiðslugeta – þótt reiknað hafi verið fram og til baka miðað við ýmsar forsendur. Þó er gert ráð fyrir staðsetningu garðsins í nágrenni Mjóeyrarhafnar í Reyðarfirði, á um 20-30 hektarum.

Hann útskýrir valið á staðsetningunni þannig að skoðun hafi leitt í ljós ýmsa augljósa kosti við Reyðarfjörð. „Höfnin er þar mjög góð og aðstaðan, mikil iðnaðarþekking er á Reyðarfirði, Fjarðabyggð er eitt af fáum sveitarfélögum á Íslandi sem er að hluta til án hitaveitu, fiskeldi er þar og svo er öflugur sjávarútvegur og útgerð – svo ég nefni nú nokkur atriði. Svo var verkefninu vel tekið af sveitarfélaginu og það var tilbúið til samstarfs."

Flest sem bendir til hagkvæmni framleiðslunnar

„Það er flest sem bendir til þess að það sé hagkvæmt að standa fyrir slíkri framleiðslu á Íslandi – og ekki bara hagkvæmt heldur er líka einfaldlega þörf fyrir hana. Við Íslendingar stöndum frammi fyrir þeirri spurningu hvort við ætlum að flytja inn þetta framtíðar sjálfbæra eldsneyti eða framleiða það sjálfir. Það liggur fyrir að við erum á leið í þessi orkuskipti – og um það er fólk sammála, þvert á stjórnmálaflokka og starfsstéttir," segir Magnús.

Hann bætir því við að hugmyndin í grunninn sé sú að þetta verkefni geti þjónað mikilvægu hlutverki í fyrirhuguðum orkuskiptum á Íslandi. Ef áætlanir gangi eftir ætti verkefni eins og þetta að geta séð Íslandi að fullu fyrir tilbúnum áburði.

Sambærilegt verkefni í þróun á sex stöðum

Spurður um upphaflegu hugmyndina að orkugarðinum, segir Magnús að danska fjárfestingafélagið CIP sé með sambærileg verkefni í þróun á sex stöðum í heiminum í dag. „Þeir hafa verið að leita fyrir sér á stöðum þar sem þeir telja að aðstæður séu heppilegar. Ísland er einn af þeim stöðum sem eru í skoðun hjá þeim. CIP settu sig í samband við Landsvirkjun og síðan í framhaldinu á því var farið að skoða heppilegar staðsetningar fyrir svona á Íslandi. Í kjölfarið bætist Fjarðabyggð við og síðan er þessum snjóbolta ýtt hægt og rólega á undan sér sem síðan hefur stækkað jafnt og þétt," segir Magnús.

MAR Advisor sérhæfir sig að sögn Magnúsar í að aðstoða erlenda aðila við fjárfestingar á Íslandi. „CIP réði okkur svo sem sína ráðgjafa hér á Íslandi. Þeir fjármagna verkefnið að fullu og ekki er í raun gert ráð fyrir að aðrir fjárfestar þurfi að koma að því. Það er gríðarlega vel fjármagnað félag með um 16 milljarða evra í stýringu. Sjóðurinn innan CIP sem vinnur að þessu verkefni er með um tvo til þrjá milljarða evra. Markmið hans er að reka um tíu slík verkefni víðs vegar um heiminn, sem nú er í undirbúningi hér. Flest þeirra eru lengra komin í þróun en það íslenska. Eitt er í Esbjerg í Danmörku, eitt á Spáni, eitt í Noregi og eitt er í Ástralíu svo einhver lönd séu nefnd. Niðurstöður úr þessari hagkvæmnisathugun hér á Íslandi ættu að vera að fullu ljósar eftir fáeina mánuði."

Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði. Orkugarðurinn er fyrirhugaður á um 20-30 hektara svæði í nálægð við höfnina.

Magnús Bjarnason hjá MAR Advisor, sem er tengiliður við fjárfestingafélagið Copenhagen Infrasturucture Partners, sem stendur á bak við hugmyndina um Orkugarð Austurlands. Mynd / smh

Framleiðsluferlið við rafeldsneyti Orkugarðs Austurlands.

Fimm íslensk náttúruverndarsvæði tilnefnd til evrópskra verndarsvæða

Ísland hefur tilnefnt fimm íslensk náttúruverndarsvæði sem hluta af neti verndarsvæða Bernarsamningsins, um vernd villtra plantna, dýra og búsvæða, sem kallast Emerald Network. Svæðin eru Guðlaugstungur, Vatnajökulsþjóðgarður, Verndarsvæði Mývatns og Laxár, Vestmannsvatn og Þjórsárver.

Á vef umhverfis- og auðlindaráðuneytisins er fjallað um tilnefningarnar og þar segir að svæðin hafi verið valin vegna þess að þau uppfylli kröfur, að hluta eða öllu leyti, um lagalega stöðu verndunar, umsjónar, vöktunar og áætlana um hvernig vernd og stjórnun sé háttað.

Aðili að Bernarsamningnum frá 1993

Ísland hefur verið aðili að Bernarsamningnum um vernd villtra plantna, dýra og lífsvæða þeirra í Evrópu frá árinu 1993.

Til að fylgja eftir markmiðum samningsins er lagt til að ríki geri tillögu að svæðum sem verði hluti af Emerald Network. Markmiðið er að mynda net verndarsvæða í Evrópu. Ríki geta lagt inn tillögur að fjölda svæða í einu eða í smærri skrefum.

„Í samvinnu við Ísland verða tillögur Íslands metnar af sérfræðingum samningsins m.t.t. þeirra gagna sem skilað var inn til samningsins. Ekki liggur því enn fyrir hvort svæðin verði samþykkt sem hluti af Emerald Network, en niðurstöðu er að vænta á næsta ári," segir á vef ráðuneytisins.

/smh

Heyskapur í Mývatnssveit. Mynd / Bbl

Sprettur ÁBURÐUR

REYNSLA - RANNSÓKNIR - TRAUST

Taktu sprettinn með okkur

Við erum um land allt og þjónustum þig með ánægju

Sölustjóri
Lúðvík Bergmann
Sími: 444 3009 / Gsm: 840 3009
bergmann@skeljungur.is

Austurland og Austfirðir
Jón Björgvin Vernharðsson
Gsm: 862 0166
jonbvernhards@gmail.com

Dalir og Reykhólasveit
Anna Berglind Halldórsdóttir
Magnússkógum, Búðardal
Gsm: 895 0559
annaoglolli@gmail.com

Norðausturland
Hallgrímur Hallsson
Sími: 464 1067 / Gsm: 893 4094
hallgrimurh@simnet.is

Borgarfjörður og Hvalfjörður
Einar Guðmann Örnólfsson
Sigmundarstöðum
Gsm: 862 5075
einargudmann@vesturland.is

Vestur Húnavatnssýsla
Jón Benedikts Sigurðsson
Böðvarshólum, Hvammstanga
Gsm: 697 5717
jbs2101@gmail.com

Hornafjörður og Suðausturland
Eyjólfur Kristjónsson
Ási
Gsm: 840 8871
harpaey@simnet.is

Norðurland vestra
Þorgils Sævarssson
Gsm: 787 3994
1967duddi@gmail.com

Ráðgjafi í jarðvegs- og áburðarfræðum
Sigurður Max Jónsson
sigggimax@gmail.com

Mýrar og Snæfellsnes
Sigurjón Helgason
Mel
Gsm: 867 8108
melursf@gmail.com

Eyjafjörður
Karl Heiðar Friðriksson
Brekku, Dalvík
Gsm: 867 6417
brekka80@simnet.is

Rangárvalla- og V-Skaftafellssýsla
Berglind Gunnarsdóttir
Ey1, Hvolsvöllur
Gsm: 899 9806
ey1@simnet.is

Eyjafjörður
Reynir Sverrir Sverrisson
Eyjafjörður
Gsm: 866 0921
reynirs68@gmail.com

Árnessýsla
Reynir Þór Jónsson
Gsm: 898 0929
reynirhurdarbaki@gmail.com

Fylgstu með okkur á facebook / Sprettur áburður

Skeljungur

Borgartún 26 - 105 Reykjavík
sími 444 3000 - fax 444 3001
www.skeljungur.is

FRÉTTIR

Tollkvótar fyrir landbúnaðarafurðir frá Bretlandi:

KFC fékk mest úthlutað

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur birt niðurstöðu úthlutunar á tollkvótum á landbúnaðarafurðum frá Bretlandi fyrir tímabilið janúar til desember 2022.

KFC fær allan kjötkvótann sem í boði var, eða 18.000 kíló, á meðalverðinu 599 krónur á kílóið. Fyrirtækið fær auk þess stærstan hluta af osti og ystingi, 14.750 kíló á meðalverðinu 585 krónur á kílóið.

Um þrjá vöruliði var að ræða sem útboðið náði til; ostar og ystingar (vöruliður nr. 0406) , ostar og ystingar (vöruliður nr. ex 0406), sem skráðir eru samkvæmt vernd landfræðilegra merkinga og uppruna landbúnaðarafurða, og matvæli og annað kjöt, unnið eða varið skemmdum (vöruliður nr.1602).

Sex tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings úr þessum vöruliði, en tilboði var einungis tekið frá KFC, sem áður segir, um innflutning á 18.000 kílóum á meðalverðinu 599 krónur á kílóið.

Enskur cheddar-ostur. Mynd / Unsplash

Stærstan hluta af ostum og ystingi úr vöruliðnum ex 0406 fékk Krónan, eða alls 3.300 kíló, en úthlutað var með hlutkesti samkvæmt reglugerð. Mjólkursamsalan fékk næstmest, 2.750 kíló. */smh*

Mjólkurkvótinn aukinn um ríflega eitt prósent á næsta ári

Heildargreiðslumark mjólkur fyrir næsta ár verður aukið um ríflega eitt prósent, samkvæmt breytingu á reglugerð um stuðning við nautgriparækt sem Svandís Svavarsdóttir landbúnaðarráðherra hefur undirritað.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga hefur fjallað um málið og lagði til við ráðherra að heildargreiðslumark næsta árs yrði 146,5 milljón lítrar. Á þessu ári var heildargreiðslumark 145 milljón lítrar af mjólk, en þetta var þriðja árið í röð þar sem það hélst óbreytt.

Forsendur nefndarinnar eru, samkvæmt tilkynningu úr ráðuneytinu, áætlun neyslu á innlendum mjólkurvörum sem gerir ráð fyrir svipaðri sölu og 2021. „Hins vegar hafa stuðlar um samsetningu mjólkur tekið breytingum til hækkunar. Fitu- og próteininnihald mjólkur tekur sífellt náttúrulegum breytingum og nú hefur það þau áhrif að fleiri lítra mjólkur þarf til þess að framleiða sama magn mjólkurvara,“ segir í tilkynningunni.

Beingreiðslurnar miðast við heildargreiðslumark mjólkur

Heildargreiðslumark mjólkur er það magn mjólkur sem beingreiðslur ríkissjóðs miðast við og er ákveðið fyrir upphaf hvers verðlagsárs.

Við ákvörðun nefndarinnar skal byggt á neyslu innlendra mjólkurvara sem farið hafa um afurðastöðvar á árinu og áætlun ráðherra fyrir komandi verðlagsár, að teknu tilliti til birgða. Við mat á neyslu og birgðum skal miða við gildandi stuðla um samsetningu mjólkurafurða. Þá skal ráðherra byggja áætlun fyrir komandi verðlagsár á upplýsingum frá afurðastöðvum. */smh*

Feðgarnir Bradley og Barney Walsh tóku upp hluta af vinsælum þætti sínum í Laugalandskógi þar sem þeir sóttu sér jólatré. Myndir / Skógræktarfélag Eyfirðinga

Frægasta jólafuran kom úr Laugalandsskógi

Feðgarnir Bradley og Barney Walsh voru meðal þeirra fjölmörgu sem heimsóttu Laugalandsskóg á aðventunni til að höggva sitt eigið jólatré.

Athöfnin var tekin upp og sýnd í þættinum Bradley and Barney: Breaking Dad at Christmas á sjónvarpsstöðinni ITV í Bretlandi á sjálft aðfangadagskvöld. Gert er ráð fyrir að um 20 milljón manns hafi fylgst með gjörningnum.

„Þeir feðgar ásamt fylgdarliði, um 40 manns, voru afar viðkunnanlegir og viðræðugóðir, sungu jólalögin og þáðu að sjálfsögðu rjúkandi ketilkaffi og popp þegar draumatréð var fundið,“ segir á Facebook-síðu Skógræktarfélags Eyfirðinga. „Þessi knáa eyfirska stafafura hefur sem sagt lagt heiminn að fótum sér.“ */MÞÞ*

Ingólfur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Eyfirðinga, splæsti í mynd af sér með feðgunum.

Góður gangur við gerð nýs stígs um Vaðlareit:

Vegagerðin greiðir 70% kostnaðar

– Þýðingarmikið fyrir lítið sveitarfélag í metnaðarfullu verkefni

Skrifað hefur verið undir samkomulag milli Svalbarðsstrandarhrepps og Vegagerðarinnar vegna uppbyggingar göngu- og hjólastígs frá Vaðlaheiðargöngum og að Skógarböðum sem verið er að reisa í landi Ytri-Varðgjár í Eyjafjarðarsveit, handan Akureyrar.

Vegagerðin greiðir 70% kostnaðar sveitarfélagsins við stígagerðina en áætlaður kostnaður við 30% hlut Svalbarðsstrandarhrepps er um 200 milljónir króna.

„Þessi styrkur frá Vegagerðinni hefur gríðarlega þýðingu fyrir lítið sveitarfélag í svo stóru og metnaðarfullu verkefni og mun hann tryggja að stígurinn verði fullkláraður með áningastöðum og lýsingu sem tryggir öryggi þeirra sem um stíginn fara,“ segir Þórunn Sif Harðardóttir, verkefnastjóri hjá Svalbarðsstrandarhreppi.

Undirbúningur að lagningu göngu- og hjólastígs um sveitarfélagið hefur staðið yfir nokkur undanfarin ár, en skriður komst á þegar landeigendur Ytri-Varðgjár ákváðu að byggja upp Skógarböð, baðstað í landi þeirra, og nýta heita vatnið sem rennur óbeislað í Eyjafjörðinn. Þórunn segir verkefnið metnaðarfullt og með lagningu stígsins verði umferðaröryggi hjólandi og gangandi vegfarenda stórlega aukið á hættulegri leið. Áningastaðir verða á leiðinni með bekkjum, upplýsingaskiltum og aðstöðu fyrir notendur til að stoppa og njóta.

Lokið hefur verið við að grafa lagnaskurð í gegnum Vaðlareit og áætlað að lagnir verði komnar í skurðinn nú um miðjan janúar. Stefnt er að því að malbika stíginn á komandi hausti. Mynd /Svalbarðsstrandahreppur

Malbikað í haust

Norðurorka sér um lagningu á leiðslum og flutningi vatns frá Vaðlaheiðargöngum og að baðstaðnum. Jafnframt verða lagðar lagnir sem munu flytja kalt vatn frá Vaðlaheiðargöngum til Akureyrar. Þórunn segir að lokið hafi verið við að grafa lagnaskurð í gegnum Vaðlareitinn fyrir vatnslagnir og nú um miðjan janúar verður klárað að sjóða saman lagnir í skurðinn.

Gert er ráð fyrir að stígurinn verði malbikaður haustið 2022.

/MÞÞ

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Tilboð í janúar og febrúar

Innifalið í tilboði:
Grafskrift, lukt, vasi og fuglar, blómarammi, jarðvegsdúkur og hvít möl.
Litur steina að eigin vali - sjá heimasíðu.
Sendum steina frítt um allt land. Geymum steina fram á sumar ef óskað er.

Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi.

TILBOÐ Nr 1 (ljósmynd)
Stærðir: sökkull 120x30 steinn 57x77
Sett eins og á mynd - 540.000
án blómaramma - 440.000

TILBOÐ Nr 2
Stærðir: sökkull 80x35 steinn 50x60
Hægt að setja 2 nöfn
Sett eins og á mynd 360.000

TILBOÐ Nr 3
Stærðir: sökkull 130x30 steinn 60x100
Sett eins og á mynd - 615.000
án blómaramma - 515.000

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is

FRÉTTIR

Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, og Garðar H. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Eldvarnabandalagsins. Mynd / ehg

Samkomulag um að efla eldvarnir í landbúnaði

Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, og Garðar H. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Eldvarnabandalagsins, hafa undirritað samstarfssamning um að efla eldvarnir í landbúnaði.

Samstarfið nær til eldvarna á heimilum félagsmanna BÍ, eldvarna í úti- og gripahúsum, gróðurhúsum og öðrum mannvirkjum sem tengjast búrekstri ásamt varna gegn gróðureldum. Samkomulagið gildir til loka árs 2022.

Ráðist í margs konar aðgerðir

Í samkomulaginu felast ýmsar aðgerðir til að ná sem best til félagsmanna Bændasamtakanna og tryggja um leið að eldvarnir í sveitum landsins verði eins og best verður á kosið. Helstu aðgerðir eru eftirfarandi:

- Aðilar senda öllum félagsmönnum BÍ sameiginlegt bréf um mikilvægi þess að tryggja góðar eldvarnir á búi og heimili. Í bréfinu verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum könnunar á eldvörnum í dreifbýli sem Gallup gerði fyrir Eldvarnabandalagið. Bréfinu fylgir fræðsluefni um eldvarnir.
- Aðilar útbúa reglulega greinar um eldvarnir til birtingar í viðeigandi fjölmiðlum og koma upplýsingum um eldvarnir á framfæri með öðrum hætti.
- Kannaður verður af beggja hálfu möguleiki á að fjármagna gerð og birtingu auglýsinga um eldvarnir og mikilvægi þeirra.
- Aðilar kanna hvort bæta megi fræðslu um eldvarnir og öryggi í LbhÍ, meðal annars með endurmenntunarnámskeiði.
- Aðilar vinna saman að því að halda fræðsluerindi um eldvarnir á vettvangi búnaðarsambanda og í gegnum streymi. Útbúið verður staðlað og hæfilega langt erindi í þessu skyni. Óskað verður eftir samstarfi við Félag slökkviliðsstjóra um þátttöku.
- Kannaðir verða möguleikar á að söluaðilar viðurkennds eldvarnabúnaðar veiti félagsmönnum BÍ hagstæð kjör í tengslum við samstarfið og verður athygli þeirra þá sérstaklega vakin á því.
- Tekið verður tillit til eldvarna í stefnumótunarvinnu Bændasamtakanna.
- Aðrar hugsanlegar aðgerðir sem aðilar ákveða sameiginlega að ráðast í á samningstímanum auk þeirra sem að framan greinir.

/ehg

Leitin að verndandi arfgerðum gegn riðu:

Tvær kindur fundust til viðbótar

Þann 7. janúar var staðfest að tvær kindur hefðu fundist til viðbótar með hina verndandi arfgerð gegn riðu, sem leitað hefur verið að í alþjóðlegu verkefni hér á Íslandi sem staðið hefur yfir frá síðasta vori.

Að sögn Karólínu Elísabetardóttur, bónda í Hvammshlíð í Skagabyggð, sem er með verkefnastjórn yfir leitinni, er um breytileika að ræða sem nefndur er „T137“ og hefur reynst fullkomlega verndandi í umfangsmiklum rannsóknum á Ítalíu. Hann er mjög sjaldgæfur hér á landi. „Önnur kindin tilheyrir hjörðinni á Sveinsstöðum í Austur-Húnavatnssýslu – eins og fyrstu tvær kindurnar sem fundust með breytileikann. Sú heitir Tignarleg, er fædd 2014 og með sameiginlegan forföður og hinar, Trú og Tryggð, en ekki náskyld þeim. Hin kindin fannst á Austurlandi, á bænum Straumi í Hróarstungu,“ segir Karólína.

Móbotna ferhyrnd

„Guðfinna Harpa Árnadóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda og bóndi á Straumi, tók sýni á bænum og víðar í þessum landshluta á vegum rannsóknarinnar sem ég, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og Keldur standa að,“ segir Karólína.

„Kindin á Straumi heitir Móbotna, fædd 2015, er ferhyrnd og óskyld hinum ánum. Það skemmir nú ekki fyrir að hún er ferhyrnd, en ferhyrndar kindur eru ekki mjög algengar og tiltölulega margar urðu niðurskurði að bráð haustið 2020,“ bætir hún við.

Móbotna frá Straumi. Mynd / GHÁ

Tignarleg frá Sveinsstöðum. Mynd / ISJ

„Það er verulega ánægjulegt að fundist hafi fleiri kindur með þennan breytileika,“ segir Eyþór Einarsson hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, sem er einn forsvarsmanna rannsóknarinnar. „Sérstaklega er dýrmætt að finna einstakling af öðrum uppruna en Sveinsstaðakindurnar. Það gefur von um að breytileikinn finnist víðar í stofninum, en það er mikilvægt með tilliti til erfðafjölbreytileika að geta sótt þennan efniviið í fleiri uppsprettur.

Það er frábært að fá þessar fréttir núna þegar fram undan er stórátak í arfgerðagreiningum – þetta blæs okkur byr í brjóst og gefur tilefni til að vona að við finnum eitthvað meira spennandi,“ segir Eyþór.

/smh

Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga. Mynd / MÞÞ

Kostnaður við að fjölga neyðarstöðvum í Vaðlaheiðargöngum yfir 10 milljónir króna

– Ný reglugerð gerir ráð fyrir150 metra bili milli neyðarstöðva í nýjum göngum

Kostnaður við að setja upp nýjar neyðarstöðvar í Vaðlaheiðargöngum nemur 10 til 15 milljónum króna. Í reglugerð um öryggiskröfur fyrir jarðgöng frá því 2021 er gerð krafa um að 150 metrar séu á milli neyðarstöðva í jarðgöngum. Undantekningar eru hvað varðar jarðgöng sem fyrir eru og í jarðgöngum utan samevrópska vegakerfisins sem tekin voru í notkun frá maí 2006 fram að ársbyrjun í fyrra og eru með neyðarstöðvar með ekki meira bili en 250 metrum og að í þeim sé farsímasamband.

Reglugerðin sem um ræðir byggir á Evrópusambandsreglugerð en Samgöngustofa hefur eftirlit með því að reglugerðinni sé framfylgt.

Unnið hefur verið að því undanfarnar vikur að fjölga neyðarstöðvum í Vaðlaheiðargöngum til að unnt sé að uppfylla kröfurnar. Alls verða 60 neyðarstöðvar í göngunum eftir að framkvæmdum við uppsetningu viðbótarstöðvanna lýkur í febrúar. Í hverri neyðarstöð er beintengdur sími til Neyðarlínunnar og tvö slökkvitæki. Símarnir verða því 60 talsins og slökkvitækin 120.

Unnið hefur verið við það síðustu vikur að koma upp fleiri neyðarstöðvum í Vaðlaheiðargöngum, alls verða 60 símar til taks í gögnunum en hér er verið að setja þá saman.

Algengara að grípa til eigin síma

Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga, segir fuðulegt að ekki sé gerð krafa um að í öllum jarðgöngum sé GSM samband, sama hvort þau séu ný eða gömul, né heldur almennt í öllu vegakerfinu. Fjölgun neyðarsíma í göngunum sé gott dæmi um óþarfa peningaeyðslu. Fjarskiptasamband fyrir GSM síma sé í öllum göngunum. Algengara og eðlilegra sé að fólk grípi til eigin síma til að hringja inn til Neyðarlínu komi upp neyðartilfelli heldur en að hlaupa að næsta síma með snúru. Bendir hann á að við suma vegakafla á Íslandi sé á sama tíma ekki hægt að hringja vegna sambandsleysis, sumir þeirra teljist jafnvel til hættulegustu vega á Íslandi, m.a. við Ísafjarðardjúpið. „Á þeim slóðum er ekki einu sinni verið að koma upp sambærilegum neyðarstöðvum og í göngunum, þar sem til dæmis væri NMT sími eða gervihnattasími á standi sem hægt væri að nota í neyð, en slíkt þekkist víða erlendis,“ segir hann.

Aldrei verið notaðir til að tilkynna um neyðarástand

Eftir að búið er að bæta neyðarstöðvum við í göngunum verða 125 metrar á milli þeirra, en var áður um 250 metrar. „Þetta verkefni hefur unnist vel og við gerum ráð fyrir að búið verði að tengja alla síma við rafmagn í febrúar,“ segir hann en einnig þarf að setja upp skilti ofan við neyðarsímana. GSM-símsamband er alls staðar í Vaðlaheiðargöngum að sögn Valgeirs. „Í þau þrjú ár sem göngin hafa verið opin fyrir almennri umferð hafa neyðarsímarnir aldrei, mér vitanlega, verið notaðir til að hringja inn neyðarástand til Neyðarlínunnar. Erlendir ferðamenn hafa í nokkur skipti tekið upp tólið og hringt úr þessum símum til Neyðarlínunnar til að spyrja hvar eigi að borga vegtollinn, en neyðarsímaklefar í útskotum og utan ganganna minna svolítið á rauðu bresku símaklefana,“ segir hann.

Neyðarstöðvar í Vaðlaheiðargöngum verða með 125 metra millibili eftir að verkefni við fjölgun þeirra lýkur í febrúar.

Vinna við Almannaskarðsgöng hefst í vetur eða vor

G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, segir að einungs þurfi að bregðast við vegna fjölgunar neyðarstöðva í Almannaskarðsgöngum. Þar er millibil milli neyðarstöðva um 340 metrar, en má mest vera 250 metrar. Einnig þurfi að skipta út í þeim göngum núverandi neyðarsímum og neyðarsímaskápum því þeir séu úreltir. „Það er búið að kaupa síma og símaskápa en eftir er að setja þá upp og þá þarf einnig að leggja ljósleiðara að göngunum,“ segir hann. Fyrirhugað er að fara í þetta verkefni í vetur eða vor.

Pétur segir að önnur göng Vegagerðarinnar uppfylli kröfur um bil milli neyðarstöðva. Einungis er gerð krafa um 150 metra millibil milli stöðva í nýjum göngum en þegar verið er að uppfæra eldri göng má bilið vera 250 metrar. Hann bendir á að farsímanotkun sé mjög almenn og því hafi uppsetning GSM-sambands verið talið mikilvægara en uppsetning neyðarsíma í jarðgöngum, enda væru þeir lítið ef nokkuð notaðir. */MÞÞ*

RAUÐIR DAGAR

hjá Völundarhúsum framlengdir til 31. JANÚAR 2022
eða á meðan byrgðir endast – Ekki missa af þessu!

15-25% afsláttur af öllum garðhúsum og gestahúsum

VH/22-01

44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

45% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

GARÐHÚS 4,4m²

GARÐHÚS 4,7m²

GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs

GARÐHÚS 9,7m²

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

Nánari upplýsingar
á heimasíðu okkar og
í síma 864-2400

Staðgreiðslu lán | VISA Lán – HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

http://www.volundarhus.is/Husin-okkar/Gardhus/ https://www.facebook.com/Volundarhus

www.volundarhus.is

PARHÚS MEÐ BÍLSKÚR

Í BYGGINGU VIÐ FJÖRUKLÖPP 1 · 250 GARÐI

Verð kr. 48.900.000

Húsið afhendist fullbúið að utan sem innan

www.volundarhus.is

VH/22-02

Fjöruklöpp 1 - 250 Garður

PARHÚS m/bílskúr 137,9 m²

Fasteignasalan Bær, Völundarhús ehf og Ólafía Ólafsdóttir kynna:

Parhús með bílskúr, í byggingu við Fjöruklöpp 1 í 250 Garði/Suðurnesjabæ. Húsið er alls 137,9m2 og þar af er bílskúr 28,7m2.

Húsið er vel skipulagt, opið og bjart. Skipulagið samanstendur af anddyri, alrými, 3 herbergjum, baðherbergi og bílskúr. Þvottarými er í bílskúr. Innangengt er úr íbúðarrými inn í bílskúr.

Húsið afhendist fullbúið. Sjá nánar í skilalýsingu. Áætlaður afhendingartími er 1. maí 2022 m.v. fullbúið hús.

Frábær eign á frábæru verði

Nánari upplýsingar:
Ólafía löggildur fasteignasali,
sími 898 - 8242 · netfang óla@fasteignarsala.is
/ **Völundarhús**, info@volundarhus.is · sími 8642400

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

FRÉTTIR

Samkeppniseftirlitið aðhafðist ekki eftir ábendingar frá bónda:

Kvörtun blóðbónda ekki tekin til rannsóknar

– Gerði athugasemdir við forsendur afurðaverðs og hrossaeignar líftæknifyrirtækisins Ísteka ehf.

Blóðbóndi sendi kvörtun til Samkeppniseftirlitsins fyrir tveimur árum þar sem tæpt var á samstarfssamningum og starfsháttum Ísteka sem bóndinn taldi óeðlilega. Samkeppniseftirlitið sá ekki ástæðu til að aðhafast og setti fyrir sig fjölda mála til meðferðar hjá eftirlitinu. Forsvarsmenn Ísteka lögðu til að bóndinn gerði ráðstafanir til að taka á móti blóði sem fyrirtækið hugðist skila til hans í framhaldi af umkvörtunum hans.

„Það er óhæft að fyrirtækið ÍSTEKA noti þá aðstöðu sína að vera eini kaupandi blóðs í landinu til að komast hjá eðlilegum samskiptum við aðra framleiðendur, setja einhliða gjaldskrá og halda öllum upplýsingum um framleiðsluna fyrir sig en deila þeim ekki með framleiðendum,“ segir Kristján Þorbjörnsson, bóndi á Gilsstöðum í Vatnsdal, í lokaorðum greinargerðar sinnar með kvörtun sem hann sendi til Samkeppniseftirlitsins vegna starfshátta líftæknifyrirtækisins Ísteka ehf. í október árið 2019. Fram kemur að undanfari erindisins hafi verið fundur hans með Samkeppniseftirlitinu í janúar það sama ár.

Fram hefur komið að Ísteka ehf. er eini kaupandi afurða blóðbænda, eina fyrirtækið sem framleiðir vörur úr blóði fylfullra hryssa, hormónaefnið PMSG, er það því að öllum líkindum í markaðsráðandi stöðu.

Í greinargerð sinni til Samkeppniseftirlitsins fer Kristján yfir starfsemi búgreinarinnar, hlutverk framleiðandans, þ.e. bóndans, og hlutverk Ísteka ehf. Þá eru samskipti framleiðenda og Ísteka reifuð. Í framhaldi gerir hann grein fyrir umkvörtunum sínum sem hann segist hafa rætt án nokkurs árangurs við forsvarsmenn líftæknifyrirtækisins.

Skortur á upplýsingum til bænda

Fyrsta ábending lýtur að skorti á upplýsingum sem bændur fá um afurð sína frá Ísteka.

„Gögn er varða framleiðslu og gæði framleiðslu hvers grips hefur fyrirtækið ekki fengist til að láta af hendi. Líkt og hjá gripum sem eru í annarri framleiðslu í landbúnaði eru gæði afurða misjöfn frá einum grip til annars. Slíkt má örugglega sjá í þeim sýnum sem ávallt eru tekin úr blóði eftir blóðtöku og er niðurstaðan skráð hjá ÍSTEKA. Þar sést hvað mikið af þessu eftirsótta efni er í blóði hvers grips og væru þær upplýsingar einkunn um hvern grip og gæfi framleiðand[a] mikilvægar upplýsingar.

Þessar upplýsingar hefur ÍSTEKA ekki viljað láta framleiðendur hafa, sem eru þó mikilvægar vegna ræktunar og þróunar hverrar hjarðar og til að sjá gæði hvers grips,“ segir í greinargerðinni.

Kristján sendi formlega kvörtun til Samkeppniseftirlitsins eftir samskipti sín við Ísteka. Hann sagði óhæft að líftæknifyrirtækið notaði aðstöðu sína, sem eini kaupandi blóðs, til að komast hjá eðlilegum samskiptum við framleiðendur, setja einhliða gjaldskrá og halda öllum upplýsingum um framleiðsluna fyrir sig. Þá gerði hann athugasemdir við hrossaeign og meintar rannsóknir fyrirtækisins. Forsvarsmenn líftæknifyrirtækisins lögðu til að hann gerði ráðstafanir til að taka við blóði eftir umkvartanir sínar. Myndir / Úr safni Bbl.

Vildi að afurðaverð væri byggt á gæðum, ekki magni

Þá beinir Kristján sjónum að verðskrá Ísteka sem hann segir settan einhliða fram af fyrirtækinu.

Verðskránni er skipt í þrjá flokka. Flokkarnir eru grunnflokkurinn F5 og árangurstengdir flokkar H og H2. Borgað er mest fyrir bestu heimtur, þ.e. góða fyljun og mikið blóðmagn. Til að lenda í hæsta gæðaflokki, og fá þá hæsta verðið fyrir blóðið, þarf hryssa að gefa af sér að meðaltali 5 lítra í hvert sinn. Minni heimtur og minni fyljun hryssa leiðir til þess að afurðin er metin í lægri gæðaflokki. Árið 2021 fengu bændur 9.329 kr. fyrir einingu í flokki F5, 11.196 kr. fyrir flokk H og 12.311 kr. fyrir flokk H2.

Kristján gerir nokkrar athugasemdir við forsendu afurðaverðs þar sem hann segir gæði ekki hafa áhrif á verðlagningu, heldur eingöngu magnið.

„Bilið á milli flokka er mjög mikið [...] og engin eðlileg skýring á þeim mun. Það að meðaltal allra hryssa, það er óháð því hvort þær koma inn í blóðgjöf eða ekki, í hópnum ráði því hvað framleiðandinn fær greitt fyrir allt blóð er með öllu ótækt. Með þessari aðferð er ekkert tillit tekið til gæða blóðsins það er þeirrar vöru sem framleiðandinn er að selja.

Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að hryssur séu ekki færar í blóðtöku, komi ekki inn í blóðgjafahópinn, svo sem að þær eru geldar, nái ekki því marki að blóðið sé hæft til vinnslu, léleg frammistaða stóðhests og fleira getur komið til.

Ekkert af þessu segir neitt um gæði þess blóðs sem tekið er en það er verðlagt út frá þessum forsendum.

ÍSTEKA hefur upplýsingar um gæði blóðs hjá hverjum grip en þær upplýsingar hafa engin áhrif á verð blóðsins og fyrirtækið deilir ekki þeim upplýsingum með framleiðendum.

Það má orða þetta svo að þegar illa gengur hjá framleiðandanum eitt árið, til dæmis að hryssur koma illa inn í blóðgjöf, þá minnkar framleiðslan eðlilega, en til viðbótar er framleiðsla hans, það er blóði[ð], kannski lækkað í verðflokki,“ segir í greinargerðinni.

Kröfur Kristjáns voru þær að Ísteka láti framleiðendum, sem það vilja, í hendur öll þau gögn er varða þeirra hryssur, svo sem niðurstöður sýna og þær mælingar sem á þeim eru gerðar. „Þá er þess krafist að ÍSTEKA geri grein fyrir forsendum fyrir flokkaskiptingu á greiðslu fyrir blóð og framvegis verði greiðsla fyrir blóð byggt á gæðum þess.“

Vildi að Ísteka geri grein fyrir umfangi og kostnaði á hrossahaldi

Athugasemdir Kristjáns snúa einnig að framleiðslu Ísteka á blóði, en Ísteka er umfangsmesti hesteigandi landsins og á nú ríflega 600 hross.

Í greinargerðinni kemur fram að Ísteka hafi keypt jarðir og land, auk þess sem það leigi jarðir til afnota. Kristján gerir athugasemd við rekstur á hrossahaldinu, telur að kostnaður við hann sé sóttur úr sjóðum fyrirtækisins. Vill hann að fyrirtækið geri grein fyrir umfangi þess hluta reksturs fyrirtækisins er lýtur að framleiðslu blóðs: „Það er rekstrarkostnaði, svo og tekjum af þeim rekstri, svo sjá megi hvað fyrirtækið leggi mikið inn í þann rekstur af öðru fjármagni en því sem kemur beint af þeim rekstri er tilheyrir blóðframleiðslu.“

Þá þykir honum athugavert að fyrirtækið geti ekki sýnt fram á hver beri ábyrgð á faglegri rannsóknum fyrirtækisins á hrossunum, rannsóknir sem forsvarsmenn Ísteka hafi haldið fram að væri ástæða hrossaeignarinnar.

„Það dylst engum sem þekkir til reksturs á hrossabúskap að rekstur ÍSTEKA er með þeim hætti að ómögulegt er að framleiðsla hryssanna greiði þann kostnað. Með öðrum orðum þá er það á kristaltæru að ÍSTEKA er að greiða verulega með þessum hrossarekstri og hefur það reyndar komið fram hjá forsvarsmönnum fyrirtækisins að svo sé. Þeir hafa svarað því til að ástæða þessa að þeir eru í þessum rekstri, það er að vera með framleiðslu sjálfir, sé að þeir séu að stunda rannsóknir til að rækta góðar blóðhryssur. Þeir hafa þó ekki orðið við beiðni um að leggja fram rannsóknaráætlun eða gefa upp hvaða viðurkenndur aðili hafi umsjón eða beri faglega ábyrgð á þessum tilraunum. Það er rökstutt mat þeirra, sem til þekkja í þessum rekstri, að ÍSTEKA sæki í sinn rekstur verulega fjármuni til þess að standa í framleiðslu á blóði og má í því sambandi vísa til orða forsvarsmanna fyrirtækisins að það blóð sem þeir framleið[a] sé dýrasta blóðið sem þeir fái til vinnslu,“ segir í greinargerðinni.

Hafði fjóra kosti

Með erindi Kristjáns fylgja tölvusamskipti hans við forsvarsmenn Ísteka. Upphafið má rekja til fjölpósts sem Arnþór Guðlaugsson, framkvæmdastjóri Ísteka, sendi bændum 1. ágúst 2019. Þar er tilgreint afurðaverð ársins og viðhengdir samningar sem bændurnir eru beðnir um að undirrita og senda fyrirtækinu.

Kristján hafnar samningnum í svarpósti til fyrirtækisins þann 16. ágúst 2019. Hörður Kristjánsson, aðaleigandi Ísteka, bregst við með því að telja upp fjóra kosti sem bóndinn hefur: 1) Að skrifa undir nýju samningana og klára tímabilið í samræmi við þá, 2) klára tímabil miðað við verðskrá ársins á undan, 3) hætta strax og fá greitt miðað við verðskrá ársins á undan og að lokum: 4) gera ráðstafanir til að taka við blóði sem þeir myndu skila Kristjáni.

„Ef við heyrum ekkert frá þér í dag gerum við ráð fyrir að þú hafir valið kosti 3 eða 4 og þá verður ekki safnað á morgun,“ segir í svari Harðar.

Kristján segist hafa skrifað undir samninginn enda hafi hann ekki séð aðra kosti í stöðunni á þeim tímapunkti.

Ábending og önnur forgangsröðun

Þremur mánuðum eftir skriflega kvörtun, barst bóndanum bréf frá Samkeppniseftirlitinu um lok málsins. Í bréfinu kemur fram að Samkeppniseftirlitið líti á erindið sem ábendingu og verði ekki tekið til meðferðar af eftirlitinu.

„Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 er Samkeppniseftirlitinu heimilt að forgangsraða málum sem stofnuninni berast. Í greinargerð með frumvarpi því er varð að núgildandi samkeppnislögum segir að eðlilegt þyki að stofnuninni sé veitt skýr heimild í lögum til að ákveða hvort ástæða er til að rannsaka mál í kjölfar erindis eða ábendinga. Með hliðsjón af öllu framangreindu, sbr. áðurnefnda heimild til forgangsröðunar og fjölda mála sem nú eru til meðferðar hjá eftirlitinu, telur eftirlitið ekki forsendur til að aðhafast frekar á grundvelli ábendingar yðar,“ segir í svarbréfi frá Samkeppniseftirlitinu.

/ghp

Starfshópur skipaður til að fjalla um blóðtöku á fylfullum hryssum

Starfshópur hefur tekið til starfa sem Svandís Svavarsdóttir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði til að fjalla um blóðtöku á fylfullum hryssum. Hópnum er ætlað að skoða starfsemina, regluverkið og eftirlitið í kringum blóðtökuna.

Ráðherra kallaði eftir tilnefningum í starfshópinn frá Matvælastofnun (MAST) og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands og eiga eftirtalin sæti í hópnum:

- Iðunn Guðjónsdóttir, sérfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu er formaður hópsins, skipuð án tilnefningar.
- Sigríður Björnsdóttir, yfirdýralæknir í hrossasjúkdómum hjá Matvælastofnun (tilnefnd af MAST).
- Ólafur Páll Jónsson, prófessor við Háskóla Íslands, tilnefndur af Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Aðskilið rannsókn Matvælastofnunar

Þetta kemur fram í tilkynningu úr ráðuneytinu og þar segir einnig að ráðherra hafi falið hópnum að funda með hagaðilum auk þess sem almenningi muni gefast kostur á að tjá sig um störf og tillögur hópsins á Samráðsgátt stjórnvalda þegar þær liggja fyrir. „Starfshópurinn mun hefja störf á næstu dögum og er ætlað að skila ráðherra tillögum sínum fyrir 1. júní nk. Verkefni starfshópsins er aðskilið rannsókn Matvælastofnunar, en stofnunin rannsakar nú meint alvarleg brot á velferð blóðtökuhryssa,“ segir í tilkynningunni.

/smh

Matvælastofnun hefur vísað blóðmeramáli til lögreglu

Matvælastofnun hefur vísað blóðmeramálinu svokallaða til lögreglu, sem hún hafði til rannsóknar eftir að erlend dýraverndarsamtök afhjúpuðu í myndböndum slæma meðferð á fylfullum hryssum við blóðtöku. Stofnunin hefur greint þau atvik sem talin eru brjóta í bága við lög um velferð dýra og metið áhrif þeirra á hryssurnar.

Það voru dýraverndarsamtökin Animal Welfare Foundation (AWF) og Tierschutzbund Zürich (TBZ) sem gerðu myndböndin opinber á YouTube þann 22. nóvember 2021. Matvælastofnunin vísar málinu og þeim gögnum sem fyrir liggja til lögreglu til frekari rannsóknar og aðgerða.

Beiðni um gögn hafnað

Í skýringum á vef Matvælastofnunar á ástæðum þess að málinu er vísað til lögreglu-rannsóknar kemur fram að beiðni stofnunarinnar um gögn frá samtökunum var hafnað. Óskað var eftir óklipptu myndefni og að tökustaðir væru gefnir upp.

Vitað hvaða fólk átti í hlut

Rannsókn stofnunarinnar leiddi hins vegar í ljós hvar atvikin áttu sér stað og hvaða fólk átti hlut að máli.

„Við rannsóknina leitaði stofnunin eftir skýringum og afstöðu fólksins til þess sem fram kemur í myndböndunum. Eins og áður segir hefur stofnunin ekki aðgang að óklipptu myndefni sem takmarkar möguleika hennar á að meta alvarleika brotanna og gerir stofnuninni því ókleift að rannsaka málið til fullnustu,“ segir á vef Matvælastofnunar. */smh*

YAMAHA

5 ÁRA ÁBYRGÐ

LÁNSHLUTFALL ALLT AÐ 75% Í ALLT AÐ 60 MÁNUÐI

ÁREIÐANLEIKI KRAFTUR GÆÐI

TRAUSTIR VINNUÞJARKAR OG LEIKFÉLAGAR

ÞÆGILEGT GREIÐSLUFORM Á **ALLRA FÆRI**

» GRIZZLY 700 EPS SE
700cc-fjórgengis-4WD-H/L drif-driflæsing
spil-307kg -rafmagnsstýri-dráttarkúla
Verð: 2.560.000 kr.
38.877 kr.*
*afborgun á mánuði ***

» GRIZZLY 700 EPS SE
700cc-fjórgengis-4WD-H/L drif-driflæsing
spil-307kg -rafmagnsstýri-dráttarkúla
Verð: 2.560.000 kr.
38.877 kr.*
*afborgun á mánuði ***

» GRIZZLY 700 EPS
700cc-fjórgengis-4WD-H/L drif-driflæsing
spil-307kg -rafmagnsstýri-dráttarkúla
Verð: 2.410.000 kr.
36.626 kr.*
*afborgun á mánuði ****

» KODIAK 700 EPS
700cc-fjórgengis-4WD-H/L drif-driflæsing
spil-307kg -rafmagnsstýri-dráttarkúla
Verð: 2.150.000 kr.
32.724 kr.*
*afborgun á mánuði *****

Lykill fjármögnun

Afborganir miðast við Lykillán fyrir 75% af kaupverði til 60 mánaða frá Lykli fjármögnun. Vextir miðast við 6,2% breytilega vexti og eru tengdir við eins mánaða reibor vexti. Viðskiptavinir eru hvattir til að kynna sér lánaskilmála Lykillána á heimasíðu Lykils **www.lykill.is. Árleg hlutfalltala kostnaðar – ÁHK er ** 8,19% - *** 8,22% - **** 8,29 - Öll verð innifela virðisaukaskatt.*

ARCTIC TRUCKS

YAMAHA Á ÍSLANDI
ARCTIC TRUCKS

YAMAHA

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | S: 540 49 00 | www.yamaha.is

NYTJAR HAFSINS

Skip frá Noregi, Færeyjum og Grænlandi:

Veiddu 130 þúsund tonn á Íslandsmiðum á síðasta ári

Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is

Fjöldi erlendra skipa hefur heimild til veiða í íslenskri lögsögu ár hvert. Misjafnt er hvað þau bera mikið úr býtum en á nýliðnu ári var afli þeirra tæp 130 þúsund tonn. Alls voru 89 erlend skip að veiðum hér í lengri eða skemmri tíma. Færeysk skip veiddu mest.

Þau erlendu skip sem sóttu Íslandsmið á síðasta ári eru frá Noregi, Færeyjum og Grænlandi. Aflinn er aðallega uppsjávarfiskur; loðna, norsk-íslensk síld og kolmunni. Af þessum þremur tegundum veiddust alls 122 þúsund tonn. Um 6 þúsund tonn veiddust af botnfiski.

Norskur línubátur á Íslandsmiðum.

Heimildir af tvennum toga

Aflaheimildir erlendra skipa hér við land eru af tvennum toga. Í fyrsta lagi mega þau veiða af eigin kvóta í deilistofnum, þ.e. kvóta sem skipin fá frá heimalandinu, aðallega loðnu og norsk-íslenskri síld en einnig kolmunna. Í öðru lagi veiða þau af kvóta sem íslensk stjórnvöld láta þeim í té í tengslum við fiskveiðisamninga viðkomandi ríkja og Íslands.

Megnið af því sem erlendar þjóðir veiða hér er af eigin kvóta þeirra í uppsjávartegundum. Alls veiddu þær rúm 116,5 þúsund tonn af eigin kvóta á síðasta ári en um 12,5 tonn af kvóta frá Íslandi, þar af var helmingur loðna sem Færeyingar veiddu. Sjá meðfylgjandi töflu.

Færeyingar veiddu mest

Erlend skip veiddu hér nánar tiltekið 129.022 tonn, miðað við tölur sem unnar eru upp úr gögnum á vef Fiskistofu. Til samanburðar má geta þess að heildarafli íslenskra skipa var tæpar 1,2 milljónir tonna á árinu 2021, samkvæmt bráðabirgðatölum Fiskistofu.

Færeyingar veiddu hér mest, eða um 75 þúsund tonn, þar af var uppsjávarfiskur tæp 70 þúsund tonn. Norðmenn komu þar á eftir með um 44 þúsund tonn, nær allt uppsjávarfiskur. Grænland rekur svo lestina með rúm 10 þúsund tonn.

60 þúsund tonn af loðnu

Loðna er sú tegund sem erlend skip veiddu mest af, eða samtals tæp 60 þúsund tonn. Þar voru Norðmenn einna drýgstir og veiddu rúm 43 þúsund tonn.

Norsk-íslensk síld kemur fast á eftir með rúm 57 þúsund tonn. Þar voru Færeyingar á ferðinni. Síðustu árin hefur færst í vöxt að færeysk skip veiði töluvert af síldarkvóta sínum í íslenskri landhelgi. Árið 2020 veiddu þau til dæmis um 77 þúsund tonn.

Af botnfiski veiddist mest af þorski, eða 2.325 tonn. Tæp 1.700 tonn af ýsu voru veidd, rúm þúsund tonn af löngu og um 730 tonn af keilu. Færeyingar eru atkvæðamestir í botnfiskinum eins og nánar verður vikið að.

Hér á eftir verður farið yfir veiðiheimildir Norðmanna, Færeyinga og Grænlendinga hér við land, byggt á upplýsingum sem aflað var hjá Kristjáni Frey Helgasyni, sérfræðingi í ráðuneyti sjávarútvegs.

Þrenns konar heimildir Norðmanna til loðnuveiða

Norðmenn eru 5% hluthafar í íslenska loðnustofninum og þeir hafa réttindi til að veiða þessa loðnu í íslenskri lögsögu.

Með Smugusamningnum frá 1999 fá Norðmenn auk þess loðnu frá Íslandi og mega veiða hana í lögsögunni. Magn loðnu er háð því hve mikið Íslendingar fá að veiða af þorski í norsku lögsögunni.

Loks má nefna varðandi loðnu að samkvæmt ákvæðum í tvíhliða bókun Íslands og Noregs í gildandi loðnusamningi þá veitir Ísland aðgang til veiða á þeirri loðnu sem Norðmenn fá frá ESB, þ.e. loðna sem ESB hefur áður keypt af Grænlandi.

Varðandi botnfisk fá Norðmenn með Smugusamningi frá 1999 að veiða allt að 500 tonn af keilu, löngu og blálöngu og veiða hana á línu og er þetta hluti af gagngjaldinu vegna samningsins.

Færeyjar fá botnfisk og loðnu frá Íslandi

Færeyingar hafa heimild til að veiða botnfisk hér og loðnu sem Íslendingar láta þeim í té.

Þeir hafa einnig fullan aðgang að Íslandsmiðum til veiða á norsk-íslenskri síld og kolmunna af eigin kvóta. Færeysk skip fá hjá Íslendingum allt að 5.600 lestir af botnfiski sem veiddur er á línu og handfæri. Þorskur skal ekki vera meira en 2.400 lestir og keiluafli ekki meiri en 400 lestir.

Veiðar erlendra skipa á Íslandsmiðum 2021 í tonnum

Tegund	Noregur	Færeyjar	Grænland	Samtals
Þorskur	52	2.273		**2.325**
Ýsa	20	1.638		**1.658**
Ufsi	1	156		**156**
Gullkarfi	40	62		**101**
Langa	91	926		**1.017**
Keila	388	341		**728**
Norsk- íslensk síld		57.191		**57.191**
Loðna	43.121	6.405	10.263	**59.790**
Kolmunni		5.985		**5.985**
Annað	14	56		**70**
Samtals	**43.726**	**75.033**	**10.263**	**129.022**

Heimild: Unnið upp úr gögnum á vef Fiskistofu.

Heimildir færeyskra nótaskipa í loðnu, sem Íslendingar láta þeim í té, reiknast þannig að þau fá allt að 30 þúsund tonnum af hlut Íslands í heildarloðnukvótanum enda verði leyfilegur heildarafli að minnsta kosti 500 þúsund tonn. Verði leyfilegur heildarafli minni en 500 þúsund tonn nemur hlutdeild færeyskra skipa 5% af heildinni.

Heimildir Grænlands

Grænlendingar eru 15% hluthafar í loðnustofninum og hafa rétt til að veiða alla þá loðnu, sem úthlutað er til grænlenskra skipa, við Ísland, að því er fram kemur í upplýsingum frá Kristjáni Frey Helgasyni.

89 erlend skip

Alls stunduðu 89 skip frá Noregi, Grænlandi og Færeyjum veiðar í íslenskri landhelgi á síðasta ári, þar af 77 á uppsjávarveiðum, samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu. Þetta er nokkur fjöldi skipa þegar haft er í huga að íslenski uppsjávarflotinn telur rétt rúm 20 skip eða þar um bil.

Frá Noregi voru 58 skip, þar af tvö línuskip á botnfiskveiðum. Frá Færeyjum voru 29 skip, þar af 9 línuskip og eitt á handfærum. Tvö grænlensk uppsjávarskip voru hér á loðnuvertíðinni á síðasta ári og lönduðu afla.

Veiðum erlendu loðnuskipanna eru settar nokkrar skorður, sérstaklega norsku skipunum. Ekki mega vera fleiri en 30 norsk skip á sama tíma í lögsögunni, veiðar eru bundnar við nót og takmarkað svæði. Þá máttu þau aðeins veiða frá 15. janúar til 22. febrúar. Rýmri reglur gilda um veiðar grænlenskra og færeyskra skipa, sérstaklega þeirra grænlensku.

Hluta landað á Íslandi

Hluta af afla erlendu skipanna var landað í íslenskum höfnum til vinnslu. Þau lönduðu um 18 þúsund tonnum af loðnu hér á landi á síðasta ári.

Norðmenn lönduðu hér tæpum 12.500 tonnum, aðallega til manneldisvinnslu.

Grænlensk skip lönduðu hér tæpum 5.700 tonnum til vinnslu. Hluti af afla grænlensku skipanna var sjófrystur en einnig lönduðu þau um 2.500 tonnum í Færeyjum. Þess má geta að eignatengsl eru á milli útgerða grænlensku skipanna og íslenskra aðila.

Færeysku skipin lönduðu öllum sínum loðnuafla í Færeyjum.

Hvað fáum við í staðinn?

Íslendingar fá ýmislegt í staðinn fyrir þær veiðiheimildir sem þeir veita Færeyingum og Norðmönnum, samkvæmt gagnkvæmum fiskveiðisamningum.

Fyrir það fyrsta fá Íslendingar aðgang að færeysku fiskveiðilögsögunni til að veiða af íslenska kvótanum í kolmunna. Þetta ákvæði er mikilvægt því megnið af kolmunnaafla íslenskra skipa er veitt utan íslensku lögsögunnar.

Einnig geta íslensk skip veitt norsk-íslenska síld af eigin kvóta í færeyskri lögsögu. Þá má nefna að við megum veiða 1.300 tonn af makríl á ári við Færeyjar.

Smugusamningurinn við Norðmenn gaf okkur heimild til að veiða 3.200 tonn af þorski miðað við slægðan afla, auk hóflegs meðafla, í norsku lögsögunni í Barentshafi á árinu 2021. Í ár megum við veiða tæp 5.200 tonn. Heimildir okkar taka mið af ástandi þorsks í Barentshafi. Þess má geta að á árinu 2014 máttum við veiða þar 7.300 tonn af þorski.

Hvernig verður árið 2022?

Útlit er fyrir að afli erlendra skipa í íslenskri lögsögu á árinu 2022 verði enn þá meiri en á síðasta ári þar sem heildarloðnukvótinn er stærri en hann hefur verið í mjög langan tíma. Alls hafa erlend skip heimild til að veiða um 240 þúsund tonn af loðnu hér að öðru óbreyttu. Það fer svo að sjálfsögðu eftir því hvernig vertíðinni vindur fram hver lokaniðurstaðan verður.

Færeyingar mega veiða hér 30 þúsund tonn af loðnu eins og getið er hér að framan.

Norðmenn hafa heimild til að veiða hér rúm 145 þúsund tonn af loðnu, samkvæmt upplýsingum sem Bændablaðið fékk frá Norges Sildesalgslag, sölusamtökum uppsjávarfisks í Noregi. Norsku fiskveiðiheimildirnar skiptast þannig að rúm 45 þúsund tonn eru af eigin hlutdeild, tæp 31 þúsund tonn koma frá Íslandi og um 69.500 tonn eru fengin frá ESB (upprunalega frá Grænlandi).

Heildarkvóti Grænlands er um 135 þúsund tonn, helming hans seldu þeir til ESB samkvæmt venju, eins og áður er getið, en hinn helminginn fá grænlensk skip að veiða hér við land.

Ef Færeyingar halda uppteknum hætti að veiða norsk-íslenska síld í íslenskri lögsögu í miklum mæli þá gæti afli erlendra skipa stefnt hátt í um 300 þúsund tonn á árinu 2022.

Bændablaðið *Næsta blað kemur út 27. janúar*
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og lögbýli á Íslandi

vfs.is
30%
40%
20%
JANÚAR
ÚTSALA
VERKFÆRA
SALAN
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

SaMASZ
SLÆR Í GEGN
KTL
HÁGÆÐA RYÐVÖRN
2
2 ÁRA ÁBYRGÐ
FRÁBÆR REYNSLA
SaMASZ
Búvís
Búvís ehf.
Grímseyjargötu 1
600 Akureyri
Sími: 465 1332
Sjáðu meira í www.buvis.is

LANDSJÁ

Kaflaskil en engin sögulok

Góðkunningi heimsins, Steve Jobs, sagði að sú spurning ætti alltaf að vera efst í huga, ef maður sæi fram á sinn síðasta dag, hvort það sem lægi fyrir að gera væri það sem maður vildi helst. Í mínu tilelli er svarið snúið. Mig langar hreint ekki til þess að vera að skrifa síðasta Landsýnarpistilinn í Bændablaðið og mig langar alls ekki að hætta sérfræðistörfum fyrir Bændasamtökin.

Kári Gautason.

Góður skóli fram undan

Heildarsamtök bænda og landbúnaðurinn ganga í gegnum spennandi tíma og mér fannst ég vera á réttum stað með góðu samstarfsfólki að vinna að brýnum málefnum minnar stéttar. En pólitíkin er harður húsbóndi og hafi maður á annað borð boðið sig fram til þess að róa á þeirri galeiðu er erfitt að segja nei þegar háseti er kallaður undir árar. Hitt veit ég að störf í ráðuneyti eru besti skóli sem hægt er að fara í upp á heildarsýn yfir tilheyrandi atvinnugreinar, sem í þessu tilfelli eru sjávarútvegs- og landbúnaðarmál. Fyrir strák úr sveit við sjávarsíðuna er það ekki svo lítils virði. Og ekki víst að annað færi gefist á slíkum skóla.

Ég hef fengið góðar óskir frá samstarfsfélögum og vinum í landbúnaðinum sem þykjast vita að ég verði þeim og greininni haukur í horni. Sem betur fer fyrir mig er stjórnarsáttmálinn nokkuð afdráttarlaus hvað varðar stefnumótun og aðgerðir sem snúast um nýsköpun og framþróun landbúnaðarins. Til þess að slá á væntingar er svo skylt að geta þess að aðstoðarmaður ráðherra er fyrst og fremst framlengdur armur hans og tengiliður milli hans, embættismanna og annarra sem við ráðherrann eiga erindi. Aðstoðarmaðurinn hefur ekkert sjálfstætt boðvald innan ráðuneytis.

Sterkari byggðir og meiri þjónusta

Eins og þjóðin fylgist undirritaður límdur með Verbúðinni á RÚV og ég velti fyrir mér hvaða ferlegu vinnuslys hendi Sveppa og Góa í næsta þætti. Þannig er það ekki síður spennandi að kynnast sjávarútveginum betur. Þar á að kortleggja áskoranir og tækifæri í sjávarútvegi og leggja fram tillögur um hvernig megi meðal annars auka samfélagslega sátt um umgjörðina í kringum fiskeríið. Þá eru næstu ár mikilvæg hvað varðar uppbyggingu í fiskeldi og þar á að móta heildstæða stefnu um uppbygginguna, umgjörðina og gjaldtökuna. Það verður margt að læra næstu misserin. En sjálfur hef ég þá trú að sjávarútvegs- og landbúnaðargreinarnar séu ekki nægjanlegar einar og sér til þess að tryggja byggða- og íbúaþróun á landsbyggðinni. Breikka þurfi grunninn með nýsköpun og fleiri stoðum undir fjölbreyttu mannlífi.

Þær eru nauðsynleg kjölfesta en ekki nægjanlegar til að snúa við blaðinu. Þróun beggja þessara greina er til meiri afkasta og framleiðni svo að fyrirsjáanlegt er að störfum haldi áfram að fækka í þeim greinum. Svo aftur sé vikið að Verbúðinni þá er það í sjálfu sér ágætt að mannshöndin fjarlægist afputtunarvélunum eins og þær voru kallaðar af góðum manni á Vopnafirði. Þessar greinar þurfa að taka þátt í samtali og stefnumótun um hvernig það verður gert eftirsóknarvert að búa og starfa í sjávarbyggðum eða í sveitum.

Bændur eru sterkari saman

Það verður að segjast eins og er að það fylgir því ákveðinn tregi að hætta að vinna í Bændahöllinni, vitandi það að húsið sé selt og Bændasamtökin muni á einhverjum tímapunkti flytja sig um set á nýja starfsstöð. Það myndi vanta í mig alla sögulega vitund ef svo væri ekki. En þar með eru síður en svo sögulok, félagasamtök bænda eiga sögu aftur til ársins 1837 og verða því 185 ára 28. janúar næstkomandi. Þetta ár er fyrsta heila starfsár sameinaðra Bændasamtaka. Hvernig sú saga fer hefur ekkert að gera með gamla steypu heldur allt að gera með það hversu vel það tekst til að sameina krafta bænda í nýjum samtökum. Til þess þurfa sem flestir að skrá sig til leiks og taka þátt í þeirri nýju sögu. Félagasamtök bænda hafa ekki lifað í tæp tvö hundruð ár á loftinu einu saman, heldur hafa þau lifað af á félagsvitundinni og samstöðunni.

Ég óska öllum mínum fyrrum samstarfsfélögum alls hins besta í starfinu og bændum sömuleiðis.

Kári Gautason

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

FRÉTTIR

Kortið sýnir Lónsbakkahverfið. Bleika svæðið lengst til vinstri er land gistiheimilisins Lónsár og tjaldsvæði sem þar hefur verið rekið, sem hjólhýsa- og húsbílafólk hefur nýtt sér mikið á undanförnum árum. Nú hyggst eigandinn hætta þeim rekstri og þar mun þá verða til byggingaland.

Mikil uppbygging í gangi í Hörgársveit:

Skoða alla möguleika til að mæta mikilli eftirspurn eftir lóðum

„Við erum hvergi nærri hætt með okkar uppbyggingu, en stefnan er að íbúar í sveitarfélaginu verði um eitt þúsund talsins í upphafi ársins 2026, segir Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri í Hörgársveit. Nú í upphafi árs voru íbúar rétt yfir 700. Fjöldi nýrra íbúa hefur sest að í sveitarfélaginu í nýju hverfi á Lónsbakka undanfarin ár en þar er verið að bæta við lóðum undir íbúðir.

Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri í Hörgársveit. Myndir / MÞÞ

Lónsbakkahverfið, sem stendur við suðurmörk Hörgársveitar næst Akureyri, hefur verið að byggjast hratt upp síðastliðin tvö ár. Fyrir voru tvær götur, Skógarhlíð og Birkihlíð, þar sem búa um 100 manns, en frá því framkvæmdir hófust við tvær götur til viðbótar, Reynihlíð og Víðihlíð, á fyrrihluta ársins 2019, hefur íbúatalan nánast tvöfaldast. Byggðar hafa verið alls 37 íbúðir í hverfinu, sem þegar er flutt inn í, og eru íbúarnir 95 talsins.

Snorri segir að 32 íbúðir séu í byggingu nú og gert ráð fyrir að flutt verði inn í þær flestar á þessu ári.

„Við búumst svo við að hafin verði bygging á 28 íbúðum til viðbótar á þessu ári og næsta og inn í þær verði flutt á næsta og þarnæsta ári," segir hann. Þá hefur að auki verið úthlutað 4 lóðum fyrir 16 íbúðir sem gera má ráð fyrir að flutt verði í árið 2024.

„Það verða í allt um 112 nýjar íbúðir við þessar tvær nýju götur og við teljum að íbúar þar verði í allt um 300 talsins. Þeir bætast við þá 100 sem búa í eldra húsnæði við Lónsbakka.

Hugmyndir um uppbyggingu á gamla íþróttavellinum

Kynntar hafa verið hugmyndir um uppbyggingu á nýju svæði norðan við það sem fyrir er, á gamla Dagsbrúnarvellinum.

„Við höfum verið að skoða hvaða möguleikar eru fyrir hendi með stækkun á Lónsbakkahverfinu á því landi sem sveitarfélagið hefur til umráða. Það skipulag er stutt á veg komið og margs konar óleyst úrlausnarefni fyrir hendi," segir Snorri og nefnir m.a. samtvinnun við leikskólann Álfastein og svæðið í kringum hann sem flétt-ar inn í svæðið við íþróttavöllinn. Hugsanleg breyting á legu Þjóðvegar 1 spilar líka inn í dæmið, en ýmsar hugmyndir um tilfærslu hans hafa verið viðraðar.

„Við erum nokkuð ákaft að ýta á Vegagerðina að koma fram með einhverjar opinberar tillögur varðandi framtíðarvegstæði á þessum slóðum." Að auki þarf að huga að fráveitumálum og aðgengi að íbúðabyggðinni, hvort sem þjóðvegurinn verður færður til eða ekki.

Lónsbakkahverfið sem stendur við suðurmörk Hörgársveitar næst Akureyri hefur verið að byggjast hratt upp síðastliðin tvö ár. Gera má ráð fyrir að þar verði um 300 íbúar í allt innan fárra ára. Byggingaframkvæmdir standa yfir við 32 íbúðir um þessar mundir og 28 verður bætt við bráðlega.

„Þetta svæði á íþróttavellinum býður upp á möguleika til stækkunar, en staðan er enn svolítið óskýr á meðan við bíðum svara frá Vegagerðinni um þjóðveginn," segir Snorri.

Möguleiki að opnast á að byggja við Lónsá

Þá segir hann að eigandi gistiheimilisins Lónsár hafi ákveðið að hætta sinni starfsemi og óskað eftir að skipta landi sínu upp, þannig að þar gæti myndast svæði undir örfá íbúðarhús, auk svæðis fyrir verslun eða þjónustu.

„Við erum líka með þetta í frumskoðun og ekki hægt að segja nú hvað verður," segir hann.

Allir möguleikar sé skoðaðir til að mæta mikilli eftirspurn eftir lóðum í sveitarfélaginu. Þá er einnig horft til þess að Húsasmiðjan muni senn flytja sína starfsemi frá Lónsbakka fljótlega. Ekki sé á þessari stundu vitað hvað um það húsnæði verður.

Auk þess sem myndarlegt íbúðahverfi er að rísa við Lónsbakka um þessar mundir standa yfir framkvæmdir við einbýlishúsahverfi í Hagabyggð við Glæsibæ. Þar eru nú þegar skipulagðar 17 lóðir og flestar þeirra seldar. Áhugi eigenda er á því að bæta þar við 13 lóðum og skipulagsvinna á því í frumvinnslu. Snorri segir að fullbyggt hverfi þarna verði með um 70 íbúum.

Mikil bjartsýni ríkir með þessa íbúafjölgun og margar áskoranir eru fram undan í uppbyggingu innviða til að taka sem best á móti nýjum íbúum sem við tökum öllum fagnandi, segir Snorri.

Á árinu 2022 er ráðgert að halda áfram með stækkun leikskólans Álfasteins sem og að hefja endurbyggingu í Þelamerkurskóla með það að markmiði að taka heimavistarálmu skólans í notkun sem kennsluhúsnæði. Framkvæmdakostnaður þessa árs verður sá mesti í mjög langan tíma og er áætlaður vel á þriðja hundrað milljónir.

Í allri þessari uppbyggingu er nauðsynlegt að fjárhagurinn sé traustur og hefur reksturinn gengið vel þrátt fyrir heimsfaraldur og erfiða tíma. Góð afkoma hefur orðið til þess að hægt er að fara í krefjandi framkvæmdir og skuldir lágar sem hjálpar til þegar fjármagn þarf til framkvæmda án þess að setja sveitarfélagið í erfiða skuldastöðu.

/MÞÞ

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna

Allt frá fræjum til umbúða

SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

http://www.samhentir.is/is/thjonusta/gardyrkjudeild

Suðurhraun 4, 210 Garðabæ, sími 575 8000, www.samhentir.is, sala@samhentir.is

FRÉTTASKÝRING

Kínverjar hafa náð merkum áföngum á síðastliðnu hálfu ári í virkjun kjarnasamrunaorku í EAST-verkefni sínu:

Framleiðsla hreinnar ofurorku þokast nær með bjartsýnisbústi frá Kína

– Tekist hefur að halda 70 milljóna gráðu heitum plasma í segulsviði í lokuðum ofni í 17,6 mínútur

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Kjarnasamrunaofn Kínverja, Experimental Advanced Superconducting Tokamak (EAST). Myndir / Chinese Academy of Sciences

Kínverjar virðast smám saman vera að ná forskoti við að virkja kjarnasamrunaorku. Nýjasta fréttin af afrekum þeirra á þessu sviði birtist í kínverska ríkisfjölmiðlinum Xinhua News Agency fimmtudaginn 30. desember.

Í fréttinni segir að kjarnasamrunakljúfur í Kína hafi sett nýtt met í að halda stöðugum viðvarandi háum hita í plasma sem var fimm sinnum heitari en sólin í 17,6 mínútur, eða í 1.056 sekúndur. Kjarnasamrunaofninn Experimental Advanced Superconducting Tokamak (EAST), líka kallaður „counterfeit sun“ eða gervisól, náði hitastigi upp á 70 milljón gráður á Celsíus meðan á tilraununum stóð, samkvæmt frétt Xinhua News Agency. Þetta er sagður sjö sinnum meiri hiti en er á sólinni.

Endanlegt markmið þróunar gervisólar er að skila nær takmarkalausri hreinni orku með því að líkja eftir náttúrulegum fyrirbærum sem eiga sér stað inni í stjörnum við samruna vetniseinda.

„Nýleg aðgerð leggur traustan vísindalegan og tilraunagrundvöll að rekstri kjarnasamruna,“ sagði Gong Xianzu, vísindamaður við Plasma Physics Institute of the Chinese Academy of Sciences, sem leiddi nýjustu tilraunina, við Xinhua. EAST verkefnið hefur þegar kostað Kína meira en 700 milljarða punda samkvæmt frétt Independent.

Lin Boquiang, umsjónarmaður fyrir orkuhagfræðirannsóknir við Xiamen háskólann, bendir þó á að það muni taka mjög langan tíma áður en starfhæfur kjarnasamrunaofn verði til úr þessum prófunum.

Merkur áfangi náðist á síðasta sumri

Í júní 2021 tókst kínverskum vísindamönnum að líkja eftir orkumyndun sólarinnar og settu þá nýtt met. Náðu þeir þá að halda 120 milljón gráðu hita á Celsíus í segulsviði í 101 sekúndu. Það var 20 sekúndum lengur en áður hafði tekist. Sömuleiðis tókst að koma hámarkshita upp í 160 milljón gráður á Celsíus, sem er meira en tífalt meiri hiti en á sólinni. Þetta afrek kínverskra vísindamanna var talið gríðarlega mikilvægt skref í vegferð kínversku þjóðarinnar í átt að nýtingu á hreinni og takmarkalausri orku, sem skilur ekki eftir sig geislavirk úrgangsefni eins og verður til við kjarnaklofnun í kjarnorkuverum. Nú, aðeins hálfu ári seinna, hefur Kínverjum tekist á ná enn betri árangri. Hvað sem því líður telja margir sérfræðingar að enn sé langt í land í að tilraunum sem skila nothæfum árangri ljúki í Kína.



Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um smíði kjarnasamrunaofna eins og þessi frá bandaríska fyrirtækinu Lockheed Martin.



Skýringarmynd af kjarnasamruna.

Taka þátt í ITER-verkefninu í Frakklandi

Kjarnasamrunateymið í Kína mun einnig veita tæknilega aðstoð við annað stórverkefni kjarnasamrunaorku sem nú er verið að smíða í Marseille í Frakklandi, en verkefnið hófst þar 2005. Það er International Thermonuclear Experimental Reactor, eða ITER, sem verður stærsti kjarnasamrunaofn heims þegar hann verður fullgerður. Hefja á tilraunir við að búa til ofurheitan kjarnasamrunaplasma í ofninum árið 2025. Í ITER á að vera hægt að framleiða 500 megawatta orku með kjarnasamruna þar sem einungis 50 megawatta orka fer til framleiðslunnar. Þar taka Kínverjar fullan þátt ásamt Rússlandi, Bandaríkjunum, Japan, Indlandi, Suður-Kóreu og Evrópusambandinu. Þessi risastóri kjarnasamrunaofn verður 23.000 tonn.

Bretar bjartsýnir og ætla líka að virkja kjarnasamrunaorku

Bretar hafa verið í sérstakri stöðu við þetta ITER verkefni eftir útgönguna úr ESB. Þeir ætla samt einnig að reisa kjarnorkusamrunaorkuver sem á að verða hluti af „grænni iðnbyltingu“. Tilkynnt var um það í nóvember að verið væri að skoða fimm staðsetningar fyrir slíkt verkefni, sem nefnt hefur verið „Spherical Tokamak for Energy Production“, eða STEP. Verkefnið miðar að því að frumgerð verði smíðuð 2024 og verður hún mun minni og ódýrari í sniðum en hefðbundnir Tokamak ofnar og allt að 100 sinnum minni en ITER í Frakklandi.

Í framhaldinu á kjarnasamrunaorkuver að fara að skila orku til heimila fólks í Bretlandi um eða upp úr 2040, samkvæmt heimasíðu STEP verkefnisins.

Kjarnasamrunaofn Breta byggir á sömu grunnhugmynd og Tokamak ofnarnir í Kína og Frakklandi, fyrir utan að þeir eru hringlaga en ekki eins og kleinuhringir í laginu. Með hringlaga ofni telja breskir vísindamenn að auðveldara verði að ná fram meiri skilvirkni segulsviðsins sem halda á ofurheitum plasmanum stöðugum án þess að hann snerti veggi ofnsins.

Fleiri útgáfur af Tokamak ofnum hafa verið kynntar, eins og laserknúinn kjarnasamrunaofn Lockheed Martin í Bandaríkjunum.

Góður árangur í hönnun ofurleiðara

Þann 19. desember síðastliðinn kynnti háskólinn í Twente (UT) í Hollandi að rannsóknarteymi hans hafi náð merkum áfanga í þróun kjarnasamrunaofna með hönnun á snjöllu, öflugu og ofurleiðandi köðlum. Geta þeir skapað ótrúlega sterkt segulsvið til að stjórna mjög heitu, orkumyndandi plasma og leggur grunninn að skilvirkum kjarnasamruna. Eru kaplarnir færir um að standast gríðarlega krafta inni í kjarnaofninum í mjög langan tíma.

Aukinn endingartími ofurleiðara og bætt stjórn á plasmanum er sögð

ITER kjarnasamrunaorkuverið sem verið er að reisa í Marseille í Frakklandi, Mynd / ITER

Á þessari mynd sést að ofninn í ITER orkuverinu er engin smásmíði.



Rannsóknarteymi Twente-háskóla í Hollandi hefur greint frá merkum áfanga í þróun kjarnasamrunaofna með hönnun sinni á nýjum ofurleiðandi rafmagnsköplum í segulspólur slíkra ofna.



Grunnmynd af kjarnasamrunaorkuveri STEP í Bretlandi.

Svona sjá arkitektar fyrir sér að útlit kjarnasamrunaorkuvers STEP gæti verið.

gera kjarnasamrunaorku áreiðanlegri. Þetta er sagt afar mikilvægt þar sem segulspólurnar með slíkum ofurleiðurum standa fyrir um þriðjungi kostnaðar við kjarnasamrunaorkuver. Því lengur sem hægt er að tryggja endingartíma þeirra, þeim mun ódýrari verður orkan.

„Heilagur gral“ byggður á sovéskri hugmynd

Kjarnasamrunaofnar eiga að líkja eftir eðlisfræði sólarinnar og sameina atómkjarna til að mynda gríðarlega orku. Með hitaorkunni sem þar myndast er svo hugmyndin að hita vatn til að framleiða raforku í líkt og gert er í kjarnorkuofnum, nú eða í jarðhitaorkuverum eins og í Hellisheiðarvirkjun. Ferlið krefst ekki jarðefnaeldsneytis og skilur engin hættuleg úrgangsefni eftir sig, ólíkt kjarnaklofnunarferlinu. Eðlisfræðingar halda því einnig fram að það sé líka mun minni hætta á umhverfisslysum í kjarnasamrunaverum en hefðbundnum kjarnorkuverum nú eða orkuverum sem knúin eru jarðefnaeldsneyti.

Ljóst er að ef það tekst að virkja kjarnasamrunaorku með skilvirkum hætti í náinni framtíð, þá gæti það orðið lykillinn að lausn í þeim orkuvanda sem heimurinn stendur nú frammi fyrir.

Kínverski tilraunaofninn EAST er eins og fyrr segir byggður á Tokamak tækni líkt og ofninn í Frakklandi. Grunnur var lagður að þessari tækni í Sovétríkjunum á sjötta áratug síðustu aldar af eðlisfræðingunum Igor Tamm og Andrei Sakharov, sem voru innblásnir af hugmynd Oleg Lavrentiev. Fyrsti ofninn var smíðaður árið 1958 og einfaldlega nefndur T-1. Átti hann að geta beislað óstjórnlega mikinn hita í ofursterku segulsviði, enda eru engin efni til sem þola slíkan hita og nýta mætti í venjulegan ofn. Hugmyndin að möguleikum á vetnis-helium samruna er þó eignuð Arthur Eddington árið 1920. Það var svo ástralski eðlisfræðingurinn Mark Oliphant sem fyrstur náði því að framkalla kjarnasamruna með vetnis-ísótópum á rannsóknarstofu árið 1932.

Nú eru Kínverjar farnir að nefna ártalið 1958, þegar Rússar smíðuðu sinn fyrsta Tokamak ofn, sem upphafsár sinna tilrauna við kjarnasamruna. Kom það m.a. fram í frétt af árangrinum sem þeir náðu í Xinhua fyrir áramót.

Alla tíð frá 1920 hafa menn glímt við hugmyndina um að beisla ótæmandi kjarnorkusamrunaorku sem kölluð er „heilagur gral“ hreinnar orkuframleiðslu. Svartsýnismenn hafa samt verið ósparir á að halda því fram að þetta muni aldrei verða að veruleika. Kínverjar virðast samt vera á góðri leið með að afsanna þá kenningu.

Bændablaðið

Kemur næst út
27. janúar

Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og lögbýli á Íslandi

UTAN ÚR HEIMI

Dráttarvél ársins 2022 er John Deere 7R 350.

Tractor of the Year verðlaunin á Ítalíu:

John Deere 7R 350 autoPowr er dráttarvél ársins 2022

John Deere 7R 350 AutoPowr er dráttarvél ársins 2022 í opnum flokki að mati evrópskra blaðamanna. Þá er John Deere 6120M AutoPowr dráttarvélin valin dráttarvél ársins hvað gagnsemi varðar.

Dráttarvél ársins, Tractor of the Year (TotY), er alþjóðleg verðlaun sem hópur óháðra blaðamanna sem sérhæfa sig í landbúnaðartækjum veitir árlega besta traktornum á evrópskum markaði. Höfuðstöðvar þessarar keppni, eða verðlaunaúttektar, eru á Ítalíu.

Alþjóðlega dómnefndin er skipuð 26 fulltrúum fjölbreyttra miðla sem koma út í pappírsútgáfu, sem tímarit og á vefnum, sem landbúnaðarsjónvarpsþættir, samfélagsmiðlar og svo fleira. Blaðamennirnir eiga það sammerkt að sérhæfa sig í umfjöllun um landbúnað og tæki tengd þeirri grein.

Verðlaunin fyrir dráttarvél ársins voru fyrst veitt árið 1998 að frumkvæði ítalska tímaritsins Trattori.

Strax í árdaga voru næstum öll helstu landbúnaðarblöðin í Evrópu sem tóku þátt í þessu verkefni. Ár eftir ár hefur dómnefndin verið að vaxa að því marki sem nú er, með fulltrúa frá 25 löndum.

Reform Metrac H75 Pro.

New Holland T6.180 Methane Power.

Dómnefndin og TotY verkefnin halda áfram viðleitni sinni við að leita að bestu tækninni og lausnunum sem til eru á markaðnum.

Aðrir vinningshafar í keppninni um dráttarvél ársins 2022 voru Reform Metrac H75 Pro, sem hlaut verðlaun fyrir sérhæfð landbúnaðartæki og New Holland T6.180 Methane Power, sem hlaut verðlaun sem sjálfbærasta dráttarvél ársins 2022. */HKr.*

Heimsmet var sett í mars á þessu ári þegar stórri Deutze-Fahr dráttarvél var lagt á stúta á 12 glerflöskum á 1 mínútu og 22 sekúndum.

DEUTZE-FAHR lagt á 12 glerflöskur

Í mars 2021 var sett heimsmet með stórri fagurgrænni DEUTZE-FAHR TTV Warrior tölvustýrðri dráttarvél.

Á aðeins 1 mínútu og 22 sekúndum settu Stefan Petke og sonur hans Fabian frá Mallersdorf-Pfaffenberg í Neðra-Bæjaralandi heimsmet með því að leggja 7 tonna dráttarvél frá Lauingen verksmiðjunum ofan á stúta á tólf glerflöskum.

Ef íslenskir bændur vilja reyna að slá þetta met, er sennilega öruggara að byrja á því að kynna sér hvernig feðgarnir fóru að þessu á vefslóðinni; *https://www.deutz-fahr.com/en-eu/deutz-fahr-world/news-events/10773-a-series-6-ttv-tractor-parked-on-glass-bottles.* */HKr.*

CNH Industrial besta alþjóðlega starfandi fyrirtækið í Austurríki annað árið í röð

Leiðandi fyrirtæki í Austurríki hafa valið dráttarvélaframleiðandann CNH Industrial Austria, móðurfélag Case IH og STEYR, sem besta alþjóðlega starfandi fyrirtækið 2021.

CNH Industrial vann verðlaunin líka árið 2020 og er þetta sagt undirstrika stöðu Case í landinu undir kjörorðunum „Austurrísk gæðaframleiðsla“, eða „Quality made in Austria“.

IH og STEYR dráttarvélar eru framleiddar í St. Valentin í Niederösterreich, „Neðra Austurríki“, sem er í norðausturhluta landsins.

Keppnin er viðurkennd sem mikilvægasta viðskiptakeppni landsins og er skipulögð af Pricewaterhouse Coopers (PwC), austurríska dagblaðinu „Die Presse“ og fjármálagagnaveitunni KSV1870.

Stór hluti af 750 starfsmönnum í verksmiðju CNH Industrial í St. Valentin í Austurríki eru bændur sem þar starfa í hlutastarfi.

Með áherslu á útflutning

„Alþjóðlegi“ keppnisflokkurinn er opinn fyrirtækjum með alþjóðlega uppbyggingu, viðskiptamódel og virðiskeðju/viðskiptavinaskipulag. Þeir verða að framleiða vörur eða þjónustu sem skipta máli á heimsmarkaði, þar sem útflutningur er umtalsverður hluti framleiðslunnar, og hafa erlend útibú.

Verksmiðjan í St. Valentin framleiðir Case IH og STEYR dráttarvélar fyrir viðskiptavini í Evrópu, Afríku, Mið-Austurlöndum, Asíu og í kringum Kyrrahafið.

Í St. Valentin er löng saga og hefð fyrir nýstárlegri landbúnaðartækni, sem og metnaðarfullri og háþróaðri framleiðslutækni. CNH Industrial byggir á sérfræðiþekkingu og ástríðu 750 starfsmanna sinna, en hátt hlutfall þeirra eru bændur sem eru í hlutastarfi í verksmiðjunni. Síðan verksmiðjan var opnuð árið 1947 hafa verið í framleiðslu margar mismunandi vörulínur og dráttarvélagerðir, þar á meðal Case IH Optum CVXDrive, Puma Series, Maxxum Series og Luxxum dráttarvélar, ásamt STEYR Absolut CVT, Terrus CVT, Impuls CVT, Profi Series og Multi models.

Mikil saga, hefð og þekking er á bak við vélaframleiðslu í bænum St. Valentin í norðausturhluta Austurríkis.

Regnhlíf margra tegunda

CNH Industrial er regnhlífarfyrirtæki yfir fjölda þekkra merkja í landbúnaðartækjum, vinnuvélum, og atvinnubílum. Þar má nefna dráttarvélategundirnar New Holland, Case IH, Case Construction og Steyr, bifreiðaframleiðslufyrirtækin IVECO, Iveco Astra, Iveco Bus, Iveco defence vehicles, Heuliez Bus, Magirus slökkvibíla og vélaframleiðslufyrirtækið FPT. */HKr*

Fyrsti vetnisknúni trukkurinn til að keppa í Dakar-rallinu verður Gaussin

Franski vinnuvélaframleiðandinn Gaussin afhjúpaði í nóvember síðastliðnum H2 keppnistrukk, sem er fyrsta vetnisknúna farartæki heims sem hannað er til að keppa í Dakar-rallinu í Sádi-Arabíu árið 2022.

Þetta er flutningabíll sem mun keppa í akstri yfir sandöldurnar til að sýna fram á getu vetnisknúins rafmagnsbíls sem er búinn efnarafal sem umbreytir vetni í raforku fyrir mótorana.

H2 keppnisbíllinn er fyrsta gerðin í nýju línu vörubíla frá Gaussin sem er mengunarlaus og 100 prósent vetnisrafbíll. Hann á að koma á markað árið 2022. Hönnun bílsins var þróuð af hinu virta ítalska fyrirtæki Pininfarina. Vörubíllinn er tilbúinn til að þola allar erfiðar aðstæður sem eyðimörkin býður upp á.

Gaussin vetnistrukkurinn verður búinn tveim 402 hestafla rafmótorum.

Búinn tveimur 402 hestafla mótorum

H2 kappakstursbíllinn verður knúinn tveimur rafmótorum sem munu skila 402 hestöflum hvor (300 kW). Efnarafallinn sem umbreytir vetninu getur framleitt 510 hö (380 kW) og eru vetnistankar fyrir 80 af eldsneyti. Bíllinn verður einnig búinn 82 kWh rafhlöðu sem á að nýtast í eyðimerkurkappakstrinum. Þá verður aksturshraðinn takmarkaður við 140 km á klukkustund til að uppfylla Dakar reglur.

Vetniskerfi bílsins er hannað fyrir ofurléttan undirvagn og hægt verður að fylla á vetnistankana á innan við 20 mínútum. Þá á bíllinn að komast allt að 400 km á einni tankfyllingu.

Gaussin-liðið þróaði kappakstursbílinn á aðeins ári. Teymið tókst á við tæknilegar áskoranir vetnisknúins bíls. Var efnarafall prófaður við erfiðar aðstæður sem gengu lengra en staðlaðar kröfur framleiðenda gerir við hönnun vörubíla fyrir vegarekstur.

Reynslan úr Dakar-rallinu nýtt við frekari þróun

Frammistöðugögn, sem safnað er í Dakar rallinu á næsta ári, munu hjálpa til við þróun á vörubíl fyrirtækisins sem á að frumsýna nú á árinu 2022.

Gaussin ætlar að setja á markað fjögur önnur afbrigði af mengunarlausa vörubílnum. Það er dráttarbíll, sjálfstýrður vörubíll, einn sendibíll og verktakabíll. Öll uppbygging og hönnun nýju ökutækjanna mun taka mið af tæknikröfum sem tengjast vetni og rafdrifnum bílum. */HKr.*

UTAN ÚR HEIMI

(Arabískt) Hjarta Evrópu

Metnaðarfullur er orð sem mikið er notað þegar kemur að mannvirkjum í Dubai, en 5 milljarða dollara dvalarstaðurinn „Heimurinn“ gæti verið metnaðarfyllsta verkefnið í byggingu hingað til. Eða að minnsta kosti það djarfasta ef litið er til þess að vel þurfi að heppnast.

Um það bil fjóra kílómetra út frá strönd Dubaiborgar liggur manngerður eyjaklasi, alls 300 talsins, sem mynda gróflega allan heiminn en segja má að verk þetta hafi verið í mótun í nú nær tuttugu ár og eigi þó nokkur eftir þar til að vinnsla sé fullgerð.

Þótt víða séu eyjarnar auðar eða byggingar þeirra tómar – m.a. vegna samdráttar þegar kemur að fjárútlátum eigenda – mynda þó sex þeirra einingu þekkta undir nafninu Hjarta Evrópu.

Þar bera hver og ein þeirra nafn borgar eða lands sem finna má í Evrópu og þá er upplifunin sú að gestum ætti að finnast þeir vera á staðnum. Má nefna Svíþjóð, Sviss, ítölsku borgina Portofino, frönsku borgina Côte d'Azur auk annarra. Einnig er í boði – svo sé nefnt örlítið brot – að upplifa sæludaga á „Honeymoon Island“, eða á eyju brúðkaupsferða, þar sem passað er upp á að bæði sólarupprás og sólsetur sé bæði stórfenglegt og á réttum tíma, nú eða gista í híbýlum hinna fljótandi sæhesta, „The Floating Seahorse Villas“, þar sem má njóta þeirra töfra sem finnast neðansjávar. Eins og með allt sem viðkemur verkefni af þessari stærðargráðu fylgir hönnun og smíði Seahorse einbýlishúsanna leiðbeiningum frá heimsþekktum Feng Shui meistara – Victor Li Dexiong – sem sér um að „gestir upplifi farsælt og hamingjusamt umhverfi“, ætluðu að höfða til kínverskra kaupenda.

Auk mikilfenglegrar gistiaðstöðu á lúxushótelum eða einbýlishúsum þessara eyja má finna ótal staði þar sem hægt er að rækta líkama og sál. Heilsulindir, gufuböð, líkamsræktarstöðvar, töfrandi sædýrasöfn, böð í gullslegnum marmaraheitapottum, frumskóga, snjókomu (sérstaklega á sænsku eyjunni) … allt sem hugurinn girnist og má finna á þessum evrópsku dvalarstöðum er í boði fyrir þá er sækja eyjarnar heim.

„Upplifun þeirra gesta sem hingað koma ætti að vera sú sama og ef þeir heimsæktu Evrópu,“ segir Josef Kleindienst, austurrískur stjórnarformaður Kleindienst samsteypunnar, sem stendur fyrir uppbyggingu eyjanna. Auðvelt er að fara á milli þeirra, flækjast frá Ítalíu til Frakklands og Spánar, borga með mismunandi gjaldeyri, tala og heyra mismunandi tungumál, upplifa dýralíf, náttúru… og njóta menningar og matargerðar hvers lands fyrir sig – auk þess sem tímabeltin draga mið af upprunalandinu.

Leitast er eftir því að hafa sjálfbærni og umhverfissjónarmið að leiðarljósi auk nýtingar sólarorku – sem til dæmis heldur uppi bæði snjókomu á sænsku eyjunni auk þess að hita þar stóra sundlaug.

Í miðju Evrópu, ef svo má segja, er staðsetning „Rainy Street“, umferðargötu sem er loftslagsstýrð (meðalhiti 27 °C) til að líkja eftir evrópsku sumarloftslagi þar sem skúrir falla samkvæmt eftirspurn og snjótorg veldur hálku. (Í landi sem nær aldrei nýtur náttúrulegrar úrkomu sem þessarar má nærri geta um vinsældir slíkra náttúruhamfara.)

Og já, Hjarta Evrópu hefur þegar reynst vinsælt meðal innfæddra á svæðinu, enda segir Josef Kleindienst að æ fleiri fasteignafjárfestar eyjanna séu frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum.

Áætlað er að bygging og uppsetning þessarar ævintýralegu uppsetningar ljúki fyrir árslok ársins 2023. Ráðgert er að í bland við borgirnar finnist í Hjarta Evrópu fljótandi lögreglustöð og sirkus með heilmyndardýrum. (hologram). Hákarlar (sem ekki eru taldir hættulegir mönnum) eru á stefnuskránni en þeir munu á endanum dvelja í kringum eyjarnar sem hluti af stækkun vistkerfis sjávar og hjálpa til við að koma jafnvægi á neðansjávarumhverfið.

En auðvitað hafa óvanalegar byggingaraðstæður verkefnisins Heart of Europe valdið áskorunum. Fyrir Kleindienst samsteypuna hefur þetta m.a. falið í sér nauðsyn þess að styrkja yfirborð eyja til að tryggja endingu þeirra og heildargæði auk þess sem uppfylla þarf skilyrði umhverfisverndar sem er hluti af heildarmyndinni. Einnig þarf að gæta þess að er verkefnið er fullgert er meiningin að þarna sé um að ræða glæsileg heimili til orlofsdvalar en ekki skemmtigarður opinn almenningi.

Þarna eigi að vera hægt að víkka sjóndeildarhringinn og almenna víðtæka upplifun án þess að leita langt yfir skammt, en þar sem heimsfaraldurinn hefur áfram áhrif á hagkerfi og alþjóðlega ferðaþjónustu segir Josef Kleindienst að hann telji að færri erlendir ferðamenn muni sækja eyjarnar heim enn um sinn – en síðar færist jafnvægi á, sem að lokum muni leiða til 50/50 blöndu þeirra auk heimamanna. Hann bendir einnig á að bygging og hönnun Hjarta Evrópu hafi verið miðuð við innanlandsumferð frá upphafi, þar sem hægt væri að komast burt „án þess að fara um borð í flugvél“.

Enn frekar er hægt að lesa um verkefnið á vefsíðu cnn.com. /SP

Þarna glyttir í íburðarmikinn bústað „Sænsku eyjunnar“ en þakið er gullslegið víkingaskip á hvolfi.

AFLVÉLAR

Snjóruðningstæki á lager

VALTRA N175 með Tokvam fjölplóg VT380 með floti, Tokvam sanddreifara sem getur hlaðið í sig sjálfur með dreifidiski sem dreifir 1 - 8m breidd.

Tokvam

Tokvam snjóblásarar í 4 stærðum
Tokvam sanddreifarar í 4 stærðum/gerðum
Tokvam fjölplógar í 2 stærðum

PRONAR

Pronar salt/sanddreifarar í 3 stærðum/gerðum
Pronar fjölplógar í 7 stærðum og 3 gerðum
Snjóplógar 2 gerðir

Vesturhrauni 3, Garðabæ, sími 480-0000 | Austurvegi 69, Selfossi, sími 480-0400 | www.aflvelar.is

ÁHUGALEIKHÚS Á ÍSLANDI

Hvað er í gangi?!

√ Þrátt fyrir óvissu vegna Covid-19, stefnir Þjóðleikhúsið á val á Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins næsta vor. Þjóðleikhúsið hefur verið í samstarfi við Bandalagið í tæpa þrjá áratugi með vali á leiksýningu úr smiðju áhugaleikfélaganna sem sérstaka athygli vekur.
Í kjölfarið hefur viðkomandi félagi verið boðið að sýna í Þjóðleikhúsinu. Covid-19 hefur komið í veg fyrir valið síðastliðin tvö ár en að óbreyttu er stefnt á að velja sýningu á vori komanda. Að þessu sinni verður hægt að sækja um fyrir sýningar sem frumsýndar voru leikárin 2020-21 og 2021-22 fram til loka umsóknarfrests sem er 20. apríl 2022. Sótt er um á Leiklistarvefnum. Dómnefnd á vegum Þjóðleikhússins mun velja þá sýningu sem nefndin telur sérstaklega athyglinnar virði og verður valið samkvæmt venju tilkynnt á aðalfundi BÍL sem verður haldinn í byrjun maí.

Umsóknarform fyrir Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins 2022 er tiltækt þegar félag skráir sig inn á vef bandalagsins, www.leiklist.is

√ Lífsins leikur – Hlaðvarp um leiklistina í landinu
Leikhópurinn Leikfjelagið, sem Arnfinnur Daníelsson og Halldóra Harðardóttir standa að, hefur hleypt af stokkunum hlaðvarpinu Lífsins leikur. Í fyrsta þætti ræddu þau við formann og framkvæmdastjóra BÍL, þau Guðfinnu Gunnarsdóttur og Hörð Sigurðarson, um þessi rúmlega 70 ára samtök áhugaleikfélaga á landinu.

Á vef bandalagsins má finna link á hlaðvarpið en ætlun tvíeykisins er að halda áfram umfjöllun um leikfélögin í landinu og ástæða til að hvetja leiklistaráhugafólk að fylgjast með.

Halldóra Harðardóttir og Arnfinnur Daníelsson.

SAGA & MENNING

Íslendingar á árum áður:

Nýársvenjur & þrettándagleði

Nú þegar nýárið hefur gengið í garð og við Íslendingar lítum björtum augum fram á við eins og vera ber er við hæfi að róta aðeins í þeim siðum og venjum er hafa fylgt okkur gegnum aldirnar.

Áttundi dagur jóla, eða nýársdagur eins og við þekkjum hann í dag. var hér áður nefndur átti- eða áttadagur, eðlilega, sá áttundi talinn þannig frá jólum. Rétt er þó að geta þess að eitthvað hafði upphaf nýs árs verið á reiki yfir aldirnar en hjá sumum þjóðum var árið talið frá 1. mars og þá má líta á talningu mánaðanna eins og t.d. október sem væri við það tilefni áttundi (latneska talan octo) mánuður ársins. Einhvern tíma fyrir siðaskiptin fóru Íslendingar eftir hefðum ensku biskupakirkjunnar sem taldi 25. mars fyrsta dag nýs árs en um árið 1540 var ákveðið að 1. janúar skyldi marka nýtt íslenskt almanaksár.

Nýtt ár og lok þess gamla voru haldin hátíðleg og haldið fast í siði og venjur þær er þóttu eiga við. Álfar og huldufólk komu við sögu, neyttu gjarnan matar er var á boðstólum fyrir þá, ljós var látið lifa alla nóttina þeim til hugnaðar (og ef til vill þeim er áttu von á að reka þá augum).

Konuefni á krossgötum

Einhverjir töldu happadrjúgt að sitja á krossgötum er nýja árið gekk í garð og upplifa þá bæði hvernig vatn yrði að víni, kirkjugarðar risu og dýr töluðu. Einnig samkvæmt gamalli trú vildu einhverjir meina að hægt væri að sjá manns- eða konuefni sitt, þá helst með því að horfa í spegil í niðamyrkri. Ef til vill hafa yfir þulu og þá ættu að birtast myndir er hægt væri að taka til sín. Aðrir töldu betra að liggja í krossgöngum, til dæmis þar sem baðstofa og gangur mættust og þá ætti að bera við sú manneskja sem manni væri ætluð. Á nýárskvöld var matast vel og allt það borið fram er til var í búri.

Ekki fóru niðursetningar eða aðrir þurfalingar varhluta af enda þótti það vera ávísun á slæmt ár fram undan að skilja nokkurn mann út undan, hvort sem þetta ölmusufólk fékk almennilega að borða aðra daga.

Draumnóttin mikla, eins og hún var kölluð, þrettándanótt, var svo í kjölfar þess dags sem ætlaður var til að „rota jólin“ eins og fram kemur í bók Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili, Íslenskir þjóðhættir. Þetta orðatiltæki var komið af þeirri hefð er höfð var á, að skammta vel og ríflega af mat. Má þá nærri geta að eftir mikið át hafi draumfarir manna orðið með líflegra móti. Draumar þrettándanætur voru annars taldir bæði þýðingarmiklir og hvað merkastir drauma ársins og náðu töfrar næturinnar allvíða. Líkt og á nýársnóttinni töldu sumir að dýrin fengju mál og jafnvel væru álfar á sveimi en talið var að þeir færðu sig um set um þessar mundir.

Þrettánda- eða álfabrennur

Brennur, líkt og á nýársnótt, voru allvíða, enda líðandi ár jafnan kvatt á þann máta. Þó kemur fram samkvæmt greinaskrifum í dagblaðinu Vísi 6. janúar árið 1932 að „... *Hér í Reykjavík hefir þessi góða þjóðlega skemtun verið lögð á hilluna á síðari árum. En þó munu flestir gamlir Reykvíkingar minnast með fögnuði álfadans þess,sem latínuskólapiltar héldu hér i Reykjavik kringum 1870-'80 við góðan orðstír, er Jón Ólafsson orti þetta alkunna kvæði: „Máninn hátt á himni skín“, sem allir Íslendingar kannast við ...*“

Jón þessi var aðeins 21 árs að aldri er hann samdi kvæðið en hann þótti bæði ljóngáfaður og hagmæltur, bæði sem skáld auk þess sem hann átti oft eftir að láta að sér kveða, til dæmis á ritvöllum dagblaðanna. Einnig þótti hann afar fylginn sér en þó allnokkuð hvatvís.

Þetta sama kvöld og skrifað var í dagblaðið Vísi, 6. janúar 1932 – klukkan hálfníu stundvíslega – hafði íþróttafélagið Valur svo ákveðið að endurvekja skemmtunina og efndi til mikillar gleði á íþróttavelli félagsins. Höfðu félagsmenn hlaðið tíu metra háan bálköst og fengið þekktan 40 manna dansflokk til að dansa vikivakadansa (tekið var fram að flokkur þessi væri afar rómaður „*ekki síst eftir sýninguna á Alþingishátíðinni á Þingvöllum*“ árið 1930.) Þeim til halds og trausts voru svo um tuttugu helstu söngmenn Reykjavíkur. Flugeldum var skotið á loft og blys og langeldar voru hringinn í kringum völlinn allan, til að verma gesti og veita birtu.

Álfadans
Máninn hátt á himni skín,
hrímfölur og grár.
Líf og tími líður
og liðið er nú ár.

Bregðum blysum á loft
bleika lýsum grund.
Glottir tungl og hrín við hrönn
og hratt flýr stund.

Kyndla vora hefjum hátt,
horfið kveðjum ár.
Dátt hér dansinn stígum,
dunar ísinn grár.

Komi hver sem koma vill
komdu nýja ár.
Dönsum dátt á svelli,
dunar ísinn blár.

Selt var inn á skemmtunina og mátti finna söludrengi með aðgöngumiða hvarvetna um bæinn. Skemmtun þessi tókst með miklum ágætum og hefur hefð þessi tíðkast allar götur síðan. Ekki eru þó allir á sama máli með ágæti nafnsins Álfabrenna enda ekki mikið um að sé verið að brenna álfa ... en mætti þá fremur kenna athöfnina við þrettándann og kalla þá þrettándabrennu.

Óperusöngvari og álfakonungur

Þrettándabrennan hélt velli alveg fram á okkar dag og hafa þær margar þótt afar glæsilegar. Samkvæmt Vísi árið 1936 kemur fram að haldin hafi verið brenna á þrettándanum er ekki átti sinn líka. Tilkomumikil og háreist er laðaði að sér múg manns. Iðnaðarmannakórinn skemmti með söng, lúðrasveitin Svanur með lúðrablæstri og Pétur Árnason óperusöngvari tók að sér hlutverk álfakonungs með miklum glæsibrag.

Pétur þessi (1884-1956) var fyrstur Íslendinga til að syngja inn á plötur og átti afar farsælan söngferil í Þýskalandi. Vegna þess hvernig heimsmálin stóðu á þessum tíma fluttist hann þó heim mun fyrr en annars hefði orðið. Gaman er að geta þess að þó hann hafi ætíð fyrst og fremst verið óperusöngvari komu út með honum á sjötta tug platna og á einni þeirra má finna fyrsta dægurlagið flutt af íslenskum flytjanda – lagið „Sonny Boy“. /SP

SAGA & MENNING

Danir telja stökk líkleg til gæfu ef stokkið er t.d. af stól er klukkan slær síðasta höggið á miðnætti.

Erlendar hefðir áramótanna:

Rjómaslettur til lukku ...

Þótt víða um heiminn megi finna yfirdrifna kampavínsdrykkju, kossa og sprengingar er nýtt ár gengur í garð eru þó þeir til sem telja aðra siði ofar. Ef litið er á heimsvísu má gjarnan finna aðrar hefðir og ætlum við að telja upp nokkrar hér að neðan.

Á Spáni til að mynda, Portúgal og víða um Suður-Ameríku eru borðaðar tólf rúsínur eða vínber er klukkan slær miðnætti þessa merku nótt. Ítalir fylgja svipaðri venju, en fá sér tólf skeiðar af linsubaunum í staðinn. Frakkar gæða sér á tólf pönnukökum, Þjóðverjar á marsípangrísum sér til happa og Hollendingar á kleinuhringjum eða öðru hringlaga æti. Rússar hins vegar kjósa tólf sekúndna þögn, þakka fyrir árið innra með sér og hugsa með sér hvað þeir vilja fá fram á því nýja.

Á Spáni og Ítalíu þykir að auki rétt að klæðast rauðum nærfötum í lok árs, helst nýju, og er sagt að Ítalar séu gjarnir á að kasta þeim gömlu út um gluggann með ósk um farsæla og ríka byrjun nýs árs.

Grikkir telja granatepli færa sér gæfu á nýju ári í formi frjósemi og velmegunar en áður en hátíðahöld hefjast hengja þeir gjarnan slíka ávexti á útidyrnar. Rétt fyrir miðnætti eru öll ljós slökkt og heimilisfólk gengur út fyrir dyrnar, en fær manneskju sem talin er heppin til þess að stíga svo inn fyrir þröskuldinn, hægri fót fyrst og mun það færa heimilinu heppni. Þegar því er lokið tekur önnur manneskja svo granateplið og lemur því í dyrnar til þess að sjá hve mikla heppni ávöxturinn færir ... þá með tilliti til þess hve mikið af kjöti og fræjum leka út.

Svisslendingar að sama skapi sletta reyndar ekki ávöxtum í kringum sig heldur svolitlu af þeyttum rjóma sem talinn er færa heppni, velmegun og frið.

Nú, til viðbótar við marsípangrísaát eru Þjóðverjar gjarnir á að hita lítinn blýbút eða tin sem þeir kæla svo í vatni til þess að myndist eitthvert form og spá þannig fyrir nýju ári – til dæmis ef kúla myndast er það talið færa mikla gæfu. Þar sem má finna þýskumælandi þjóðir, svo sem eins og í Finnlandi, Búlgaríu, Tékklandi og í Tyrklandi, er þessi venja gjarnan viðhöfð.

Íbúar Katalóníu á norðurhluta Spánar eiga í þjóðtrú sinni sérstaka veru sem birtist á síðasta degi ársins, kallaðan „L'home dels nassos" eða maður hinna mörgu nefja – sem uppfyllir óskir. Segir svo frá að nef þessa manns séu jafnmörg og dagarnir sem eftir eru í árinu og þykir börnum afar spennandi að litast um eftir honum. Þó verður að taka fram að slík leit er afar erfið og þó ekki allir átti sig á því þá hefur nefmargi maðurinn aðeins eitt nef þennan dag, enda síðasti dagur ársins.

Írar eiga þónokkra gamlárssiði, svo sem að berja híbýli sín utan með brauði til að varna ógæfu og óheillavænlegum öndum inngöngu, en þekktasti siður þeirra er þó sá að leggja á borð fyrir þá ástvini sem látist hafa á árinu. Skotar, frændur þeirra, halda þriggja daga hátíð frá desemberlokum til janúarbyrjunar sem þeir kalla Hogmanay og þar eru ýmsir siðir viðhafðir. Til dæmis leiða kyndlaberar skrúðgöngu þar sem sekkjapípuleikarar og trommarar gleðja nærstadda með tónlistarleik. Táknrænar gjafir eru gefnar eins og kol, smákökur og viskí, ávaxtakökur og þykir jákvætt að vera sá fyrsti er stígur yfir þröskuld á heimili nágranna, vina eða ættingja, koma færandi hendi og þiggja veitingar. Talið er að sá er veitir hvað mesta gæfu við slíkar athafnir sé hávaxinn, dökkhærður karlmaður og eru þeir oft valdir til að taka fyrstu skrefin inn á heimilin eftir miðnættið. Brenndar eru greinar einiberjatrjáa þar til fólk fer að hnerra eða hósta og í kjölfarið eru hurðir og gluggar opnaðir til að hleypa inn fersku lofti nýs árs. Viskí er hellt í glös morgunverðar nýja ársins og hátíðinni lýkur svo með sundi í köldu vatni fjarðarins „Firth of Forth" sem liggur utan við ós árinnar Forth í Skotlandi þar sem áin rennur í Norðursjó.

Einhverjar rangfærslur geta auðvitað verið í ofantöldu en þó er gaman að velta fyrir sér hvaða venjur fólk telur veita sér gæfu eða uppfyllingu óska sinna á nýárinu. Rétt er að ljúka greininni með því að segja frá þeim sið Dana að hoppa inn í nýja árið – en þeir klifra rallhálfir upp á stól rétt fyrir miðnættið og stökkva svo niður á gólf er klukkan slær síðasta höggið. Og eiga þá von á afar gæfuríku ári. */SP*

Vefuppboð nr. 584

Kristín Jónsdóttir

Kjartan Guðjónsson

ÚR SAFNI BÆNDASAMTAKANNA

Vefuppboði á uppbod.is lýkur 19. janúar

FOLD UPPBOÐSHÚS

Forsýning verka í Gallerí Fold

Rauðarárstígur 12-14, sími 551 0400 · www.uppbod.is

SNJÓKEÐJUR

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!

isfell.is • sími 5200 500

Þekking og þjónusta

FRÉTTIR



Skútustaðahreppur hefur keypt jörðina Kálfaströnd, 1 og 2 af Elínu Einarsdóttur. Auk þess fasteignir sem jörðinni fylgja, en kaupverðið er 140 milljónir. Stærð jarðarinnar er um 1.500 hektarar. Mynd / Skútustaðahreppur/Loftmyndir

Skútustaðahreppur kaupir Kálfaströnd á 140 milljónir

Gengið var frá kaupsamningi undir lok síðasta árs um jörðina Kálfaströnd (Kálfaströnd 1 og Kálfaströnd 2) við eiganda hennar, Elínu Einarsdóttur. Skútustaðahreppur kaupir jörðina og fasteignir sem henni fylgja á 140 milljónir.

Stærð jarðarinnar er um 1.500 hektarar og er hún meðal stærstu veiðiréttarhafa í Mývatni. Kálfaströnd á land að Höfða, sem er í eigu Skútustaðahrepps og er vinsælt útivistarsvæði Mývatnssveitar.

Viðræður um kaupin hafa staðið yfir frá vordögum 2021, með hléum. Það er sameiginleg framtíðarsýn kaupanda og seljanda að sveitarfélagið Skútustaðahreppur muni um ókomna tíð stuðla að vernd náttúru Kálfastrandar, að því er fram kemur í frétt á vef Skútustaðahrepps. „Sameiginleg framtíðarsýn felur jafnframt í sér að almenningur eigi þess kost að njóta náttúru jarðarinnar á grundvelli skipulags. Skútustaðahreppur mun vinna að þróun skipulags og innviðauppbyggingar á Kálfaströnd í samræmi við þessa framtíðarsýn,“ segir enn fremur.

Aukið aðgengi að náttúruperlum

Fram kemur að með kaupunum opnast sveitarfélaginu möguleikar til að gefa íbúum og gestum aukið aðgengi að náttúruperlunni Mývatni á grundvelli langtíma skipulags og byggja upp stefnumiðað samstarf við menntastofnanir, stofnanir ríkisins, sjóði á sviði náttúruverndar og innviðauppbyggingar og aðra sem láta sig einstaka náttúru Mývatnssveitar varða. Kaupin gefa sveitarfélaginu jafnframt aðgang að húsakosti sem nýst getur áhaldahúsi og stutt við byggðaþróun sveitarfélagsins. */MÞÞ*

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Halldóra, oddviti Hrunamannahrepps, segist vera búin að fá nóg og hættir í vor:

Segist hafa fengið hótun um málefni sveitarfélagsins

Það hefur vakið athygli að Halldóra Hjörleifsdóttir, oddviti Hrunamannahrepps, hefur ákveðið að hætta í sveitarstjórnarmálum og því býður hún sig ekki fram í kosningunum í vor. En hver er ástæðan?

„Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að það er gott að vera ekki of lengi í einu í þessu verkefni, gott að taka pásu, stíga frá og hleypa fleirum að. Já, ég segi pásu því ég get ekki lofað því að ég sé hætt til framtíðar. Það verður líka að segjast að það hefur töluverð áhrif á ákvörðunina hjá mér hvernig umræða er hjá fólki um málefnin og um þá sem eru í stjórnunarstörfum fyrir sveitarfélagið.

Gagnrýni og uppbyggilegar samræður um þau málefni sem liggja fyrir eru nauðsynlegar og af hinu góða. Það er nauðsynlegt að geta rætt mismunandi skoðanir en sú umræða er oft ekki málefnaleg og sum hver fólki alls ekki til sóma. Til dæmis það að fá skilaboð á gamlárskvöld, þegar þú ert heima að njóta með fjölskyldunni, með hótunum varðandi málefni tengd sveitarfélaginu, hefur áhrif. Margir myndu kannski segja að þeir sem ákveða að bjóða sig fram í þetta starf verði bara að hafa breitt bak og taka svona áreiti, ég er hins vegar á því að það sé ekki í boði.

Halldóra Hjörleifsdóttir, oddviti Hrunamannahrepps. Mynd / Aðsend

Það þarf að hafa ákveðin mörk í þessu starfi eins og öllum störfum. Þó þetta sé mjög lítill hluti af starfinu sem fer í svona leiðinlega hluti þá safnast það saman yfir árin og því taldi ég gott að taka pásu frá því.

Það er óhætt að segja að sú ákvörðun um að hætta var ekki tekin á einum degi. Skemmtilegu hlutirnir í þessu starfi eru svo þúsund sinnum fleiri heldur en þeir erfiðu,“ segir Halldóra. */MHH*

Dósir af berjakóla.

Skvetta berjakóla er nýtt íslenskt náttúrugos

Skvetta berjakóla er nýtt náttúrugos sem inniheldur íslensk aðalbláber, handristuð og möluð krydd ásamt smá skvettu af handverkskaffi frá Kvörn.

Engin aukaefni eða hvítur sykur eru í Skvettu berjakóla, heldur aðeins smotterí af lífrænni þyrnililju. Drykkurinn er fáanlegur í Melabúðinni, verslunum Hagkaups og á Kaffi Laugalæk, í dósum og á krana.

Björn Arnar Hauksson, eigandi Skvettu, segir að drykkurinn sé fjörugur og hollur drykkur en hann þróaði drykkinn í samvinnu við Völu Stefánsdóttur kaffibarþjóni.

„Útkoman er holl bragðbomba eins og kóla var í gamla daga. Við erum mjög stolt af drykknum enda lengi búið að vera draumur hjá mér að gera gott íslenskt náttúrugos.

Við Vala erum bæði í veitingageiranum og höfðum því lítið að gera í Covid og vildum nýta tímann í eitthvað uppbyggilegt og skemmtilegt. Matvælasjóður Íslands studdi okkur í því að þróa drykk úr íslensku hráefni,“ segir Björn. */VH*

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir

- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VH HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Ara Edwald sagt upp vegna ásakana um ósæmilegt kynferðislegt háttalag

Ara Edwald, framkvæmdastjóra Íseyjar útflutnings, dótturfélags Auðhumlu, hefur verið sagt upp störfum. Uppsögnin tók strax gildi.

Í tölvupósti Íseyjar sem sendur var til félagsmanna samvinnufélagsins Auðhumlu segir: „Í síðustu viku birtist í fjölmiðlum umfjöllun þar sem framkvæmdastjóri ÍSEYJAR útflutnings, auk þriggja annarra nafngreindra aðila, er ásakaður um þátttöku í ósæmilegri kynferðislegri háttsemi gagnvart ungri konu í lok árs 2020,“ segir í tölvupóstinum.

Ari Edwald.

Auðhumla á 80% hlut í Mjólkursamsölunni

Í tölvupóstinum segir enn fremur: „Ónákvæmar upplýsingar um framangreint bárust stjórn í lok október 2021. Málið var strax tekið alvarlega vegna þess möguleika að upplýsingarnar væru réttar, og hefur stjórn félagsins fundað oft um málið, bæði með framkvæmdastjóra og án hans.

Málið var enn til meðferðar í stjórn í síðustu viku þegar vatnaskilin urðu. Eins og allir gera sér grein fyrir eru mál af þessum toga bæði alvarleg og erfið. “Þær ásakanir sem nú eru komnar fram á hendur framkvæmdastjóra eru með þeim hætti að stjórn félagsins taldi sér skylt, að vel athuguðu máli, að segja upp ráðningarsamningnum við hann, með áskilnaði til riftunar síðar ef tilefni gefst til, með hliðsjón af hagsmunum félagsins, starfsfólks og viðskiptamönnum þess, og ekki síður meintum þolanda.“

/VH

FRÉTTIR

Veiruskitu varð vart í Fnjóskadal, Ljósavatnsskarði og norður eftir Kinn. Mynd / smh

Veiruskita á Norðaustur-landi og á Héraði

Fyrir jól var greint frá því að veiruskita í nautgripum hafi geisað í Eyjafirði og svo virtist vera sem hún væri að færast til austurs, í Þingeyjarsýslur og á Hérað.

Talið var að hún hefði fikrað sig alla leið í Hornafjörð, nálægt Höfn, en nýlegar sýnatökur sýna að svo er ekki, samkvæmt upplýsingum frá Sigurbjörgu Ólöfu Bergsdóttur, sérgreinadýralækni nautgripa- og sauðfjársjúkdóma hjá Matvælastofnun.

„Veiruskitan virðist mikið gengin yfir á Eyjafjarðarsvæðinu. Þann 29. desember fengum við staðfestingu á því að hún væri búin að fikra sig austur á bóginn í Þingeyjarsýslum. Hennar hafði þá orðið vart í Fnjóskadal, Ljósavatnsskarði og norður eftir Kinn. Ég hef ekki nýrri upplýsingar af þeim slóðum, en hennar hafði orðið vart á Héraði fyrir jól," segir Sigurbjörg.

Ekki tilkynningaskyldur sjúkdómur

Matvælastofnun hefur brýnt fyrir kúabændum á þessum svæðum að huga vel að sóttvörnum til að forðast að veiruskitan breiðist frekar út, enda geti afleiðingar sjúkdómsins verið alvarlegar og langvarandi. Sjúkdómurinn veikir ónæmiskerfi kúnna þannig að þær verða viðkvæmari fyrir öðrum sjúkdómum, meðal annars júgurbólgu og öðrum bakteríusýkingum. Þá eykur sýking hættu á doða hjá kúm sem komnar eru nálægt burði þegar þær veikjast.

Engar upplýsingar um skaðann

Sigurbjörg segist ekki vera með upplýsingar um hversu miklum skaða veiruskitan hafi valdið. „Veiruskita tilheyrir ekki flokki tilkynningaskyldra sjúkdóma, en við reynum að fylgjast með eftir bestu getu. Héraðsdýralæknar í hverju umdæmi fylgjast með hjá sér og láta mig vita," segir hún.

Í umfjöllun Matvælastofnunar um málið kemur fram að um bráðsmitandi sjúkdóm sé að ræða í nautgripum, en ekki hafi tekist að greina orsök sjúkdómsins, sem svipi mjög til sjúkdóms sem kallist á ensku „winter dysentery". Talið er að orsök þess sjúkdóms sé nautgripakórónuveira, sem hefur þó ekki verið staðfest.

Smitast með saur og slími frá nösum

Sjúkdómurinn smitast með saur og slími frá nösum og berst mjög auðveldlega með fólki, dýrum og ýmsum hlutum, svo sem múlum, fatnaði, tækjum, bifreiðum og fleiru. „Oftast smitast allir næmir gripir á búinu á nokkrum dögum og sjúkdómurinn gengur yfir á einni til tveimur vikum. Sjúkdómurinn er ekki hættulegur fólki og hefur ekki áhrif á neysluhæfni afurða," segir í umfjöllun Matvælastofnunar.

Matvælastofnun og Tilraunastöð HÍ að Keldum óska eftir samstarfi við bændur um töku sýna til rannsókna. Bændur sem áhuga hafa að taka þátt eru vinsamlega beðnir að hafa samband við sinn dýralækni um sýnatökur en Matvælastofnun hefur sent dýralæknum leiðbeiningar um hvernig sýni skuli taka. /smh

VANTAR ÞIG HEYRNARTÆKI?

Nýju **MORE** heyrnartækin eru þjálfuð til að þekkja hljóð. Innbyggt djúptauganet skilar einstaklega nákvæmri hljóðvinnslu og skýrum hljómgæðum.

Í janúar bjóðum við upp á heyrnarmælingar og ráðgjöf á:
Akureyri, Egilsstöðum,Húsavík, Reykjanesbæ Sauðárkróki, Selfossi og Vestmannaeyjum

Tímabókanir í síma **568 6880**

Heyrnartækni | 20 ára

Glæsibæ | Reykjavík | Landsbyggðaþjónusta | **Heyrnartaekni.is** | 568 6880

Bændablaðið

Kemur næst út 27. janúar

limtrevirnet.is

FALLEGAR HURÐIR SEM ÞÚ GETUR TREYST

Traustar bílskúrs- og iðnaðarhurðir frá Lindab og Krispol

- Áratugareynsla við íslenskar aðstæður
- Uppsetning í boði á hurðum og viðbótarbúnaði
- Stuttur afgreiðslutími og fjölbreytt úrval
- Margir litir og fylgihlutir í boði

skoðaðu úrvalið limtrevirnet.is

LímtréVirnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnes

Magnús Leópoldsson, lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17 · 201 Kópavogi · Sími 550 3000 · Fax 550 3001
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is · www.fasteignamidstodin.is

Til sölu eða leigu

Til sölu lögbýlið Tunga í Skaftárhreppi ásamt tilheyrandi lóðar og sameignarréttindum. Landstærð Tungu er 71 hektarar og er jörðin staðsett örstutt frá Kirkjubæjarklaustri þar sem hefur verið rekin fiskeldisstöð. Einnig kemur til greina að leigja fiskeldisstöðina eða að fara í samstarf um rekstur hennar.

Helstu upplýsingar

1. Fyrir fiskeldi: Sjálfrennandi ísaldarvatn, rannsóknir liggja fyrir. (mjög steinefnaríkt).
2. Um 60m² þriggja herbergja starfsmannaíbúð með öllu, tengd fiskeldinu.
3. Nýlega búið að bora fyrir vatni við hliðina á fiskeldisstöðinni til þess að tryggja fullkomið hitastig til ræktunar. **4.** Bleikju og seiðaeldisstöð, stærð 450m² öll tölvustýrð og ein sú fullkomnasta og öruggasta á landinu. Fjörtíu ára starfsreynsla, stöðin getur annað 1,2 milljón af bleikju- eða laxaseiða á ári. Mögulegt að fá allt að 300 tonna framleiðsluleyfi, sýklalyf hafa aldrei verið notuð í stöðinni, vottorð til staðar frá dýralækni. **5.** Núverandi útiker geta framleitt 30 tonn á ári. Stækkun var fyrirhuguð. Teikningar og samþykki sveitarfélagssins liggur fyrir.
6. Skólastofa 89m² og er útbúin eins og íbúðarhús. **7.** Flokkunarbúnaður er til staðar fyrir seiði.
8. Tölvustýrt fóðurkerfi með innbyggðu viðvörunarkerfi og súrefnismælingu og kerfið byggt er fyrir u.þ.b. helmings stækkun. **9.** Stöðin var meira og minna öll endurnýjuð árið 2006.
10. Frekari uppbygging vel möguleg. Miklir framtíðarmöguleikar. Veiðiréttur til stangveiði Hæðarlæk og Tunguvatni er til staðar, lax, sjóbirtingur, bleikja og urriði.

Nánari upplýsingar gefa Magnús Leópoldsson í síma 892 6000, magnus@fasteignamidstodin.is og Þórarinn Kristinsson í síma 893 3087, tungulax@internet.is

LÍF & STARF

Byggðasaga Skagafjarðar, eitt viðamesta verk af sínum toga á Íslandi, er komin út í tíu bindum:

Tók 26 ár í vinnslu og í verkið fóru um 50 starfsár

– Hjalti Pálsson, aðalhöfundur, er þakklátur hvatamönnum verkefnisins fyrir að treysta sér fyrir að hanna þetta eftir eigin höfði

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Hjalti Pálsson frá Hofi, ritstjóri og aðalhöfundur Byggðasögu Skagafjarðar, skilaði af sér tíundu og síðustu bókinni í þessu viðamikla tíu binda verki á nýliðnu hausti. Hann sagði í samtali við Bændablaðið að verkefnið hafi tekið 26 ár í vinnslu frá því hann hóf þessa vegferð 1. október árið 1995.

Það hefur vakið athygli víða hversu mikil vinna og ítarleg gagnasöfnun er á bak við þessa ritun á Byggðasögu Skagafjarðar. Heildarverkið telur orðið 4.620 blaðsíður með rúmlega 5.080 ljósmyndum og kortum. Víst er að mjög mörg byggðarlög og jafnvel heilu landshlutarnir komast ekki með tærnar þar sem Skagfirðingar eru nú með hælana í þessum efnum.

Að útgáfunni standa Sögufélag Skagfirðinga, Sveitarfélagið Skagafjörður, Akrahreppur, Búnaðarsamband Skagafjarðar og Kaupfélag Skagfirðinga. Fjölmörg fyrirtæki hafa síðan styrkt útgáfuna í gegnum tíðina.

Byggðasöguritarinn Hjalti Pálsson í vettvangsferð á Hagarétt í Hjaltadal.

Tíu bindi á 26 árum

„Nú eru bindin orðin tíu og það var hvorki reiknað með að þetta verk tæki svona langan tíma, eða að það yrði að svo mörgum bindum þegar farið var af stað.“

Auk Hjalta sem aðalhöfundar eru skráðir meðhöfundar hans í tíunda bindinu Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson og Kristján Eiríksson.

„Við höfum verið að jafnaði tveir menn á launum við þetta frá upphafi, ég og Egill Bjarnason frá 1995 til 2007, þó ekki hafi það verið alveg í fullu starfi til að byrja með, og síðan starfaði Kári Gunnarsson með mér frá 2007 til 2020. Svo hafa fleiri komið inn í verkefnið við ákveðna verkþætti. Því er óhætt að segja að það séu búin að fara um 50 starfsár í þetta verk í heildina,“ segir Hjalti.

Hjalti segist ekki hafa á takteinum hver endanlegur kostnaður er á verkinu en hann hlaupi líklega á hundruðum milljóna.

„Við héldum að þetta yrðu kannski sex til sjö bindi og að vinnan gæti tekið tíu til tólf ár. Svo gerist það að eftir að maður skrifaði fyrsta bindið sá maður ýmislegt sem hægt var að gera betur. Í upphafi bjó ég mér til grind til að byggja inn í efnislega sem ég hef síðan haldið mig við þótt verkið hafi þróast með tímanum. Bindin voru því vonandi alltaf að verða betri og ítarlegri sem kostaði auðvitað meiri tíma. Þá var bókin hönnuð og sett upp 1999, en menn gera þetta svolítið öðruvísi í dag. Við höfum samt haldið okkur við upphaflegt form og útlit.“

Þótt útgáfu bókanna tíu sé lokið þá er enn eftir lokahnykkurinn. Hann felst í því að ljúka við nafnaskrá Byggðasögunnar sem unnið hefur verið að síðan 2010. Ákveðið hefur verið að hún komi ekki út á prenti, heldur verði hún aðgengileg í stafrænu formi á heimasíðu Sögufélags Skagfirðinga. Er gert ráð fyrir að nafnaskráin verði aðgengileg síðar á árinu 2022.

Margt þarf að falla saman til að svona verk verði að veruleika

Hjalti segir að ritun svona verks sé langt frá því að vera sjálfgefin og margt þurfi að falla saman svo af slíku geti orðið. Sem dæmi hafi hlutirnir allt eins getað farið á annan veg með hann sjálfan. Fyrir um 30 árum hafi hann fengið æxli við heilann. Sem betur fer reyndist það góðkynja, en ef það hefði ekki verið væri ólíklegt að hann hefði nokkurn tíma komið að þessu verki.

„Það var héraðsnefnd Skagafjarðar sem dreif þetta verkefni af stað árið 1995. Helstu hvatamenn að því voru bændurnir Jón Guðmundsson á Óslandi og Þorsteinn Ásgrímsson á Varmalandi. Þá var ég orðinn héraðsskjalavörður og þessir menn höfðu trú á því að ég gæti gert þetta. Þegar ég hóf þetta verk var ég jafnframt fyrstu árin samhliða að vinna sem forstöðumaður Safnahúss Skagfirðinga og Héraðsskjalasafnsins, en lét svo af því starfi árið 2000 og helgaði mig ritun þessarar sögu.

Auðvitað hefðu aðrir en ég getað gert þetta, en svona vinna er samt mjög sérhæfð.“

Vinna á jarðýtum skapaði dýrmætan þekkingargrunn

Hjalti hefur þó ekki eingöngu verið í fræðagrúski á sínum starfsferli því hann vann í samtals fjórtán sumur á jarðýtum.

„Á mínum skólaárum vann ég fyrir mér í mörg á jarðýtu hjá Búnaðarsambandi Skagafjarðar í vinnu hjá bændum og síðan í vegavinnu. Það var Caterpillar D4 jarðýta sem ég var fyrst með hjá Búnaðarsambandinu, en síðan var ég með stærri vélar í vegagerð. En síðustu árin litla snyrtingavél sem ég átti sjálfur ásamt öðrum, Caterpillar D3 árgerð 1974, hina fyrstu á landinu þeirrar tegundar.

Þegar ég var hjá Búnaðarsambandinu kom ég á mjög margar jarðir og kynntist þar fjölda fólks. Ég lærði þar að þekkja hverja einustu jörð í Skagafirði og fólkið mjög víða. Þetta var góður grunnur fyrir ritun byggðasögunnar.

Menn hafa svo verið að skensa mig með það að á ferli mínum á jarðýtunni í vinnu fyrir bændur hafi ég eyðilagt svo og svo mikið af fornminjum. Ég hef nú bara svarað mönnum þannig að ég hafi þar verið framsýnn, því þá væri minna sem ég þyrfti að snuðra eftir síðar,“ segir Hjalti og hlær.

Byggðasöguritari á Dalsáreyrum haustið 1973. Jarðýtan er International TD 25. Í ýtuvinnu fyrir Búnaðarsambandið á Caterpillar D4 lærði hann að þekkja hverja einustu jörð í Skagafirði og fólkið mjög víða. Það reyndist góður grunnur fyrir ritun byggðasögunnar.

Gamli Rauður. Toyota Hilux árgerð 1996. Þessi bíll hefur þjónað byggðasöguritara frá árinu 2000.

Hjalti á Caterpillar D3 nýju ýtunni sinni sumarið 1974 að gera vegarslóða Í Víðnesdal.

Hafði engar sambærilegar fyrirmyndir

– Þú hefur þá fljótlega komist að raun um að það þyrfti að kafa ítarlegar í söguna en upphaflega var lagt upp með?

„Ég hafði svo sem enga fyrirmynd þegar ég var að móta þetta í upphafi, því það voru engin sambærileg verk til á Íslandi. Það voru helst Sveitir og jarðir í Múlaþingi sem komust næst því, en ég ákvað að hafa þetta mun ítarlegra. Ég hafði strax í huga að þetta yrði yfirlits- og uppflettirit um allar bújarðir í Skagafirði frá 1781 og ábúendur þeirra. Þær reyndust vera nálægt 676 talsins, auk þess meira en 400 fornbýli frá eldri tíð og um 90 húsmannsbýli og tómthús þar sem fólk hafðist við um lengri eða skemmri tíma.“

Upphafið miðað við 1781

– Hvenær er upphafstíminn á því sem þú ert að fjalla um í þessu verki?

„Þetta er byggt á gömlu jarða- og ábúendatali í Skagafjarðarsýslu sem var gefið út á árunum 1949-1958. Þar voru teknir allir ábúendur jarðanna frá 1781 til þess dags sem hvert hefti kom út. Þetta nýja verk byggir ofan á þær upplýsingar. Í þessu gamla voru afar litlar upplýsingar um jarðirnar sem fólkið bjó á. Sögufélag Skagfirðinga hefur á síðustu áratugum gefið úr 18 bækur af skagfirskum æviskrám ábúenda og fólks sem hélt heimili í Skagafirði á árunum 1850 til 1950. Ábúendatal Byggðasögunnar spannar hins vegar 240 ár, tímabilið frá 1781 til 2021. Segja má að Byggðasaga Skagafjarðar sé eins konar æviskrár bújarðanna.

Verkið er byggt upp í stórum dráttum þannig að gefin er lýsing á hverri einstakri bújörð, hvar hver bær er í sveit settur, getið bygginga og birt tafla yfir fólk og áhöfn á tímabilinu 1703 til útgáfuárs hverrar bókar. Þá er yfirlit um eignarhald og talsverð söguleg umfjöllun eftir því sem efni og heimildir gefa tilefni til, allt frá því jörðin kemur fyrst við sögu. Lýst er öllum fornbýlum og seljum sem tengjast einstökum jörðum og gefið upp GPS-stöðuhnit þeirra. Samfellt ábúendatal fylgir hverri jörð frá 1781 til útgáfuárs hverrar bókar. Þá bæti ég inn í þetta alls

Einstakar myndir úr Drangey sem birtar eru í tíundu og síðustu bókinni af Byggðasögu Skagafjarðar. Myndirnar voru teknar af Arthur Cook árið 1919. Vinstri myndin er tekin af sjó af bátum og athafnasvæði „Fjörubúa¨ í Drangey og hægra megin er mjög sérstök mynd sem tekin er yfir sömu fjöru af bjargbrúninni í Drangey.
Myndir / Í eigi Minjasafnsinsins á Akureyri

konar sögum sem tengjast jörðunum, sem hafa skipt sköpum um vinsældir þessa verks. Það eru þjóðsögur, sögur um drauga og huldufólk, álagabletti, frásagnir af fólki og atburðum, vísur og allt mögulegt. Þannig eru innskotsgreinar um flestallar jarðir og stundum margar um sumar þeirra. Ég reyndi að finna álagabletti og staðsetti alla þá sem ég fann með GPS punkti. Fólk getur því gengið beint að þeim. Þá er rík áhersla lögð á myndefni og meginhluti þess prentaður í litum, litmynd af hverri jörð eins og hún lítur út um þessar mundir, myndir af núverandi ábúendum, auk nýrra mynda og gamalla er sýna atvinnuhætti, örnefni eða gamlar byggingar, svo sem gömlu bæina.“

Hefur leitt til óvæntra funda á fjölda fornra bústaða

– Er samt ekki margt sem hefur komið þér á óvart við þessa gagnaöflun?

„Jú, mikil ósköp. Maður hefur sannarlega vaxið af þekkingu um byggðasöguna í Skagafirði og má segja að vissu leyti orðinn sérfróður um gamla tímann. Það getur verið alveg aftur að því er jörðum er fyrst lýst í heimildum. Þá reyni ég að rekja eignarhald þeirra og í seinni hluta þessa verks er það miklu betur gert en var í fyrstu tveimur bókunum.

Það er líka margt sem komið hefur á óvart upp úr jörðinni í allri þessari vinnu. Ég var lengi í samstarfi við fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga. Þar var Guðný Zoëga fornleifafræðingur sem starfaði mikið og vel með mér. Við skoðuðum á annað hundrað fornbýli, þ.e. býli sem voru í ábúð einhvern tíma fyrir 1780, eða eldri en býli sem fjallað er sérstaklega um í bókunum.

Víða var grafið og einnig farið með sýnatökubor í tóftir. Þannig fundum við t.d. fyrir tilviljun og þrákelkni kirkjugarð í Kolbeinsdal sem engar heimildir voru til um. Það voru um tveir metrar niður á þennan kirkjugarð þar sem mannabein komu í ljós.

Bjarnastaðir voru stærsta jörðin í Kolbeinsdal og okkur fannst að þar hlyti að hafa verið kirkjugarður þó hans væri hvergi getið. Á kaþólskum tíma á fyrstu öldum kristni á Íslandi voru byggðar kirkjur svo víða. Þannig voru þær á annað hundrað í Skagafirði sem einhverjar heimildir eru til um. Við leituðum því að kirkjum og kirkjustöðum og ýmsum fornbýlum. Ég hef lagt mig sérstaklega fram um að finna fornbýli. Þau eru um 400 í Skagafirði sem hafa verið í ábúð á einhverju tímabili frá landnámsöld til 1780. Flest voru þau þekkt en sum fundust fyrir algjöra tilviljun í minni yfirferð, höfðu ekkert nafn og engar sagnir til um þá staði. Áreiðanlega eru enn tugir fornbæja sem ég hef ekki uppgötvað og enn liggja gleymdir og grafnir.

Svo voru staðir þar sem mann grunaði að væru tóftir, en gat ekki staðfest það fyrr en ég fékk fornleifafræðinginn til að skoða málið með sýnabor. Þannig fundust mörg býli sem var hægt að staðfesta aldur á út frá öskulögum í jarðvegi, en misdjúpt var niður á þessar minjar, allt frá 20-30 sentímetrum og síðan dýpra. Í Austurdal og Vesturdal hefur t.d. verið ótrúlega mikil byggð. Ég taldi þar yfir 20 búsetustaði í hvorum dal fyrir sig. Við höfum öskulög frá 1104 og 1300 sem eru auðþekkjanleg svo hægt er að tímasetja þessa bústaði út frá því.

Unnið við fornleifakönnun á Sandgili í Fögruhlíð í Austurdal.

Guðný Zoëga og Kári Gunnarsson við rannsókn í tóftum Garðhúss í Hjaltadal.

Á Grófarstekk 2010. Guðmundur Sigurðarson og Hjalti Pálsson.

Heiti landnámsbæja í Fljótum rakin til Noregs

Í Fljótum fundum við landnámsbæ á Stóra-Grindli við Miklavatn sem líklega hefur verið upphaflegi bærinn Grindill, bær Nafar-Helga Nafars. Samkvæmt Landnámu voru þeir samskipa til landsins, hann og Þórður knappur, sem nam land innar í Fljótum, eða á Knappsstöðum í Stíflu.

Svo er ég svolítið montinn yfir því að hafa grafið upp meira um þetta undarlega bæjarnafn Grindil sem menn hafa komið með alls konar tilgátur um. Í kjölfar vísbendinga sem ég fékk þá lá fyrir að Íslendingar sem fluttu til Ameríku nefndu bæi sína eftir bæjum sem þeir komu frá. Því þótti mér líklegt að landnámsmenn hefðu gert hið sama. Með því að nýta tæknina og Google komst ég að því að um miðjan Sognfjörð í Noregi við smábæinn Leikanger er bær sem heitir Grinde og á sem heitir Grindelv er fellur eftir dalnum Grindedal. Í Landnámu er sagt frá því að Þórður knappur hafi verið sonur Bjarnar á Haugi. Fáeina kílómetra frá Grinde er bærinn Haugur.

Það er því líklegt að Nafar-Helgi og Þórður knappur hafi þekkst sem nágrannar í Noregi og því farið saman á skipi til Íslands. Til að kóróna þetta, þá heitir næsti bær við Grindil í Fljótum, Hamar.

– Framhald á næstu síðu

Brauðstrit og barátta – Kafli úr 10. bindi Byggðasögu Skagafjarðar

Sæmundur Jónsson bjó í Neðra-Haganesi í 15 ár, frá 1935-1950. Hann var stórfatlaður maður, afleiðingar þess að hann sem unglingur féll ofan af þilfari niður í lest á hákarlaskipinu Siglnesingi inni á Haganesvík og lenti á bakinu niðri í grjótbarlest skipsins. Hann mun hafa mjaðmargrindarbrotnað og þetta kostaði sjúkrahúsvist. Sæmundur leið eftir þetta miklar kvalir, fékk herðakistil og gekk krepptur æ síðan. Hann gat því lítt unnið erfiðisvinnu en sinnti fyrst og fremst smíðum, bæði á tré og járn. Guðmundur Sæmundsson segir frá:

„Túnið gaf um eitt og hálft kýrfóður en við vorum með tvær kýr yfirleitt en enga kind, nema rétt fyrst sem ég man eftir. Við höfðum tvo hesta líka. Við áttum hins vegar kindur á bæjum frammi í Flókadal, í Neskoti man ég var og á Sjöundastöðum, líka í Saurbæ hjá Jóni. Fyrir fóður þeirra greiddi pabbi með smíðavinnu, smíðaði skeifur og fleira. Túnið var allt kargaþýft. Pabbi gat slegið í þýfi, en ekki á sléttu, þoldi það ekki. Hann hafði alltaf slægjur í Dæli hjá Magnúsi og Lovísu. Hann fékk líka slægjur hjá Skarphéðni á Sjöundastöðum. Ég held hann hafi fengið Borgargerðistúnið. Ég man að við fórum þangað að sækja hey snjóavorið 1949. 14. maí fórum við með hest og sleða að sækja hey. Þá var orðið heylaust handa kúnum heima. Þá var umbrotafæri af snjó á túninu í Neðra-Haganesi, sé ég í dagbók frá þeim tíma.

Það var einhver tregða á því hjá pabba að ég fengi að fara í skóla. Ég hafði lært eitthvað heima og tekið próf með hörmulegum árangri. Þeir höfðu komið til pabba, séra Guðmundur á Barði og skólastjórinn í Sólgörðum í þeim tilgangi að fá mig í skólann, en það gekk ekki. Hann sagðist ekki mega missa mig, bauð þeim ekki inn en sótti stílabókina mína til að sýna þeim að ég kynni að skrifa en það var lakara með reikninginn. Ég stóð úti meðan þessi rannsókn fór fram og ég man að Guðmundur rétti mér stílabókina og sagði „Æ, jæ, jæ, jæja.“ Það þurfti að stíga smiðjuna og svo var vatnsburðurinn úr brunninum. Ég varð að reyna að hjálpa mömmu við vatnið. Það var oft tveggja tíma vinna að koma vatninu heim á hverjum degi yfir veturinn í kýrnar og fyrir heimilið. Pabbi bjó til lítinn sleða sem ég hafði kvartil á og fyllti af vatni. Svo varð ég oft að sækja mömmu að hjálpa til að draga sleðann. Ég orkaði þá ekki að draga hann einn. Svo kemur Páll Sigurðsson frá Ólafsfirði, kennari og skólastjóri, í Sólgarða og kona hans Vilborg Sigurðardóttir sem var mikil vinkona mömmu frá Ólafsfirði. Þá gekk mamma í það að ég færi í skólann fyrst að Vilborg væri þar. Ég var því bara einn vetur í skólanum á Sólgörðum áður en ég færi í Ólafsfjörð. Þar var bæði eldri deild og yngri deild og ég varð að vera í þeim báðum því mig vantaði undirstöðu í reikningi.

Sæmundur Jónsson rokka- og söðlasmiður að störfum á verkstæði sínu á Ólafsfirði.

Þegar fór að líða að vori segir pabbi við mig, að ef ég verði í meðalröð eða þar fyrir ofan skuli hann gefa mér bók sem ég var búinn að skoða mikið suður í kaupfélagi. Það var Sjómannasaga eftir Vilhjálm Þ. Gíslason og kostaði 125 krónur. Ég var 3. eða 4. ofan frá um vorið og fékk 8.60 í einkunn. Dóttir Sveins í Brautarholti fékk hins vegar bara 8.17 og það var einhver metnaður milli þeirra pabba, því Sveinn hafði sagt eitthvað niðrandi í minn garð. Ég vissi þetta ekki fyrr en á eftir. Pabbi sagði svona við mig. Veistu hvað hún fékk hún Lóa í Sveinshúsum? Ég sagði honum það og þá sá ég að hýrnaði yfir þeim gamla og þá dró hann upp bókina og rétti mér hana.“

(Guðmundur Sæmundsson. Viðtal.)

LÍF & STARF

– Framhald af síðu 29

Næsti bær við Grinde í Sognsfirði heitir einmitt Hamre.

Við fundum líka landnámsbæ í landi Barðs við Flókadalsvatn í Fljótum. Við leiddum líkur að því að þarna hafi verið sérstakt landnám sem ekki er getið í Landnámabók.

Það var því margt forvitnilegt og skemmtilegt sem kom í ljós við ritun þessara bóka og fornleifafræðin breytti verkinu heilmikið og jók gildi þess,“ segir Hjalti.

Héraðsskjalasafnið á Sauðárkróki hefur reynst vel

– Þessi viðamikla samantekt hlýtur að vera þakkarverð í augum Skagfirðinga í ljósi þess hversu fljótt getur snjóað yfir heimildir og þær hreinlega glatast?

„Þetta er fyrst og fremst byggt á prentuðum og eða skjalfærðum heimildum sem ég fékk að miklu leyti á Héraðsskjalasafninu á Sauðárkróki. Þar var ég með starfsstöð og var þar sjálfur skjalavörður þegar þetta verk fór af stað. Þarna fékk ég því afskaplega góða fyrirgreiðslu og þar var myndasafnið ekki síst mikilvægt. Svo hef ég leitað heimilda víða, eins og í Þjóðskjalasafninu og Landsbókasafni. Maður er samt meðvitaður um að það er enn margt sem ekki náðist að fara í gegnum og vantar því inn í myndina. Þar ræður töluverðu sá tímarammi sem maður setti sér fyrirfram um útgáfu hverrar bókar. Maður er því aldrei búinn í gagnaöfluninni, en verður að sætta sig við að verða að hætta á ákveðnum tímapunkti. Þess vegna veit maður að það verða alltaf einhverjar skekkjur í verkinu sem maður reyndi þó að lágmarka eins og mögulegt var.“

Útgáfustjórn og höfundar Byggðasögu Skagafjarðar. Talið frá vinstri: Sigurlaug Ebba Kristjánsdóttir, fulltrúi Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Bjarni Maronsson, fulltrúi Kaupfélags Skagfirðinga og formaður útgáfustjórnar, Hjalti Pálsson ritstjóri, Kári Gunnarsson meðhöfundur og Gunnar Rögnvaldsson, fulltrúi Sögufélags Skagfirðinga.

Hjalti og Óli Arnar Brynjarsson, setjari í Nýprent á Sauðárkróki, vinna við leiðréttingar prófarka 2017.

Víða eru óskráðar sögur

– Hvað tekur nú við, hafa menn ekki verið að biðja þig að kíkja á fleiri verkefni af þessum toga?

„Ég er nú 74 ára gamall, en menn hafa svo sem verið að viðra við mig eitt og annað í spaugi. Til dæmis hvort ég ætlaði ekki bara að snúa mér að næstu sýslu. Ýmsir hafa líka gert góða hluti í þessa veru, eins og Þingeyingar, Eyfirðingar og margir fleiri, en þá hefur umfjöllun um hverja jörð ekki verið eins viðamikil og í Byggðasögu Skagafjarðar. Ég sagði strax í upphafi að ég hefði ekki áhuga á þannig verki. Ég vildi hafa þetta ítarlegra og fékk að hanna þetta sjálfur. Mér finnst ótrúlega mikið lán að menn hafi treyst mér til þess, því mér hefði ekki líkað að láta menn segja mér fyrir verkum hvernig þetta ætti að vera. Eftir að fyrsta bókin kom út þá var engan bilbug að finna á mönnum að halda þessu áfram,“ segir Hjalti Pálsson.

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
líka hægt að lesa á bbl.is og Facebook
HLAÐAN
HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS https://www.bbl.is/hladan

Flugvél af gerðinni Nortrop, eins og þær sem voru með skotæfingar úti fyrir Haganesvík vorið 1942.

Skotæfingar í Haganesvík

– innskotsgrein úr Byggðasögu Skagafjarðar

Skotæfingar í Haganesvík. „Skyndilega og óvænt birtust þrjár Nortrop-flugvélar yfir Haganesvík einn vetrardag nálægt sumarmálum 1942. Líklega hafa þær tilheyrt norsku flugsveitinni á Akureyri og verið að æfingum eða þá í kafbátaleit. Þær hnituðu marga hringi yfir Haganesvíkinni, renndu sér síðan í lágflugi norður yfir Haganesborgina og skotdrunur kváðu við.

Við pabbi vorum að koma frá því að vitja um rauðmaganet úti á Víkinni og áttum nokkra metra ófarna að lendingunni þegar þessi ólæti byrjuðu. Mér er það í barnsminni hve hræddur ég varð við þennan vágest, sem ég taldi vera Þjóðverja, og lagðist ég marflatur niður í litla árabátinn. Pabbi reyndi að hughreysta mig og taldi þetta vera Bandamenn, en ég svaraði aftur á móti að þeir myndu skjóta niður bæinn okkar í Neðra-Haganesi. Einhvern veginn tókst pabba að koma mér skælandi heim. Yfir okkur þrumuðu flugvélarnar látlaust hver á fætur annarri og útundan mér sá ég þær liggja á hliðinni þegar þær sveigðu yfir litla kauptúnið í Haganesvík til nýrrar atlögu norður yfir sjóinn en fjöllin bergmáluðu skotdrunurnar aftur og aftur. Loksins, jafnskyndilega og þetta hafði byrjað, voru flugvélarnar horfnar á braut og allt orðið kyrrt og hljótt eins og venjulega.

Ýmsum getum var að því leitt að þarna hefði þýskur kafbátur verið á ferðinni en aldrei fengum við neina vitneskju um það. Það sem studdi þá grunsemd okkar var að skip sem ég hafði séð á siglingu norðarlega á Haganesvík fáum dögum áður hvarf gjörsamlega á meðan ég hljóp inn í bæinn okkar eftir kíki til þess að skoða það nánar.“ *(Guðmundur Sæmundsson. Handrit í einkaeign.)*

LÍF & STARF

Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK, og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri á Skagaströnd, undirrita samninginn.

Skagaströnd og RARIK:

Samningur um afhendingu á vatni til baðlóna

Fulltrúar Sveitarfélagsins Skagastrandar og RARIK undirrituðu á dögunum samning um afhendingu á vatni vegna uppbyggingar á baðlónum við Hólanes á Skagaströnd.

Í samkomulagi á milli Skagastrandar og RARIK kemur fram að sveitarfélaginu verður tryggt vatn fyrir baðlaugar, en vegna ástands vatnsöflunar fyrir veituna sé mælt fyrir um takmarkanir á afhendingu á heitu vatni til baðlauga á meðan verið er að leita að meira vatni.

Sveitarstjórn Skagastrandar fagnar því í bókun sem samþykkt var á fundi nýverið að RARIK tryggi afhendingaröryggi á vatni til sjóbaða og telur ljóst að miðað við gefnar forsendur muni umræddar takmarkanir ekki hafa áhrif á fyrirhugaða uppbyggingu og rekstur. Sveitarfélagið fagnar áfanganum, „og er fullt eftirvæntingar að halda áfram að vinna að þessari mikilvægu uppbyggingu sem glæsilegu baðlónin við Hólanes verða fyrir Norðurland vestra.“ /MÞÞ

Handsömun hunda kostar 28.000 í Flóahreppi

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt nýja gjaldskrá fyrir hundahald í sveitarfélaginu.

Samkvæmt henni er skráningargjald 4.000 krónur fyrir nýskráningu og 28.000 kr fyrir handsömun, vörslu og auglýsingu á lausum hundi. Til viðbótar er daggjald kr 3.000 fyrir hvern dag sem hundur er í vörslu á vegum Flóahrepps. Hundafangari sveitarfélagsins er Ragnar Sigurjónsson í Brandshúsum. */MHH*

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Stofnsett 1958
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi Sími 550 3000 Gsm 892 6000

Höfum áhugasaman kaupanda af kúabúi í rekstri á suður og eða vesturlandi.

Má vera jörð sem þarfnast uppbyggingar að einhverju leyti.

Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson í síma 892 6000 eða magnus@fasteignamidstodin.is

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Íslenskar gjafagrindur

20 ára VIG

Bendum á söluaðila okkar um land allt, www.vig.is

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Í 20 ÁR.

Vélsmiðja Ingvars Guðna ehf. Vatnsenda Flóahreppi
vig.is - vig@vig.is - S: 486 1810

ÍSTEX®
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

Aðalfundur ÍSTEX hf. verður haldinn
fimmtudaginn 20. janúar 2022, kl. 16:00.

Dagskrá

1. Almenn aðalfundarstörf samkvæmt 15. grein samþykkta félagsins.
2. Heimild aðalfundar fyrir félagsstjórn til kaupa á eigin hlutabréfum.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Ársreikningur er til sýnis á skrifstofu í Mosfellsbæ og er sendur hverjum þeim hluthafa sem þess óskar.

Í samræmi við fyrirmæli stjórnvalda til að stemma stigu við útbreiðslu kórónuveiru verður fyllstu varúðar gætt. Hægt verður að skrá sig á istex.hf@istex.is eða í 566 6300 til að fylgjast með fundinum rafrænt. Umboðsmenn þurfa að leggja fram dagsett og skriflegt umboð.

Aðgöngumiðar, fundargögn og hlekkur á fundinn verða afhent eftir skráningu á fundardag.

Mosfellsbæ, janúar 2022.

Stjórn ÍSTEX hf.

LÍF & STARF

Íslendingur í Belgíu framleiðir osta úr sauðfjármjólk

Jón Aðalsteinsson í ostavinnslu sinni í Belgíu. Hann er ættaður úr Dýrafirði og ólst upp á Þingeyri. Myndir / Úr einkasafni

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Kokkurinn Jón Aðalsteinsson flutti til Belgíu korteri fyrir hrun. Í dag framleiða hann og eiginkona hans, Nadia Halleux, osta úr sauðfjármjólk úr 70 mjólkurkindum og reka greiðasölu á býli sínu um 30 kílómetra utan við borgina Spa.

Jón er ættaður úr Dýrafirði og ólst upp á Þingeyri. „Afi og amma bjuggu að Gemlufalli og þar kynntist ég búskap eins og hann var á þeim tíma. Árið 1998 flutti ég til Reykjavíkur og hóf nám sem kokkur á Hótel Sögu og lauk því 2002. Eftir það fór ég að vinna sem kokkur í Glasgow á nýju og glæsilegu hóteli og mikil reynsla að fá að taka þátt í þeirri uppbyggingu, allt frá því að umbúðirnar voru teknar utan af pottunum, og þar starfaði ég í þrjú ár.

Næst fór ég til Brussel og starfaði þar í tvö ár og kynntist eiginkonu minni, Nadiu Halleux, kom svo heim til Íslands og vann mikið til að safna peningum og flutti svo aftur til Belgíu rétt fyrir hrun og fór í þriggja ára nám í hótelstjórnun. Eftir það fór ég að vinna fyrir Radisson hótel í borginni Spa, þaðan sem konan er ættuð, og vann þar í fimm ár.“

Kaupa þrjá hektara

Á þeim tíma sem Jón starfaði í Spa leituðu hjónin eftir því að kaupa sér land og þegar þeim buðust þrír hektarar í um 30 kílómetra fjarlægð frá borginni stukku þau á tækifærið.

„Við kaupum landið af eldri manni sem hafði rekið kúabú ásamt bróður sínum, en eftir að bróðir hans féll frá kaus hann að hætta búskap og selja hluta jarðarinnar. Til að byrja með kaupum við þrjá hektara og vissum eiginlega ekki í fyrstu hvers konar starfsemi við ætluðum að vera með.

Við ákváðum að kaupa fjórar kindur til að beita landið svo að það færi ekki í órækt. Á þeim tíma var Nadia að vinna á býli sem býður upp á námskeið fyrir börn og þroskaheft fólk þar sem það kynnist meðal annars brauð- og ostagerð. Um svipað leyti rákumst við á auglýsingu um kvöldnámskeið í ostagerð og skelltum okkur á það og upp frá því fóru hjólin að snúast.“

Fé af mjólkurostakyni

Árið 2015 hófust Jón og Nadia handa við að byggja tæplega 800 fermetra hús sem er allt í senn íbúðarhús, hesthús, fjárhús, mjaltaraðstaða og ostavinnsla.

„Eftir að hafa prófað okkur áfram með tólf kindur fórum við til Suður-Frakklands til að kaupa fé af frönsku mjólkurfjárkyni og er af sama kyni og ostar eins og Rockford-gráðaostur eru búnir til úr mjólkinni frá.

Stofninn, sem kallast Lacaune, hefur verið kynbættur til að gefa af sér mikla og feita mjólk og við hófum ostagerðina fyrir alvöru með 22 kindur.

Framleiðsla og salan hefur gengið vonum framar og markmiðið er að vera með 70 mjólkandi kindur.“

Ostaframleiðslan

Jón segir að sauðfjármjólk sé mun feitari en kúamjólk og hún innihaldi mikið af próteinum og þar af leiðandi fáist meira af osti úr hverjum lítra af kindamjólk en kúamjólk og að hans sögn er bragðið mjög ólíkt.“

Árið 2015 hófust Jón Aðalsteinsson og Nadia Halleux handa við að byggja tæplega 800 fermetra hús sem er allt í senn íbúðarhús, hesthús, fjárhús, mjaltaraðstaða og ostavinnsla.

Jón segir að þau framleiði nokkrar gerðir af ostum. „Feta og þrjár gerðir af hörðum osti. Auk þess sem við búum til og seljum jógúrt og skyr úr kúamjólk sem við kaupum af nágrannabýli.“

Tveir og hálfur lítri á dag

„Góð mjólkurkind gefur af sér um tvo og hálfan lítra af mjólk á dag. Framleiðsla ostsins er þannig að eftir að kindurnar eru mjólkaðar fer mjólkin í mjólkurhúsið og þaðan í stóran tank í ostavinnslunni og er annaðhvort unninn úr henni ferskur ostur strax eða mjólkin kæld og síðan unnin úr henni stærri harðir

Nadia Halleux við mjaltir.

Framleiðsla og salan hefur gengið vonum framar og markmiðið er að vera með 70 mjólkandi kindur.

„Við ákváðum að kaupa fjórar kindur til að beita landið svo að það færi ekki í órækt.“

Jón og Nadia framleiða skyr úr kúamjólk sem þau kaupa af nágrannabýli.

ostar og það ferli getur tekið frá tveimur vikum og upp í sex mánuði.

Satt best að segja væri ég alveg til í að láta ostinn gerjast lengur en við bara náum því ekki þar sem hann selst upp jafnharðan.“

Jón segir að í dag framleiði þau um tvö tonn af ostum á ári.

Lömbin ganga undir í 40 daga

„Við viðhöldum bústofninum með því að ala sjálf allar gimbrarnar en lambhrútana hef ég selt öðrum sem hafa áhuga á sauðfjárrækt eða vilja eignast lifandi sláttuvél.

Öll lömb hjá okkur eru á spena í 40 daga og ekki færð frá fyrr en eftir það og meðan lömbin ganga undir er kindin ekki mjólkuð nema einu sinni á dag en eftir það tvisvar á dag fram að lokum júlí og eftir það einu sinni á dag þar sem kindur gefa af sér mjólk í átta til tíu mánuði.“

Matsala og gistiaðstaða

Samhliða ostagerðinni reka hjónin matsölustað á palli við húsið þar sem þau sérhæfa sig í afurðum frá nærliggjandi býlum. „Við erum einnig með átta býflugnabú en hunangsframleiðslan stjórnast af því hvernig vorið er og getur verið frá 150 til 450 kíló á ári. Auk þess sem við búum til sýróp úr ylli og sultur úr berjum sem vaxa á jörðinni.“

Jón segir að í framhaldi af Covid hafi aðsókn fólks í lítil sveitaveitingahús aukist og að það sækist einnig meira í afurðir beint frá býli og í fyrra var stanslaus straumur fólks hjá þeim allt sumarið.

„Við settum upp lítið smáhýsi, sem hugmyndin er að leigja út, fyrir skömmu og ef það gengur vel mun hýsunum fjölga í framtíðinni.“

Að sögn Jóns vinnur Nadia 100% vinnu á býlinu en hann 50% utan þess til að allt gangi upp þrátt fyrir að reksturinn gangi vel.

„Krafan um ódýran mat er gríðarlega mikil og að mínu mati oft óraunhæf þar sem framleiðsla á gæðavöru kostar sitt og neytendur virðast ekki alltaf skilja það.

Stækkað við sig

Með stækkun bústofnsins bættu Jón og Nadia við sig tíu hekturum sem þau keyptu af sama aðila og hektarana þrjá í fyrstu. Að sögn Jóns er jörðin nógu stór til að beita á 70 fjár en ekki nóg til að getað heyjað fyrir hestana tvo og haft í hálm fyrir féð.

„Við höfum því hingað til þurft að kaupa hey, nema í ár þar sem sprettan og heyfengurinn var óvenju góður. Ég geri ekki ráð fyrir að við munum fjölga fénu á næstunni þrátt fyrir að húsið sé gert fyrir 90 mjólkurær.

Að okkar mati eru 70 ær passlegt með öðru sem við erum að gera.“

Að okkar mati eru 70 ær passlegt með öðru sem við erum að gera.

YLEININGAR

YLEININGAR ERU LÉTTAR STÁLKLÆDDAR SAMLOKUEININGAR SEM FÁST MEÐ ÞÉTTIFRAUÐSEÐA STEINULLARKJARNA.

Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjaklæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.

Hafðu samband: bondi@byko.is



byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

LÍF & STARF

Iðunn Garðarsdóttir og Kári Gautason, aðstoðarmenn sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Nýr ráðherra sjávarútvegs- og landbúnaðarmála:

Iðunn Garðarsdóttir og Kári Gautason aðstoða ráðherra

Kári Gautason og Iðunn Garðarsdóttir hafa verið ráðin sem aðstoðarmenn Svandísar Svavarsdóttur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Kári hefur störf þann 10. janúar næstkomandi en Iðunn hefur þegar hafið störf og fylgdi ráðherra úr heilbrigðisráðuneytinu.

Kári Gautason er fæddur á Akureyri árið 1989 og ólst upp á Grænalæk í Vopnafirði. Hann er stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri og lauk BS prófi í búvísindum frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri árið 2013 og meistaragráðu í búvísindum með áherslu á erfðafræði frá Árósarháskóla árið 2017.

Kári starfaði sem bóndi árin 2013-2015, ráðunautur í loðdýrarækt í hlutastarfi 2013-2017 og var framkvæmdastjóri þingflokks Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs 2018-2020. Seinast starfaði Kári sem sérfræðingur og staðgengill framkvæmdastjóra hjá Bændasamtökum Íslands og sem stjórnarmaður í stjórn Byggðastofnunar. Hann lætur nú af þeim störfum til að gerast aðstoðarmaður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Í kjölfar kosninganna 2021 hlaut Kári sæti sem annar varaþingmaður VG í Norðausturkjördæmi. Maki Kára er Gró Einarsdóttir, doktor í félagssálfræði, og saman eiga þau eina dóttur.

Iðunn Garðarsdóttir hefur starfað sem aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra frá árinu 2017 og er nú aðstoðarmaður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Iðunn er fædd í Reykjavík árið 1989. Stúdent frá Menntaskólanum við Hamrahlið, lauk BA prófi í íslensku frá Háskóla Íslands árið 2013, BA prófi í lögfræði frá sama skóla árið 2015 og meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 2017. Iðunn starfaði sem lögfræðingur hjá lögmannsstofunni Juris áður en hún hóf störf í heilbrigðisráðuneytinu.

Iðunn var virk í starfi Röskvu innan Háskóla Íslands, var formaður félagsins árin 2012-2013 og sat í Stúdentaráði og Háskólaráði fyrir hönd fylkingarinnar. Hún situr í málnefnd Háskóla Íslands. Iðunn er í sambandi með Skúla Arnlaugssyni og saman eiga þau eina dóttur. */VH*

Í viðbyggingunni verða fríhöfn, veitingastaður og aðstaða fyrir toll og lögreglu.

Framkvæmdir við 1.100 fermetra flugstöðvarbyggingu hefjast í mars:

Mikilvægt skref í uppbyggingu Akureyrarflugvallar

– segir Sigrún Björk Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri Isavia Innanlandsflugvalla

Samningur um smíði á 1.100 fermetra viðbyggingu við Flugstöðina á Akureyri var undirritaður skömmu fyrir áramót. Samningsupphæðin er 810,5 milljónir króna og verður verkinu skipt upp í þrjá áfanga, nýja byggingu norðan við núverandi húsnæði og endurbætur á eldra húsnæði.

Sigrún Björk Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri Isavia Innanlandsflugvalla, og Örn Jóhannsson, þáverandi framkvæmdastjóri Hyrnu á Akureyri, skrifuðu undir samninginn. „Það er afar ánægjulegt að taka þetta næsta og mikilvæga skref í uppbyggingu Akureyrarflugvallar,“ segir Sigrún Björk.

Framkvæmdir við bygginguna hefjast í mars á þessu ári og gert er ráð fyrir að þeim verði lokið í byrjun ágúst árið 2023. Heildarstærð flugstöðvarinnar að verki loknu verður um 2.700 fermetrar. Fyrsti áfangi verksins er smíði nýrrar viðbyggingar norðan við núverandi flugstöð.

Sigrún Björk Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri Isavia Innanlandsflugvalla, og Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Hyrnu á Akureyri, undirrituðu samning um smíði 1.100 fermetra viðbyggingar við flugstöðina á Akureyri.

Fyrsta skóflustunga að byggingunni var tekin í fyrrasumar, það gerði Sigurður Ingi Jóhannsson, þá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Með honum eru þær Hjördís Þórhallsdóttir, flugvallarstjóri á Akureyrarflugvelli, og Sigrún Björk Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri Isavia Innanlandsflugvalla.

Hinir áfangarnir tveir tengjast endurbyggingu eldra húsnæðis, m.a. verður innritunarsvæði flutt til innan byggingarinnar og eins verður byggt töskubílaskýli. Í þriðja og síðasta áfanganum verður núverandi innritunarsvæði endurbyggt sem og skrifstofuhluti þeirrar byggingar.

Framfaraspor

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri, segir að þessi framkvæmd verði meiri háttar framfaraspor fyrir Akureyri, Norðurland og landsbyggðina alla og því kærkomið að hafist verði handa innan tíðar.

Sigrún Björk segir að um stórt verkefni sé að ræða, en viðbyggingin muni bæta mjög aðstöðu fyrir lögreglu, tollinn, fríhöfnina og veitingastað á flugvellinum. „Þjónustan við farþega og flugfélög batnar til muna og við hlökkum til að taka þessa breyttu og bættu flugstöð í gagnið síðsumars 2023.“

Tvö tilboð bárust í verkið, hið lægra frá Hyrnu en hitt var frá félaginu Húsheild. Frá því tilboð voru opnuð síðasta haust hafa þau tíðindi orðið að Húsheild sem starfar í Mývatnssveit hefur keypt byggingafélagið Hyrnu og tekur því við verkefninu. */MÞÞ*



LÍF & STARF

Endurbygging hefst í mars á hluta Snæfellsvegar

Skrifað hefur verið undir samning um framkvæmd við Snæfellsveg, nr. 54, á milli Ketilsstaða og Gunnarsstaða. Verkið felst í endurbyggingu Snæfellsvegar á ríflega 5 kílómetra löngum kafla og er innifalið í því bygging tveggja brúa, yfir Skraumu annars vegar og Dukná hins vegar. Fyrirtækið Borgarverk vinnur verkið. Vegurinn er að mestu endurbyggður í vegstæði núverandi vegar með nokkrum lagfæringum.

Brúin á Skraumu verður 43 metra löng í þremur höfum, byggð upp af samverkandi stálbitum og steyptu brúardekki. Brúin á Dunká verður 52 metra löng staðsteypt, uppspennt plötubrú í tveimur höfum. Gert er ráð fyrir að í flóðum eða klakahlaupum geti vatn og ís náð upp á súlur brúnna án þess að valda skaða.

Verktaki hefur undirbúning framkvæmda fljótlega, framkvæmdir hefjast í mars 2022 en gert er ráð fyrir að verkinu verði að fullu lokið sumarið 2023.

Pálmi Þór Sævarsson, svæðisstjóri Vestursvæðis Vegagerðarinnar, og Óskar Sigvaldason, framkvæmdastjóri Borgarverks ehf., við undirritun samningsins.

Fagna áframhaldandi uppbyggingu

Stykkishólmsbær hefur í ályktun fagnað því að Vegagerðin hafi skrifað undir samning við Borgarverk um áframhaldandi uppbyggingu Skógarstrandarvegar. Bærinn hafi, ásamt fleiri sveitarfélögum á Vesturlandi, ítrekað ályktað um mikilvægi þess að umræddur stofnvegur sé í forgangi við ráðstöfun fjármuna á samgönguáætlun enda sé um að ræða stofnveg samkvæmt skilgreiningu í samgönguáætlun og þannig veg sem er hluti af grunnkerfi samgangna á Íslandi. */MÞÞ*

Garðyrkjuframleiðendur:

Skil á lokauppgjöri

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vekur athygli framleiðenda í garðyrkju á að hver framleiðandi sem hlotið hefur beingreiðslur á árinu 2021 skal skila ráðuneytinu heildaruppgjöri fyrir árið.

Uppgjörið skal senda rafrænt til ráðuneytisins og skal það vera staðfest af löggiltum endurskoðanda í samræmi við 21. gr. reglugerðar um stuðning við garðyrkju nr. 1273/2020.

Einnig er vakin athygli á að fullnægjandi skil á skýrsluhaldi eru skilyrði fyrir beingreiðslum í garðyrkju. Áður en lokauppgjör fer fram er nauðsynlegt að ræktunarupplýsingar liggi fyrir í Jörð.is, gagnagrunn í jarðrækt, í samræmi við 22. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Þá vill ráðuneytið koma því á framfæri að unnið er að einföldun skráningar ræktunarupplýsinga. */VH*

UTAN ÚR HEIMI

Skógareyðing. Cerrado hitabeltisgresjan. Mynd / www.worldwildlife.org

Hitabeltisgresjur Brasilíu:

Stjórnlaus skógareyðing

Þrátt fyrir allt tal stjórnvalda í Brasilíu um verndun skóga sýna loftmyndir að skógareyðing er enn að aukast og að eyðing þeirra er helsta uppspretta losunar gróðurhúsalofttegunda þar í landi.

Skógareyðing í Brasilíu á árinu sem var að líða er sú mesta frá árinu 2015. Mest er eyðingin á hitabeltisgresjum eða savanna-svæðum sem eru sambland af trjám og graslendi. Samkvæmt náttúruverndarsamtökunum World Wildlife Fund eru hitabeltisgresjur Brasilíu með þeim villtu svæðum í heiminum sem njóta minnstu verndar gegn eyðingu til að búa til ræktunarland.

Orsök eyðingarinnar er að það er verið að búa til ræktunarland fyrir soja.

Gríðarleg eyðing

Cerrado hitabeltisgresjan, sem þekur um 20% af Brasilíu, er ekki eins þekkt og Amasonskógurinn, en eyðing hennar er talin vera rúmir 8,5 þúsund ferkílómetrar.

Vist- og náttúrufræðingar í Brasilíu segja eyðinguna mikið áhyggjuefni þar sem náttúra svæðisins sé viðkvæm og með eyðingunni sé verið að losa mikið magn gróðurhúsalofttegunda sem ýti enn frekar undir hækkun lofthita á jörðinni.

Bolsonaro skógardólgur

Heldur dró úr eyðingu Cerrado hitabeltisgresjunnar upp úr 2000 en hún jókst hratt aftur eftir að umhverfissóðinn og skógardólgurinn Jair Bolsonaro tók við embætti forseta Brasilíu.

Bolsonaro hefur leynt og ljóst hvatt til aukinnar matvælaframleiðslu og á sama tíma stutt við aukna skógareyðingu og dregið úr náttúruvernd í landinu.

Viðkvæmt vistkerfi

Svæðið er einnig búsvæði fyrir mikinn fjölda dýra og plöntutegunda sem sumar finnast ekki annars staðar í heiminum.

Verði ekkert að gert verður búið að eyða um ⅓ Cerrado hitabeltisgresjunnar árið 2050. /VH

Bretland:

Mikil aukning í ræktun á vínviði og vínframleiðslu

Ræktun á vínviði og vínframleiðsla á Bretlandseyjum hefur aukist mikið undanfarin ár og er sú grein landbúnaðar sem vex hvað hraðast í landinu um þessar mundir.

Mikil bjartsýni ríkir meðal vínviðarræktenda og vínframleiðenda á Suður-Englandi og til stendur að auka framleiðsluna á næsta ári með því að planta út yfir milljón vínviðarplöntum.

Ber ræktuð í Suður-Englandi þykja góð til vínframleiðslu og hafa meðal annarra franskir vínframleiðendur hoppað á vagninn og hafið ræktun á vínviði Bretlandsmegin við Ermarsund. Í Frakklandi er útlitið aftur á móti ekki eins gott og uppskera á síðasta ári sú minnsta frá árinu 1957. Á það jafnt við um þrúgur, hvort sem þær eru ræktaðar til framleiðslu á hvít-, rauð- eða freyðivíni.

Ræktun á vínvið og vínframleiðsla á Bretlandseyjum hefur aukist mikið undanfarin ár og er sú grein landbúnaðar sem vex hvað hraðast í landinu. Mynd / theenglishvine.co.uk

Hlýnun jarðar

Helsta ástæða þess að hægt er að rækta vínvið með góðum árangri í suðurhéruðum Englands er hlýnun jarðar og hækkandi lofthiti í Kent og Wales.

Aukinn lofthiti hefur leitt til þess að yrki sem áður þrifust vel í Frakklandi gera það ekki lengur og nú er svo komið að yrkin þrífast betur í suðurhéruðum Bretlands og jafnvel á Skáni í Svíþjóð. Vegna þess eru vínviðarbændur í Frakklandi norðanverðu farnir að leita að yrkjum sunnar í Evrópu til ræktunar.

Fylgifiskur aukins hita í Frakklandi eru óværur eins og skordýr og sveppir sem herja á plönturnar og draga úr uppskeru og gæðum vínanna.

Framræktun vínviðaryrkja og betri tækni til að ákvarða sykurinnihald vínþrúga og hvenær best er að tína þær hefur einnig mikið að segja um aukinn árangur Breta við vínframleiðslu.

Breskir vínframleiðendur selja freyðivín til um 30 landa og er talið að í lok þessa áratugar verði léttvínsframleiðsla, hvítt, rautt og freyðandi, í landinu komin í um 20 milljón flöskur á ári. Mynd / www.winealchemy.co.uk.

Breskt freyðivín á markaði frá 2018

Stærstu vínekrur Bretlandseyja í dag eru rúmir 160 hektarar að stærð og kom fyrsta freyðivínið frá þeirri ræktun á markað 2018. Miklar vonir eru bundnar við freyðivínið og að það verði næsti tískudrykkur á Bretlandseyjum og að útflutningur á öðrum vínum aukist. Vínframleiðsla í Bretlandi jókst úr 1,34 milljón flöskum árið 2009 í 1,56 milljón flöskur árið 2018. Í dag selja breskir vínframleiðendur freyðivín til um 30 landa og er talið að í lok þessa áratugar verði léttvínsframleiðsla, hvítt, rautt og freyðandi, í landinu komin í um 20 milljón flöskur á ári. /VH

Dekkjafyrirtækið Goodyear er ávallt með puttann á púlsinum:

Kitlandi uppfinningar fyrri áratuga

Í Bandaríkjunum á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar blómstruðu auglýsingar ætluðum sjálfstæði kvenna, meðal annars þegar eiginmenn voru hvattir til að kaupa bifreiðir í samstæðum lit við spari-dress sinnar heittelskuðu svo hún liti sem best út í bílferðum sínum og þá notið sín hvað best við akstur.

Bílar urðu á margan hátt framlenging á persónuleika manna og vinsælt varð að panta á þeim breytingar sem gerðu bifreiðirnar persónulegri, oft meira áberandi og jafnvel eftirsóknarverðari.

Dekkjafyrirtækið Goodyear Tire & Rubber Co., sem var stofnað í Ohio árið 1898, fór ekki varhluta af þessum áhuga fólks og hóf í kjölfarið, árið 1962, að gera tilraunir með lituð bíldekk – sem eðlilega snertu við mörgum er vildu vera áberandi.

Bílinn Golden Sahara II mátti m.a. sjá í kvikmyndinni Cinderfella þar sem Jerry Lewis fór á kostum. Mynd / Úr myndbandi

Hálfgagnsæ dekk

Einn helsti efnafræðingur Goodyear á þessum tíma, William Larsson, í samstarfi við félaga sinn, Anthony Finelli, fann upp efnasamband (Neothane) sem gerði mögulega framleiðslu hálfgagnsærra dekkja sem hægt var að fá í flóru af litum. Samkvæmt John J. Hartz, þróunarstjóra Goodyear, var í raun hægt að framleiða dekkin í þeim lit er fólk kaus, hvort sem væri þá til að hafa þau í stíl við spariklæðnað kaupenda eða annars. Lét hann hafa eftir sér að „... einhvern tíma gæti eiginkona sagt við mann sinn: „Charlie, farðu út og skiptu um dekk. Ég er í blaa kjólnum mínum í kvöld.“

En í raun það sem gerði hjólbarðana hvað mest töfrandi var að með ítarlegri hönnun og vinnslu gátu verkfræðingar tengt átján stykki af ljósaperum í miðju dekksins sem mynduðu skæran ljóma gegnum gegnsætt litað gúmmíið.

Dekk Goodyear vöktu mikinn áhuga almennings og er talsmenn fyrirtækisins settu rauðan lýsandi umgang dekkja á Dodge Polara bifreið sem þeir óku um miðbæ Miami ráku gangandi vegfarendur upp stór augu. Sömu auglýsingataktík héldu þeir til streitu á Manhattan þar sem Chrysler Silver 300 var ekið um göturnar, almenningi til mikillar undrunar og einlægs áhuga.

Golden Sahara II

En dekkin fóru aldrei formlega í sölu. Hins vegar var bílahönnuði nokkrum, Jim „Street“ Skonzakes að nafni, gefið leyfi til að eiga sett af dekkjunum. Hann setti þau á smíð sína, bíl af tegundinni Golden Sahara II, sem var bæði framúrstefnulegur og yfirdrifinn að öllu leyti. Til gamans má geta að í honum voru titrandi nuddsæti, gylltur snúrusími (auk þess sem 24 karata gylling fannst á öllum mögulegum stöðum, sjálflokandi skott, vínbar …. auk þess að vera bryddaður minkaskinni að innanverðu – en þetta var á sjöunda áratugnum þar sem áður upptaldir hlutir þykja ekki jafn sjálfsagðir og í dag. Nú, almenningur elskaði bílinn og dekkin.

En eins og áður sagði fóru dekkin aldrei í almenna framleiðslu. Sérsniðna raflögn hefði þurft í þá bíla sem óskuðu eftir ásetningu slíkra dekkja, auk þess sem þau voru afar óhagkvæm.

Efni þeirra veitti hvorki nægjanlegt grip við almennan akstur, ekki var hægt að bremsa skyndilega vegna þess að við slíkt myndaðist hiti sem fór illa með gerviefni dekkjanna, auk þess sem eftir nokkurra km akstur myndi draga úr lýsingunni vegna slits dekkja og mögulegra óhreininda á þeim.

Eftir stendur þó lýsandi dæmi þess hugvits og framsækni hönnuða er voru óhræddir að standa skrefi framar.

/SP

Eagle-360 dekk Goodyear:

Að finna upp hjólið

Þar sem fyrirtækið Goodyear virðist ávallt vera feti framar en aðrir er rétt að kynna til sögu uppfinningu sem er gaman að fylgjast með.

Eagle-360 dekkin voru valin ein besta uppfinning ársins 2016 af forsvarsmönnum fréttamiðilsins Time og var hún kynnt á eftirfarandi hátt: „Á meðan fyrirtæki bílaiðnaðar keppast við að þróa sjálfkeyrandi bíla þróar fyrirtæki Goodyear dekkin sín.

Stærsta, eða að minnsta kosti augljósasta, breytingin er sú að í stað hefðbundins dekkjaforms eru þau nú kúlulaga. Að auki, með aðstoð gervigreindar, er bílnum til dæmis kleift að aka til hliðar inn í samhliða bílastæði, snúast í hvaða gráðu að vild og geta aukið eða minnkað hraða til að vinna gegn torfæru yfirborði.

Segulsveifla kúlulaga dekkja

Lykillinn, sagði Sebastien Fontaine, iðnhönnuður hjá Goodyear, er segulsveifla: á meðan hefðbundin dekk eru boltuð á bíla, sveima kúlulaga Eagle-360 dekkin undir þeim, laus við takmörk [hefðbundins] stýris.

Vissulega munu þessi dekk ekki fara í sölu nærri því strax, þau eru ætluð sjálfkeyrandi bílum sem líklega eru að minnsta kosti fimm ár í burtu. Til þess að breyta stöðunni, segir Fontaine, „þurfum við mismunandi fyrirtæki í lið með okkur með það fyrir augum að vinna að þessu saman“.

En þetta var árið 2016. Samkvæmt vefsíðu Goodyear hefur nú fyrirtækið í samvinnu við franska framleiðanda Citroën-bifreiða þróað það sem mun að öllum líkindum vera forveri framtíðarfarartækja.

Autonomous Mobility Vision er hugmynd Citroën-fyrirtækisins um þróun hreyfanleika er kemur að farartækjum. Byggir hún á farartæki – enn sem komið er í raun undirlagi eða grind – sem kallast Citroën Skate – sem með ásettum dekkjunum Eagle-360, er afar lipurt í meðförum og lætur auðveldlega að stjórn.

Fjórfalt stærri slitlagsflötur

Hans Vrijsen, einn framkvæmdastjóra Goodyear, tekur fram að vegna kúlulögunar dekkjanna er slitlagsflötur þeirra fjórfalt stærri en venjulegt er, auk þess að njóta aukinnar drægni og stöðugs grips allra akstursátta. Eagle-360 dekkin hafa einnig þann eiginleika að haldast stíf á meðan veður er þurrt, en sexhyrnt mynstur þeirra dregur í sig vatn í rökum aðstæðum, mýkist og veitir þannig betra grip í bleytu. Með aðstoð gervigreindar les dekkið sem sé í aðstæður og lagar sig að þeim.

„Þróun þessara dekkja er meðal þess sem við hjá Goodyear teljum grundvöll nýsköpunarfyrirtækis eins og okkar, en við höfum ætíð haft það í fyrirrúmi að vera framarlega í þróun nýrrar, byltingarkenndrar þjónustu,“ sagði Vrijsen að lokum. „Okkur er heiður að hafa átt í samstarfi við Citroën um þetta einstaka verkefni, hafa þannig tekið fleiri skref í hugmyndavinnu okkar varðandi dekkjahönnun framtíðarinnar og sjáum fyrir okkur að halda ótrauðir áfram.“ */SP*

Goodyear í samvinnu við franska fyrirtækið Citroën þróaði það sem kallast Autonomous Mobility Vision og er forveri farartækja framtíðarinnar.

HECHT 9666
Snjóblásari á beltum
Verð 319.000 kr.

HECHT
Rafmagnsfjórhjól
Götuskráð verð 650.000 kr.

FLIEGL ADS
Skítadreifari frá
6 til 20 tonna
Stimpilvagn /PUSH-OFF

RAG import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502

Ingersoll Rand

LOFTPRESSUR
Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Við bjóðum upp á allar stærðir
og gerðir af **Ingersoll Rand** loftpressum.

Mjög hjóðlátar og einfaldar í viðhaldi.

Bjóðum upp á þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutaþjónustu.

Gerðu kröfur - hafðu samband við Gunnar
í síma **590 5135** og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR

K7000 Ring 27cm
Sögunardýpt 27cm

FS400 LV
Sögunardýpt 16,5cm

Steinsagarblöð
og kjarnaborar

DM400 kjarnaborvél
Hámark: 350mm

LF75 LAT
Jarðvegsþjappa
Þjöppuþyngd 97 kg
Plata 50x57cm

Husqvarna K770
Sögunardýpt 12,5cm

Husqvarna

MHG VERSLUN

Allt fyrir atvinnumanninn

Steinsagir – Kjarnaborvélar – Gólfsagir

MHG Verslun ehf / Víkurhvarfi 8 / 203 Kópavogi / S: 544-4656 / mhg.is

LÍF & STARF

Áhrif hinnar þýskættuðu Undínu:

Yfirlit ætternis Litlu hafmeyjunnar

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

Litla hafmeyjan, eitt af þjóðartáknum Danaveldis og sögupersóna hins kunna ævintýris þjóðskáldsins H.C. Andersen, var mótuð í brons árið 1837 af listamanninum Edvard Eriksen.

Var henni svo komið fyrir við sjávarmálið skammt frá Löngulínu árið 1913. Sagan hermir að Carl Jacobsen nokkur, sonur stofnanda Carlsberg-bruggverksmiðjunnar, hafi kvöld eitt setið í konunglega danska leikhúsinu og orðið fyrir miklum hughrifum er hann fylgdist með ballettsýningu um ævintýrið.

Aðaldansmeyjan, Ellen Price, var á þeim tíma þekkt fyrir mikinn þokka og útgeislun auk danshæfileika sinna og innti Carl hana þess að vera fyrirmynd styttunnar er hún yrði steypt. Ellen var sátt við að andlit hennar og höfuð hafmeyjunnar yrði mótað eftir hennar eigin en þar sem hún vildi ekki sitja fyrir nakin varð úr að eiginkona myndhöggvarans, Eline Eriksen, yrði fyrirmyndin að líkama Litlu hafmeyjunnar.

Af ísfirskum ættum

Gaman er að segja frá því að myndhöggvari og listamaður styttunnar, Edvard Eriksen, var af íslenskum ættum. Móðir hans var frú Svanfríður Magnúsdóttir frá Langadal í Ísafjarðardjúpi, sem giftist dönskum skósmið, Martin August Eriksen. Edvard var listfengur og vel metinn myndhöggvari, krýndur aðalstign danska ríkisins árið 1932 fyrir verk sín.

Listáhugi Carls Jacobsen var annars vel þekktur. Hann var mikill listunnandi og varði mestum hluta tekna sinna til kaupa á listaverkum, enda safn hans talið á heimsmælikvarða. Eftir að hafa tekið við bruggverskmiðju föður síns réði hann til verka fremstu dönsku arkitekta þess tíma, þar á meðal Vilhelm Dahlerup sem hannaði byggingarnar af mikilli vandvirkni, með áherslu á smáatriði. Jafnfram var Carl örlátur á að láta smíða og gefa verk þau er skreyttu Kaupmannahöfn, en auk Litlu hafmeyjunnar má nefna Gefjunargosbrunninn sem er fagurlega á lítandi gosbrunnur þar sem gyðjan Gefjun og naut hennar eru í aðalhlutverki.

Áhrif Undínu

Hvað varðar ævintýrið hans H.C. Andersen herma sögur að hann hafi orðið fyrir sterkum áhrifum sögunnar um hana Undínu, sem er ævintýri eftir þýskan rithöfund, Friedrich de la Motte Fouqué.

Sagan sú var skrifuð í rómantískum stíl árið 1811, en aðalsögupersónan, Undína, er vatnagyðja sem giftist riddaranum Huldebrand í skiptum fyrir að öðlast sál. Ástir þeirra eru í takt við þá sem aldrei mega unnast, en ólíkt Litlu hafmeyjunni, verður Undína völd að andláti manns síns.

Nokkuð er svo um að fleiri hafmeyjur hafi litið dagsins ljós. Helst er að nefna eftirmynd Litlu hafmeyjunnar sem sett var upp í bandaríska bænum Greenville, Michigan árið 1994 til þess að fagna danskri arfleifð bæjarins. Ekki fór betur en svo að árið 2009 var bærinn krafinn um leyfisgjald og því haldið fram að verið væri að brjóta gegn höfundarrétti Edvards Eriksen.

Þó er bandaríska hafmeyjan helmingi stærri en sú upprunalega auk þess að hafa annað andlit og státa af mun stærri brjóstum. Eitthvað voru málaferlin að velkjast í kerfinu og krafan að lokum felld niður.

Nágrannar þeirra, Kanadamenn, höfðu áður, árið 1972, viljað skreyta bæ sinn, Bresku Kólumbíu, í Vancouver, hafmeyjunni víðfrægu en fengu ekki leyfi frá Kaupmannahöfn til þess að endurskapa styttuna. Þeir tóku þá til þess ráðs að móta styttu af kvenkyns kafara (Girl in a Wetsuit eftir listamanninn Elek Imredy) og eru afar ánægðir með þá fögru sýn.

Ódauðleg ást og virðing

Nú, tilbrigði við styttuna af Litlu hafmeyjunni má einnig finna í furstadæminu Mónakó þar sem hún horfir yfir Larvotto ströndina. Hún var gerð úr nokkrum lögum af málmi árið 2000, til virðingar þeim Dönum sem búa í Mónakó og til minningar um 50 ára stjórnartíð prinsins Rainier III sem nú er látinn.

Á Ítalíu má svo finna fleiri en eina styttu er svipa til Litlu hafmeyjunnar. Sú sem þekktust er, Penelope að nafni, stendur nú sem minnisvarði ódauðlegrar ástar og hafa ófá brúðkaupin verið haldin við stall hennar. Fullt nafn hennar er Penelope of Senigallia, og er hún almennt kölluð „Litla hafmeyjan í Senigallia“. Rétt eins og Litla hafmeyjan er tákn Danmerkur og Kaupmannahafnar er Penelope orðin tákn Senigallíu. Styttan var búin til af listamanninum Gianni Guerro og vígð sem gjöf hans til borgarinnar í júlí 2004. Hún er fulltrúi Penelope (eiginkonu Ódysseifs Hómers), sem þráir og bíður eftir endurkomu eiginmanns síns í 20 ár. Mætti segja að í raun táknar styttan alla þá elskendur sem eru aðskildir og bíða eftir endurkomu hins.

Svo við förum nú aðeins hinuum megin á hnötttinn á Litla hafmeyjan víst skyldmenni þar líka. Styttan Pania of the Reef á nýsjálensku ströndinni Napier var afhjúpuð almenningi árið 1954 og segir sagan að Pania þessi hafi, líkt og Litla hafmeyjan, átt í nánu sambandi við mennskan mann. Þau eignuðust dreng sem hlaut nafnið Moremore og gegnir nú hlutverki verndara sjávarins við ströndina. Birtist hún eyjaskeggjum vanalega í líki hákarls, kolkrabba eða skötu. Móðir hans, Pania, líkt og Litla hafmeyjan, kýs að lokum að snúa aftur til lífsins í hafinu með trega í brjósti. En þetta eru nokkur dæmi hafmeyja á heimsvísu.

Sú litla leggur land undir fót

Litla hafmeyjan hins vegar, þó rótföst sé á steininum sínum, ferðaðist alla leið til Sjanghæ árið 2010 þegar Heimssýningin átti sér þar stað. Var verkið flutt austur á bóginn í maí 2010 og var í Kína þar til 20. nóvember sama ár. Meðan á ferðalagi hennar stóð var settur upp stór skjár í fjöruborðinu þar sem hægt var að fylgjast með henni í beinni útsendingu erlendis frá.

Mátti sjá Litlu hafmeyjuna sitja þar á klettinum sínum í saltvatnstjörn, miðpunktur danska skála sýningarinnar. Rétt er að geta þess að téð saltvatn kom að sjálfsögðu beint úr dönskum sjó. /SP

Hér að ofan má sjá kanadísku styttuna Girl in a Wetsuit eftir listamanninn Elek Imredy, tilbrigði við Litlu Hafmeyjuna. Myndir / Wikipedia

Pania of the Reef, nýsjálensk hafmeyja er á sér sitt eigið ævintýri.

Hafmeyjan Penelope frá ítölsku borginni Senigallia er táknmynd ódauðlegrar ástar og hafa ófáar ástarjátningarnar farið fram við stall hennar. Hún er þó ekki hafmeyja að uppruna, en þekkt sem slík.

SAGA & MENNING


D-a-g-b-ó-k
Byrjuð 1. jan. 1913.
Skrifuð eftir
Guðjón F. Davíðsson
frá Álfadal
Núverandi að Hvanneyri í Borgarfirði
I. bindi

Forsíða dagbókar Guðjóns F. Davíðssonar frá Álfadal á Ingjaldssandi.

Sögubrot um búfræðslu 1:

Að halda dagbók

Hluti af verknámi við búnaðarskólana var að halda dagbók. Í hana skyldi færa orð um það sem gert var á hverjum degi, auk veðurlýsingar. Lýsa skyldi helstu verkum, gjarnan með því að setja þau í búfræðilegt samhengi. Krafan um dagbókarfærslu var fyrst og fremst tengd verklegu námi. Þess vegna er færsla dagbókar t.d. hluti af verklega búnaðarnáminu á Hvanneyri enn í dag.

Dagbækur búfræðinema frá fyrri tíð hafa allnokkrar varðveist, bæði í fórum afkomenda þeirra og í skjalasöfnum. Ófáar þeirra hafa meðal annars borist aftur að Hvanneyri. Þær elstu eru frá fyrsta tug síðustu aldar. Margar bókanna eru hinar ágætustu heimildir um líf og starf í skólanum. Í fæstum tilvikum er þó fjallað um einkahagi skrifaranna, hvað þá hugsanir þeirra eða tilfinningar, enda ekki til þess ætlast.

Gaman er að lesa dagbækur skólafélaga og að sjá hvernig sama viðfangsefnið var séð mismunandi augum. Hver lýsir því eins og það kom honum fyrir sjónir: Einum verður það stóratburður sem annar getur um í framhjáhlaupi eða sleppir alveg. Sumar dagbókanna eru listilega vel skrifaðar. Það sama á við stílinn sem hjá sumum, þó ungum að árum, er skýr og þéttur.

Vitað er að krafan um færslu dagbókar í búnaðarnáminu varð til þess að ýmsir nemendur kusu að halda dagbókarskrifunum áfram að námi loknu. Þannig hafa jafnvel orðið til áratuga langar frásagnir einstaklinga af ævum þeirra, leikjum og störfum. Fæstar þeirra hafa komið fyrir almenningssjónir, enda ekki hugsun skrifaranna að svo yrði. Í gömlum dagbókum liggur víða mikil saga. Á síðari árum hefur kviknað áhugi á að rannsaka þennan þátt íslenskrar menningar. Má þar nefna merkilegt fræðastarf Sigurðar Gylfa Magnússonar prófessors, frumkvöðuls í rannsóknum á sviði einsögu, sem svo er nefnd, en í þeim rannsóknum eru dagbækur einstaklinga, gjarnan alþýðufólks, mikilvægt hráefni.

Með pistli þessum vildi ég vekja athygli á tilvist og gildi dagbókarskrifa búfræðinema fyrri tíðar og hvetja þá, sem slík gögn hafa undir höndum, að sjá til þess að þau komist í verðuga varðveislu – á skjalasafni byggðarlagsins/landsins eða í skjalasafni Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.

Bjarni Guðmundsson


21. Miðvikudagur. Hvast vedur og bjart, gladda sólskyn i morgun, þegar vid komum á fætur. Mjög mikil brenfing á vedrinu i dag til bafnadar frá þvi sem verid hefir undanfarna daga. Mjög heitt i dag 14° hadst. Þegar leid ad midaftan fór ad dragan i loft, og gerdi svolitla skúr. Blidu vedur i kvöld, og altheyjadloft. Julius fór upp ad kvistadum ad sækja ylsteinbonuna fyrir P.Z. Dregid á i Andakylsá i dag: E.J., P.Z., J.H. og meidur 12 silunga 1 lagt.

Úr dagbók Níelsar Hallgrímssonar frá Grímsstöðum í Mýrasýslu.

VÍKURVAGNAR EHF.
MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA
RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS

STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

EYJALIND
Belti og undirvagnshlutir

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

AJ Power
ALLAR STÆRÐIR AF
AJ RAFSTÖÐVUM
Opnar stöðvar | Stöðvar í húsi
Stöðvar í gám | Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira | Öflug og góð þjónusta

Gerðu kröfur - hafðu samband við Karl í síma 590 5125 og kynntu þér þína möguleika.
KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is
KLETTUR

Einföld plöntupressa.

Þurrkuð plöntusöfn:

Herbarium Islandicum

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Þegar talað er um þurrkuð plöntusöfn getur verið um að ræða plöntuhluta eða heilar plöntur sem hefur verið safnað, þær þurrkaðar og oftast settar upp á pappír til varðveislu og rannsókna. Í öðrum tilfellum eru varðveitt eintök geymd í umslögum eða kössum og á það oft við um söfn af mosum og sveppum.

Við fyrstu sýn kunna þurrkaðar plöntur sem festar eru á blað ekki virst mikið fyrir augað, hvað þá að þær kunni að geyma mikilvægar vísindalegar upplýsingar. Raunin er reyndar sú að í fallega uppsettu plöntusafni sameinast listir og vísindi og það er eitthvað rómantískt við það.

Sjálfur man ég, sem nemi við grasagarðinn í Kew, að mér var rétt sýni, sem við nánari skoðun kom í ljós að var hluti að safni Charles Darwin, sem hann þurrkaði og setti upp í ferð sinni með Beagle til Galapagoseyja árið 1835. Fyrir mér var þetta eins og að vera með málverk eftir Van Gogh milli handanna.

Herbarium Islandicum Stefáns Stefánssonar. Mynd / ÁHB

Plantae islandicae Jóns Rögnvaldssonar. Mynd / ÁHB

Hrafnafífa og ilmbjörk. Myndir / VH

Upphaflega var heitið herbarium notað yfir bækur um lækningamátt plantna en í kringum aldamótin 1700 notaði franski grasafræðingurinn Joseph Pittin de Tournefort það til að lýsa þurrkuðum plöntusöfnum og er heitið notað á mörgum tungumálum. Heitið xylarium er notað yfir söfn viðartegunda, fungarium yfir sveppasöfn og hortorium yfir plöntusöfn sem tengjast garðyrkju og ræktun.

Horti sicci

Þurrkuð plöntusöfn eiga sér langa sögu en upphaf þeirra er rakið til Ítalíu og þess sem var kallað Horti sicci sem þýðir þurr garður. Safn ítalska læknisins og grasafræðingsins Luca Ghin (1490 til 1556) frá 1544 er elsta plöntusafn sem til eru um heimildir en því miður er safnið glatað. Aftur á móti er safn Gheranrdo Cibo (1512 til 1600), nemanda Ghin, enn til og varðveitt í Róm.

Framan af voru uppsettar plöntur á pappír bundnar saman í bækur en Svíinn Carl von Linné (1707 til 1778) mun hafa verið með þeim fyrstu til að geyma blöðin í lausu í rekkum eða skúffum til að hægara væri að skoða hverja plöntu.

Gildi plöntusafna

Vinsældir grasafræði hafa farið dalandi undanfarna áratugi og víða í háskólum um heim hefur deildum sem sinna fræðigreininni verið lokað og fjárskortur leitt til þess að merkileg plöntusöfn liggja undir skemmdum eða hefur verið fargað. Á sama tíma hefur verðmæti góðra plöntusafna aukist.

Gríðarleg vinna liggur að baki góðu vísindalegu plöntusafni, söfnun, greining, þurrkun og uppsetning, auk þess sem geymsla á stórum söfnum er plássfrek og þarfnast sérstaks húsnæðis ef vel á að vera.

Eftirspurn eftir þurrkuðum plöntum og þá sérstaklega eldri söfnum er að aukast víða um heim.

Hluti af grasasafni Kew grasagarðsins.

Þar sem fáir eru að safna plöntum vantar víða tegundir inn í stór söfn og verð á þeim hefur verið að hækka og dæmi um að plöntusafn hafi selst fyrir gott íbúðarverð hér á landi.

Gildi þurrkaðra plöntusafna er gríðarlegt og ekki síst nú á tímum þegar líffræðileg fjölbreytni flórunnar er á undanhaldi, en dæmi eru um að sýnishorn af plöntum sem hafa dáið út séu varðveitt í plöntusöfnum. Þurrkaðar plöntur hafa því ótvírætt vísindalegt gildi þar sem þær varðveita útlit og lögun plantnanna og ekki síst erfðaefni þeirra. Auk þess sem herbarium-söfn eru notuð til að greina tegundir, rannsóknir á erfðaefni, kanna útbreiðslu plantna og þegar ákvarðanir um verndun svæða eru teknar og við kennslu.

Þurrkuð plöntusöfn og upplýsingarnar sem þeim fylgja, að lágmarki fundarstaður og dagsetning fundar, geta veitt mikilvægar upplýsingar um breytingar á gróðurfari og flóru vegna loftslagsbreytinga og annarra breytinga á vistkerfinu.

Gildi safnanna er ekki síst mikið ef það inniheldur það sem er kallað „type species“, eða nafneintak, sem notað hefur verið til að greina

Ágúst H. Bjarnason grasafræðingur. Mynd / VH

Stærsta plöntusafn í einkaeigu á Íslandi

Áhugasamir einstaklingar og fræðimenn á sviði grasafræðinnar hafa verið drjúgir við að safna og þurrka plöntur og oftar en ekki eru slík einkasöfn undirstaða opinberra safna.

Ágúst H. Bjarnason grasafræðingur á að líkindum stærsta einkasafn hérlendis af þurrkuðum háplöntum og mosum. „Ég er langt kominn með að skrá safnið en þó ekki allt og svo á ég eftir að setja upp plönturnar sem ég safnaði síðastliðið sumar.“ Í safni Ágústs eru að hans sögn nokkur þúsund háplöntur, auk þess sem hann á líka stórt safn af mosum. „Ég á líklega 99,9% af öllum villtum háplöntum sem finnast á landinu, eftir því hvernig maður flokkar í tegundir, auk þess sem ég hef safnað slæðingum og einni og einni garðplöntu en þær eru ekki margar.“

Leiðbeiningar um plöntusöfnun eftir Ágúst H. Bjarnason.

Ágúst segir að gildi grasasafna sé gífurlega mikið. „Í fyrsta lagi má nota þurrkaðar plöntur til samanburðar þar sem söfnin geta geymst í margar aldir. Söfnin geta einnig sagt til um hvaða breytingar hafa átt sér stað á flóru ákveðinna svæða og svo gerir erfðatæknin það að verkum að hægt er að greina tegundir nákvæmar en áður.“

tegundina. Vegna þessa eru mörg gömul grasasöfn mikilvæg ef upp kemur ágreiningur um greiningu tegunda.

Plöntusöfn víða um heim

Sem betur fer eru enn til myndarleg grasasöfn. Stærst slíkra er safnið í náttúrugripasafninu í París og telur það um 9,5 milljón eintök, í safni Kew grasagarðsins í London eru um sjö milljón eintök.

Stærstu söfnin í Bandaríkjum Norður-Ameríku er að finna í grasagarðinum í Bronx í New York, um 7,2 milljón eintök, og í grasasafni Missuouri háskóla, 6,2 milljónir, og síðan safn Harvard háskóla, sem telur ríflega fimm milljón sýnishorn af þurrkuðum plöntum.

Auk þess eru til stór söfn í Afríku, Suður-Ameríku, Asíu og ýmsum löndum sem sérhæfa sig í söfnun plantna frá ákveðunum svæðum. Í flestum plöntusöfnum er tegundum raðað saman og síðan eftir ættkvíslum til að auðvelda aðgang að þeim.

Mörg þessara safna ásamt upplýsingum um hverja plöntu fyrir sig eru aðgengileg til skoðunar á netinu.

Söfn Náttúrufræðistofnunar Íslands

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands eru varðveitt um 200 þúsund eintök af há- og lágplöntum, mosum, fléttum, þörungum og sveppum, í plöntusöfnum stofnunarinnar og þar af eru rúmlega 150 þúsund skráð í gagnagrunna.

Söfnunum er skipt eftir lífveruhópum í safn æðplantna, mosa, fléttna, sveppa og þörunga. Safneintök eru varðveitt þurrkuð og innihalda söfnin stóran hluta íslenskra tegunda. Tilgangur safnanna er að varðveita eintök allra íslenskra plöntu- og sveppategunda til að sýna breytileika þeirra og útbreiðslu. Söfnin eru einkum nýtt við rannsóknir í flokkunarfræði, líflandafræði og þróunarsögu.

Plöntu- og sveppasöfn Náttúrufræðistofnunar eru skráð í gagnagrunn samkvæmt alþjóðlegum Darwin Core-staðli sem er notaður til að deila upplýsingum tengdum líffræðilegum fjölbreytileika. Hægt er að nálgast hluta af gögnunum, þar á meðal lýsingu á tegundum og útbreiðslu þeirra, á staðreyndasíðum í flokkunarkerfi lífríkis og á vefnum Flóra Íslands. Þeim er einnig miðlað á erlendum vefjum eins og Global Biodiversity Information Facility og Encyclopedia of Life.

Hvað á að geyma og hvernig?

Til þess að plöntur í plöntusafni nýtist sem best er mikilvægt að allir hlutar hennar, rót, stöngull, blöð, blóm, aldin og fræ, fylgi með. Þetta er vel mögulegt þegar um minni plöntur er að ræða en hvað varðar stórar plöntur og tré verður stundum að láta sér nægja hluta þeirra og þá helst sýnishorn af sem flestum hlutum.

Þegar plöntur eru teknar til varðveislu í þurrkuð plöntusöfn er gott, ef hægt er, að greina viðkomandi plöntu fyrst. Best er safna í þurru veðri á þeim tíma sem plantan er með fulla safaspennu svo hún haldi lögun sinni sem best. Eftir að planta er tekin upp er hún lögð á pappír, helst þerripappír, þannig að lögun hennar sjáist vel. Því næst er annar pappír settur ofan á og samlokan sett í plöntupressu eða undir farg, milli tréplatna, og nauðsynlegt er að skipta um pappír að minnsta kosti einu sinni á sólarhring fyrst um sinn.

Flórumiðar úr safni Ágústs H. Bjarnasonar grasafræðings. Mynd / ÁHB

Xylarium viðarsafn.

Að lokum, eftir að planta er orðin þurr, er hún fest á þokkalega stífan pappír af stærðinni A3 eða A4 með pappírsræmu með límí á endunum sem lögð er þéttingsfast yfir ólíka plöntuhluta. Einnig er hægt að sauma þykka plöntuhluta við pappírinn með góðum þræði.

Upplýsingar með heiti plöntunnar, fundarstað, dagsetningu fundarins, nafni finnanda og annað sem safnandinn vill að komi fram, er síðan skráð á merki- eða flórumiða sem límdir eru á örkina með plöntunni. Arkirnar eru best geymdar í öskjum og ekki of margar ofan á hver annarri. Í eina tíð áttu margir plöntusafnarar sína persónulegu og sérprentuðu flórumiða sem merktir voru með nafni.

Hluti af sveppasafni Kew grasagarðsins.

Nafneintak úr plöntusafni Kew grasagarðsins. Charles Darwin þurrkaði og setti plöntuna upp í ferð sinni til Galapagoseyja árið 1835.

Plöntusafn garðyrkjunema

Nemendum Garðyrkjuskólans á Reykjum er gert að skila litlu plöntusafni með 40 tegundum af villtum íslenskum plöntum, 20 tegundum af trjám og runnum og 20 tegundum af garðblómum, 10 af sumarblómum og 10 af fjölærum jurtum, sem hluta af áfanga sem kallast Flóra Íslands.

Vísindin á tímamótum hvað varðar plöntusöfn

Ólíkt því sem gert var fyrr á tímum, þegar menn voru að kynnast flóru landsins og söfnuðu sem flestum tegundum, þá er söfnunin sérhæfðari í dag og tengist oft ákveðnum verkefnum. Unnið er að því að taka myndir af öllum plöntunum í safni Náttúrufræðistofnunar Íslands og koma þeim á netið.

Dr. Starri Heiðmarsson, fléttufræðingur og starfsmaður Náttúrufræðistofnunar Íslands, er einn af umsjónarmönnum plöntusafna Náttúrufræðistofnunar. „Mín aðkoma er mest að fléttuhluta safnsins en aðrir sem gæta sveppanna og æðplantnanna og er hluti safnsins varðveittur á höfuðborgarsvæðinu en hluti þess á Akureyri.“

Söfnun í dag yfirleitt tengd verkefnum

„Ég gæti trúað að um hundrað ný eintök að meðaltali bættust við safnið á ári en fjöldinn tengist því hvort verið er að vinna verkefni sem krefjast þess að tekin séu eintök til varðveislu.

Undanfarin ár höfum við fengið styrk til að ráða námsmenn í sumarvinnu til að vinna í safninu og það hefur flýtt vinnunni við frágang safnanna mikið. Þá er einnig búið að taka myndir af nánast öllum æðplöntusýnum sem geymd eru á Akureyri og þær verða gerðar aðgengilegar á netinu fyrr en seinna. Frumkvæði að myndun æðplöntusýnanna á umsjónarmaður æðplöntusafnsins, Pawel Wasowicz. Eins og uppsetningu safnanna er háttað í dag þá er tegundum raðað saman eftir landshlutum til að auðvelda aðgengi að einstaka tegundum.“

Elsta sýni sem varðveitt er á Akureyri er af slíðrastör úr safni Stefáns Stefánssonar. Myndir / Náttúrufræðistofnun.

Starri segir að ólíkt því sem gert var fyrr á tímum, þegar menn voru að kynnast flóru landsins og söfnuðu sem flestum tegundum, þá sé söfnunin sérhæfðari í dag. „Sem dæmi um söfnunarverkefni sem var í gangi fyrir tveimur árum, þá var farið víða um land og safnað birkisýnum til erfðafræðilegrar raðgreiningar vegna rannsóknar á tengslum milli stofna birkis í ólíkum landshlutum en niðurstöðurnar nýtast einnig við rannsóknir á landnámi birkis á Skeiðarársandi.“

Söfnin notuð við flokkun

„Að mínu mati er ástand safnanna í lagi og þau geymd við viðunandi aðstæður og þess gætt að raka- og hitastig sé í lagi og safnið syðra er geymt í sérstakri og þartilgerðri geymslu.“ Starri segir að nokkuð sé um að fræðimenn komi til að skoða eintök í söfnunum, auk þess sem talsvert er um að eintök séu send erlendis til láns vegna rannsókna.

Dr. Starri Heiðmarsson, fléttufræðingur og starfsmaður Náttúrufræðistofnunar Íslands.

„Þeir sem hafa mestan áhuga á grasasöfnum eru flokkunarfræðingar sem eru að skoða tengsl milli tegunda og hvernig á að afmarka tegundir. Vinna við flokkun plantna er oft unnin í frekar hægum takti og það kemur fyrir að við fáum til baka eintök sem hafa verið í útláni í tíu til fimmtán ár. Sem dæmi þá sendum við einu sinni öll eintökin okkar af maríustökkum til Svíþjóðar til láns vegna vinnu við norrænu flóruna.“

Á þröskuldi nýrra tíma

Starri telur að við stöndum á þröskuldi nýrra tíma hvað varðar vísindaleg plöntusöfn. „Söfnin eru ekki síður mikilvæg í dag en fyrir hundrað árum þegar kemur að greiningu tegunda og nauðsynlegt að það sé alltaf nafn- eða frumsýni til staðar í alvöru safni til að hægt sé að bera saman eintök.

Gallinn við erfðafræðilegar greiningar, einkum á umhverfissýnum, er að þeir sem sjá um greininguna eru oft sérhæfðir sameindafræðingar, en til að hægt sé að sannreyna hvaða tegund kjarnsýruröðin tilheyrir þá er nauðsynlegt að kennisýni séu til staðar. Oft eru tegundirnar sem kjarnsýruraðirnar eru taldar tilheyra ákvarðaðar með hjálp alþjóðlegra gagnagrunna yfir sameindafræðileg gögn án þess að vera tengdar kennisýni sem varðveitt er í vísindalegu safni og hægt er að sannreyna.“

Elstu plöntusýnin varðveitt í Kaupmannahöfn

Áhugi á flóru Íslands á sér talsvert langa sögu og eflaust hafa bæði enskir og danskir náttúrufræðingar sem heimsóttu landið safnað hér eintökum af plöntum til greiningar og geymslu. Íslenskir náttúrufræðingar hafa síðan fylgt í kjölfarið.

Elsta sýni sem varðveitt er í plöntusafni Náttúrufræðistofnunar er baunagras sem Þorvaldur Thoroddsen safnaði árið 1872 í Hrappsey á Breiðafirði. Þegar söfnin eru skoðuð nánar sést að finna má 7.225 sýni sem safnað var á 19. öld, tæplega 60 þúsund sýnum var safnað á 20. öld, meðan tæplega 1.900 sýnum hefur verið safnað það sem af er 21. öldinni.

Afkastamestu safnarar æðplantna eru þeir Ingólfur Davíðsson, Helgi Jónasson og Helgi Hallgrímsson, en alls eru varðveitt tæplega 7.600 sýni sem Ingólfur safnaði meðan eftir Helga Jónasson liggja tæplega 7.000 sýni og nafna hans Hallgrímsson tæplega 6.000 sýni. Líkt og áður kom fram hafa æðplöntusýnin á Akureyri verið mynduð og elsta sýnið sem varðveitt er þar er af slíðrastör, safnað af Stefáni Stefánssyni og sést hér á mynd.

Reyndar er það svo að mest af elstu sýnunum sem til eru af flóru Íslands eru varðveitt úti í Kaupmannahöfn og sem dæmi er stór hluti af safni Ólafs Davíðssonar varðveitt þar.

LÍF & STARF

Verkefni á vegum „Vigdís – vinir gæludýra á Íslandi“:

Lesið fyrir hunda á sex bókasöfnum

Hverjum hefði dottið það í hug fyrir einhverjum árum að það væri hægt að fara með hundinn sinn á bókasafn og láta lesa fyrir hann? Hvort sem lesendur blaðsins trúa þessu eða ekki þá er þetta staðreynd og skemmtilegt verkefni, sem hefur tekist mjög vel. Það eru samtökin „Vigdís, vinir gæludýra á Íslandi“ sem eiga heiðurinn af verkefninu en þar er Margrét Sigurðardóttir formaður.

Bandarísk fyrirmynd

Félagasamtökin „Vigdís – vinir gæludýra á Íslandi“ voru stofnuð árið 2013 í þeim megintilgangi að stuðla að útbreiðslu lestrarverkefnisins „Lesið fyrir hund“ (e. R.E.A.D.) á Íslandi. Um er að ræða lestrarverkefni að bandarískri fyrirmynd sem nefnist R.E.A.D. (Reading Education Assistance Dogs). Félagasamtökin Vigdís eru samstarfsaðili R.E.A.D. og hafa aflað sér leyfis og umboðs til að hafa umsjón með R.E.A.D. verkefninu á Íslandi. „Áhugi á að stofna félag með áherslur á lestrarþjálfun með hundum kviknaði eftir að ég, Brynja Tomer og Sóley Ragnarsdóttir höfðum, ásamt hópi af áhugasömu fólki, skipulagt á vorönn 2013 tilraun félagsmiðstöðvar og skóla með verkefnið „Lesið fyrir hund á Íslandi“. R.E.A.D. verkefnið er starfrækt í 25 löndum samkvæmt heimasíðu Intermountain Therapy Animals, auk þess sem verkefnið er víða um Bandaríkin. Það var heilmikill undirbúningur að gerast samstarfsaðili bandarísku móðursamtakanna. Við þurftum að fara á námskeið bæði hérlendis og erlendis með leiðbeinendum R.E.A.D-samtakanna og taka próf varðandi aðferðafræði verkefnisins og velferð hunda. Síðan þurfti að stofna félagið okkar, „Vigdís – vinir gæludýra á Íslandi“, til þess að halda utan um „Lesið fyrir hund“ verkefnið á Íslandi,“ segir Margrét.

Hvatning til lesturs

Margrét segir að tilgangur verkefnisins sé að hvetja börn til lesturs, auka lesskilning og ánægju af lestri. Í verkefninu „Lesið fyrir hund“ lesa börn fyrir hund og lestrarliða, sem eru hundaeigendur. Í lestrarstundinni er hundurinn í aðalhlutverki og lestrarliðinn í hlutverki vinar. „Áhersla er lögð á að barn lesi sér til skilnings en ekki að texti sé lesinn lýtalaust. Í lok lestrarstundar gefst tækifæri til að ganga úr skugga um lesskilning með því að nýta hundinn, enda gengið út frá því að hundurinn sé í aðalhlutverki sem hlustandi og að barnið sé í hlutverki leiðbeinanda hundsins. Verkefnið hefur farið einstaklega vel af stað og er eftirsótt að fá verkefnið til sín,“ segir Margrét.

„Lesið með hundi“-verkefnið hefur heppnast einstaklega vel og alltaf sýna fleiri og fleiri bókasöfn verkefninu áhuga, auk skóla sem vilja komast inn í verkefnið. Myndir / Ragnheiður Elín Clausen

Í viðbyggingunni verða fríhöfn, veitingastaður og aðstaða fyrir toll og lögreglu.

Hundarnir eru ótrúlega slakir og rólegir í lestrarstundunum og koma oftast með dillandi skott inn á bókasafnið þegar þeir vita hvað á að fara að gera.

Sex bókasöfn taka þátt

Í dag eru reglulegar lestrarstundir fyrir börn á sex bókasöfnum, á Bókasafni Kópavogs, Garðabæjar, Seltjarnarness, Hveragerðis, Mosfellsbæjar og á Sólheimabókasafni Reykjavíkur. Lestrarstundir eru einu sinni í mánuði á hverju safni og eru þær á laugardögum. Bókasöfnin auglýsa skráningu og foreldrar skrá börnin í lestrarstundirnar gegnum bókasöfnin. Margrét segir að fleiri bókasöfn séu að óska eftir að fá verkefnið til sín en til að geta sinnt kallinu þurfi að fjölga hundaeigendum.

Áhuginn eykst hjá börnum

Þegar Margrét er spurð um áhuga og viðbrögð barna við verkefninu kemur í ljós að hún gerði rannsókn á verkefninu í sínu mastersnámi og niðurstöður sýna fram á að áhugi á því að lesa eykst hjá börnum og viðhorf til lestrar verður jákvæðara. „Já, þeim þykir eftirsóknarvert að lesa fyrir hund og þau sýna aukinn áhuga á að lesa í lestrarstundum með hundum,“ segir Margrét og bætir við: „Við erum með allar tegundir af hundum. Það sem skiptir mestu máli er upplag, geðslag og uppeldi hundsins og samband hundaeiganda (lestrarliða) við hund. Allir hundar fara í gegnum hundamat hjá hundamatsmönnum Vigdísarsamtakanna áður en þeir verða lestrarhundar. Ein af aðaláherslum verkefnisins er að passa upp á vellíðan hundanna og að ofgera þeim ekki.

Við teljum það vera góða vísbendingu um vellíðan hundanna þegar þeir sjá lestrarstaðinn sinn að þeir taka blátt strik að honum með dillandi skott.“

Skólar sýna verkefninu líka áhuga

„Já, það eru bæði bókasöfn og skólar sem óska eftir að fá verkefnið til sín. Verkefnið skiptist í tvo hluta, annars vegar er það yndislestur, til dæmis á bókasöfnum (e. Animal - Assisted Activity) og hins vegar skólaverkefni (e. Animal - Assisted Therapy) þar sem lestrarstundir standa yfir ákveðið tímabil með barni og skráður er árangur þess og framvinda verkefnisins. Til að geta annað öllum þurfum við að fá fleiri sjálfboðaliða, þ.e.a.s. lestrarliða (hunda og hundaeigendur),“ segir Margrét aðspurð um áhuga á verkefninu.

Þakkar sjálfboðaliðum

Þegar Margrét var spurð hvort það væri eitthvað sérstakt, sem hún vildi koma á framfæri sagði hún; „Já, endilega, ég vil koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sjálfboðaliða sem starfa með Vigdísarsamtökunum, bæði til stjórnarmanna og ekki hvað síst hundaeigendanna (lestrarliða). Án þeirra væri verkefnið „Lesið fyrir hund“ ekkert. Lestrarliðarnir okkar eru lykillinn, þau fara á námskeið, læra aðferðafræði verkefnisins og skuldbinda sig og hundinn sinn til þess að vera virkir áreiðanlegir leiðbeinendur fyrir Vigdísarsamtökin.

Við erum með heimasíðu, hundalestur.is og vil ég hvetja áhugasama að setja sig í samband við okkur gegnum netfangið hundalestur@hundalestur.is.“

/MHH

Sveitarfélagið Skagafjörður:

Markmið um að 12 mánaða börn fái leikskólapláss

Sveitarfélagið Skagafjörður hefur um nokkurt skeið unnið að því að koma til móts við óskir um leikskólarými fyrir börn frá 12 mánaða aldri og nú hillir undir að það markmið sé að verða veruleika. Undanfarin misseri hefur óskum eftir leikskóladvöl barna frá 12 mánaða aldri fjölgað umtalsvert og þá ekki bara í Skagafirði heldur um land allt.

Ný leikskólabygging á Hofsósi

„Umræða um skort á leikskólarýmum hefur enda verið talsvert fyrirferðarmikil og ljóst að sveitarfélög eru afar misvel í stakk búin til að mæta óskum foreldra í þessu efni. Með lengingu fæðingar- og foreldraorlofs úr 9 mánuðum í 12 mánuði hefur umræðan m.a. beinst að því að mikilvægt sé að skapa samfellu í umönnun barna og áhersla lögð á að leikskólar standi öllum börnum til boða við 12 mánaða aldur,“ segir á vefsíðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Ný leikskólabygging hefur verið tekin í notkun á Hofsósi og er hún sjálfstæð bygging í tengslum við grunnskólann. Unnið er að hönnun nýs íþróttahúss sem einnig mun tengjast grunnskólanum.

Með þessum framkvæmdum verður allt skólastarf á sama stað með tilheyrandi auknu hagræði og möguleikum til samþættingar og samvinnu.

Ný deild í Varmahlíð

Á Sauðárkróki er vinna við byggingu tveggja nýrra deilda hafin við Ársali, eldra stig. Ráðgert er að fyrri áfangi þeirrar byggingar verði tekinn í notkun í mars næstkomandi. Með tilkomu þessarar byggingar verður hægt að anna eftirspurn eftir leikskólarými fyrir börn frá 12 mánaða aldri. Nú í upphafi nýs árs 2022 verður ný deild tekin í notkun í Varmahlíð.
Sú deild verður í sama húsi og yngstu barna deildin er nú, eða í gamla pósthúsinu eins og kallað er. Samhliða er unnið að framtíðaruppbyggingu leik- og grunnskóla í Varmahlíð enda það húsnæði einungis hugsað til bráðabirgða.

Með þessum framkvæmdum verður hægt að anna inntöku barna í leikskóla í Skagafirði við 12 mánaða aldur. „Fullyrða má að Sveitarfélagið Skagafjörður skapi sér sterkan sess meðal sveitarfélaga hvað þetta varðar og standi afar vel að vígi í þjónustu við barnafólk,“ segir á vefsíðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. /MÞÞ

LÍF & STARF

Árni Freyr Magnússon, sem átti hugmyndina að slagorðinu sem var kosið sem slagorð Rangárþings ytra, fékk afhenta gjafakörfu frá Sólrúnu Helgu Guðmundsdóttur, formanni atvinnu-, jafnréttis- og menningarmálanefndar sveitarfélagsins, þegar úrslit úr samkeppninni urðu ljós. Mynd/Rangárþing ytra

„Fyrir okkur öll“ er nýtt slagorð Rangárþings ytra

Rangárþing ytra efndi nýlega til slagorðakeppnis um slagorð fyrir sveitarfélagið. Fjölmargar tillögur bárust en sú sem vann kom frá Árna Frey Magnússyni en það er slagorðið „Fyrir okkur öll“.

„Með slagorðinu finnst mér sveitarfélagið gefa það skýrt til kynna að í Rangárþingi ytra sé samfélag sem hugsi vel um íbúa en býður á sama tíma gesti og þá sem vilja setjast að í sveitarfélaginu velkomna. Slagorðið undirstrikar að sveitarfélaginu sé bæði annt um fyrirtæki og fjölskyldur og allar þær fjölmörgu atvinnugreinar sem einkenna fjölbreytt atvinnulíf sveitarfélagsins.

Einnig býr slagorðið til samheldnistilfinningu hjá íbúum og þá tilfinningu að íbúar séu hluti af heild og að við séum samfélag sem skilji engan út undan. Vilji sé þá hjá sveitarfélaginu til að vera til staðar „Fyrir okkur öll“, segir Árni Freyr.

/MHH

Uppsveitir Árnessýslu:

Sveitarfélögin vilja hjúkrunarheimili

Fulltrúar þriggja sveitarfélaga í Uppsveitum Árnessýslu hafa sent heilbrigðisráðuneytinu erindi þar sem óskað er eftir því að hjúkrunarheimili verði byggt á svæðinu.

Þetta eru Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur. Sérstaka athygli vekur að Skeiða- og Gnúpverjahreppur er ekki með í umsókninni. Þann 1. janúar 2021 voru skráðir 3.048 íbúar í Uppsveitum Árnessýslu. Þar af var fjöldi íbúa á aldrinum 65-100 ára 469 einstaklingar, eða um 15% í heildina af íbúunum.

„Öldruðum fjölgar hratt og ekki er boðlegt í nútímasamfélagi að aldrað fólk hafi lítið sem ekkert val og sé jafnvel flutt langar leiðir í önnur sveitarfélög til að verja síðustu árunum fjarri sínum nánustu. Það er nauðsynlegt byggðasjónarmið að í Uppsveitunum verði veitt þjónusta frá vöggu til grafar,“ segir m.a. í umsögn með erindinu.

/MHH

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

Stofnsett 1958

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi Sími 550 3000 Gsm 892 6000

Til sölu rótgróið rafverktaka fyrirtæki á Vesturlandi.
Fyrirtækið er í eigin húsnæði og með góða verkefnastöðu.
Getur selst með eða án húsnæðis.
Áhugavert fyrir rafvirkja sem vill búa úti á landi.

Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson á skrifstofu Fasteignamiðstöðvarinnar.

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

Husqvarna K970
15,5 cm sögunardýpt

Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Bændasamtök Íslands auglýsa eftir framboðum til formannskjörs

Samkvæmt 6. gr. samþykkta Bændasamtaka Íslands, skal skila inn framboðum til formanns samtakanna eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir Búnaðarþing. Allir félagsmenn sem teljast fullgildir í samtökunum frá og með 31. desember 2021 geta boðið sig fram til formanns.

Framboðsfrestur er til miðnættis 30. janúar 2022 og skal framboðum skilað inn á netfangið kjorstjorn@bondi.is.

Frambjóðendur skulu gera grein fyrir nafni sínu, kennitölu og búgrein. Einnig skal hver og einn frambjóðandi skila ljósmynd og allt að 200 orða kynningartexta með framboði sínu.
Efnið verður notað til að kynna framboðið.

Frambjóðendum er að auki heimilt að láta fylgja með ferilskrá og senda með hlekki inn á heimasíðu, samfélagsmiðla og annað sem tengist framboði þeirra.

Kjörstjórn er skipuð af eftirfarandi aðilum:
Guðrún Vaka Steingrímsdóttir, formaður
Guðrún Birna Brynjarsdóttir
Erla Hjördís Gunnarsdóttir.

Bændahöllin Hagatorgi 1, 107 Reykjavík

GOES

Mikið úrval fjórhjóla á lager

GOES COPPER 2 2x4
Kr. 799.000

GOES COPPER 3 2x4
Kr. 1.190.000

GOES IRON 450 4x4
Kr. 1.390.000 eins manns
Kr. 1.490.000 tveggja manna

GOES COBALT 550 MAX LTD 4x4
Kr. 1.690.000
2ja manna hjól, rafléttistýri, spil o.fl. 3 litir.

GOES UTX 700 4x4
Kr. 2.290.000
2ja manna vinnutæki með palli, rafléttistýri, spili o.fl.

AFLVÉLAR

www.aflvelar.is
Vesturhrauni 3, Garðabæ, sími 480-0000
Austurvegi 69, Selfossi, sími 480-0400

LESENDARÝNI

Blóðsöfnun úr fylfullum hryssum til lyfjaframleiðslu:

Rannsókn rifjuð upp í tilefni 40 ára afmælis

Blóðsöfnun úr fylfullum hryssum hefur verið ansi mikið til umræðu að undanförnu og hefur sú umræða frekar byggst á æsifréttum en traustum upplýsingum. Árið 1982 birtu þeir Eggert Gunnarsson og Þorsteinn Ólafsson niðurstöður rannsóknarinnar *„Blóðsöfnun úr fylfullum hryssum til lyfjaframleiðslu“*, sem þeir unnu við Tilraunastöð Háskólans í meinafræðum að Keldum.

Grein með því nafni kom út í Ráðunautafundi 1982 og í 12. tölublaði Freys það sama ár. Hér hyggst ég rifja upp niðurstöður þessarar rannsóknar og bera þær saman við reynslu af blóðmerabúskap. Búskaparhættir og verklag við blóðmerahald hafa breyst nokkuð frá þeim tíma sem greint var frá í grein Eggerts og Þorsteins en hér verður sagt frá þeim aðferðum sem nú eru viðhafðar.

Inngangur Eggerts og Þorsteins

„Undanfarin þrjú sumur hefur verið gerð tilraun hérlendis á vegum fyrirtækisins G. Ólafsson h/f til blóðsöfnunar úr fylfullum hryssum til lyfjaframleiðslu. Fyrsta sumarið (1979) var þetta í smáum stíl og var tekið blóð úr um 80 hryssum norður í Skagafirði; annað árið (1980) var starfsemin aukin verulega og tekið blóð úr um 680 hryssum víðs vegar um landið og síðastliðið sumar var enn um talsverða aukningu að ræða og tekið blóð úr liðlega 1000 hryssum.“ (Eggert Gunnarsson og Þorsteinn Ólafsson, 1982, bls. 472).



Áhrif blóðtöku á haemoglobin (A) og haematocrit (B). Blóðsýnin voru tekin með viku millibili um leið og hryssunum var tekið blóð, (nr. 1, 2, 3, 4 og 5), og fyrstu þrjár vikurnar eftir að blóðsöfnun lauk, (nr. 6, 7 og 8).

Frædilegur grundvöllur og ákvörðun fyljunar

Eggert og Þorsteinn fóru í grein sinni yfir frædilegan grundvöll hormónaframleiðslu hjá hryssum, sem hér verður ekki fjallað um, en sá grundvöllur er óbreyttur. Einnig gerðu þeir grein fyrir framkvæmd blóðsöfnunar og ákvörðun fyljunardags. Því verklagi hefur verið breytt frá upphafsárunum en á sínum tíma voru graðhestar jafnan í stóðunum. Fyljunartími hryssanna gat því verið ansi óviss en blóðsöfnun úr hverri hryssu miðaðist við áætlaðan dagafjölda frá fyljun. Nú er hleypt til meranna í fastákveðinn tíma. Graðhestur er aðeins í stóðinu sem nemur tveimur gangmálum. Eftir það er hormónastaða hverrar hryssu mæld vikulega með blóðsýni. Blóðtaka hefst hjá viðkomandi hryssu þegar hormónið PMSG hefur náð hæfilegum styrk í blóði. Misjafnt er hversu lengi hver hryssa hefur hormónið í nægum styrk til að gefa blóð nýtilegt til vinnslu. Að meðaltali gefur hryssa blóð í fimm skipti en aldrei er blóð tekið oftar en átta sinnum. Blóðtökutímabilið stendur frá því í lok júlí og út september.

Í umfjöllun Eggerts og Þorsteins um hormónavinnslu úr hryssublóði segir að erlendis hafi þetta verið gert frá því um 1930. Enn fremur kemur fram að erlendar rannsóknir hafi leitt í ljós að hormónamagnið í blóðinu geti verið mjög mismunandi. Því hafi einnig verið haldið fram að smáhestakyn (ponies) framleiði hlutfallslega meira en stærri hestakyn. Þá sé verið að rannsaka hvernig þessu sé farið hjá íslenskum hryssum. Auk þessara atriða bentu þeir félagarnir á að íslenski hrossastofninn sé laus við alla þá smitsjúkdóma sem hrjá hross víða um heim og að það sé ef til vill okkar sterkasta vopn þegar kemur að samkeppni við aðra framleiðendur afurða úr hryssublóði.

Hér eftir gef ég vísindamönnunum orðið:

Framkvæmd blóðsöfnunar

„Á blóðtökutímabilinu er hverri hryssu tekið blóð fimm sinnum 5 lítrar í senn með viku millibili eða 25 lítrar alls. Ég vík nánar að niðurstöðum rannsókna á áhrifum blóðtökunnar á hryssurnar hér á eftir en vil aðeins benda á nú þegar, að hér er um all mikið vökvamagn að ræða. Það er því nauðsynlegt að hryssurnar hafi nægan aðgang að drykkjarvatni á blóðtökustað og í haganum og æskilegt er að þær hafi einnig aðgang að salti.

Blóðtakan fer fram í sérstökum básum. Vegna öryggis hryssanna, og ekki síður þeirra, sem við blóðtöku starfa er ákaflega mikilvægt að þessir básar séu vel úr garði gerðir og ekkert til þeirra sparað. Því er ekki að neita að á ýmsu getur gengið í byrjun, en flestar hryssur temjast ótrúlega fljótt. Básarnir verða að vera hlutfallaréttir svo að hryssurnar hafi sem minnst svigrúm til þess að hreyfa sig, án þess að þær séu þó þvingaðar á einn né annan hátt. Gerð hefur verið vinnuteikning að básum þessum, þar sem öll mál eru sýnd.

Básinn þarf að standa við góða rétt og hentugt er að hafa dilk eða rennu aftan við básinn til þess að auðvelda innrekstur. Við réttina þarf að vera gerði eða hæfilega stór girðing svo að hægt sé að fylgjast með hryssunum fyrst eftir blóðtöku.

Það er höfuðatriði að viðhöfð séu fumlaus og ákveðin handtök á blóðtökustað. Ótamdar stóðhryssur eru viðkvæmar og þess vegna hæfir ekki neitt „stóðréttaryfirbragð“. Tveir til þrír menn auk dýralæknis er hæfilegur mannskapur. Hæfileg afköst eru 30-40 hryssur á dag en komast má upp í 50-60 hryssur með vönum mönnum og hryssum. [Hér er átt við aðstöðu með aðeins einum bás.]

Blóðið er tekið úr bláæð í hálsi í sérstaka plastbrúsa, sem í er lausn sem hindrar storknun. Í þessum kútum er það flutt þangað sem skiljun fer fram.“ (Eggert Gunnarsson og Þorsteinn Ólafsson, 1982, bls. 474).

Áhrif blóðtökunnar á hryssur og fóðld

(a) Áhrif á hegðun hryssanna

„Greinarhöfundar hafa starfað við blóðsöfnun öll þessi þrjú ár, sem þessi starfsemi hefur farið fram hérlendis og eiga að baki um 4000 blóðtökur. Höfum við því getað fylgst með áhrifum blóðtakanna á mikinn fjölda hryssa. Yfirleitt verður þeim lítið um. Sumar vilja þó híma dálítið fyrst á eftir og taka ekki í jörð. Einstaka hryssur virðast kenna einhverra ónota, sem lýsa sér í því að þær leggjast, velta sér yfir hrygg og liggja um hríð marflatar. Sérstaklega var þetta áberandi þurrviðrasumarið 1980. Við höfum ekki séð þess nokkur dæmi að hryssur hafi orðið afvelta fljótlega eftir blóðtöku. Undirstikar þetta aðeins nauðsyn þess að vel sé fylgst með hryssunum a.m.k. fyrsta sólarhringinn eftir blóðtöku. Folaldsmerum hættir við að klumsa ef þær eru settar í aðhald og eru nokkur dæmi um það. Gegn því má sporna með því að forðast allan hamagang og læti í kringum hryssurnar, hafa aldrei fleiri en 20-30 hryssur inni í rétt eða húsi í senn og sjá til þess að þær hafi nægan aðgang að drykkjarvatni. Ekki höfum við séð þess nein merki að hryssurnar hafi lagt af vegna blóðtökunnar, en vitaskuld ber að gjalda varhuga við að taka þeim hryssum blóð sem eru illa framgengnar og þunnholda.

Slys geta alltaf orðið þegar átt er við ótamin hross. Hryssurnar eru tryggðar af kaupanda blóðsins gegn hvers kyns skakkaföllum er þær kunna að verða fyrir á blóðtökutímabilinu og rekja má til blóðtökunnar. Venjulega róast og temjast flestar hryssurnar eftir 1-2 skipti í blóðtökubásnum. Einstaka hross kann frelsisskerðingunni þó svo illa að þau eru lítt meðfærileg og borgar sig ekki að setja menn og skepnur í þá hættu, sem af því leiðir. Þetta verður að meta í hvert skipti en venjulega höfum við þann háttinn á, að ef hryssan hefur ekki gefið sig eftir 2-3 skipti í básnum er henni sleppt við frekari blóðtöku.

(b) Áhrif á sæld folalda

Ætla mætti að við blóðtökurnar og þá röskun, sem þeim fylgir myndu hryssurnar geldast og það koma fram á fallþunga folalda að hausti. Lausleg athugun virðist þó ekki benda til þess að svo sé. Verið er að vinna úr gögnum frá sláturhúsinu í Djúpadal í Rangárvallasýslu yfir meðalfallþunga folalda á blóðtökubæjum bæði fyrir og eftir að blóðtökur hófust og til samanburðar einnig meðalfallþungi folalda á bæjum, sem ekki hafa verið með í blóðsöfnun.

(c) Áhrif á blóðgildi

Öll þrjú árin, sem blóðsöfnun hefur farið fram hérlendis, hafa verið tekin blóðsýni úr ákveðnum hóp blóðtökuhryssa og fylgst með áhrifum blóðtökunnar á ýmsa þætti í blóðinu. Mælinganiðurstöður hafa verið bornar saman við normalgildi þessara þátta í blóði íslenskra hrossa. Sýni hafa verið tekin samhliða blóðtökunum til þess að fylgjast með skammtímaáhrifum blóðtökunnar og einnig hefur verið fylgst með ákveðnum hóp blóðtökuhryssa næsta vetur til þess að athuga hvort áhrifa blóðtöku gæti til lengri tíma. Megin áhersla hefur verið lögð á mælingar blóðrauða (haemoglobin) og blóðkornahlutfalli (haematocrit) þar sem breytingar á þessum þáttum gefa ákveðna vísbendingu um blóðleysi (lækkun) eða of mikið vökvatap (hækkun blóðkornahlutfalls). Einnig voru mældir eftirfarandi þættir: heildarprótein, kolesterol, albumin, þvagefni, magnesium, calsium og ólífrænn fosfór.

Línuritin [sem fylgja þessari grein] *sýna glöggt þær breytingar sem verða á blóðrauða [efri mynd] og blóðkornahlutfalli* [neðri mynd] *samfara blóðtökum. Þessi gildi lækka í upphafi blóðtöku, en hækka síðan aftur undir lok blóðtökutímabilsins. Þær breytingar sem mælst hafa á þessum blóðgildum í blóðtökuhryssunum hafa þó ekkert árið farið út fyrir eðlileg mörk.*

Veturinn 1979-1980 voru tekin sýni 4 sinnum úr ákveðnum hóp blóðtökuhryssa, fylfullum hryssum, sem ekki voru með í blóðtökum og geldum hryssum og mældir þeir þættir sem nefndir voru hér að framan. Við tölfræðilega athugun á þessum blóðgildum reyndist ekki vera marktækur munur á blóðgildum blóðtökuhryssa og annarra fylfullra hryssa. Við svipaða athugun veturinn 1980-1981 fengust sömu niðurstöður.

Niðurstöður athugana á áhrifum blóðtöku á hryssur og fóðld benda ekki til þess að hún hafi nein neikvæð áhrif á heilsufar og sæld. Hryssunum verður líklega hvað mest um hið skyndilega vökvatap sem þær verða fyrir þegar teknir eru 5 lítrar á kannske 3-5 mínútum. Það er því mikilvægt að þær hafi greiðan aðgang að vatni á blóðtökustað og í haga. Þá er skynsamlegt að hryssurnar hafi aðgang að síld eða fóðursöltum með haust- og vetrarbeit. Vitaskuld er fráleitt að taka í blóðtöku hryssur sem eru illa framgengnar og þunnholda og í því sambandi er rétt að benda mönnum á að láta hryssur ekki kasta snemma vors, jafnvel löngu áður en komin eru grænn grös.“ (Eggert Gunnarsson og Þorsteinn Ólafsson, 1982, bls. 474-475).

Traustar niðurstöður

Niðurstöður þessarar rannsóknar eru að mínu mati enn í fullu gildi. Einnig umfjöllun höfundanna um hvaðeina sem viðkemur búskaparlagi og framkvæmd blóðtökunnar. Frá því að rannsóknin var gerð og þau orð skrifuð sem hér er vitnað til, hafa hrossin ekkert breyst. Náttúran hefur heldur ekki breyst ef frá er talið heldur hagstæðara veðurfar en gerðist á árunum 1979-1981. Búskaparhættir hafa hins vegar breyst að því leyti að nú er yfirleitt auðveldara að heyja en fyrir 40 árum þegar rúllutæknin var ekki komin til sögunnar. Enda er nú alsiða að hafa hryssurnar á fullri heygjöf þegar þær kasta snemma vors.

Ekki verður annað séð en að leiðbeiningum Eggerts og Þorsteins hafi verið fylgt með góðum árangri. Halla Bjarnadóttir, bóndi í Ártúnum, var unglingur á Rangárvöllum og vann að hrossaragi og blóðtöku þegar þessar tilraunir voru gerðar. Hún hefur búið með blóðmerar alla tíð og að hennar mati hefur reynslan sem varð til í upphafi, æ síðan nýst til að koma í veg fyrir áföll á hryssum í kjölfar blóðtöku. Þeir búskaparhættir sem okkur voru kynntir, þegar ég kynntist blóðbúskap fyrir um þremur árum, eru einnig í fullu samræmi við ráðleggingar þeirra Eggerts og Þorsteins. Fylgikvillar eða sýnilegar afleiðingar blóðtökunnar á hryssur, klums eða vanki, sem þeir urðu aðeins varir við, hafa t.d. ekki komið upp hjá okkur. Enda hefur hrossunum verið tryggður aðgangur að saltsteinum og vatni, bæði í haga og á blóðtökustað, eins og eindregið hefur verið mælt með frá upphafi.

Í undanförnu yfirlýsingafári hefur því verið haldið fram að rannsóknir vanti um hvaðeina sem viðkemur blóðtöku úr fylfullum hryssum. Því er áhugavert að sjá hversu vel og fagmannlega hefur verið staðið að þessari starfsemi í upphafi og hversu vel sá grundvöllur hefur staðist tímans tönn.

Eggert Gunnarsson og Þorsteinn Ólafsson heimiluðu mér góðfúslega þessa meðferð á verki sínu. Sú grein sem hér birtist er fremur þeirra verk en mitt, þó missagnir og rangtúlkanir, sem hér kunna að vera færðar fram, séu alfarið af mínum völdum.

Sigríður Jónsdóttir
Arnarholti

Heimild:
Eggert Gunnarsson & Þorsteinn Ólafsson (1982). Blóðsöfnun úr fylfullum hryssum til lyfjaframleiðslu. Freyr, 1982(12), 472-476.

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
líka hægt að lesa á bbl.is og Facebook
HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS https://www.bbl.is/hladan
HLAÐAN

AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA

Fram undan í félagsstarfi Bændasamtaka Íslands

Nýhafið ár er fyrsta heila starfsár Bændasamtaka Íslands í núverandi mynd. Líkt og flestum er kunnugt sameinuðust Bændasamtök Íslands og flest búgreinafélögin sem áttu áður aðild að samtökunum í ný, heilsteypt og sterkari samtök bænda síðastliðið sumar. Óhætt er að segja að fyrstu mánuðir nýrra samtaka hafi verið annasamir enda mikil vinna að byggja nýtt félagskerfi á grunni þess gamla. Þrátt fyrir að þeirri vinnu hafi miðað vel eru enn þónokkur verkefni sem snúa að félagskerfinu fram undan.

Kosning formanns

Kosningu til formanns Bændasamtakanna var breytt við sameiningu og verður nú framkvæmd með nýju sniði í fyrsta skipti. Nú er kosið með rafrænum hætti þar sem allir félagsmenn eiga kosningarétt í stað einungis fulltrúar á Búnaðarþingi áður. Kosningin fer fram dagana 11.–15. febrúar en frestur til að gefa kost á sér rennur út þann 30. janúar næstkomandi. Kosningin verður, eins og áður sagði, rafræn og þarf rafræn skilríki til að geta greitt atkvæði.

Búgreinaþing

Við samruna búgreinafélaganna og Bændasamtakanna urðu til búgreinadeildir innan samtakanna, en hver deild heldur sinn aðalfund sem kallast Búgreinaþing. Þar hlutast hver grein til um sín málefni, mótar sér stefnu og kýs sér stjórn. Má þannig segja að búgreinaþingin séu ígildi aðalfunda gömlu félaganna eins og þeir voru haldnir áður. Búgreinaþingin verða haldin dagana 3. og 4. mars næstkomandi og verða nánar auglýst síðar.

Á næstu vikum er stefnt að því að fulltrúar búgreinadeildanna fundi með bændum um land allt. Markmið fundanna er að eiga samtal við sína félagsmenn en einnig til að kynna starfsemi nýrra Bændasamtaka og kjósa fulltrúa greinanna inn á Búgreinaþing. Hver búgreinadeild hefur mótað sér sínar eigin reglur hvernig þessir fulltrúar skulu kosnir. Kosningu þessara fulltrúa þarf að vera lokið fyrir 17. febrúar til þess að þeir séu löglegir fulltrúar inn á Búnaðarþing. Einnig þurfa mál sem taka á fyrir á Búgreinaþingi að koma fram fyrir 17. febrúar næstkomandi.

Þessi fundaferð er auðvitað skipulögð með fyrirvara um þróun og útbreiðslu Covid-19 veirunnar og hvernig gildandi samkomutakmarkanir verða á hverjum tíma. Þá óvissu þekkja vitanlega allir, en ef ekki reynist gerlegt vegna sóttvarnarreglna að halda staðarfundi verða haldnir fjarfundir, líkt og reglur Bændasamtakanna kveða á um að sé heimilt. Unnið er að skipulagi beggja kosta og verður fyrirkomulagið kynnt nánar þegar nær dregur og ljósar verður með það hvaða takmarkanir gilda.

Búnaðarþing

Á Búgreinaþingi kýs hver deild sér sína fulltrúa til setu á Búnaðarþingi, sem fram fer dagana 31. mars–1. apríl. Alls eiga 63 fulltrúar sæti á Búnaðarþingi en þar af skipa búgreinar 54 fulltrúa en Búnaðarsambönd og önnur aðildarfélög Bændasamtakanna (Beint frá býli, Ungir bændur og Vor) hina 9. Fjöldi fulltrúa hverrar greinar á Búnaðarþingi ræðst af stöðu félagsgjaldaveltu og fjölda skráðra félagsmanna hverrar greinar eins og hún var um áramót. Á Búnaðarþingi er stjórn Bændasamtakanna kjörin auk þess sem stefnan er sett fyrir samtökin að vinna eftir.

Það er því mikið um að vera í félagsstarfinu á næstu misserum. Undirbúningur er í fullum gangi og verður öllum upplýsingum miðlað bæði hér í Bændablaðinu sem og á síðu Bændasamtakanna bondi.is. Framboð má senda á kjorstjorn@bondi.is

Mikilvægar dagsetningar:

30. janúar – Framboðsfrestur til formanns rennur út

17. febrúar – Kosningar til fulltrúa á Búgreinaþingi lokið

17. febrúar – Mál sem leggja á fram til Búgreinaþings

3. mars - Búgreinaþing hefst

31. mars Búnaðarþing hefst

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.

Sumarstarf á vélaverkstæði

Hefur þú brennandi áhuga á vélum og vilt vinna í lifandi og skemmtilegu umhverfi? Vélfang leitar að öflugum og ábyrgum viðgerðamanni í sumarstarf á vélaverkstæðið okkar.

Hæfniskröfur:
- Reynsla af viðgerðum er kostur en ekki skilyrði.
- Menntun við hæfi kostur.
- Rík þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Gott með að vinna í teymi.

Möguleiki er á námssamningi í bifvéla- og eða vélvirkjun
Áframhaldandi starf með námi og eftir nám er möguleiki
Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur í síma 8400 820
Umsóknir sendist á eyjolfur@velfang.is

VÉLFANG -VERKIN TALA
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • velfang.is
Óseyri 8 • 603 Akureyri • velfang@velfang.is

CLAAS FENDT Schäffer JCB

Vélfang ehf. er sölu- og þjónustuaðili á sviði vinnu- og landbúnaðarvéla.
Vélfang ehf. var valið Framúrskarandi fyrirtæki 2015, 2016 og 2017
Hjá Vélfangi starfar hópur fólks sem hefur það að markmiði
að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu.

BETRA START
MEÐ EXIDE RAFGEYMUM
Áreiðanlegir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir dráttarvéla. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.

EXIDE TECHNOLOGIES
olís Vinur við veginn
Ráðgjafar Olís veita allar nánari upplýsingar í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is**.

LESENDARÝNI

Enginn líffræðilegur veruleiki

Í jólablaði Bændablaðsins 16. desember skrifaði Tryggvi Felixson, formaður Landverndar, innlegg í stafafuruumræðuna með titlinum „Sýnum fyrirhyggju – metum áhrif stafafuru og sitkagrenis“. Þar hvetur hann m.a. til þess að áhrif stafafuru og sitkagrenis verði metin á vísindalegum forsendum. Undir það tökum við heils hugar.

Í þessum stafafurulundi í Skarfanesi í Landsveit er líffræðileg fjölbreytni mjög svipuð því sem gerist í álíka gömlum birkiskógi.

Aðlögun að breyttum aðstæðum

Á vegum Skógræktarinnar, Landbúnaðarháskóla Íslands og Náttúrufræðistofnunar hafa reyndar verið unnin allmörg rannsóknaverkefni sem aukið hafa þekkingu á útbreiðslu stafafuru með sjálfsáningu, áhrifum hennar á líffræðilega fjölbreytni, vexti hennar við ýmsar aðstæður, skaðvöldum sem herja á hana og framleiðslu timburs og jólatrjáa svo dæmi séu nefnd. Vísindaleg þekking okkar á stafafuru er því töluverð. Skort á þekkingu er því ekki hægt að nota sem ástæðu til að draga úr notkun hennar. Það sama á við um sitkagreni.

Meðal þess sem við vitum um stafafuru er að ræktun hennar í mólendi hefur mjög svipuð áhrif á líffræðilega fjölbreytni og ræktun innlends birkis. Fjöldi ljóskærra háplantna dregst saman í þéttum ungskógum (birkis, stafafuru og annarra trjátegunda), en skuggþolnari plöntur nema land með tímanum þegar skógarnir vaxa og gisna eða eru grisjaðir. Breyting verður á samsetningu fugla, skordýra og annarra dýra en tegundum fækkar ekki. Þar sem birki breiðist hraðar út en fura eða greni er vandséð út frá áhrifum á líffræðilega fjölbreytni af hverju það sé æskilegt að rækta birkiskóga en varhugavert að rækta stafafuru eða sitkagreni. Vistkerfisbreytingar eiga sér stað við allar breytingar á landnotkun, hvort sem það er skógrækt, önnur ræktun, uppgræðsla lands, endurheimt votlendis eða ákvarðanir um að hefja eða hætta beit. Nýjar aðstæður henta sumum þeirra tegunda sem fyrir voru illa og þær hopa en aðrar koma í staðinn með tímanum. Það er gangur náttúrunnar, hvort sem breytingarnar eru af mannavöldum eða ekki.

Sambærilegar breytingar eiga sér nú stað á heimsvísu vegna hraðfara loftslagsbreytinga. Heimkynni lífvera eru að breytast. Sumar lífverur eru á skömmum tíma ekki lengur vel aðlagaðar aðstæðum í heimkynnum sínum og þurfa að flytja sig til ef þær eiga að lifa af. Sumar þurfa aðstoð til þess. Þegar það gerist að ríkjandi lífverur, t.d. trjátegundir, fara að láta á sjá vegna skorts á aðlögun að breyttum aðstæðum, getur verið nauðsynlegt að koma nýjum tegundum á staðinn til að taka við af þeim. Þessi „uppgötvun“ sem reyndar er ekki ný, virðist ekki hafa skilað sér almennilega inn í stefnu um náttúruvernd, sem virðist einkennast meira en nokkru sinni af viljanum til að ríghalda í óbreytt ástand.

Ein ágengasta trjátegund jarðar?

Listar yfir ágengar framandi tegundir, t.d. á vegum NOBANIS sem Tryggvi nefnir, hafa ekki sterkan vísindalegan grundvöll. Lestur á vísindagreinum um ágengni hinna og þessara tegunda, t.d. stafafuru, leiðir í ljós ýmsa galla í aðferðafræði innrásarlíffræðinnar. Algengasti gallinn er sá að skilgreiningu skortir á því hvað teljist ágeng tegund. Höfundar hafa sína hentisemi með skilgreininguna og eru því að fjalla um mismunandi hluti. Oftast er fjallað um útbreiðslu og útbreiðsluhraða og það látið duga sem vísbending um að tegund sé ekki aðeins slæðingur, heldur ágeng. Sjaldnast liggja fyrir niðurstöður um hvort útbreiðsla tegundar valdi skaða og nánast aldrei metið hvort hugsanlegur ávinningur vegi upp þann mögulega skaða.

Listar yfir ágengar tegundir eru að mjög miklu leyti huglægir og pólitískir. Þeir eru oft undir áhrifum hagsmunasamtaka sem eiga fulltrúa í nefndum þeim sem móta listana. Þar á meðal eru fulltrúar landbúnaðar sem vilja fá styrki til að eiga við skordýr eða illgresi í ræktun, fulltrúar efnaiðnaðarins sem vilja selja lyf til að drepa þessi sömu skordýr og illgresi og fulltrúar náttúruverndarsamtaka þar sem vonin um hópefli og fjárhagslegan stuðning ræður vali á óvinum. Spyrja má af hverju Landvernd hefur áhyggjur af stafafuru og sitkagreni en ekki t.d. birkikembu, birkiþélu og asparglittu, sem breiðast nú hratt út og valda bersýnilega skaða á birki og víði. Hvaða pólitík liggur að baki því vali á óvinum? Vísindi ráða allavega ekki för, síður en svo.

Tryggvi fullyrðir í grein sinni, líkt og fleiri hafa gert að undanförnu á síðum Bændablaðsins, að „stafafuru hefur verið lýst sem einni ágengustu trjátegund jarðar“. Ekki vitum við hvaðan þessi „lýsing“ kemur né á hvaða grunni hún er byggð. Væri stafafura alkunn fyrir slíka illgresishegðun, hlyti tegundina að vera að finna ofarlega á listum alþjóðasamtaka yfir ágengar tegundir. Svo er ekki. Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin (e. International Union for Conservation of Nature; IUCN) er með slíkan lista yfir „100 verstu, ágengu framandi tegundir í heimi“ (100 of the World's Worst Invasive Alien Species; http://www.iucngisd.org/gisd/100_worst.php). Á þeim lista eru skaðvaldar, sjúkdómar, rándýr, grasbítar og amaplöntur. Þar er m.a. að finna heimilisköttinn, geitina og urriðann svo dæmi séu nefnd. Á listanum má finna ellefu trjátegundir, að mestu bundnar við hitabelti jarðar. Þar er hvorki að finna stafafuru né sitkagreni og raunar aðeins eitt barrtré; miðjarðarhafsfuruna (Pinus pinaster), en sú fura er talin „ágeng“ sums staðar í Afríku. Ekki það að sterkari vísindi séu á bak við þann lista en aðra.

Enginn samhljómur

Á Íslandi er lögbundin skilgreining á framandi ágengum lífverum í náttúruverndarlögum, sem miðast við að þær valdi rýrnun á líffræðilegri fjölbreytni. Þá má reyndar fara að rífast um hvað felist í hugtakinu „rýrnun“ og hvort meta eigi hana einhliða eða samhliða ávinningi. Ljóst er að takmörkuð útbreiðsla lífveru veldur lítilli eða engri rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni, en hröð eða gríðarmikil útbreiðsla getur mögulega valdið slíkri rýrnun (ekki er það þó víst). Einhvers staðar þar á milli liggja mörkin á milli ágengra og óágengra framandi lífvera.

Um hvar þau mörk liggja er enginn samhljómur, hvorki meðal vísindamanna né hjá almenningi. Því er það að uppnefna einhverja tegund „ágenga“ aðeins skoðun þess sem uppnefnir, ekki vísindi, sama hvort uppnefnarinn er einstaklingur, opinber nefnd eða stjórnvöld þjóðríkis.

Svo vitnað sé í líffræðinginn Erick Lundgren [úr nýlegu viðtali sem lesa má hér: https://news.asu.edu/20211203-solutions-do-species-really-invade] : „Allt sem hér er, komst hingað einhvern veginn. Orðræðan um „innlendar tegundir“ skapar þessa tilbúnu hugmynd að það sé einhver fullkominn samræmdur heimur sem hefur alltaf verið sá sami og óumbreytanlegur, sem hefur þróast saman í milljónir ára. Þetta er bara algjör tilbúningur. Sá tilbúningur stafar af trúarlegri tilfinningu fremur en skilningi á líffræðilegum veruleika. Ég var upphaflega forvitinn, nálgaðist viðfangsefnið út frá hugmyndinni um að framandi tegundir hlytu að vera skaðlegar. En því lengur sem ég dvaldi í þessum herbúðum, því meira sem ég hugsaði um innrásarlíffræðina, varð niðurstaða mín sú að á bak við hana finnist enginn líffræðilegur veruleiki.“ (Þýðing greinarhöfunda.)

Horfa til framtíðar

Vísindaleg þekking á vistfræðilegri hegðun lífvera og kostum og göllum þeirra lífvera sem við ræktum og notum, óháð uppruna þeirra, er nauðsynleg. Á grundvelli slíkrar þekkingar er hægt að taka skynsamlegar ákvarðanir um stefnu, ræktun og viðbrögð í þágu náttúru og samfélags manna. Í því sambandi er þó hvorki mögulegt né æskilegt að halda öllu óbreyttu. Meðal breytinganna sem þurfa að eiga sér stað er að landið þarf að verða betur gróið og betur klætt skógi, ekki aðeins í þágu kolefnisbindingar, matvælaframleiðslu og annarrar lífrænnar framleiðslu í græna hagkerfi framtíðarinnar heldur líka í þágu náttúrunnar sjálfrar. Í þeim efnum vilja sumir einungis horfa til baka og endurheimta það sem glataðist, t.d. birkiskóga eða mýrar, og miða einungis við svokallaðar innlendar tegundir.

Slíkt getur auðvitað átt rétt á sér sums staðar en á ekki að vera eina lausnin, ekki einu sinni ráðandi. Við þurfum að horfa til framtíðar sem væntanlega ber með sér hlýnun andrúmsloftsins um 2-4 gráður á næstu 80 árum og enn meira eftir það, sama hvernig okkur tekst til við að draga úr henni. Við gætum verið að horfa fram á 10 gráðu hlýnun eftir 200 ár ef illa tekst til. Það er þrátt fyrir allt ekki langur tími. Þá er úti um allan þorra þess gróðurs sem við könnumst við á láglendi Íslands. Eitthvað annað mun koma í staðinn, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Við þurfum að laga okkur að nýjum veruleika. Aukin skógrækt á Íslandi og í heiminum öllum, með stafafuru, sitkagreni og öðrum tegundum, er viðleitni til að reyna að draga úr hraða hlýnunarinnar og gefa okkur svigrúm til að aðlagast. ÞAÐ er að sýna fyrirhyggju.

Þröstur Eysteinsson,
Aðalsteinn Sigurgeirsson
og Pétur Halldórsson
Höfundar eru skógræktarstjóri, fagmálastjóri og kynningarstjóri Skógræktarinnar.

Breytingar á verðskrá RML 2022

Frá og með 1. janúar 2022 munu notendagjöld skýrsluhaldsforrita hækka.

Einnig munu lægsta þrep flokks í fjárvís 1-10 gripir og lægsta þrep í jörð 0-12,99 ha. verða tekin af og tvö þrep verða því í stað þriggja í báðum forritum.

Þetta er gert til að samræma verðskrá við önnur forrit s.s. Huppu þar sem engin þrepaskipting er. Kostnaður vegna reksturs forrita er nánast sá sami óháð fjölda búfjár/ha. á bak við hvern notenda. Notendagjöld af forritum hafa ekki verið hækkuð frá því að RML tók yfir rekstur forrita um áramótin 2019-2020.

Frá og með 1. janúar 2022 mun verðskrá vegna niðurgreiddar útseldrar þjónustu til bænda hækka samkvæmt heimild frá ráðuneytinu sem dagsett er 24. apríl 2020, úr 8000 kr/klst í 9000kr/klst án virðisauka.

Verðskrá vegna útseldrar vinnu til bænda hefur ekki verið hækkuð frá því 1. maí 2019.

Verð á útseldri vinnu til annara en bænda mun hækka úr 14 þúsund kr í 16 þúsund kr/klst án virðisauka.

Nýjar verðskrár má finna á vefsíðu RML, ath. linka í grein.
www.rml.is/is/starfsemi/frettir/breytingar-a-verdskra-rml-2022

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA

Tækifærin í áskorununum

Vaka Sigurðardóttir.

Undanfarið hafa orðið töluverðar hækkanir á aðföngum bænda og hefur áburður verið þar sérstaklega áberandi. Talað er um að köfnunarefnisáburður hækki jafnvel um hundruð prósenta en kalí og fosfór eitthvað minna. Þetta helgast meðal annars af hækkandi orkuverði í Evrópu en það þarf mikla orku í að framleiða köfnunarefni.

Afleiðingin hefur verið sú að áburðarfyrirtæki erlendis hafa lokað verksmiðjum því að það borgar sig ekki eins og stendur að framleiða. Hin áburðarefnin eru að mestu leyti unnin úr námum og hafa því ekki hækkað eins mikið.

En áburðurinn er ekki það eina sem hækkar. Plast hefur hækkað um 30-40%, ekki er vitað hvað kjarnfóður mun hækka mikið en það er þó alveg ljóst að það verður þónokkuð miðað við allt hitt. Hægt væri að halda töluvert lengur áfram á þessari braut því að allt virðist vera að hækka. Það er því alveg ljóst að á sama tíma og við erum að í miðri baráttu við loftslagsvána gætum við verið að stefna hraðbyri inn í alþjóðlega matvæla- og aðfangakreppu. Spurningin er, hvað getum við gert?

Nágrannaþjóðir hafa brugðist við þessum aðfangahækkunum og ákveðið að koma til móts við landbúnaðinn með auknum niðurgreiðslum. Svandís Svavarsdóttir, nýr landbúnaðar-ráðherra, lagði til að 700 milljónir úr ríkissjóði kæmu til móts við hækkandi áburðarverð hjá bændum og var það samþykkt af Alþingi rétt fyrir jól. Það verður að teljast mjög skynsamleg leið í þessu kreppuástandi því að bændur þurfa auðvitað að vera með starfhæfar einingar til að geta framleitt hágæða matvæli án þess að verðið til neytenda rjúki upp.

Aukið fæðuöryggi með aukinni sjálfbærni

Sagan ætti að vera búin að kenna okkur mikilvægi þess að vera eins sjálfbær og við framast getum en þegar vel gengur er eins og það gleymist, eins og fæðuöryggi sé sjálfsagt. Það skiptir höfuðmáli, hvort sem við erum í kreppu vegna afleiðinga heimsfaraldurs, gríðarlegar hækkanir á orkuverði í Evrópu setji allt á hvolf eða hvort allt sé í blóma í heimsmálunum, að við séum sem mest sjálfbær. Eitthvað hefur skort á framsýnina í þeim málum, svo ég nefni nú bara áburðarverksmiðju. Sú gamla var sannarlega úr sér gengin og á óheppilegum stað, en hvers vegna er ekki löngu komin ný og á betri stað?

Fluttar hafa verið þingsályktunartillögur um nýja áburðarverksmiðju undanfarin ár sem ekki hafa náð fram að ganga, sem er synd því að mikið væri gott að hafa eina slíka starfandi núna. Því gladdi það mig mjög þegar ég las nýlega áform um að reisa áburðarverksmiðju á Reyðarfirði og óska ég forsvarsmönnum verkefnisins alls hins besta. Til að framleiða köfnunarefni, sem er stærsti hluti tilbúins áburðar, þarf vatn, loft og rafmagn og það eigum við.

Það þarf líka að setja meiri fjármuni og kraft í ræktun, þá sér í lagi kornræktun, því að við getum ræktað töluvert meira af því hérlendis en við gerum í dag og stuðlað með því að aukinni sjálfbærni og fæðuöryggi. Ekki má gleyma fóðurjurtunum, þar getum við gert betur með auknum tilraunum og kynbótum. Með því náum við fram aukinni fjölbreytni af fóðurjurtum sem henta betur hér á landi. Það skiptir miklu máli fyrir okkur öll og framtíðina.

Betri nýting búfjáráburðar

En hvað getum við bændur gert hér og nú, heima á búunum? Auðvitað eru aðstæður mismunandi á hverjum stað fyrir sig, en bara með niðurfellingarbúnaði fyrir búfjáráburð eykst nýtingin á köfnunarefni um 10-15%. Haughúsgeymslur skipta miklu, að það sé nóg rými til að hægt sé að dreifa á túnin á sem hagstæðustum tíma. Taka jarðvegssýni og kalka ef þess þarf, rétt sýrustig í jarðvegi eykur endingu á sáðgresi. Fara í kornrækt sé þess kostur. Skella sér í stæðugerð. Auðvitað kosta svona framkvæmdir þó nokkuð en þær miða að því að draga úr plast- og áburðarnotkun, þar sparast fjármunir til lengri tíma litið og umhverfið nýtur góðs af. Ákjósanlegast væri að fá sértækan fjárfestingarstuðning til að koma þessu á koppinn. Þetta eru bara nokkur dæmi og ég er viss um að bændur og ráðunautar lumi á mörgum hugmyndum til viðbótar.

Það eru því miður engar töfralausnir við þessu ástandi sem er að skapast um heiminn, afleiðingar Covid-19 eru óútreiknanlegar. En auðvitað látum við ekki hugfallast, þetta er verkefni eins og annað, og mun leysast. Oft þegar kreppir að koma fram mestu framfarirnar, kannski nýjar lausnir til að búa til köfnunarefnisáburð heima á bæjum, hvað veit maður. Eitt er víst að tækifærin eru víða – og leynast jafnvel stundum í áskorununum sjálfum.

Ég óska ykkur gæfu, gleði og góðrar heilsu á nýju ári, megi ykkur búnast sem allra best.

Nýárskveðja,
Vaka Sigurðardóttir,

LANDBÓTASJÓÐUR LANDGRÆÐSLUNNAR

OPIÐ ER FYRIR UMSÓKNIR FRÁ 13. JANÚAR TIL OG MEÐ 24. JANÚAR 2022

STYRKIR BJÓÐAST FYRIR VERNDUN OG ENDURHEIMT GRÓÐURS OG JARÐVEGS.

ÁRATUGURINN 2021 TIL 2030 ER TILEINKAÐUR ENDURHEIMT VISTKERFA OG ERU UMRÁÐAHAFAR LANDS EINDREGIÐ HVATTIR TIL ÞÁTTTÖKU.

LANDGRÆÐSLAN VEITIR RÁÐGJÖF VIÐ FRAMKVÆMD ÞEIRRA VERKEFNA SEM SJÓÐURINN STYRKIR OG HEFUR EFTIRLIT MEÐ FRAMVINDU ÞEIRRA.

UMSÓKNARFORM OG REGLUR ERU Á WWW.LAND.IS. EINNIG ER HÆGT AÐ FÁ NÁNARI UPPLÝSINGAR OG RÁÐGJÖF HJÁ HÉRAÐSFULLTRÚUM.

WWW.LAND.IS – LBS@LAND.IS

LESENDARÝNI

Opið bréf um blóðmerahald

– Álitsgerð um heildarblóðmagn íslenska hestsins, magn og tíðni blóðtöku og möguleg áhrif hennar á fylfullar hryssur, út frá sjónarmiðum dýralæknavísinda og dýraverndar

Með þessari greinargerð viljum við taka afstöðu til ákveðinna grundvallaratriða varðandi blóðmerahald á Íslandi. Við beinum sérstaklega sjónum okkar að blóðmagninu sem tekið er úr hryssunum, en það fer langt fram úr þeim reglugerðum um blóðtöku sem gilda í Sviss, Þýskalandi og Bandaríkjunum.

Blóðmagn í hrossum er almennt á bilinu 7%–10% af líkamsþyngd en það er breytilegt eftir hestakynjum og er einnig háð kyni, aldri, fóðrunarástandi og þjálfun, en breytist líka smávægilega hjá fylfullum hryssum eftir fyrsta þriðjung meðgöngu (eftir 3,7 mánuði). Það þýðir að blóðmagnið hjá fylfullum hryssum eykst ef eitthvað er miklu seinna, löngu eftir blóðtökutímabilið.

Eftir þessu að dæma nemur áætlað blóðmagn hjá íslenskri stóðhryssu sem er af norrænu hestakyni (óþjálfuð í venjulegu fóðurástandi) 7% af líkamsþyngdinni.

Enski veðhlaupahesturinn (Thoroughbred) í fullri keppnisþjálfun getur náð blóðmagni sem samsvarar allt að 10% af eigin líkamsþyngd. Stóðhestar sem og ung folöld eru oft með blóðmagn nokkuð yfir meðaltali. Blóðmagn hrossa hækkar eða lækkar ekki í beinu samræmi við þyngdarbreytingu. Það þýðir að þegar hross fitna eykst blóðmagn þeirra ekki í jöfnu hlutfalli við þyngdaraukningu!

Mjög vandasamt er að leggja sjónrænt mat á þyngd hrossa og nauðsynlegt er að aðlaga og leiðrétta það mat með stórgripavog, ef meta á hve mikið blóð eigi að taka úr hrossi.

Fullvaxin íslensk hross í góðu standi vega frá tæplega 300 kílóum og allt að rúmlega 400 kílóum. Ef reikna á út heildarblóðmagn hests til að komast að niðurstöðu um hversu mikið blóð er óhætt að taka án skaðlegra áhrifa á heilsufar, er nauðsynlegt að taka tillit til fóðurog þjálfunarástands hestsins. Hafa skal í huga að hjá feitum hrossum má ekki áætla blóðmagn í jöfnu hlutfalli við þyngdaraukningu.

Ef fylgja á viðmiðum um hæfilega blóðtöku er notkun á hrossavigt óhjákvæmileg. Samkvæmt reglum MAST er hins vegar leyfilegt að taka 5 lítra af blóði úr hryssum, fjögurra vetra og eldri, óháð stærð, þyngd og fóðurástandi og engar reglur eða viðmið um mat á þyngd liggja fyrir.

Blóðmagn tekið á Íslandi:

5 lítra blóðtaka úr hryssu sem vegur 350 eða 380 kíló með 7% eða 8% blóðmagn miðað við líkamsþyngd gefur eftirfarandi niðurstöður:

Líkamsþyngd	Blóðmagn í lítrum sem hlutfall af þyngd	Blóðmagn í lítrum á hverja hryssu	Blóðtaka sem hlutfall af heildar blóðmagni
350 kg	24,5 l / 7%	5 lítrar	20,40%
350 kg	28,0 1 / 8%	5 lítrar	18,80%
380 kg	26,6 l / 7%	5 lítrar	17,80%
380 kg	30,0 l / 8%	5 lítrar	16,50%

Samkvæmt þessu er ljóst að það hlutfall heildarblóðmagns sem leyfilegt er að taka úr blóðmerum á Íslandi fer langt fram úr þeim hámarksgildum sem gengið er út frá í Sviss, Evrópubandalaginu og í Bandaríkjunum.

Fáanlegt er málband sem á að auðvelda mat á þyngd hrossa með mælingum á ummáli brjóstkassa en niðurstöður slíkra mælinga eru ónothæfar.

Gera má ráð fyrir því að íslenskar blóðmerar sem eru af harðgerðu, norrænu hestakyni, óþjálfaðar og gengnar með í 100 daga í mesta lagi, vegi að meðaltali um 350 kíló og má áætla að blóðmagn þeirra sé ekki hærra en um 7% af líkamsþyngd, það eru þá 24,5 lítrar. Ef miðað væri við 8% hlutfall (sem er afar ósennilegt) væru það 28 lítrar.

Ef við tökum sem dæmi mjög myndarlega hryssu í góðu standi (ekki feita) sem vegur 400 kíló og er með óvenju hátt blóðhlutfall, 8%, þá væri blóðmagn hennar í mesta lagi 32 lítrar. Um er að ræða algera undantekningu og hámarksgildi en þetta dæmi kemst þó ekki nálægt því meðaltali sem gengið er út frá við blóðmerahald á Íslandi, sem eru 35 – 37 lítrar! Ef teknir eru 5 lítrar blóðs úr þessari hryssu þá er það meira en 15% af blóðmagni hennar og rúmlega tvöfalt magn miðað við viðurkennda, alþjóðlega staðla um hámark þess blóðmagns sem má taka, ekki vikulega, eins og gert er á Íslandi, heldur með eins til tveggja mánaða hléum milli skipta!

Samkvæmt reglum MAST virðist leyfilegt að taka 5 lítra blóðs á viku og endurtaka blóðtökuna allt að átta sinnum. Það þýðir að taka megi allt að 40 lítra af blóði úr fylfullri hryssu sem mögulega er með folald á spena á 56 daga tímabili. Þetta þýðir að hryssurnar þurfa að endurnýja allt blóðmagn sitt og gott betur (8–15 lítrum meira) innan tveggja mánaða tímabils.

Innan Evrópusambandsins og í Sviss er blóðtaka úr fylfullum hryssum og hryssum með folöld á spena bönnuð með öllu, nema í örlitlu magni til rannsókna og læknismeðferðar. Í þessum löndum er venjulega tekið blóð úr geldingum og með „Plasmapheresis“, aðferð þar sem blóðvökvi (Plasma) er unnið í þeim tilgangi að meðahöndla m.a. nýfædd folöld sem lenda í þeim aðstæðum að fá ekki broddmjólk. Hins vegar eru hreinar blóðgjafir frekar sjaldgæfar og mjög flóknar í framkvæmd og eiga þær einungis við, þegar mikill blóðmissir liggur fyrir hjá slösuðum eða veikum hesti.

Í þessu samhengi skal bent á að þeim aðferðum sem beitt er á Haflingerbúinu í Meura í Thüringen í Þýskalandi eru ekkert í líkingu við blóðtökuna sem tíðkast á íslenskum blóðmerabúum. Í Meura er frumuhluta blóðsins skilað jafnóðum með blóðvökvaskiptum/plasmaskiptum (Plasamapheresis). Ástæða þess að blóðmerabúrekstur sem þessi, til vinnslu á PMSG, hefur ekki enn verið bannaður fyrir fullt og allt, eru langvarandi málaferli milli Bundesrepublik Deutschland og fylkisins Thüringen.

Mikill munur er á því líkamlega álagi sem hross verða fyrir við beina blóðtöku eða þegar unnið er blóðefni með blóðvökvaskiptum (Plasmapheresis). Með þessari aðferð er þess gætt að hrossið tapi ekki blóðþrýstingi, með því að gefa „Ringer lactat” í æð og auk þess eru rauðum blóðkornum, hvítum blóðkornum og blóðflögum skilað aftur í saltlausn inn í æðakerfi hrossins samtímis. Með því móti er áhrifum á blóðþrýsting, súrefnismettun og blóðstorknun haldið í lágmarki. Blóðvökvi er samsettur úr 91% vatni, 7% prótíni, (albumín og glóbúlín) og 2% electrolyta, hormónum og næringarefni. Blóðvökvaskipti eru mjög flókin í framkvæmd samanborið við venjulega blóðtöku og krefjast sérstaks tækjakostar og umtalsverðrar fagkunnáttu.

Í Sviss gilda ákveðnar reglur um dýravernd og við meðferð tilraunadýra og segja þær til um magn og tíðni blóðtöku. Yfirleitt er mælt með 10% af heildar blóðmagni dýrs með tveggja vikna millibili eða 7,5% með einnar viku millibili.

Hross þola blóðmissi allt að 15%, í undantekningartilfellum jafnvel 20–30%, án þess að þurfa á blóðgjöf að halda en þau þurfa að minnsta kosti 1 mánuð til að jafna sig.

Í Sviss og Þýskalandi er ekki leyfilegt að taka blóð í umtalsverðu magni úr fylfullum hryssum eða hryssum með folöld á spena í tilraunaskyni né með viðskiptasjónarmið í huga, hvað þá með viku millibili.

Þar að auki eru engar rannsóknir fyrirliggjandi sem fjalla um sambærilegar aðferðir við blóðtöku úr fylfullum hryssum eins og framkvæmdar eru á Íslandi, þar sem leyfilegt er að taka blóð úr hryssunum með viku millibili í 6–8 skipti í röð.

Blóðmerabúin á Íslandi eru ekki einkamál Íslendinga. Ein aðalástæða þess að hestamenn og dýraverndarsinnar á meginlandi Evrópu hafa lýst andstöðu við blóðmerahald á Íslandi er sú að þó verslun með PMSG sé enn leyfileg innan Evrópubandalagsins þá er blóðmerahald bannað því það brýtur gegn dýraverndunarlögum. Þessi þversögn hefur sætt mikilli gagnrýni og Evrópuþingið hefur lýst yfir andstöðu við viðskipti með PMSG með miklum meirihluta atkvæða. Málið er nú til frekari umfjöllunar hjá Evrópuráðinu.

Auk þess ber að nefna að tilbúin kemísk efni sem hafa sömu áhrif og PMSG eru nú þegar fáanleg og í stöðugri þróun.

Nákvæmar klínískar blóð- og efnarannsóknir fyrir og í kjölfar blóðtöku eru ófrávíkjanleg regla þegar um er að ræða meðferð á tilraunadýrum í Sviss og Evrópubandalaginu. Rannsóknin sem krafist er af MAST (Hematokrit og blóðrauði) án skýrra tímamarka (á tveggja ára fresti) og einungis á hluta hryssanna, verður hins vegar að teljast ófullnægjandi með öllu.

Alþjóðleg viðmið gera ráð fyrir því að taka megi í mesta lagi 7,5 % af heildarblóðmagni hryssu á viku, og 10% ef tvær vikur líða milli blóðtaka. Ef taka á meira en 10% af heildarblóðmagni þarf að líða í það minnsta mánuður á milli.

Gera má ráð fyrir því að þær aðferðir sem tíðkast við blóðtökur úr blóðmerum á Íslandi, sem sagt óvenju hátt hlutfall blóðmagns með aðeins viku millibili, valdi mjög miklu álagi, jafnvel þó um sterkbyggðar og heilbrigðar íslenskar hryssur er að ræða. Búast má við heilsufarslegum einkennum á borð við lágan blóðþrýsting, veikluðu ónæmiskerfi, járnskorti, próteinskorti, fósturláti, líffæraskaða og illa höldnum folöldum.

Reglulegar rannsóknir (blóðrannsóknir og klínískar rannsóknir) á öllum blóðmerum með áherslu á tímabilið rétt fyrir og meðan á blóðtökum stendur og þar til öll blóðgildi eru orðin eðlileg á ný, myndu gefa skýra mynd af líkamlegu ástandi hryssnanna og veita upplýsingar um mögulegan heilsufarslegan skaða. Því miður er ekki hægt að nálgast neinar slíkar rannsóknaniðurstöður á Íslandi – eru þær ef til vill ekki til?

Blóðmerar á Íslandi eru aldar í stóði og úti allt árið. Samband þeirra við manninn takmarkast við blóðtökutímabilið, auk nauðsynlegra hófsnyrtinga og ormalyfsgjafa. Þegar fylfullum hryssunum er smalað í lítil hólf einu sinni í viku á tveggja mánaða tímabili, hefst álagið.

Streitan eykst svo til muna þegar blóðtakan fer fram í þar til gerðum tökubás og folöldin eru tekin frá hryssunum á meðan. Þeim er þröngvað inn í básinn og gjarðir spenntar yfir bakið á þeim, meðal annars til að koma í veg fyrir að þær reisi sig upp á afturfæturna. Því næst er höfðinu komið fyrir í óeðlilegri stöðu og það fest til að geta stungið inn sprautunálinni sem er 5 mm í þvermál. Þessar aðstæður geta vakið ofsahræðslu hjá hrossum sem eru í eðli sínu flóttadýr.

Af þessu sést að hryssunum er komið í vonlausa stöðu sem veldur þeim ekki aðeins miklum ótta heldur einnig líkamlegum sársauka. Varnarviðbrögð þeirra eru vafalaust misáberandi miðað við skapgerð og tamningu en

Höfundar eru óháðir dýralæknar og ekki talsmenn AWF/TSB samtakanna

Barla Barandun

Dýralæknir með sérhæfingu í hestalækningum. Barla Barandun hefur unnið fimm meistaratitla á Evrópumótum íslenska hestsins og verið ræktandi í fjöldamörg ár. Hún starfaði sem kynbóta- og hestaíþróttadómari um árabil og auk þess var hún formaður kynbótadeildar Íslandshestafélagsins í Sviss í yfir 20 ár. Enn fremur tók hún virkan þátt í uppbyggingu WorldFengs, rafrænni ættbók íslenska hestsins.

Próf. Dr. med. vet. Ewald Isenbügel

Stofnfélagi, fyrsti formaður og heiðursfélagi FEIF (Alþjóðleg samtök íslenska hestsins) og handhafi heiðursmerkis Búnaðarfélags Íslands (nú Bændasamtök Íslands) og hinnar íslensku Fálkaorðu. Isenbügel er prófessor emeritus við dýralæknadeild háskólans í Zürich og var yfirdýralæknir við dýragarðinn Zoo Zürich í 40 ár.

þó er víst að flestar þeirra, hvort sem þær eru alveg ótamdar eða frumtamdar, lendi í svokölluðu lærðu hjálparleysi („Learned helplessness“).

(Lært hjálparleysi tilheyrir varnarviðbrögðum ósjálfráða taugakerfisins við álagi og hættu og er einnig kallað „play dead response“. Hin tvö viðbrögðin eru þekktari, en þau eru „flight or fight response“ sem er þýtt sem árás eða flótti, eða að hrökkva eða stökkva.)

Hryssurnar gefast upp. Þessari hegðun má alls ekki taka sem vísbendingu um að þær venjist atganginum eða séu samþykkar aðförunum. Sú staðhæfing að hryssurnar aðlagist stressinu sem fylgir blóðtökunni eftir nokkur skipti er alröng og ber vott um þekkingarleysi á hegðun og atferli hrossa. Staðreyndin er sú að vilji hryssnanna er brotinn á bak aftur með valdi. Þær gefast upp og láta hið óhjákvæmilega yfir sig ganga. Þessar aðstæður brjóta gjörsamlega í bága við dýraverndunarlög.

Reglur um blóðmerahald á Íslandi segja til um að dýralæknir skuli deyfa stungusvæði fyrir blóðtöku. Dýralæknir veit hins vegar að hryssurnar finna samt fyrir vissum sársauka við stunguna og eykur það enn á álag og varnarviðbrögð. Einnig ber að nefna að stungusvæðið virðist hvorki vera rakað né sótthreinsað. Þótt sýkingarhættan sé minni á Íslandi en í heitari löndum/á meginlandi Evrópu getur það varla talist til vandaðra vinnubragða af hálfu dýralæknis.

Að binda höfuð hests upp og til hliðar auðveldar aðgang að æðinni sem stungið er á. Undir venjulegum kringumstæðum, við meðferð hjá dýralækni, sveigir aðstoðarmaður háls hestsins lítillega, án valdbeitingar.

Við endurteknar stungur í hálsblááæð hrossa (Jugular vein) með nál sem er 5 mm í þvermál getur komið til ertingar í æðaveggnum og mar getur myndast. Særindin geta aukist enn við það að nálarnar eru endurnýttar og verða því bitlausar. Þetta allt getur leitt til sársaukafullrar bólgumyndunar og í einstaka tilfellum lokast æðin.

Þegar nálarnar eru endurnýttar, virðist sótthreinsun ábótavant. Í annars háþróuðu landi sem er í takt við nútímann, hlýtur þetta að teljast óskiljanlegt athæfi og andstætt dýraverndarsjónarmiðum.

Á a.m.k. einhverjum blóðmerabúum á Íslandi virðast innviðir og aðstæður, svo sem girðingar og frumstæður byggingamáti tökubása, með þeim hætti að það verður að teljast ófullnægjandi með öllu og er slysahætta umtalsverð. Því hlýtur að vakna sú spurning hvers vegna engar athugasemdir koma frá þeim dýralæknum sem bera ábyrgð á framkvæmd blóðtökunnar, þrátt fyrir að MAST geri kröfu um að aðstæður við blóðtöku séu þannig að slysahætta sé sem minnst fyrir hryssur og fölöld.

Niðurstaða þessara skrifa er sú að meðferð á blóðmerum meðan á blóðtöku stendur og þær aðferðir sem beitt er á Íslandi séu með öllu óskiljanlegar og ósamboðnar siðmenntaðri þjóð. Magn blóðs sem tekið er úr hryssunum og tíminn sem líður á milli blóðtaka eru víðs fjarri viðurkenndum viðmiðum og algjörlega á skjön við alþjóðlega vísindalega staðla.

Þótt fylgjendur blóðmerabúskapar haldi því fram að íslenskar hryssur lifi ofangreinda meðferð af án teljandi skaða, geta það ekki talist haldbær rök með svo vafasömum rekstri. Umhverfi og aðstæður á Íslandi hafa mótað íslenska hestinn í yfir þúsund ár og hann hefur þróað með sér óvenjulegan styrk og einstök þolgæði sem gera honum kleift að standast áhlaup af ýmsu tagi. Unnendur íslenskra hesta elska þá og virða fyrir þennan aðdáunarverða eiginleika og er hann, meðal margra annarra kosta hestakynsins, ein af ástæðum þess að íslenski hesturinn nýtur þeirra vinsælda sem raun ber vitni um allan heim.

Hjá blóðmerum birtist þessi harka og þol trúlega upp að vissu marki, en það getur með engu móti réttlætt misnotkunina á þeim til vinnslu á PMSG og að gengið sé mjög nærri þeim, jafnvel að ystu mörkum þess sem þolanlegt er, líkamlega og andlega.

Sú staðhæfing að lifandi vera „lifi af“ aðra eins meðferð, getur ekki staðist sem réttlæting á slíkum gjörðum.

Undirrituð senda þetta bréf í fullu trausti þess að Ísland reynist í þessu máli sem öðrum, sem upplýst nútíma þjóðfélag sem helgar sig velferð dýra og einkennist af sterkri siðferðiskennd.

Virðingarfyllst,
***Barla Barandun**,*
Auas Sparsas í Sviss,
31.12.2021
***Ewald Isenbügel**,*
Greifensee í Sviss,
31.12.2021

Bændablaðið
Kemur næst út 27. janúar

GARÐYRKJUSKÓLINN Á REYKJUM

Grænar plöntur með þykk lauf þola að standa án vatns yfir dimmustu vetrarmánuðina. Mynd / Guðríður Helgadóttir.

Vetrarumhirða pottaplantnanna

Í skammdeginu þarf að huga séstaklega að vellíðan pottablómanna okkar, því það getur reynst þeim erfitt að komast í gegnum dimmustu vetrarmánuðina án sérstakrar umönnunar.

Vökvun. Almenna reglan er að draga verulega úr vökvun frá hausti fram í byrjun mars. Alltaf er vökvað með volgu vatni, lítið eða ekkert á veturna. Grænar plöntur með þykk lauf þola að standa án vatns yfir dimmustu vetrarmánuðina. Hætt er við mygluvanda bæði á rótum og yfirvexti við ofvökvun og það gildir bæði sumar og vetur. Dökkir blettir á laufi myndast oft þegar vökvað er of mikið og sérstaklega ef vatnið er of kalt. Of mikil næring getur líka orsakað dauða blaðbletti. Súrefnisleysi við ræturnar vegna ofvökvunar að vetri er algengur dauðdagi pottaplantna.

Hitastig. Margar tegundir þrífast ágætlega við venjulegan stofuhita á sumrin. Þegar birta minnkar með haustinu mætti færa plöntur á svalari stað. Veturinn er eðlilegur dvalartími ýmissa tegunda og þá fer betur um þær við lægra hitastig en við sjálf kjósum og þarf að fara bil beggja. Aldrei ætti þó að hafa plönturnar þar sem kalt loft leikur um þær. Ýmsar tegundir pottaplantna kjósa hreinlega að vera í köldum og þurrum dvala yfir veturinn. Svalt herbergi eða bílskúr þar sem hitastig helst rétt yfir 10 °C getur hentað ágætlega til yfirvetrunar á þeim. Svalur sólskáli hentar mörgum tegundum vel. Þá eru ótaldar plöntur sem mynda hnýði sem mega nánast þorna alveg við lágt hitastig og sölna alveg niður á veturna eins og fílseyra og lukkusmæra.

Birta. Á veturna er yfirleitt of heitt fyrir plöntur sem fá litla birtu í híbýlum okkar og getur verið áskorun að halda hinu fullkomna jafnvægi. Komið plöntum fyrir á björtum en svölum stað að vetrinum ef mögulegt er. Athugið samt að í gluggakistum getur myndast kuldatrekkur þar sem gluggar eru opnir öðru hvoru. Plöntur sem þrífast í skugga frá vori til hausts gæti þurft að færa úr sínu dimma skoti á veturna. Athugið þó að beint sólarljós er yfirleitt ekki æskilegt, nema þá yfir háveturinn. Náttúruleg inngeislun að vetri er með allra minnsta móti og margar pottaplöntur láta aðeins á sjá vegna þess.

Rétt hlutfall birtu og hitastigs. Hátt hitastig samfara lítilli birtu veldur óeðlilegum lengdarvexti. Langar og teygðar, ljósar greinar og lauf geta myndast þegar fer að dimma á haustin og fram eftir vetri. Þessar greinar eru viðkvæmar og líklegar til að veslast upp. Ástæðan er að þær eru að reyna að teygja sig í átt að þeirri takmörkuðu birtu sem í boði er og þær ná ekki að þroskast eðlilega. Færið þá plöntuna nær ljósgjafanum og lækkið hitastigið um leið. Klippið þunnan og væskilslegan vöxt burt ef hann hefur náð að myndast. Sumar tegundir eins og kólusa og ástareld getur þurft að klippa vel síðla vetrar til að þær nái þéttum og fallegum vexti á ný þegar vorar. Amaryllis-laukar eru látnir vaxa áfram að lokinni blómgun þar til laufin eru farin að sölna. Þá má geyma þá á þurrum og köldum stað. Fíkusar eru dyntóttir og eiga til að missa dálítið af laufi að vetrinum en bæta við laufi og greinum þegar vorar. Öll óregla í umhverfi fíkusa getur líka valdið tímabundnu blaðfalli.

Áburðargjöf. Á veturna þegar lífsstarfsemi plantnanna er í lágmarki gefum við plöntunum ekki áburð. Frekar ætti að leggja áherslu á að byggja upp næringarríkar, vel haldnar plöntur að sumri sem eiga meiri líkur á að lifa af hina hörðu, dimmu vetrarmánuði. Ef vökvað er með áburðarvatni er hætt við að næringarsölt safnist upp í jarðveginum og valdi rótarsviðnun.

Grænar plöntur eru hafðar á svalari stað að vetri en sumri og þurfa nær enga vökvun en sem mesta birtu. Ástæðulaust er að fárast yfir nokkrum sölnuðum laufblöðum, þau má einfaldlega fjarlægja. Ef blaðendar sviðna má fjarlægja dauða vefinn en ekki klippa þannig að sár myndist. Þegar líður fram á útmánuði og vöxtur fer að taka við sér á ný er gott að setja plönturnar í gott steypibað eða strjúka af þeim með rökum bómullarklút. Umpottun er látin bíða þangað til í mars.

Blómstrandi plöntur. Blómstrandi pottablóm eru ekki mikið notuð yfir háveturinn en þau lífga upp á heimilið á vorin og sumrin. Á haustin geta þau verið til prýði en yfir háveturinn fækkar þeim tegundum sem blómstra ríkulega.

Ingólfur Guðnason,
brautarstjóri garðyrkju-framleiðslu Garðyrkjuskóla LbhÍ Reykjum, Ölfusi.

Á FAGLEGUM NÓTUM

Skítur gefur einstakar vísbendingar um flæðihraða fóðurs í gegnum meltingarveginn og samsetningu þess og þá hvernig til tekst almennt með fóðrun. Mynd / HKr.

Skítur er ekki bara skítur!

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Til þess að hámarka afkastagetu kúa þarf eðlilega að fullnýta meltingarfæri þeirra og þó svo að þau séu bæði flókin og viðkvæm þá tekst mörgum að nýta þau einstaklega vel.

Bændur um allan heim sem það gera eru oftast einkar slungnir í því að greina skít, enda gefur hann einstakar vísbendingar um flæðihraða fóðurs í gegnum meltingarveginn og samsetningu þess og þá hvernig til tekst almennt með fóðrun. Með öðrum orðum má nota skítinn, þ.e. áferð hans og samsetningu, til þess að meta bústjórn búsins!

Einfalt í framkvæmd

Að meta skít frá kúm er tiltölulega einfalt í framkvæmd, alls ekki tímafrekt og því ætti þetta að vera hluti af reglulegum verkum í fjósi allra bænda. Skíturinn er þá metinn bæði út frá lögun dellunnar, þykkt/seigju og svo þarf að skoða innihaldið. Ég mæli alltaf með því að þetta sé gert mánaðarlega í hið minnsta en daglega þarf að fylgjast með útliti og áferð skíts, enda ein besta aðferðin sem til er til að fá upplýsingar um fóðrun og hirðingu.

Áferð og lögun

Til þess að meta skít rétt þarf að nota staðlaðan kvarða og algengast er að nota kvarðann sem er frá 1-5. Lýsingar á hverju stigi eru eftir Berglindi Ósk Óðinsdóttur, fóðurráðgjafa hjá Bústólpa:

Skítastig 1: Mjög vökvakenndur skítur, eins og baunasúpa, sýnir enga hringi eða misfellur, stundum eru í honum loftbólur. Þessar loftbólur eru vísbending um súra vömb og of mikla gerjun í víðgirni. Þetta getur verið vegna þess að það sé of mikið prótein í fóðrinu og/eða sterkja. Hugsanlega of mikið af ákveðnum steinefnum eða einfaldlega of lítið af tréni (NDF). Þessi áferð gefur vísbendingu um að fóðurnýting sé ekki góð, fóðrið fer óþarflega hratt í gegnum meltingarfærin og upptaka næringarefna því ekki eins góð og hún annars gæti verið. Þetta hefur einnig áhrif á heilsufar gripanna og efnainnihald mjólkurinnar, því í þessu ástandi líður kúnum ekki vel og vömbin virkar ekki eins og hún á að gera. Kýr í þessu ástandi virka „latar“ og þær koma síður sjálfar til mjalta.

Skítastig 2: Skíturinn staflast ekki þegar hann lendir heldur slettist vel út og er slepjulegur, minna en 2,5 cm á þykkt en það sést móta fyrir hringjum. Þetta gefur líka til kynna of mikið af próteini og/eða sterkju, steinefnamagni og lítið af tréni (NDF). Þetta er í raun sama vandamál og við stig 1, bara ekki eins alvarlegt og á þessu stigi halda kýrnar miklu frekar heilsu. Það breytir því þó ekki að fóðurnýtingin er ekki eins góð og hún gæti best verið svo það fæst ávinningur af því að breyta fóðruninni aðeins ef það er mögulegt. Það er algengt að sjá svona skít hjá kúm á beit.

Skítastig 3: Skíturinn hefur smá þéttleika, nær um 3,5 cm þykkt og það er hægt að greina 4-6 hringi. Þegar ýtt er við skítnum með stígvélinu virkar hann frekar þunnur, klístrast við stígvélið og það kemur yfirleitt á óvart hversu þunnur hann í raun er. Þetta sýnir vel samsetta fóðrun og gott flæði. Fóðrið fær nægan tíma í meltingarfærunum til þess að góð nýting náist á næringarefnum, en stoppar þó ekki svo lengi að það hafi hamlandi áhrif á át eða framleiðslu gripanna. Kýrnar halda góðri heilsu og koma reglulega til mjalta.

Skítastig 4: Skíturinn er frekar þykkur, festist ekki við skó og sýnir ekki hringi þegar hann lendir heldur staflast meira í klessu. Þetta gæti skýrst af próteinskorti, of miklu af trefjum (NDF) og/eða of litlu magni af sterkju. Fóðrið tekur of langan tíma í meltingarfærunum, sem hefur áhrif á upptöku næringarefna og átgetu. Eigi kýrnar að vera í mikilli framleiðslu og skíturinn er með þessa áferð er fóðurskammturinn að halda aftur af framleiðslugetunni. Það þarf að stilla fóðurskammtinn betur af til að fá betri afköst.

Skítastig 5: Skíturinn er á formi stífra hnullunga og staflast um a.m.k. 5 cm. Þarna vantar vökva, svo vantar líklega prótein auk þess sem það er of mikið af tréni og of lítið af sterkju. Slíkur skítur á ekki að sjást nema hjá geldum kúm og jafnvel þá má skoða aðgengi að vatni.

Aðferðin

Þegar sá sem metur skítastigið er með flokkunina á tæru er einfalt mál að rölta um fjósið og gefa einkunn. Ekki er ástæða til þess að gera þetta með allar dellur heldur svona 10-15 í hverri lotu og fyrir hvern fóðrunarhóp. Það ætti að gefa góða mynd af stöðunni.

Mat niðurstaðna

Samkvæmt ráðleggingum fóðurfræðinga ætti 80-90% af skítnum í hjörðinni að fá „Skítastig 3“ en eðlilegt er að kýr sem eru komnar mjög langt inn í mjaltaskeiðið eða geldar kýr fái „Skítastig 4“ eða „Skítastig 5“ og nýbærur heldur lægri einkunn en 3. Séu frávikin vel frá þessu á búinu myndi ég ráð-

leggja strax að fá fóðurfræðing til þess að yfirfara framkvæmd fóðrunarinnar á búinu.

Skoðun safnsýnis

Þegar skítastigunin fer fram er einfalt mál að grípa smá sýni úr sömu dellum og eru metnar, að lágmarki 10, og setja í fötu. Með þessu verður þá til svokallað safnsýni sem er svo greint en niðurstaðan gefur afar góða innsýn inn í fóðrunina og gæði hennar. Þegar safnsýnið er tilbúið er það vigtað og sett í sigti og svo skolað vel með vatni til þess að sjá hvaða leifar eru eftir. Þegar vatnið er orðið tært, er sýnið tilbúið til greiningar. Ef í því leynast litlar kúlur sem líkjast leir er það vísbending um lélega virkni í vömb og ef í því eru slímklessur bendir það til þess að of mikil sýra hafi myndast við gerjun fóðursins. Þá ætti ekki að vera hægt að greina korn í leifunum, þar sem þá hefur nýtingin á því auðvitað ekki verið í lagi og því síður ætti að vera hægt að tegundagreina fóðurleifarnar almennt. Þegar búið er að greina eru leifarnar vigtaðar en hlutfall þeirra af heildarþunga sýnisins ættu að vera 20-25%. Ef meira magn af leifum er í sýninu bendir það til slakrar fóðurnýtingar. Í öllum tilvikum þar sem niðurstöðurnar víkja frá framangreindu er mælt með því að hafa samband við fóðurráðgjafa svo finna megi skjótt hvað sé að og leiðrétta.

Fóðurleifar eiga ekki að vera greinanlegar í skít.

Nánar má lesa um efnið í 9. kafla vefútgáfu kennslubókarinnar Nautgriparækt sem kom út í fyrra og má nálgast á vef Nautgriparæktarsviðs BÍ.

Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum

ALLT FASTEIGNASALA

Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is

Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

ELDVARNIR BORGA SIG

Yfirvöld setja ákveðnar reglur um brunavarnir og slökkvibúnað í byggingum.

Dæmi um þetta eru kröfur um reykskynjara og slökkvibúnað í íbúðarhúsnæði.

Hvað getur þú gert sem bóndi til þess að lágmarka áhættu af sökum elds á þínu býli?

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á **bondi.is**

Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI

ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?

SMÍÐUM OG GERUM VIÐ ALLAR GERÐIR TJAKKA

VHE
VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður
Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701
www.vhe.is • sala@vhe.is

Lífræn hreinsistöð

- Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

SKEMMUR



Stærðir frá 40 m², fást með og án einangrunar. Erum að bóka hús og uppsetningu fyrir vor og sumar 2022.

BOGAHÚS

Boghúsin fást óeinangruð og nú einnig einangruð. Breiddir frá 12m og upp í 20m. Erum að bóka hús og uppsetningu fyrir vor og sumar 2022.

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR
TÖLVUPÓSTUR sala@bkhonnun.is
SÍMI 571-3535
VEFFANG www.bkhonnun.is

Stórátak í riðuarfgerðagreiningum

Eyþór Einarsson
ráðunautur búfjárræktar- og þjónustusviðs
ee@rml.is

Mikil gerjun hefur átt sér stað á síðustu misserum í málum tengdum rannsóknum á riðuveiki. RML, Keldur, Karólína í Hvammshlíð og hópur ótrúlega áhugasamra erlendra vísindamanna hafa komið að verkefnum sem m.a. miða að því að leita í stofninum að verndandi arfgerðum. Öll þessi vinna miðar að því að hafa fleiri verkfæri í baráttunni við riðuveiki með það að markmiði að útrýma henni.

Nýverið hlaut RML styrk úr Þróunarsjóði sauðfjárræktarinnar til þess að standa fyrir stórátaki í arfgerðagreiningum. Um er að ræða svo kallaðar riðuarfgerðargreiningar þar sem arfgerð príonpróteinsins er skoðuð í kindum. Fagráð í sauðfjárrækt hvetur mjög til þess að rannsóknir tengdar riðuveiki séu efldar og hvernig rækta megi stofna/hjarðir með þolnari arfgerð gagnvart henni. Styrkurinn mun að stærstum hluta nýtast til niðurgreiðslu á kostnaði við greiningu á sýnum, þannig að greina megi sem flesta gripi.

Markmið verkefnisins er tvíþætt. Annars vegar að hvetja bændur í gang af enn meira afli en áður, í að rækta skipulega upp stofna/hjarðir með þolnari arfgerðir gegn riðuveiki. Hins vegar er verið að setja aukinn kraft í að leita að verndandi arfgerðum og í raun öllum arfgerðum príonpróteinsins sem geta haft áhrif á næmi kinda gegn riðuveiki. Verkefnið er skipulagt í samstarfi við þá aðila sem koma að tengdum rannsóknarverkefnum sem eru þegar í gangi.

Dalur 17-870 frá Ásgarði var einn af þeim hrútum sæðingastöðvanna sl. vetur sem skartaði lítið næmri arfgerð gagnvart riðusmiti. Vonandi mun þetta átaksverkefni skila því að á sæðingastöðvunum verði gott úrval hrúta næsta haust með lítið næma arfgerð eða jafnvel verndandi.

Hvaða sæti á að skoða?

Í hefðbundinni arfgerðagreiningu, t.d. þjónustugreiningum Matís eins og þær hafa verið framkvæmdar, þá er leitað í tveim sætum á príongeninu. Það eru sæti 136 og 154. Stökkbreytingar sem geta fundist í þessum sætum gefa til kynna hvort við teljum gripinn vera með hlutlausa/miðlungsnæma arfgerð, áhættu arfgerð eða lítið næma arfgerð (áður kölluð verndandi hér á landi). Í þessu verkefni verður hins vegar leitað í 6 sætum á geninu. Það eru sæti 136, 137, 138, 151, 154 og 171.

Í öllum þessum sætum nema einu hefur fundist breytileiki sem virðist hafa áhrif á mótstöðu gegn riðuveiki. Í sæti 171 hefur því miður ekkert fundist nema Q hér á landi, en í erlendum kynjum hefur þetta sæti að geyma þann verndandi breytileika (R) sem alþjóðlega er grunnur að útrýmingu riðu með mjög góðum árangri (-> arfgerðin ARR). Í sæti 137 er ljóst að breytileiki finnst en er mjög sjaldgæfur; til þessa hafa fundist þrjár ær á Sveinsstöðum í Austur-Húnavatnssýslu og ein ær á Straumi í Hróarstungu sem er ferhyrnd og óskyld hinum. Miklar vonir eru bundnar við að sá breytileiki (T í 137) virki verndandi en rannsóknir á Ítalíu hafa gefið það til kynna.

Nánar má lesa um mismunandi arfgerðir og hvaða breytileiki hefur fundist í hinum mismunandi sætum í Hrútaskránni 2020–2021 og greinum Karólínu sem birtar hafa verið hér í Bændablaðinu.

Um útfærslu verkefnisins – „Átaksverkefni – riðuarfgerðagreiningar 2022“

- Það munu allir sauðfjárbændur geta sótt um þátttöku.
- Bændur munu greiða hluta kostnaðar við hverja greiningu. Einingaverð liggur ekki fyrir á þessari stundu en markmið að það verði innan við 1.000 kr/án VSK á hvert sýni.
- Fjöldi greininga á niðursettu verði gætu orðið í kringum 15.000.
- Ef eftirspurn verður umfram þann fjölda sýna sem hægt er að styrkja, verður væntanlega hægt að bjóða mönnum að nýta afsláttarkjörin sem fást í gegnum átakið.
- Bændur munu sjálfir geta annast sýnatöku en RML mun einnig bjóða upp á þjónustu við sýnatöku samkvæmt tímagjaldi.
- RML mun sjá um alla umsýslu á sýnum, bændum að kostnaðarlausu.
- Bændur munu geta sótt um þátttöku inn á heimasíðu RML. Stefnt er að því að opna fyrir pantanir eigi síðar en 20. janúar.
- Sækja þarf um í síðasta lagi 1. febrúar.
- Í kjölfarið tekur við afgreiðsla umsókna. Það ræðst síðan af þátttöku hvað verður hægt að úthluta hverjum og einum margar greiningar á niðursettu verði. Gæti það hlutfall orðið eitthvað misjafnt milli búa en tekið verður þá tillit til hagsmuna rannsóknarinnar og ræktunarstarfsins ef nauðsyn krefur að forgangsraða. Bændur geta að sjálfsögðu sent fleiri sýni ef þeir óska eftir og greiða þá fullt verð fyrir þau sýni.
- Reiknað er með að búið sé að taka öll sýni vegna verkefnisins 1. maí 2022; sýnatakan byrjar sem fyrst eftir afgreiðslu umsókna líkur og getur hún farið fram í tveimur áföngum þannig að í seinni áfanga byggi val gripa á niðurstöðum úr fyrri áfanga.
- Upplýsingar um nánari útfærslu á verkefninu verður að finna á heimasíðu RML þegar líður að því að hægt verði að opna fyrir umsóknir, þar verða settar fram upplýsingar varðandi kostnað, skilyrði varðandi þátttöku, um framkvæmd sýnatökunnar, val á gripum o.fl.

Spennandi upplýsingar sem nýtast fyrir ræktunarstarfið

Hér er um að ræða gríðarlega gott tækifæri til að fá yfirgripsmiklar upplýsingar um tíðni mismunandi arfgerða príonpróteinsins í stofninum. Þetta er jafnframt geysilega gott tækifæri fyrir þá sem hafa hug á að rækta upp þolnari fjárstofn að hafa hér hugsanlega möguleika til að láta skoða stóran hluta af hjörð sinni á hagkvæman hátt. Eftirspurn eftir gripum með lítið næma eða verndandi arfgerðir mun að öllum líkindum færast mjög í aukana á næstu árum og því mikilvægt að allir leggi hönd á plóg að framleiða slíka gripi.

Vissulega höfum við enn ekki í höndunum viðurkennda verndandi arfgerð, en það eru sterkar líkur á að „ítalska útgáfan“ (T137) virki sem slík. Síðan er það ekki útilokað að hin klassíska verndandi arfgerð finnist hér (R171 eða ARR). En meðan málin skýrast með hinar verndandi arfgerðir og hversu mikilvægir breytileikar í öðrum sætum eru, er brýnt að tapa ekki úr stofninum fágætum arfgerðum. Þá er alltaf til mikils unnið að auka tíðni lítið næmu arfgerðarinnar (H í sæti 154) og útrýma áhættuarfgerðinni (V í sæti 136) í hjörðum þar sem riða getur hugsanlega skotið upp kollinum.

Nánar verður fjallað um þetta í næsta Bændablaði og á vef RML.

LESENDARÝNI

Aðgerðir til hjálpar bændum

Í kortunum eru yfirvofandi aðfangahækkanir sem bændur þurfa að mæta á komandi framleiðsluári. Nýr ráðherra landbúnaðarmála hefur boðað stuðning upp á 700 milljónir til að milda höggið vegna verðhækkana á tilbúnum áburði. Síðan 2017, þegar ég hóf búskap, hafa verið greiddar 1.620 milljónir til bænda umfram búvörusamning.

Árið 2017 fengu sauðfjárbændur 650 milljóna króna stuðning vegna hruns á afurðaverði og árið 2021 studdi ríkið við bændur með 970 milljónum króna vegna Covid en sá stuðningur skiptist niður á viðbótargreiðslu á gæðastýringu kindakjöts, viðbótargreiðslu á ull og viðbótargreiðslu á ungnautakjöt 2020.

Ég vil ekki gera lítið úr þessum viðbótargreiðslum sem bændur hafa fengið en velti fyrir mér hverju þær breyta? Vissulega kemur þetta aukafjármagn sér vel í rekstri búanna en það breytir ekki hinu raunverulega vandamáli sem hefur verið viðvarandi undanfarin ár og er afurðaverð til sauðfjárbænda.

Þessar 700 milljónir sem eiga að koma til bænda á þessu ári munu nýtast framleiðsluárið 2022 en hvað varðar framhaldið eru litlar líkur til þess að áburðaverð lækki aftur í fyrra horf. Miðað við hvernig rekstrarumhverfi sauðfjárbænda hefur verið upp á síðkastið tel ég nokkuð ljóst að flestir sauðfjárbændur hafi nú þegar hagrætt í áburðarkaupum eins og þeir hafa tök á og því lítið svigrúm til að minnka kaupin enn frekar. Sauðfjárbændur halda í vonina að afurðaverð nái fyrri hæðum en því miður gerist það afar hægt og verðið ekki komið í sömu krónutölu og það var í fyrir verðfall, árið 2015.

Afurðaverð til sauðfjárbænda

Eftir að hafa skoðað heimasíðu norsku bændasamtakanna velti ég fyrir mér hvort eitthvað af því sem þar er gert gæti virkað fyrir sauðfjárbændur á Íslandi. Norsk stjórnvöld hafa fyrir nokkru síðan gefið út að þau munu auka stuðning við norska bændur vegna hækkunar áburðarverðs. Norðmenn búa við landbúnaðarkerfi sem er ansi frábrugðið okkar, þar er opinber verðlagning á afurðaverði til bænda og jafnframt kerfi sem stýrir jafnvægi á markaði. Árlega gera norskir bændur samning við stjórnvöld sem byggja á nokkurs konar rekstrargrunni og hægt að leggja til breytingar á stuðningi út frá rekstrarlegum forsendum. Til dæmis er tekið mið af vöxtum á fjármagni á hverjum tíma, verð á fóðri, innfluttum vélum og ekki síst almennri launaþróun í landinu.

Samkvæmt skýrslu Lbhí frá 2021, sem ber heitið Afkoma sauðfjárbænda á Íslandi og leiðir til að bæta hana, kemur fram að beinn framleiðslukostnaður (án afskrifta og fjármagnsliða) dilkakjöts var 1.133 kr/kg árið 2019 en á sama tíma var meðalverð afurðastöðva fyrir dilkakjöt 444 kr/kg. Í þessari skýrslu kemur einnig fram að framleiðslukostnaður kindakjöts er hærri hér á landi en í flestum helstu sauðfjárræktarlöndum heimsins. Upplýsingar um vinnuþáttinn á íslenskum sauðfjárbúum eru takmarkaðar, sérstaklega upplýsingar um samspil sauðfjárræktarinnar við aðra tekjuöflun bænda. Mikilvægt er að þetta samspil sé rannsakað frekar til að við fáum sem raunsæjasta mynd af eiginlegum rekstrarkostnaði. Við viljum að kerfið okkar byggi á rökum og raunverulegum gögnum.

Birgir Þór Haraldsson og sonurinn Ágúst Ingi ásamt nýfæddu lambi.

Áhugavert væri að gera vinnustundamælingar á sauðfjárbúum í þeim tilgangi að meta hvað eitt ársverk er hjá sauðfjárbónda og ætla laun sem eru í takt við launakjör í landinu. Árið 2021 voru meðallaun ríkisstarfsmanna 911 þúsund á mánuði fyrir skatt sem gerir tæpar 11 milljónir í árslaun. Algeng ársvelta á 600 kinda búi eru um 18 milljónir, afurðatekjur og opinberar greiðslur. Þeir sem þekkja til á slíku búi gera sér grein fyrir því að svo stórt sauðfjárbú þarf meira vinnuframlag á ársgrundvelli en frá einum einstaklingi.

Að lokum

Ég held að allir geti verið sammála um það að sauðfjárbændur á Íslandi fái of lágt verð fyrir sínar afurðir. Einskiptisaðgerðir til aðstoðar bændum koma sér vissulega vel en taka samt ekki á hinu raunverulega vandamáli. Viðvarandi verkefni deildar sauðfjárbænda innan BÍ og stjórnar BÍ hverju sinni er að bæta kjör sauðfjárbænda og vil ég brýna það góða fólk til að leita lausna á hinu raunverulega vandamáli sauðfjárbænda. Við höfum fyrirmyndir frá öðrum löndum og íslenskir kúabændur hafa búið við opinbera verðlagningu í lengri tíma, ég myndi vilja sjá rekstrarform sauðfjárbús mátað inn í slíkt form.

Birgir Þór Haraldsson
Kornsá

RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Það er mikilvægt að bera á hæfilegt magn af áburði til að fá það uppskerumagn sem stefnt er að, en áburðargjöfin hefur einnig áhrif á fóðurgæðin.

Betri nýting áburðar – betri afkoma

Eiríkur Loftsson
ráðunautur, rekstrar- og umhverfissvið
el@rml.is

Sigríður Ólafsdóttir
ráðunautur, rekstrar- og tæknisvið
so@rml.is

Nú liggur fyrir að mikil hækkun er á áburðarverði milli ára. Kaup á tilbúnum áburði hafa verið stærsti einstaki kostnaðarliðurinn á sauðfjárbúum og sá næststærsti á kúabúum og því verður þessi hækkun mjög íþyngjandi fyrir rekstur þessara búa sem og annarra sem þurfa að heyja í bústofninn.

Ekki er víst að öll bú geti brugðist við með því að minnka áburðarkaup sem neinu nemur án þess að uppskera af heyi dragist saman. Í einhverjum tilvikum er það þó sennilega hægt og verða hér nefnd nokkur atriði sem velta má fyrir sér í því sambandi.

Þegar verið er að skipuleggja áburðarkaup er mikilvægt að gera sem besta áburðaráætlun en til þess er nauðsynlegt að áætla fóðurþörf komandi árs með nokkuð nákvæmum hætti. Þarf þannig að áætla bústofn næsta vetrar, hverjar fóðurþarfir eru á hverja tegund búfjár eftir tíma ársins og hversu mikið heildarmagn gróffóðurs þarf að vera til af hverjum gæðaflokki.

Jarðvegur og forði næringarefna

Þegar meta skal hve mikið þarf að bera á eru ýmsir þættir sem þarf að meta og geta sagt til um áburðarþörfina. Jarðvegur er misjafnlega frjósamur og misjafnt hve mikið hann geymir af plöntunærandi efnum. Sýrustig jarðvegs er mikilvægt, þannig má reikna með að í jarðvegi með lágt sýrustig (lágt pH gildi) séu mikilvæg næringaraefni minna aðgengileg plöntum en í lítið súrum jarðvegi með heppilegu sýrustigi. Þetta á m.a. við um fosfór sem binst fast við járn og ál í súrum jarðvegi. Sé sýrustig jarðvegs á hæfilegu bili, pH um eða yfir 6 má reikna með bestri nýtingu áburðarins.

Við langvarandi notkun á áburði byggist upp forði í efsta lagi jarðvegsins af þeim efnum sem áburðurinn inniheldur, það á ekki síst við ef notkun á búfjáráburði hefur verið regluleg. Hve mikil áburðargjöfin hefur verið ræður því hvort og þá hversu mikil þessi forðasöfnun verður. Við þessar aðstæður þarf uppskera ekki endilega að minnka þó tímabundið sé dregið úr áburðargjöf, a.m.k. í hagstæðu árferði.

Uppsöfnun næringarefna úr áburðinum er mest í efstu 5-10 cm jarðvegsins. Þegar tún er plægt upp lendir þessi forði að miklu leyti neðst í plógstrengnum sem þýðir að hann er ekki að nýtast þeim plöntum sem sáð er í flagið fyrr en rótarkerfi þeirra nær þeirri dýpt og er breytilegt milli tegunda hve auðveldlega þær ná í þennan forða. Sumt grænfóður gerir það og getur gefið mikla uppskeru með hóflegri áburðargjöf við þessar aðstæður. Við endurteknar plægingar blandast næringarefnin í jarðveginn, í það lag sem nemur plógdýptinni.

Helstu næringarefni

Það er mikilvægt að bera á hæfilegt magn af áburði til að fá það uppskerumagn sem stefnt er að, en áburðargjöfin hefur einnig áhrif á fóðurgæðin, s.s. innihald af próteini og steinefnum. Sum fóðurefnin, til dæmis prótein, er mikilvægt að hafa í réttu magni í heyjum og það má gera með réttri áburðargjöf. Önnur efni eins og ýmis steinefni getur verið hagkvæmara að kaupa í steinefnablöndum frekar en að ná með aukinni áburðargjöf sem ekki gefur meiri uppskeru. Til að ákveða áburðarþarfir einstakra spildna má nota almennar töflur um áburðarþarfir eins og finna má m.a. á heimasíðu RML, en til að meta hvort áburðargjöf líðandi árs hafi verið hæfileg má hafa mikið gagn af heyefnagreiningum og varðandi áburðargjöfina til lengri tíma einnig af jarðvegsefnagreiningum. Sem dæmi um notkun heyefnagreininga má nefna prótein í heyi sem mat á magni köfnunarefnisáburðar. Kjörmagn köfnunarefnis í uppskeru m.t.t. sprettu mælt sem innihald af hrápróteini er 150-175 g/kg þe. Sé hrápróstein 130 g/kg þe eða lægra má reikna með að viðbót af köfnunarefnisáburði hefði gefið aukna uppskeru ef aðstæður, s.s. þurrkur eða önnur slæm vaxtarskilyrði, hindra það ekki. Kjörmagn fyrir fosfór í heyi er um 2,2-3,5 g/kg þe og kalí um 18-25 g/kg þe. Ef fosfór í heyi er aðeins 2,2-2,5 g/kg þe eða lægra og ef kalí er um 13-15 g/kg þe eða lægra myndi meira magn áborið af viðkomandi næringarefni líklega hafa aukið uppskerumagn. Aukinn fjöldi heysýna með lágu innihaldi af kalí bendir til að sums staðar sé lágt kalí að hamla sprettu og þar þurfi að auka kalígjöf. Þegar innihald einstakra efna er mjög hátt í heyi er mjög líklegt að minnka megi áburðargjöf á viðkomandi næringarefnum án þess að uppskera verði minni. Viðmið sem þessi eru hjálpleg en þarf þó að taka með fyrirvara þegar árferði veldur óeðlilegri sprettu grasa með einhverjum hætti. Hér er alltaf mælt með að heysýni séu tekin á hverju ári.

Þegar verið er að túlka niðurstöður heysýna þá eru sett ákveðin staðalviðmið samkvæmt rannsóknum sem eru birtar í efnagreiningarniðurstöðum. Það þarf að hafa í huga að þetta eru meðalviðmið og geta ýmsir þættir haft áhrif þannig að niðurstaðan falli ekki að viðmiðum, svo sem sláttutími, rakastig, hitastig og fleira. Það sem skiptir mestu máli í túlkun heysýna er að túlka þau eftir aðstæðum hverju sinni. Það er til dæmis eðlilegt að efnainnihald í seinslegnum heyjum sé lægra en í snemmslegnum heyjum. Ef hitastig fyrri part sumars er hátt en fellur hratt þegar líður á sumar er líklegt að efnainnihald gróðurs falli hraðar en ef hitastig helst stöðugt. Að sama skapi er líklegt að ef kalt er fyrri part sumars haldi gróður efnainnihaldi lengur fram á haustið.

Búfjáráburður, efnamagn og þurrefni

Það er mikilvægt að nýta þann búfjáráburð sem fellur til á búinu sem allra best og má með því spara talsvert í kaupum á tilbúnum áburði. Besti tíminn til dreifingar er þegar grös eru að byrja eða komin af stað í sprettu að vori en einnig milli slátta eða tímanlega á haustin. Rétt er að minna á þætti í veðurfari við dreifingu sem hafa áhrif á nýtingu köfnunarefnis úr búfjáráburðinum en það eru hitastig, vindur og raki eða úrkoma. Best er að dreifing fari fram í logni, við lágt hitastig og röku lofti, helst að það rigni hæfilega eftir dreifingu. Að sama skapi er ekki gott að dreifa á þegar hlýtt er í veðri, þurrt og vindur. Nýting á köfnunarefni úr mykju verður betri eftir því sem mykjan er þynnri. Reikna má með að þetta gildi fyrir mykju sem inniheldur niður í 2% þurrefni.

Mælingar hafa sýnt að innihald búfjáráburðar er breytilegt milli búa og getur þar munað nokkuð miklu á einstökum næringarefnum og hlutföllum þeirra. Það getur því verið ónákvæmt að notast við töflugildi til að meta áborin næringarefni úr búfjáráburði. Til að vita vissu sína um innihald hans ættu bændur því að taka sýni úr honum á því formi sem hann er við dreifingu. Mikilvægt er þá að vita bæði efnainnihald og þurrefni. Ekki er síður mikilvægt að vita hvað þurrefnið er í mykjunni þegar henni er dreift til að geta reiknað áborið magn næringarefna.

Það er þetta með sparnaðinn ...

Þegar áburðarverð hækkar svo mikið sem núna lítur út fyrir að verði afar freistandi að spara verulega í áburðarmagni á móti. Hér þarf þó að gæta þess að spara sér ekki til skaða þar sem sparnaður í næringarefnum getur bæði minnkað uppskerumagn þannig að uppskera verði of lítil, gæði uppskeru geta orðið of lítil ásamt því að gengið verði á næringarefnaforða jarðvegis. Jafnframt getur of mikill sparnaður í áburðargjöf valdið minnkun afurða og þar með gæti sá sparnaður sem fyrirhugaður er í áburðarmagni lækkað tekjur þannig að ávinningurinn sé enginn. Því gildir hér að gæta meðalhófs. Gera nákvæmar áætlanir, spara þar sem færi gefast og vanda síðan vel til allrar meðferðar og dreifingar á áburðinum.



Hilltip Icestriker 900–1600L
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.

Hilltip Icestriker 380–550L
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.

Hilltip Icestriker 600 TR
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.

Hilltip Snowstriker VP
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.

Hilltip Snowstriker SP
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.

Hilltip Fjölplógur MVP
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Wendel
Stofnað 1957

A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S:551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is

VÉLABÁSINN

Lítill MAN vörubíll með mikla möguleika til viðhalds vega

Vel útbúinn, fjórhjóladrifinn og tilbúinn í vegavinnu. Myndir / HLJ

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Flest undanfarin ár hef ég farið yfir bíla og tækjaprófanir frá árinu á undan hér í fyrsta Bændablaði ársins og kosið út frá mínu mati eigulegasta bílinn eða tæki ársins. Á síðasta ári voru óvenju mörg ýmiss konar tæki og tól prófuð, allt frá reiðhjólum til báta. Að prófa bát var svolítið út fyrir „kassann“, en nýlunda og tilbreyting.

Óvenju mörg fjórhjól voru prófuð, en á heildina litið er það verð hvers fjórhjóls sem raðar þeim í sæti, dýrasta best, en það ódýrasta verst. Umhverfisvænsta farartækið var að mínu mati rafmagnsreiðhjólið með farangurskörfuna fyrir framan ökumanninn (tiltölulega ódýrt og notadrjúgt).

Stutt prófun á vinnubíl sérpöntuðum af Vegagerðinni

Um áramót fékk Vegagerðin afhentan vörubíl sem var sérútbúinn samkvæmt útboði og sérþörfum fyrir Vegagerðina. Þegar ég sá þennan bíl fyrir utan Kraft H/F sem flytur inn MAN vörubíla falaðist ég eftir því við Guðmund Bjarnason sölumann að fá að taka stuttan hring á bílnum áður en bíllinn yrði afhentur. Við Guðmundur fórum stuttan „rúnt“ á bílnum á gamlársdag. Vissulega hefði ég viljað prófa flest aukatækin sem í bílinn höfðu verið sett, s.s. krana, snjótannarfestingu, glussakerfi fyrir ýmis tæki og fleira, en það var ekki í boði og læt ég hér duga að telja upp að neðan hvað er í bílnum aukalega.

Verðið á bílnum (um áramót) er 18.600.000 með vsk, verð á aukabúnaðinum er mjög nálægt öðru eins. 290 hp. vél sem togar 1150 Newtonmetra (Nm).

Parabolic framfjaðrir og loftfjöðrun að aftan. Framdrif með sídrifi, afturdrif með driflæsingu. Tólf gíra sjálfskiptur gírkassi og hátt og lágt drif í millikassa.

Fjögurra dyra stýrishús með sætum fyrir 5 farþega og olíumiðstöð sem hitar kælivatnið.

Bakkmyndavél, dráttarkrókur og 50 mm kúlutengi.

Þá er 3000W straumbreytir í bílnum sem breytir 24V í 230V til að hlaða borvélar o.fl. Á bílnum er 7 tonnmetra (tm) krani frá Hiab með fjarstýringu. Sturtupallur frá Zetterbergs. Tengingar fyrir snjótönn, saltkasssa og umferðarstikuþvottavél til að þvo umferðarskilti.

Stuttur rúntur á misgóðum vegum

Þótt ökuferðin hafi ekki verið löng var farið á holóttan malarveg, upp bratta brekku og langan beinan kafla þar sem bíllinn fór á hámarks hraða. Eiginþyngd bílsins er 10.200 kg., en heildarþyngd með hlassi er 15.000 kg (sem sagt fyrir þá sem eru með gamla ökuprófið þá mega þeir keyra þennan bíl og þurfa ekki aukin ökuréttindi til að keyra bílinn).

Sjálfskiptingin er 12 þrepa og eftir að vélin og skiptingin eru búin að ná vinnuhita, er bíllinn að skipta sér svipað og hver annar fólksbíll. Upp brekkuna skipti hann sér eðlilega niður. Fjöðrunin er frekar stíf að framan, en loftpúðafjöðrunin að aftan glettilega mjúk þrátt fyrir að aðeins hafi verið um 100-150 kg á pallinum. Í lága drifinu fer bíllinn mjög hægt (mældi það ekki, en vel innan við gönguhraða minn).

Fullt af vinnuljósum og festing fyrir snjótönn.

Loftpúðarnir fyrir framan og aftan afturhásinguna gefa bílnum mjúka og góða afturfjöðrun.

Þetta tel ég umhverfisvænsta tækið sem prófað var á síðasta ári.

Á milli framsætanna er öflugur spennibreytir fyrir 220w rafmagn.

Pláss fyrir fjóra farþega, eða að breyta í svefnaðstöðu.

Flestir vörubílar eru með 10 gata felgur sem passa á milli allra bíla, en þessi er með 8 gata felgur og því varadekk nauðsynlegt.

Hef lengi séð fyrir mér svipaðan bíl við viðhald helstu hálendisvega

Það eina sem ég gat sett út á bílinn er að 22,5 tommu felgurnar eru 8 gata, en ekki 10 gata eins og á öðrum vörubílum og passa því ekki felgur af öðrum vörubílum á þennan bíl ef dekk gefur sig og þarf að skipta og því nauðsynlegt að eiga varadekk á bílinn.

Ég hefði haldið að ef svona bíll er mikið í viðgerðum og viðhaldi á hálendisvegum væri betra að vera á einföldu að aftan í stað tvöfaldra dekkja og það á 20 tommu felgum með breiðum dekkjum.

Frá því að ég sá svona svipað útbúinn bíl fyrst hef ég séð fyrir mér að einn til tveir menn gætu viðhaldið umferðarþyngstu hálendisvegum yfir sumarmánuðina með stöðugri og reglulegri yfirferð um vegi eins og Kjalveg og Sprengisandsleið. Eitthvað sem mætti hugsa um í framtíðinni, en samt sem áður eru vegir á hálendinu sem eiga bara að vera vondir áfram og ekki laga fyrir bíla sem ekkert erindi eiga um þá. Meira er hægt að fræðast um MAN vörubíla á vefsíðunni www.kraftur.is.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Of mikið af neikvæðum fréttum

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Í byrjun árs hafa Íslendingar almennt verið bjartsýnir og jákvæðir fyrir komandi ári, bjartsýni, gleði og ánægja skín almennt af öllum sem maður sér síðasta og fyrsta dag hvers árs. Því miður fannst mér þetta ekki vera svona í kringum síðustu áramót, baráttan við Covid-19 virðist vera að draga niður þá miklu bjartsýni og óskhyggju þjóðarinnar í böl, neikvæðni og þunglyndi.

Þegar þetta er skrifað er um 5% þjóðarinnar í sóttkví eða einangrun, eða um 18.000 manns í það heila samanlagt. Í nánast öllum fjölmiðlum er orðið erfitt að finna jákvæða og gleðilega umfjöllun eða frétt sem léttir lund. Það var skrítið að verða var við að fólk tók á sig lykkju til að vera ekki nálægt hvað öðru á gamlárskvöld þegar ég gekk fram og til baka á útsýnishól í hverfinu til að sjá betur flugeldasýningu bæjarbúa og aldrei hef ég séð svona fáa faðmast og kyssast um áramót. Hræðslan við smit virðist vera að heltaka megnið af þjóðinni.

Þungt yfir atvinnurekendum og áhyggjur af framhaldinu

Það sem hefur áunnist er að þeir sem eru bólusettir veikjast ekki mikið og í flestum tilfellum varla að fólk leggist í rúmið. Þarna er ávinningur bólusetninganna svo greinilegur að ekki verður efast um ágæti bólusetningarinnar. Ég fékk tölvupóst á síðasta ári frá andstæðingi bólusetninga og var vændur um meðvirkni og heilaþvottsstarfsemi sóttvarnalæknis og spurður hvað ég hefði fengið miklar mútur fyrir að stunda svona skrif.

Munið svo bara, kæru vinir, að án landbúnaðar væruð þið alltaf hungruð, nakin og edrú.

Það er eðlilega þungt yfir mörgum sem reka fyrirtæki með marga starfsmenn þegar smit eru svona mörg á hverjum degi og að starfsemin sé í hættu ef upp kemur smit og þurfa að loka fyrirtækinu um tíma vegna sóttkvíar og smits meðal starfsmanna. Sem betur fer eru enn þá fáar sögur af slíku, en samt eitthvað um að það vanti allt að fjórðung starfsmanna vegna sóttkvíar.

Bæði stór og smá fyrirtæki þurfa að hafa það sem kallast „plan B“, en það eru alltof margir sem hugsa ekki um þetta og lenda svo í slæmum málum ef upp kemur smit á vinnustað. Sjálfur vinn ég á um 20 manna vinnustað og teljum við okkur hafa sloppið vel að talan hafi ekki farið yfir 15% enn þá. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að þetta getur breyst á einum sólarhring í hreinlega lokun.

Sárt að geta ekki veitt þá þjónustu sem ætlast er til af fyrirtæki

Þótt landinn sé neikvæður í tali, með þungar áhyggjur af framhaldinu, eru ótrúlega margir sem hugsa á gamla háttinn, „Þetta reddast!“ Eitthvað er það samt óásættanleg hugsun, það verður að hugsa starfsemina upp á nýtt.

Allir starfsmenn gætu hugsanlega lent í sóttkví eða einangrun, sama hvort starfsemin er einn eða fleiri á sama stað. Í síðustu viku setti ég sjálfan mig í hálfgerða sóttkví vegna þess að ég hafði verið nálægt smituðum einstaklingi. Þar sem ég vinn almennt einn flest mín störf þá setti ég upp nýjar vinnunálgunarreglur þannig að þegar aðstoðar var óskað varð forðast að koma nær mér en 3 metra og að vinnu lokinni átti viðskiptavinurinn til öryggis að setja lófana upp í loft á meðan ég kvaddi með sótthreinsispritti. Mér tókst að vinna öll verkin nema tvö, en þar var nálgun of mikil og a.m.k. tveggja manna verk. Sennilega var það ég sem var sárastur yfir því að geta ekki unnið þau verk, fremur en þessir tveir sem þurftu aðstoðina.

Er sólginn í jákvæðar og fyndnar fréttir

Þrátt fyrir allt bölsýnistal reyni ég alltaf að vera jákvæður, brosa og hafa gaman af lífinu, rétt eins og Magnús Hlynur fréttamaður, sem er sí og æ að redda fréttatíma Stöðvar 2 með jákvæðum og skemmtilegum fréttum. Eitt að lokum; það vakti athygli mína á gamlársdag að mest lesna fréttin á mbl.-fréttavefnum var um mynd sem hafði birst í Morgunblaðinu sumarið 2013 sem leiddi til hjónabands. Þarna var frétt fyrir mig, jákvæð og skemmtileg, sem bar fyrirsögnina; „Mynd í Mogga leiddi til hjónabands.“

KROSSGÁTA Bændablaðsins

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

	166		ENDUR-TEKNING	UPP-SPRETTUR	NÖLDUR	HÓTAR		GÓL	BJÁNAST	KK NAFN	MISSIR			
			DEYFAST											SKIPAST
			STRENGUR					SÁRAR						
			HRJÓSTUR					BLÍNA / GÆLU-NAFN						
			TVEIR EINS / SKRÆKIR			ÖSKRAR / GAS						STOÐVIRKI		
		AFRAKSTUR	SKRÖLTA / TVEIR EINS							ETJA / ÞRÖNGSÝN				
GARÐI					NÓTA / SKYNFÆRA			MEGNA				Í RÖÐ / HÁTTUR		
HINDRA						GERÐ / SIGTA					SPEKI / ATORKA			
TVEIR EINS			SKVETTA / GALGOPI					ÚT / ATBURÐA						ÞOLDI
FARFA				GAPA / RINGUL-REIÐ					KASTA / SKIPULAG					
		ROMSA / AFGANGUR					SNJÁLDUR / UNDIR-HEIMAR						TENGJA	
JURTA						PLANTA / LETUR-TÁKN						TVEIR EINS / TULDUR		
ÞRÁ-BEIÐNI					ILL / Í RÖÐ					KLINK / TVEIR EINS				
BUSL				ÚTLISTUN							STEIN-VEGGUR			
MÆLING							FRÆGJA							

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR



Daníel Atli er fæddur og uppalinn í Klifshaga í Öxarfirði. Berglind er fædd og uppalin í Lýtingsstaðahreppi hinum forna. Árið 2019 kaupa þau kindur og vélar og taka jörðina á leigu af ömmusystur Daníels og manni hennar, þeim Árdísi og Tryggva, en þau búa í öðru húsi á jörðinni og eru með nokkrar kindur líka.

Býli: Þverá.

Staðsett í sveit: Þessi Þverá er í Reykjahverfi.

Ábúendur: Daníel Atli Stefánsson og Berglind Heiða Guðmundsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Daníel Atli Stefánsson og Berglind Heiða Guðmundsdóttir.

Stærð jarðar? 4.000 ha.

Gerð bús? Sauðfjárbú.

Fjöldi búfjár og tegundir? Í vetur eru 325 ær, 93 gimbrar, 14 hrútar og 8 smálömb. Hestarnir eru tveir þótt þeim sé laumað annað á veturna.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Þeir eru eðli málsins samkvæmt jafn misjafnir og þeir eru margir. Sauðburður tekur allan tíma á vorin og sumrin fara í heyskap. Daníel fer í rúningsverktíðir í mars og nóvember. Einnig grípur hann í aðra vinnu þegar tími gefst. Berglind starfar utan bús sem sjúkraliði á Húsavík en er í veikindaleyfi.



Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Það er alltaf skemmtilegast að ragast í lömbum á haustin, sérstaklega ef þau eru sæmileg eftir sumarið. Sauðburður alltaf skemmtilegur líka ef vel gengur. Leiðinlegast er að setja fullorðinsnúmer í líflömbin og þegar dýr veikjast.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Vonandi með svipuðum hætti, kannski nokkrum kindum meira ef allt gengur upp.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu íslenskra búvara? Með því að leggja þessa ágætu vöru fram á aðeins seljanlegri máta. Fólk virðist hafa minni tíma en áður og því þarf að svara þeirri köllun neytenda að varan sé í fjölskylduvænni umbúðum og þannig fram sett að menn vilji kaupa vöruna.

Á sama tíma verðum við bændur að leggja okkur fram við að framleiða vöru sem við getum verið stoltir af að leggja á markað til neytenda. Hugsanlega væri þá betra ef afurðaverð væri þannig að enn meira væri borgað fyrir góða vöru og enn minna fyrir lakari vöru.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, smjör og ostur.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Feitt kjöt af veturgömlum kindum. Í öllum mögulegum framsetningum.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar við vorum heilan dag að keyra heim rúllum.

Berglind dró vagninn og Daníel setti á og tók af á annarri vél. Við brunuðum til Akureyrar um kvöldið og daginn eftir fæddist Pétur Björn.

MATARKRÓKURINN

Lambalundir með ristuðum sætkartöflum og grænkáli

Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari
bjarnigk@gmail.com

Stökk og bragðmikil skorpan er ljúffeng andstæða við mjúkt og rósrautt kjötið af þessum litlu bragðmiklu lundum sem eru frábærar með sætkartöflum og grænkáli.

Lambalundir með ristuðum sætkartöflum og grænkáli

- 4 lambalundir
- 1 msk. extra virgin ólífuolía
- salt og nýmalaður svartur pipar
- ½ msk. chili og lime-börkur til skrauts (saxað fínt, má sleppa)
- Ferskar kryddjurtir, til skrauts
- Hnetukruðerí
- 2 tsk. extra virgin ólífuolía
- ½ bolli Panko kryddað brauðraspur
- ¼ bolli smátt saxaðar hnetur
- 4 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir
- ¼ tsk. krydd að eigin vali
- 2 msk. fersk steinselja, smátt söxuð
- 2 msk. fersk mynta, smátt söxuð

Appelsínu Dijon sinnep-gljái

- 4 msk. appelsínumarmelaði eða apríkósusulta
- 1 msk. Dijon sinnep
- 1 tsk. kryddblanda, til dæmis paprikuduft eða fennelduft

Blandið öllu hráefninu vel saman og geymið í kæli.

Bakaðar sætkartöflur

- 2 stórar sætkartöflur, skrældar og skornar í 1 cm teninga
- 1 matskeið extra virgin ólífuolía
- 2 tsk. salt og svartur pipar eftir smekk
- ½ rauðlaukur, saxaður
- 1 rauð paprika, söxuð
- ¼ bolli vor aukur, sneiddur
- 2 hvítlauksgeirar, saxaðir
- 2 bollar grænkál, rifið, tínt úr stilkunum og „nuddað" með ólífuolíu og smá salti

Aðferð

Setjið ofngrindina í miðju ofnsins og hitið ofninn í 200 gráður.

Þurrkið lambalundir og kryddið með salti og pipar. Hitið matskeið af olíu í ofnfastri pönnu yfir miðlungs háum hita þar til þetta er orðið heitt. Bætið lambinu á pönnuna og steikið, snúið einu sinni þar til tvær hliðar eru fallega brúnaðar, um það bil 2 mínútur á hlið. (Þar sem lundir eru svo litlar, steikið aðeins toppinn og botninn, þú þarft ekki að steikja á öllum hliðum.)

Penslið hverja lund jafnt með 1 msk. appelsínu Dijon-gljáa og síðan, með töng, veltið lundunum upp úr hnetukruðerí, þrýstið því varlega inn og setjið svo aftur á pönnu.

Setjið pönnu inn í heitan ofn þar til mulningurinn er orðinn gullinbrúnn og hitamælir settur í þykkasta hluta hryggjarins og hann mælir 45 gráður til 55 gráður fyrir miðlungs steikt kjöt, (sem heldur áfram að eldast í 2 til 4 mínútur. Færið lambið yfir á skurðarbretti og látið það hvíla í nokkrar mínútur.

Á meðan lambakjötið er að hvíla, blandið saman grænkáli og restinni af grænmetinu.

Setjið sætkartöflur og grænkálsalat á disk. Skerið lambið berið fram með salatinu, Dreypið smá sósu í kringum diskinn og skreytið með ferskum kryddjurtum.

Hnetukruðerí

Aðferð

Hitið ólífuolíuna á lítilli pönnu. Bætið brauðmylsnunni út í og steikið þar til þær eru gullinbrúnar, bætið síðan hnetunum, hvítlauknum og kryddinu út í og steikið létt.

Bætið kryddjurtum út í og blandið saman.

Geymið í loftþéttum umbúðum.

Ristaðar sætkartöflur

Aðferð

Blandið sætum kartöfluteningum í 1 tsk. ólífuolíu og ½ tsk. krydd. Hitið þunga pönnu í 200 gráðu heitum ofni og bætið sætum kartöflum saman við. Steikið í 15 mínútur eða þar til mjúkt og brúnt að lit.

Bætið afgangnum af olíu í stóra pönnu yfir miðlungs háum hita. Bætið rauðlauknum á pönnuna og steikið þar til mjúkt og létt gyllt, 5 til 6 mínútur.

Bætið hvítlauknum við og steikið í 30 sekúndur til viðbótar.

Bleikja með tómötum

Eldisbleikja er víða fáanleg og hefur milt bragð og frábæra áferð. Hún er svipuð og lax en ekki alveg eins feit. Villt bleikja er aðeins fáanleg í nokkrar vikur síðsumars, en sumir eiga enn í frysti eftir veiðisumarið og er síðasti séns að taka áramótatiltekt fyrir þorramatinn.

- 3 matskeiðar extra virgin ólífuolía
- 4 bleikjuflök
- ¾ tsk. gróft salt
- ½ tsk. svartur pipar
- 4 hvítlauksgeirar, helmingaðir
- 3 marglitir kirsuberjatómatar eða sólþurrkaðir tómatar
- ¼ bolli fersk basilika í þunnum sneiðum
- 2 skalottlaukar, þunnar sneiðar
- 2 msk. capers

Skref 1

Hitið ofninn í 200 °C.

Skref 2

Hitið stóra ofnfasta pönnu yfir háum hita. Bætið 1 matskeið af olíu á pönnu. Kryddið flökin með ½ tsk. salti og ¼ tsk. pipar. Bætið flökum á pönnuna með kjöthliðinni niður og steikið í 2 mínútur. Settu pönnu í ofn; eldið við 200 °C í 3 mínútur eða þar til hún er tilbúin.

Skref 3

Hitið stóra steypujárnspönnu yfir miðlungshita. Bætið 2 matskeiðum olíu sem eftir eru á pönnu. Bætið hvítlauk út í og eldið í 2 mínútur eða þar til hann er léttbrúnn, hrærið af og til. Hækkið hitann í meðalháan. Bætið tómötum og capers á pönnu; steikið í 2 mínútur, hrærið oft. Takið pönnuna af hitanum. Stráið tómatblöndunni yfir, ¼ tsk. salti sem eftir er, ¼ tsk. svörtum pipar, basil og skalotlauk. Berið fram með fisknum.

HANNYRÐAHORNIÐ

Grifflur fyrir alla

Grifflur fyrir börn, dömur og herra.

Efni:

Tvöfaldur lopi – einfaldur lopi/einband – tvíband.

Sokkaprjónar nr 4

Fytja upp 35 (40) 45 lykkjur, tengja saman í hring og prjóna 4 sl 1 br, 20 umferðir, gera kaðalsnúning á sléttum lykkjum, setja fyrri 2 lykkjur á hjálparprjón, setja á annari griflunni prjóninn fyrir framan og á hinni grifflunni fyrir aftan, prjóna seinni 2 lykkjurnar fyrst og prjóna síðan lykkjurnar sem eru á hjálparprjóninum, prjóna 3 umferðir, gera annan kaðalsnúning og prjóna 3 umferðir. Í dömu og herra stærð er gerður einn kaðalsnúningur enn og prjónaðar 3 umferðir. Nú er byrjað að auka út fyrir þumli í einni grúppu af 4 sl lykkjum þannig, prjóna 1 lykkju, auka út um 1 lykkju, prjóna 2 lykkjur, auka út um 1 lykkju, prjóna 1 lykkju, prjóna restina af umferðinni eins og venjulega, prjóna 2 umferðir, endurtaka útaukninguna tvisvar sinnum í stærð Barna og þrisvar sinnum í stærð Dömu og Herra, enda á 1 umferð. Fella af þumallykkjurnar alls 10 (12) 12 lykkjur, halda árfam að prjóna 4 sl 1 br, 6 (6) 8 umferðir, fella af, ganga frá endum.

Þvottur: Þvo í höndum í mildu sápuvatni, skola með hreinu vatni og kreista vatnið úr, leggja flatt til að þorna.

Anna Dóra Jónsdóttir.

Létt

	3			2		1		6
1		8				5		
	9		6					
					5	6		
7						8		1
			7	6				
	8			1		3		5
					3	2		8
4								

Miðlungs

2					3	5		9
	8			1				
	7			6				8
		5					7	
		8	6		4			
		2			8	6		4
						1	4	5
9		1						
			8					3

Þung

	1		9		6		2	
		9		7		6		
	9		3		7		8	
		3		9		7		
	6		1		2		9	
		8		3		9		
	2		8		1		4	

Þyngst

2						9		
	6		7					
				3		8		5
	1			8				
		6	1	4	5	7		
				6			9	
4		8		7				
					8		1	
		3						4

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Hlýtt, mjúkt og slitsterkt ullargarn í sokka.

Dvergasokkar eru 100 m/100 gr
Huldusokkar eru 250m/ca 145gr
Hægt er að panta sokkagarn með því að senda póst á hulda@uppspuni.is eða hringja í s. 846-7199
Uppskriftin að sokkunum hér til hliðar er ekki háð höfundarrétti. Hún er tekin saman úr mörgum uppskriftum og hefur reynst vel við að prjóna ullarsokka.
Oft notast fólk við þumalputtareglur þegar það prjónar mörgum sinnum það sama.
Í þessari samantekt má finna þumalputtareglur frá ýmsum - oftast mæðrum eða ömmum.
Nota má aðrar uppskriftir til að prjóna ullarsokka úr þessu garni, en best er að nota þá án þess að vera í öðrum innanundir - þannig nýtist íslenska ullin best til að veita yl og vellíðan.
Dvergasokkar eru góðir í útivinnu og slark. Huldusokkar eru yndislegar innan dyra og undir sæng á köldum vetrarnóttum.
Sokkana skal þvo í höndum og gott að þvo þá öðru hvoru - ef þið tímið að fara úr þeim.

Bændablaðið
Kemur næst út
27. janúar

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Ætla til Ítalíu á skíði

Albert er klár og ljúfur strákur sem er mikill áhugamaður um aksturíþróttir, bæði rafrænar og alvöru.

Nafn: Albert Hellsten Högnason.

Aldur: 11 ára.

Stjörnumerki: Fiskur.

Búseta: Egilsstaðatjörn í Flóahreppi.

Skóli: Flóaskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Stærðfræði, sund og íþróttir.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Köttur.

Uppáhaldsmatur: Sushi.

Uppáhaldshljómsveit: Iron Maiden.

Uppáhaldskvikmynd: Godzilla vs King Kong.

Fyrsta minning þín? Þegar ég frétti að við áttum að flytja þegar ég var fjögurra ára.

Ærfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Ég æfi fótbolta með UMF Selfossi og spila á gítar og trommur.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Formúla 1-ökumaður.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Þegar ég fór niður mjög erfiða brekku á skíðum í Hlíðarfjalli.

Hvað ætlarðu að gera skemmtilegt á nýju ári? Fara til Ítalíu á skíði.

Næst » Ég skora á bekkjarfélaga minn, Garðar Þór Jónsson, að svara næst.

SAGA & MENNING

170 ára búnaðarfélagsskapur í Andakílshreppi

Um og upp úr miðri nítjándu öld tók að gæta meiri breytinga á atvinnuháttum Íslendinga en áður hafði gerst. Bjartsýni og framkvæmdahugur óx. Íslendingar voru þá fyrst og fremst landbúnaðarþjóð. Umbætur í atvinnumálum beindust því einkum að landbúnaðinum. Félagsleg hreyfing er hvetja skyldi til ræktunar og jarðabóta, spratt upp meðal bænda í nokkrum sveitum. Hún varð almenn og áhrifamikil er kom fram undir aldamótin.

Bændur í Andakílshreppi stofnuðu með sér Jarðyrkjufélag þann 4. mars 1850. Frumherja mátti kalla þá því þá voru ekki mörg slík félög tekin til starfa í landinu. Með þátttöku í Jarðyrkjufélaginu skyldi efla með mönnum metnað til jarðabóta, ekki síst túnasléttunar. Mældar voru árlegar framkvæmdir félagsmanna og skýrslur um þær birtar í blaðinu Þjóðólfi. Þátttaka hreppsbúa varð almenn um tíma en svo dofnaði yfir starfinu; tíðarfar varð erfitt og fjárkláðinn herjaði. Samt voru þeir nokkrir sem nudduðu áfram í anda félagsins.

Árið 1881 var aftur blásið til félagslegrar sóknar og nú með stofnun Búnaðarfélags Andakílshrepps. Skyldi það starfa í svipuðum anda og Jarðyrkjufélagið. Búnaðarfélagið var hluti af félagsmálahreyfingu bænda, sem þá var að spretta fram í mörgum sveitum, og varð áhrifamikil um meginhluta tuttugustu aldar.

Nú hefur saga búnaðarfélagsskapar í Andakílshreppi allt frá 1850 verið tekin saman í kver sem kom nýlega út í ritröð Landbúnaðarháskóla Íslands. Höfundur þess er undirritaður. Kverið er eingöngu gefið út á rafrænu formi. Það má finna á heimasíðu Landbúnaðarháskólans, https://www.lbhi.is/saga_bunadarfelags_andakilshrepps

Andakílshreppur var langt fram á síðustu öld dæmigerð landbúnaðarbyggð. Búnaðarfélagið var því helsti félagslegi vettvangurinn, auk hreppsskilafunda, þar sem framfaramál sveitarinnar voru rædd og ákvarðanir teknar. Saga búnaðarfélagsskapar í hreppnum er því um leið saga mannlífs þar, rétt eins og í mörgum öðrum sveitum. Félagsstarfið var stundum líflegt en stundum dauft.

Með sameinuðu afli innan Búnaðarfélagsins, á grunni hins gamla Jarðyrkjufélags, tóku bændur á móti nýjum tímum í ræktun og búskap með eflingu metnaðar, styrkti þá til verkfærakaupa og réði búfræðinga til starfa. Hreppsbúar glímdu við afleiðingar mæðiveikinnar, stofnuðu til tilraunabús í refarækt með Hvanneyarskóla, börðust fyrir samgöngubótum og stofnuðu vélaverkstæði í Bæ í Bæjarsveit, sem enn starfar. Viðamesta verk félagsins í dag er rekstur stórvirkra búskaparvéla, rekstur sem staðið hefur í meira en sjötíu ár – svo fátt eitt sé nefnt af því sem búnaðarfélagsskapurinn í Andakílshreppi hefur komið til leiðar.

Allt þetta má lesa um í kverinu, sem öllum er aðgengilegt á áðurnefndri heimasíðu. Kverið er framlag til byggðasögu Andakílshrepps á mestu breytingatímum íslensks þjóðlífs til þessa.

Bjarni Guðmundsson

Lausn á jólakrossgátu Bændablaðsins 2021

BÆKUR & MENNING



Nýja bókin frá Hélène, Sokkar frá Íslandi, er gefin út á íslensku, ensku og frönsku.

Sokkar frá Íslandi

– eftir fransk-íslenska hönnuðinn Hélène Magnússon

Hélène Magnússon, sem er franskur/íslenskur hönnuður var að gefa út nýja prjónabók, Sokkar frá Íslandi. Í bókinni endurvekur Hélène sokkahefðir á Íslandi og gefur þeim nýtt líf.

Bókin segir ýmislegt um sögu sokkaprjóns á Íslandi og er það bæði heillandi og hrífandi hvernig einfalt sokkapar getur afhjúpað brot úr daglegu lífi Íslendinga. Bókin inniheldur einnig 17 sokkauppskriftir með sterkum íslenskum blæ. Hélène sótti innblástur í gamla íslenska sokka, eldgamlar uppskriftir en einnig í hefðbundna íslenska vettlinga við vinnslu bókarinnar. Sokkarnir koma í mörgum stærðum og eru notaðar alls kyns aðferðir. Sokkar í bókinni voru prjónaðir með Kötlu Sokkabandi úr íslenskri lambsull, sem Hélène hannaði beinlínis fyrir sokkaprjón. „Á fullorðinsaldri greindist ég á einhverfurófi. Það umbreytti lífi mínu en ég er sannfærð í dag að einhverfan hefur verið mér styrkur til að koma á fót framleiðslu á mínu eigin garni og líka til að fara í eigin útgáfu. Ég hef líka miðlað ósvikinni ástríðu minni á ríkum prjónaarfi Íslands í göngu- og prjónaferðum, sem ég hef skipulagt og leiðbeint allt árið um kring á Íslandi i meira en 10 ár,“ segir Hélène, sem er fædd 1969 og býr í Reykjavík. */MHH*

Tokvam®

Styrkur og gæði frá Noregi

- Mikið úrval á lager -

Fjölplógur VT320
Vinnslubreiddir 258 til 320 cm
Þyngd 1.300 kg, hæð 125 cm
Fjölplógur VT380
Vinnslubreiddir 304 til 380 cm
Þyngd 1.560 kg, hæð 135 cm
Sterkir plógar fáanlegir með flotgrind fyrir mikinn hraða.
Fjöldi aukahluta í boði.

Salt- & sanddreifari
Verð frá: 649.500 kr + vsk
SMA510 / 150 cm / 3p tengi
SMA800 / 200 cm / 3p tengi
SMA1100 / 200 cm / 3p tengi
SMA1600 / 230 cm / 3p tengi

Snjóblásari F130H
Glussadrifinn, fyrir 1-3 tonna vél.
Vinnslubreidd 130 cm.
Þyngd 240 kg.

Snjóblásari 241 THS Flex
Vinnslubreidd 240 cm
Þyngd 1.000 kg, 3p tengi.
Túða, drifskaft (f/ framan á vél)
Fyrir +70 hp vél.
Hægt að hafa að framan og aftan á vélinni.
Fjöldi aukahluta í boði
Verð frá: 1.850.000 kr + vsk

Snjóblásari 256 THS Flex
Vinnslubreiddir 256-299 cm
Þyngd 1.200 kg, 3p tengi.
Fyrir + 110 hp vél.
260 THS MONSTER
Einn sá öflugasti með vinnslugetu allt að 1.700 tonn á klst.
Vinnslubreiddir 260-275 cm
Þyngd 1.850 kg, 3p tengi.
Fyrir 160-300 hp vél.
Fjöldi aukahluta í boði.

Framúrskarandi fyrirtæki

AFLVÉLAR

Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Austurvegi 69, 800 Selfossi
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.600 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.200 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.

Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Led húsnúmer pantar þú inn á ledhusnumer.is eða sendir okkur fyrirspurn inn á ledhusnumer@ledhusnumer.is s. 775-6080.

Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm.Hákonarson ehf , s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

VERDO gæða spónakögglar í 15 kg pokum. Frábær undirburður fyrir hross. Brettaafsláttur og brettið keyrt frítt heim á höfuðborgarsvæðinu. Brimco ehf. S. 894-5111 - www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Eigum til einn Metal-Fach N267 6 tonna taðdreifara á gamla verðinu. Þetta verð sjáum við ekki aftur. Kr. 2.790.000 +vsk. Búvís ehf, Grímseyjargötu 1, 600 Akureyri. buvis@buvis.is, www.buvis.is s. 465-1332

Óska eftir hvaltönnum. Hafið samband á netfangið: matthiasrs@gmail.com

Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2“ , 3“ , 4“. Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Indy Sport - Indy Trail - Idy 400 - Indy 500 - Indy 650 - Indy xlt. Frá seinni hluta '80 og fyrri hluta '90. Lumar þú á gömlum gullmola úti í skúr sem þráir að öðlast betra líf? Er að leita að gömlum sleðum, gangfærum jafnt sem ógangfærum. Endilega hafðu samband í s. 670-1717.

Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Bílalyftur. Tveggja pósta bílalyfta 4,0 tn. rafm.læsingar. Verð kr. 598.000 m.vsk. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Dísel hitarar samsettir og lausir 12v eða 24v, 5kw eða 8 kw. Verð frá kr. 48.900.- Orkubaendur.com, Tanavogi 3, s. 888-1185.

Smíðum upphækkanir með neti á flestar kerrugerðir. Flott grind til alls konar flutninga á t.d. kindum, vörum eða rusli. Uppl. í s. 837-7750. www.bilxtra.is

Skoda Superb IV verður að fara vegna breyttra aðstæðna. 2021 dekurbíll, sem er aðeins búið að tilkeyra (3000 km). Bíllinn er mjög rúmgóður og sparneytinn. Get tekið hest upp í. Verð kr. 5.690.000. Nánari upplýsingar í s. 897-7510.

Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. 900 gr að þyngd. Verð kr. 9.900 m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.

Haltu þér í formi í allan vetur. Öflugt hlaupabretti / göngubraut kr. 159.000. topphjol.is s. 661-1902.

Beyslisvagn í ýmiskonar flutninga. Uppl. í s. 894-1660.

Dráttarkrókur 50 mm. Aldrei verið dregið á honum. Var undir bíl í 2 mán. Nýviði kr. 250.000. Verð kr. 150.000 eða besta boð. S. 663-8886.

Snjótroðari með farþegahúsi til sölu. Frekari upplýsingar í s. 848-4668 eða á netf. elisholm@gmail.com

HUMBAUR KERRURNAR ÞÝSKU ERU TIL Á LAGER!

Gerð HA752513
750kg heildarburður,
mál innan: 251x131x35cm
verð kr:295,000,-m/vsk.

Gerð HA133015
1300kg heildarburður,
mál innan: 303x150x35cm
verð kr:530,000,-m/vsk og skráningu.

Gerð HA 203015
2000kg heildarburður,
mál innan: 303x150x35cm
verð kr:630,000,-m/vsk og skráningu.

Gerð HA 253015
2500kg heildarburður,
mál innan: 303x150x35cm verð kr:665,000,-m/vsk og skráningu.

Gerð HT 203116
2000kg heildarburður,
mál innan: 310x165x30cm
verð kr:740,000,-m/vsk og skráningu.

Gerð HTK 3000,31
3000kg heildarburður,
mál innan: 314x175x35cm
verð kr:1,550,000,-m/vsk og skráningu.
Sturtukerra.

Topplausnir

Smiðjuvegi 12, græn gata
200 Kópavogur
Sími 517 7718
www.topplausnir.is

VETRARTÆKI
- Mikið úrval á lager -

PRONAR



Fjölplógar f/ smærri vélar
Breidd 1,5m, m/ 3p tengi
Verð: 586.000 kr.*
Breidd 2m, m/ 3p tengi
Verð: 690.000 kr.*

Fjölplógur PUV3300
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
Breidd 3,3m, án festiplötu
Verð: 875.000 kr.*

Fjölplógur PUV „M“ Diagonal
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
2,6m Verð: 983.000 kr.*
3,3m Verð: 1.130.000 kr.*

Fjölplógur PUV - Heavy Duty
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
3,6m Verð: 1.390.000 kr.*
4,0m Verð: 1.490.000 kr.*

Festiplötur:
Verð frá 55.000 kr.*

Slétt plata	3-punkta
EURU/SMS	EURO stór
JCB 3CX hrað	CASE 580SR

Slitblöð
Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plóga

Salt- og sanddreifari
HZS-10, 1 m3, glussadrifin, með klumpabrjót og tjakk
Verð: 1.590.000 kr.*

Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V
Verð: 1.450.000 kr.*

*Verð án virðisaukaskatts

Framúrskarandi fyrirtæki

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Austurvegi 69, 800 Selfossi
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt, 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is

Majstry er létt, sterkbyggð bremsuð kerra. Sterk, soðin grind, heitgalvaniseruð. Hþ. 1.300 kg, Mál: 300x150x44 cm. Verð kr. 600.000 m.vsk og skráningu. www.bilxtra.is, S. 837-7750.

Bilxtra bremsuð kerra. Rampar fylgja með. Heildarþ. 2.500 kg. Inn.mál 415x205x35 cm. Verð kr. 980.000 m.vsk. og skráningu. S. 837-7750.

Eigum létt og fóðruð barnastígvél. Verð aðeins kr. 5.900.-Búvís ehf, Grímseyjargötu 2, 600 Akureyri buvis@buvis.is – s. 465-1332

CONDOR kerra meðuppákeyrslubraut og sérstaklega styrktum stálramma. Heildarþ. 2.700 kg, inn.mál 330x180x35 cm. Verð kr. 920.000 m.vsk og skráningu. S. 837-7750.

Eigum til sterkar sænskar snjókeðjur frá Nyvab. Margar stærðir, gott verð. Búvís ehf., Grímseyjargötu 1, 600 Akureyri. buvis@buvis.is, www.buvis.is, s. 465-1332

Silostop Max stæðuplast. Nú er rétti tíminn til að panta stæðuplastið á desemberverði. Silostop Max er þunnt og þægilegt, sterkt og með einstaka súrefnisheldni. www.silostop.com/uk/ Allt til stæðugerðar, plast, netyfirbreiðslur, sandpokar og íblöndunarefni. Grétar Hrafn dýralæknir á Hellu, s. 892 1480, n.gretarhrafn@simnet.is

Nýr taðdreifari frá Metal-Fach á gamla verðinu. Þetta verð sjáum við ekki aftur. Verð kr. 2.870.300 +vsk. Búvís ehf, Grímseyjargata 1, 200 Akureyri. buvis@buvis.is, www.buvis.is s.465-1332

Óskast til kaups, Toyota Hiace-Hilux-Corolla-RAV4-Avensis. Mega vera í ýmsu ástandi. Vinsamlegast senda á dagbjartur80@gmail.com eða í s. 896-5001

2 sumarhús til flutnings. Tilboð óskast. uppl. í s. 617-8934 og s. 861-2918. brynjath@mail.com

Sjálfsogandi dælur úr sjóþolnum kopar eða ryðfríu stáli. Stærðir, 1“ , 2“, 3“, 4“. Aflgjafar, rafmagn, bensín/dísel, glussi, traktor. Framleiðandi GMP Ítalíu. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Öflug 45w ljós á vinnuvélar og tæki frá Vision X. Mikið ljósmagn, góð ending og truflar ekki útvörp. Verð kr. 15.900 m.vsk. Drif verslun ehf. – Mosfellsbæ – s. 517-2900 Drif.is

Til sölu einangraðir flekar í bílskúrshurðir í ýmsum stærðum, ýmist sléttir eða með fulningum, allir hvítir. Upplýsingar í s. 412-5300 eða sala@limtrevirnet.is

Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar. Lengdir- 2, 2,5, 3, 3,5 og 4 metrar. Burður fyrir par- 1,5 - 12 tonn. Til á lager í Póllandi. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - s. 892-4163.

Rafbörur 4x4, 2x400w. Hörku græja sem nýtist í framkvæmdir allt árið um kring. Ýmis aukabúnaður í boði svo sem snjótönn fyrir snjóruðning. Sjá nánar á www.hardskafi.is – S. 555-6520.

Mitsubishi L200, 2017. Til sölu MMC L200 í mjög góðu standi. Bílnum hefur verið vel við haldið, er upphækkaður á 33" dekkjum. Billinn er ekinn 151.000 km. Verð kr. 4.990.000. Nánari upplýsingar í s. 857-1900.

Deutz Fahr Master Press fastkjarnavél. 2006 árg. – Notkun, 19.000 rúllur - 5 belti. Vélin hefur alltaf fengið gott viðhald og verið geymd inni. Staðsett í Gunnbjarnarholti - Verð kr. 1.290.000 +vsk. Nánari upplýsingar veitir sölumaður vélasviðs Landstólpa í s. 480-5600.

Hitablásari. Sökklauppistöður og setur. Uppl. í s. 892-2221.

Til sölu Hunnebeck Manto 3ja metra kranamót, 40 lengdarmetrar með stífum, stillans og öllum fylgihlutum. Upplýsingar í s. 892-2221.

Dráttarspil í miklu úrvali frá Warn, á jeppa, fjórhjól og önnur tæki. Einnig handhæg 220V spil. Drif verslun ehf. Mosfellsbæ s. 517-2900 Drif.is

Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísel. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet. www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.

Eigum nokkrar Tiki kerrur eftir á gamla verðinu. Sterkar kerrur á sérlega góðu verði. Búvís ehf, Grímseyjargötu 1, 600 Akureyri. buvis@buvis.is, www.buvis.is s. 465-1332

Glussaknúnar vatnsdælur fyrirtankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Gámarampar á lager. Fyrir vöruflutninga og frystigáma. Burðargeta, 8.000 kg. og 10.000 kg. Heitgalvanhúðaðir. Stærð, 125 cm x 210 cm x 16 cm. Stærð: 176 cm x 210 cm x 20 cm. Lykkjur fyrir lyftaragaffla. Op fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is - S. 892-4163.

Útsala - Til sölu nokkrar rúllugjafagrindur fyrir stórgripi með góðum afslætti. Límtré Vírnet ehf. s. 412-5300 eða sala@limtrevirnet.is.

Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt: 1,9 m. Stærð á skrúfu 48 cm. Rotor- 12 kW. Glussaflæði- 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi- 2 m. Burðarvirki- Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is

Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitun að betra verði. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar. Lengdir- 2, 2,5, 3, 3,5 og 4 metrar. Burður fyrir par- 1,5 - 12 tonn. Til á lager í Póllandi. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - s. 892-4163.

Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Taðklær á lager. Breiddir: 1,2 m - 1,5 m – 1,8 m. Eurofestingar og slöngur fylgja. Sterkar og vandaðar greipar og þétt á milli tinda. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is

Til sölu Volvo XC-70 árg. 2008. Ekinn 235.000 km, 2,4 Díesel sjálfskiptur. Ný nagladekk, góð sumardekk fylgja og auka felgugangur. Tveir eigendur frá upphafi. Bíll í góðu standi og viðhaldi. Verðhugmynd kr. 1.750.000. Nánari uppl. í s. 866-5588

Til sölu

Til sölu 70 hb Volvo Penta bátavél með öllu og þriggja rótora netaspili. Uppl. í s. 822-3650.

Til sölu Hitachi 140 hjólavél, árg. 2013, ek. 8.500 vst. Verð kr. 10.900.000 +vsk. Uppl. í s. 892-3009.

Goes fjórhjól m.vsk til sölu, árgerð 2021, ásamt glerhlíf að framan. Keyrt um 1.000 km. Verð kr. 1.790.000, eða raunhæft tilboð. Veltigrind getur fylgt með. Hafið samband í s. 863-7977 (Tumi). Hjólið er bifreiðarskráð án hraðatakmarkana.

Timbur 95 stk. 48 x 223 mm x 4,8 m. Verð kr. 1.281 lm með vsk 110 stk. 48 x 198 mm x 4,8 m. Verð kr. 1.050 lm m.vsk. 25 x 150 mm L = 4,2/4,8 m. Verð kr. 340 lm m.vsk H. Hauksson ehf, s. 588-1130.

Til sölu talsvert magn af nýjum og notuðum varahlutum í eldri gerðir Ford dráttarvéla einkum stærðirnar frá 65-100hö. Einnig heillegir afturendar af slíkum vélum. Nokkur stykki ónotuð 4 cyl, olíuverk og margt fleira. Á sama stað er til sölu talsvert af notuðum varahlutum úr Scania 111. S. 866-7432. Netfang thelgason9@gmail.com

Óska eftir

Er að leita að traktorsdrifinni rafstöð ca 10-20 kw, Suðurland er kostur. Uppl. í sþ 860-4514.

Óska eftir jörð í rekstri til leigu eða kaups. Helst á Norðurlandi eða Vesturlandi. Svör sendist á netfangið thotho@mail.holar.is

Óska eftir ódýrum sumarbústað til flutnings. Best að hann sé að finna á Suðurlandi. Vinsamlegast hafið samband í s. 896-0312

Til leigu

Herbergi til leigu á svæði 201, með aðgangi að eldhúsi og baðherbergi ásamt þvottavél og þurrkara. Upplýsingar í s. 893-3475

Íbúðakjarni fyrir fatlað fólk á Suðurlandi

Sveitarfélögin á Suðurlandi stefna nú að því að byggja og reka íbúðakjarna fyrir fatlað fólk.

Sjálfseignarstofnun mun eiga og annast rekstur íbúðakjarnans, þ.e. húsnæðisins.

Gert er ráð fyrir að stofnfé verði samtals 1.000 þúsund krónur sem skiptist hlutfallslega á milli sveitarfélaganna í sama hlutfalli og íbúafjöldinn skiptist á milli þeirra miðað við janúar 2021.

Biðlisti eftir húsnæðisúrræðum

Á svæði eru 24 einstaklingar á biðlista fatlaðs fólks eftir húsnæðisúrræðum.

Auk þess eru 26 einstaklingar í herbergjasambýlum, þar af eru sjö einnig á biðlista eftir einstaklingsíbúðum. Á svæði Bergrisans bs. eru 24 einstaklingar á biðlista fatlaðs fólks eftir húsnæðisúrræðum.

/MHH

LÍF & STARF

Unnsteinn Snorrason.

Bændasamtök Íslands:

Unnsteinn Snorrason staðgengill framkvæmdastjóra BÍ

Unnsteinn Snorrason hefur verið ráðinn staðgengill Vigdísar Häsler, framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands, í kjölfar brotthvarfs Kára Gautasonar.

Mun Unnsteinn taka við verkefnum Kára þar sem frá var horfið, ásamt því að sinna þeim verkefnum sem voru fyrir á hans borði.

/VH

Byggðasafn Skagfirðinga:

Skrifstofa færist í prestssetrið

Skrifstofa og aðstaða starfsfólks Byggðasafns Skagfirðinga verður á næstu vikum flutt yfir í prestssetrið í Glaumbæ. Þar er fyrir góð vinnuaðstaða og rými til að búa vel að öllu starfsfólki, fastráðnu og sumarstarfsmönnum.

Prestssetrið í Glaumbæ. Mynd / Byggðasafn Skagfirðinga

Flutningur skrifstofu fornleifadeildar fram í Glaumbæ og aukin starfsemi á svæðinu hefur kallað á bætta aðstöðu og meira rými en Gilsstofan hefur upp á að bjóða, en aðstaða starfsfólks hefur verið í Gilsstofu að undanförnu.

Gilsstofan hefur sinnt hlutverki sínu með mikilli prýði síðustu ár og nú verður loks hægt að gera henni og sögu hennar góð skil og leyfa henni að njóta sín með því að setja þar upp sýningu og opna hana fyrir gestum safnsins.

Verða þannig öll húsin á safnsvæðinu aðgengileg fyrir gesti og mynda saman skemmtilega heildarmynd og upplifun, segir á vefsíðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

/ MÞÞ

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar
Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.
Rafhitun
Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar
S: 527 2600
Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is

SMÍÐUM OG GERUM VIÐ ALLAR GERÐIR TJAKKA
VHE
VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði • Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

YAMAHA
ÁREIÐANLEIKI KRAFTUR GÆÐI
5 ÁRA ÁBYRGÐ
LÁNSHLUTFALL ALLT AÐ 75% FÁLT AÐ 60 MÁNUÐI

GRIZZLY EPS 700
Árgerð 2021.
700cc fjórgengis-4WD-H/L drif-driflæsing.
Rafmagnsstýri, spil og dráttarkúla.
Verð 2.410.000 kr. m/vsk

Aukasæti fyrir fjórhjól með rúmgóðu hólfaskiptu farangursboxi.
Verð 89.890 kr. m/vsk

Framrúða fyrir fjórhjól – hátt gler sem gefur góða vörn gegn vindi, úrkomu og óhreinindum.
Verð 49.890 kr. m/vsk

Farangursbox fyrir fjórhjól á afturgrind.
Verð 59.900 kr. m/vsk

Farangursbox fyrir fjórhjól á framgrind.
Verð 54.950 kr. m/vsk

Festingar fyrir verkfæri eða byssur fyrir fjórhjól og Buggy.
Verð 14.950 kr. m/vsk

Dekk og felgur fyrir fjórhjól í úrvali.

www.yamaha.is
info@yamaha.is
S: 540 4980

UTAN ÚR HEIMI

Evrópuþingið samþykkti endurskoðaða sameiginlega landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins:

Engin bindandi markmið um sjálfbæran landbúnað

– Ríkjunum látið eftir að gera landsáætlanir í þá átt

Evrópuþingið samþykkti í síðustu viku endurskoðaða sameiginlega landbúnaðarstefnu (CAP) fyrir Evrópusambandið (ESB). Í landbúnaðarstefnunni, sem mun gilda frá 2023 til 2027, eru engin bindandi ákvæði Evrópusambandsins um sjálfbærari áherslu í landbúnaði eða sérstakar loftslagsaðgerðir, sem aðildarríki eru skylduð til að fylgja.

Þess í stað er ríkjum ESB látið eftir að gera landsáætlanir í átt að umhverfisvænni og sjálfbærari landbúnaði, sem séu í samræmi við Græna samning framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (Green Deal). Sá samningur gengur meðal annars út á að Evrópa verði fyrsta kolefnishlutlausa heimsálfan – ekki síðar en árið 2050.

Slow Food-hreyfingin, og fleiri grasrótarsamtök, hafa gagnrýnt nýju stefnuna. Marta Messa, framkvæmdastjóri Slow Food í Evrópu, segir að samtökin telji að endurskoðunin muni ekki skila raunverulegum vistfræðilegum umbótum í landbúnaðargeiranum.

Slow Food-hreyfingin, og fleiri grasrótarsamtök hafa gagnrýnt nýju landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins. Marta Messa, framkvæmdastjóri Slow Food í Evrópu, segir að samtökin telji að endurskoðunin muni ekki skila raunverulegum vistfræðilegum umbótum í landbúnaðargeiranum.
Mynd / Merve Sehirli Nasir - Unsplash

Verksmiðjubúskapur og einhæfur landbúnaður

Ljóst er að erfiðlega hefur gengið að ná fram sátt um endurskoðun stefnunnar sem lagt var upp með árið 2018 þegar fyrsta tillagan kom fram. Samningaviðræður töfðust og síðan voru áætlanir um að samþykkja umbætur á stefnunni á síðasta ári sem átti að taka gildi á þessu ári. Það gekk ekki eftir, en sú landbúnaðarstefna sem samþykkt var á dögunum á Evrópuþinginu segir Slow Food-hreyfingin að nái ekki að taka á fullnægjandi hátt brýnum vandamálum loftslagsbreytinga og yfirvofandi hnignunar líffræðilegs fjölbreytileika. Úthlutun styrkja úr kerfi ESB til landbúnaðarmála muni áfram vera framleiðslumiðað; ýta enn frekar undir verksmiðjubúskap og einhæfan landbúnað.

Marta Messa segir í umfjöllun Slow Food um málið að engin bindandi markmið sem tengist Græna samningnum sé að finna í endurskoðuninni á CAP og engin merki Farm to Fork áætlunina heldur, sem hefur verið kallaður kjarninn í Græna samningnum og gengur út á það að hraða þróun matvælaframleiðslukerfanna í átt að sjálfbærni.

Hún segir ekkert hafa í raun breyst með endurskoðuninni þó reynt hafi verið að gera ásýndina á nýju stefnuna „græna“. Umhverfisverndarsamtök hafi gert sitt til að koma gagnrýni á framfæri, en án árangurs.

Slow Food segir að stefnan sé hörmuleg niðurstaða fyrir þá sem stunda fjölskyldubúskap í Evrópusambandinu, fyrir umhverfið og loftslagið. Ekki sé lagt upp með að byggja upp matvælakerfi sem er umhverfislega, félagslega og efnahagslega sjálfbært.

Vonast er til að aðildarríki ESB sýni metnað í landsáætlunum sínum, en framkvæmdastjórn Evrópusambandsins mun meta þær í því ljósi hvernig framlag þeirra er til Græna samningsins. */smh*

Bretlandseyjar:

Fuglaflensusmit aldrei verið fleiri

Staðfest tilfelli fuglaflensu í haust hafa aldrei verið fleiri á Bretlandseyjum. Yfir hálfri milljón alifugla hefur verið lógað á síðustu mánuðum og settar hafa verið reglur sem skylda að öllum alifuglum sé haldið innandyra.

George Eustice, umhverfisráðherra Breta, sagði í ræðu í breska þinginu fyrir skömmu að búið væri að staðfesta að fuglaflensa hefði komið upp á 36 alibúum á Bretlandseyjum í haust og að búist

væri við að sú tala ætti eftir að hækka. Í kjölfarið er búið að farga 500 þúsund alifuglum.

Fjöldi smita síðastliðið haust var 26 og því greinilegt að illa gengur að hefta útbreiðslu flensunnar en helsta smitleið hennar er talin vera með farfuglum. Rannsóknir sýna að hlutfall smitaðra farfugla með fuglaflensu er hátt. Fyrir skömmu fannst örn (Haliaeetus albicilla), af fágætri tegund dauður vegna smits á Skye við norðvesturströnd Skotlands. Talið er að örninn hafi lagt sér fuglaflensudauðan farfugl til munns.

Bretlandseyjar er ekki eina landið þar sem tilfelli fuglaflensu eru á uppleið því svipaða sögu er að segja frá mörgum löndum innan Evrópusambandsins og víðar um heim.

Vegna smithættu hefur garðeigendum og öðrum sem hafa gaman af því að gefa villtum fuglum bent á að gæta fyllsta hreinlætis. */VH*

LÍF & STARF

Samningur Íslandsstofu og Markaðsstofu landshlutanna vegna markaðssetningar erlendis:

Fagnaðarefni að stíga þetta skref

– segir Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands

Skrifað hefur verið undir samninga á milli Íslandsstofu og Markaðsstofu landshlutanna um samvinnu við erlenda markaðssetningu á Íslandi sem áfangastað.

Íslandsstofa og Markaðsstofurnar hafa unnið náið saman um árabil en nú hefur samstarfið verið formgert í samræmi við skilgreint hlutverk nýrra áfangastaðastofa sem Markaðsstofurnar sinna í sínum landshlutum. Þetta kemur fram í tilkynningu um samninginn en hann gildir til þriggja ára, frá 2021 til og með 2023.

Liður í að efla gott samstarf

„Markaðssetning á áfangastaðnum Íslandi er samvinnuverkefni,“ segir Pétur Óskarsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu, í tilkynningu. „Ísland

Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands og Pétur Óskarsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu.

hefur undanfarin ár markað sér stöðu sem þekktur áfangastaður en það hefur ekki gerst af sjálfu sér og við erum í stöðugri samkeppni við aðra áfangastaði. Árið um kring vinnur fjöldi fólks að því að vekja athygli á Íslandi til að skapa viðskiptatækifæri fyrir íslensk fyrirtæki í ferðaþjónustu og tengdum greinum í öllum landshlutum. Við erum lítil í stóra samhenginu en með því að leggja saman krafta okkar náum við slagkrafti og þessir samningar eru liður í að efla gott samstarf.“

Unnið er eftir stefnumótun stjórnvalda um að tryggja sjálfbæran vöxt ferðaþjónustu um allt land í krafti gæða og fagmennsku og að Ísland verði leiðandi í sjálfbærri þróun árið 2030. Meðal verkefna eru upplýsingamiðlun, samskipti við fjölmiðla og áhrifavalda, ráðgjöf um efni á vef og markaðsverkefni, uppbygging á sameiginlegum myndabanka og fleira.

Aukinn slagkraftur

„Markaðsstofur landshlutanna hafa unnið í þéttu samstarfi við Íslandsstofu síðastliðin ár með áherslu á erlenda markaðssetningu,“ segir Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands fyrir hönd Markaðsstofanna. „Með því að formgera samstarfið og setja fjármagn í verkefnin verður slagkrafturinn aukinn til muna. Það er því mikið fagnaðarefni að stíga þetta skref og hlökkum við á Markaðsstofunum til að vinna sameiginlega að markaðssókn fyrir landið allt.“

Í tengslum við samningana heimsóttu fulltrúar Íslandsstofu alla landshlutana til að hitta hagsmunaaðila og kynna sér starfsemi og stöðu ferðaþjónustunnar. Markaðsstofurnar stilltu upp dagskrá og sáu um leiðsögn um sína landshluta. */MÞÞ*

AWE-nýsköpunarhraðall fyrir konur:

Stuðningur við konur til að þróa viðskiptahugmyndir

Háskóli Íslands og bandaríska sendiráðið á Íslandi leita að þátttakendum fyrir nýsköpunarhraðalinn Academy for Women Entrepreneurs (AWE), sem er sérstaklega ætlaður konum, og hefst 3. febrúar en lýkur með útskrift þann 6. maí.

Bæði einstaklingar og lið geta tekið þátt í hraðlinum og frestur til að skila inn umsókn um þátttöku rennur út 17. janúar. Nýsköpunarhraðallinn er þátttakendum að kostnaðarlausu og eru verðlaun veitt í lok hraðalsins.

Hraðallinn er nú haldinn í annað sinn en markmið hans er að styðja konur í að þróa viðskiptahugmyndir sínar og fyrirtæki og auka hlut þeirra innan frumkvöðla- og nýsköpunargeirans. Jafnframt er tilgangur hraðalsins að bjóða upp á fræðslu og efla tengslanet kvenna.

Netnámskeið og vinnulotur í streymi

Nýsköpunarhraðallinn samanstendur af netnámskeiðinu Dreambuilder á vegum Thunderbird School of Management við Ríkisháskólann í Arizona og þrettán vinnulotum sem Háskóli Íslands heldur utan um. Þar njóta þátttakendur meðal annars leiðsagnar reyndra kvenna í nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi við uppbyggingu fyrirtækja, mynda ný tengsl og efla starfsþróun og starfshæfni. Lögð er rík áhersla á að konur alls staðar að af landinu og með fjölbreyttan bakgrunn og uppruna taki þátt. Fyrirkomulag hraðalsins er því með þeim hætti að flestar vinnulotur eru í streymi.

Verðlaun fyrir bestu viðskiptahugmyndina

Verðlaun eru veitt fyrir bestu viðskiptahugmyndina bæði í einstaklings- og teymisflokki:

1. sæti – 500.000 kr.
2. sæti – 300.000 kr.
3. sæti – 200.000 kr.

Einnig eru veitt verðlaun fyrir „pitch“keppni að upphæð 200.000 krónur.

Á síðasta ári komust færri konur að en vildu og því hefur verið ákveðið að fjölga þátttakendum þannig að fulltrúar allt að 50 viðskiptahugmynda verða teknir inn að þessu sinni.

Skráning á awe.hi.is

Hægt er að skrá sig til þátttöku í hraðlinum á vef AWE, awe.hi.is. Þar er einnig að finna frekari upplýsingar um fyrirkomulag hraðalsins og upptaka af kynningarfundi sem fram fór í lok síðasta árs. */VH*

JOBMAN WORKWEAR
Frábærar skyrtur frá Jobman!
Durability at work since 1975
Vattfóðruð skyrta J5157
Verð: 7.612 kr.
Þunn skyrta J5138
Verð: 6.490 kr.
Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.
Vefverslun: Khvinnufot.is
Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is
KH VINNUFÖT Réttu fötin fyrir þig!

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

RÉTTUR
• Bílaréttingar
• Sprautun
• Tjónaviðgerðir
Hamarshöfði 10 - S. 587-6350

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá
Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**
Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

POLARIS
INDY SPORT - INDY TRAIL - INDY 400 - INDY 500 - INDY 650 - INDY XLT
Seinni hluta '80 og fyrri hluta '90
Lumar þú á gömlum gullmola úti í skúr sem þráir að öðlast betra líf?
Er að leita að gömlum sleðum, gangfærum jafnt sem ógangfærum, til að gera upp með krökkunum.
Endilega hafðu samband í síma 670-1717 ef þú átt sleða sem þú vilt selja.

ÁSCO
BÍLARAFMAGN
OKKAR ÆR OG KÝR
— STARTARAR OG ALTERNATORAR —
Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. *Varahlutir í startara.* Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. *Hátalarar. Tengi fyrir* togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. *Rafhlöður. Fjarslæsingar.* Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. *Áriðlar 12V og 24V í 240V.* Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, *spennufellur 24V í* 12V, truflanapéttar, loftnetsframleningar. *Kerrutenglar. Breytar* fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi *í bíla. Gleröryggi 20* og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. *Stór öryggi uppí 250A.* Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir *bassakeðlur.* Bassakeðlur. Öxulhosur. Spennustillar. *Dióur. Rafgeymaskór.* Jarðsamband. Dióðubrýr. Reimskífur *fyrir alternatora.* Kúplingstressur. Startarakol. Legur *í alternatora. Kol í alternarora.* Viðnám 0,25W uppí 25W. Og margt margt fleira.
ÁSCO
Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is BÍLARAFMAGN

Áburðarverð er komið út

Skoðið verðlistann inn á www.yara.is

Góð búráð frá Yara

Hvað geta bændur gert til að lækka áburðarkostnaðinn?

Áburðaráætlun

Nákvæm áburðaráætlun skilar betri nýtingu á áburðinum og aukinni uppskeru.

Búfjáráburður

Nýta búfjáráburðinn sem best og dreifa honum á kjörtíma.

Áburðardreifing

Góð og nákvæm dreifing á réttum tíma gefur betri nýtingu.

Áburður sem þú getur treyst á!

Einkorna áburður með rétta kornastærð fyrir nákvæmari dreifingu.

Kölkun

Bætir nýtingu áburðar og eykur aðgengi plantna að næringarefnum í jarðvegi.

Kostnaður

Mikilvægt er að hver FEm kosti sem minnst og að ræktað land skili sem flestum FEm.

Skannaðu kóðann til að skoða Yara verðskrá og áburðartegundir

Notaðu myndavélina á símanum til að skanna kóðann!

www.yara.is

Hægt er að panta Yara einkorna áburð á **www.yara.is** eða í síma 575-6070

Sláturfélag Suðurlands svf.
Fosshálsi 1, 110 Reykjavík

SS Síðan 1907